 Lilý Erla Adamsdóttir, kennari, 530.  
 Linde, Kenneth W., 2. sendiráðsritari og ræðismaður Bandaríkjana, 536, 537, 540.  
 Linnét, Henrik, héraðslækni, lausn, 534.  
 Litla-Hraun, vinnuhælið, rg., 445—451.  
 Loftur Loftsson, kennari, 531.  
 Lokunartími sölubúða á Sauðárkróki, sp., augl., 13; Reykjavík, br., 178—180.  
 Lovisa Guðmundsdóttir, kennari, 532.  
 Lúðvík Halldórsson, kennari, 530.  
 Lúðvík Jósefsson, ráðherra, kosinn í bankaráð Útvegsbanka Íslands, 526.  
 Lýður Björnsson, kennari, 532.

Lyfjaskrá, lækna og lyfsalar, augl., 273—275.  
 Lyfsöluskrá II, br., augl., 69; leiðrétting, augl., 130; ný, augl., 203.  
 Lynbye, Olaf, vararæðismaður, hm., 542.  
 Lyythinen, Jaako, fulltrúi, hm., 543.  
 Lækna og lyfsalar, lyfjaskrá, augl., 273—275.  
 Lög m. m., útkomin, augl., 69, 141, 173, 337—338.

## M.

Magnús Bl. Bjarnason, cand. med. & chir., ráðinn aðstoðarlækni, 526.  
 Magnús Jochumsson, póstmestari, erl. hm., 544.  
 Magnús Jónsson, kennari, 531.  
 Magnús Jónsson, prestur, og Vilborg Sigurðardóttir, msk., 152—153.  
 Magnús V. Magnússon, ambassador, erl. hm., 544.  
 Magnús Ólafsson, Bjargarsteini, sjr. 365.  
 Magnús Sigurðsson, skólastjóri, í Barnaverndaráð, 534.  
 Magnús Sveinsson, kennari, 530.  
 Málmblanda skiptimyntar, stærð og þungi, rg., 327—328.  
 Már Ársælsson, kennari, 530.  
 Margrét Guttormsdóttir, kennari, 531.  
 Margrét Ívarsdóttir, kennari, 532.  
 Markúsína G. Jónsdóttir, skólastjóri, sett, 529.  
 Marteinn Steinsson, kennari, 532.  
 Matarleifar á Keflavíkurflugvelli, r., 18—19.  
 Matthías Guðmundsson, kennari, 531.  
 Matthías Jónsson, kennari, 530.  
 Matthías Jónasson, dr. phil., prófessor, 528.  
 Matthildur G. Guðmundsdóttir, kennari, 530.  
 Melax, Bragi, kennari, 531.  
 Melsted, Jón próf. og Steinunn Bjarnadóttir Melsted, sjr., 407.  
 Melsted, Sigurður, sjr., 212.  
 Merki og innsigli Reykjavíkur, augl., 256.  
 Midhun, Nicolai, bjarstjóri, hm., 542.  
 Mikla Norræna Ritsímafélagið, styrktarsjóður, sk., 299—300.  
 Montoro, Rafael, dr., sendiherra Kúpa, 540.

Morrison, H. P., dr., hm., 542.  
 Morski, Albert, sendiherra Póllands, 538.  
 Moshkov, Vassili M., 1. sendiráðsritari  
 Sovétríkjanna, 540.  
 Muccia, John J., ambassador, heiðursfor-  
 maður stjórnar Menntastofnunar  
 Bandaríkjanna á Íslandi, 525, ambassa-  
 dor, 538, 539, 540.  
 Möller, Birgir, sendiráðsritari, erl. hm.,  
 543.  
 Möller, I. C., forstjóri, hm., 542.  
 Möller, Óli P., skólastjóri, 529.

## N.

Námsskeið fyrir hið minna fiskimanna-  
 próf, rg., 187—192.  
 Nanna Úlfisdóttir, kennari, 532.  
 Naschitz, Fritz, aðalræðismaður, hm.,  
 542.  
 Nemendasjóður Gagnfræðaskólans við  
 Vonarstræti, sk., 167.  
 Nielsen, Arne Oswald, vararæðismaður,  
 hm., 542.  
 Njáll Þóroddsson, skólastjóri, 529.  
 Nyström, Karl Rune, sendiráðsritari, hm.,  
 542.  
 Nörlund, N. E., prófessor, hm., 541.

## O. Ó.

Obermann, Johannes, aðalræðismaður,  
 541.  
 Oddgeir Kristjánsson, kennari, 532.  
 Oddný Guðmundsdóttir, kennari, 532.  
 Oddur Sveinbjörnsson, kennari, 531.  
 Ólafía Jónsdóttir, forstöðukona, hm.,  
 541.  
 Ólafssjóður, sjr., 375.  
 Ólafur Daníelsson, dr. phil., og Sigurður  
 Guðmundsson, arkitekt, sjr., 364—365.  
 Ólafur Friðriksson, rithöfundur, hm.,  
 541.  
 Ólafur Geirsson, læknir, sérfræðingur,  
 528.  
 Ólafur Halldórsson, héraðslæknir, 525.  
 Ólafur Halldórsson, konferenzráð, sjr.,  
 361.  
 Ólafur Þór Hallgrímsson, kennari, 532.  
 Ólafur Hansson, menntaskólakennari, í  
 Miðskólaprófsnefnd, 525.  
 Ólafur Jóhannesson, prófessor, í stjórn  
 Seðlabanka Íslands, 527.

Ólafur Jensson, cand. med. & chir., að-  
 stoðarlæknir, 516, héraðslæknir, settur,  
 533.  
 Ólafur Jónsson, fulltrúi, erl. hm., 544.  
 Ólafur Jónsson, cand. med. & chir., lækn-  
 ingaleyfi, 524.  
 Ólafur Jónsson, kennari, 530.  
 Ólafur Jónsson, kennari, 531.  
 Ólafur H. Jónsson, kennari, 531.  
 Ólafur H. Kristjánsson, héraðsskólastjóri,  
 528.  
 Olson, Theodore B., sendiráðsritari, 539,  
 540.  
 Ólöf Vernharðsdóttir, kennari, 532.  
 Orlof, rg., br., 131—132.  
 Óskar Jónsson, kennari, 530.  
 Óskar Magnússon, gagnfræðaskólastjóri,  
 520.  
 Óskar Magnússon, kennari, 531.  
 Óskar Þór Sigurðsson, kennari, 531.

## P.

Pahlsten, Johan Albert, ráðsmaður, hm.,  
 543.  
 Páll Aðalsteinsson, verknámsskólastjóri,  
 529.  
 Páll Ísólfsson, tónskáld, erl. hm., 544.  
 Páll Jónsson, sjr., 359, 360.  
 Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, formaður  
 dýraverndarnefndar, 533.  
 Páll Ásgeir Tryggvason, deildarstjóri, erl.  
 hm., 544.  
 Páll Zóphóníasson, alþingismaður, hm.,  
 541.  
 Pálmi Ágústsson, kennari, 530.  
 Pálmi rektor Hannesson, msk., 155—156.  
 Pálmi Ólason, skólastjóri, 528.  
 Pálmi Erlendur Vilhelmsson, kennari,  
 531.  
 Patreksfjörður, lokunartími sölubúða, sp.,  
 260—261.  
 Petersen, V. Thorning, vararæðismaður,  
 hm., 542.  
 Peterson, Carl, forstjóri upplýsingaþjón-  
 ustunnar, skipaður í stjórn Mennta-  
 stofnunar Bandaríkjanna á Íslandi, 525.  
 Pétur Daníelsson, veitingamaður, erl. hm.,  
 544.  
 Pétur Sigurðsson, forstjóri landhelgis-  
 gæzlunnar, erl. hm., 544.  
 Póstburðargjöld, gjsk., 94—97.

- Pouhakka, Olli, flugstjóri, hm., 543.  
 Pousette, Sven Tage, sendiráðsritari, hm., 542.  
 Prestsekknasjóður, sjr., 267—268.  
 Pronin, Nikolai, 2. sendiráðsritari Sovétríkjanna, 537.  
 Proppé, Styrmir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, 535.

## R.

- Rafmagn, Ísafirði, gjsk., br., 176—177; Reyðarfirði, br. 259—260.  
 Ragnar Ágústsson, kennari, 531.  
 Ragnar Georgsson, gagnfræðaskólastjóri, 528.  
 Ragnar Jónsson forstjóri, erl. hm., 544.  
 Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður, kosinn í bankaráð Landsbanka Íslands, 526.  
 Ragnar Þorsteinsson, kennari, 530.  
 Ragnars, Kjartan, stjórnarráðsfulltrúi, erl. hm., 544.  
 Ragnheiður Sigurbjörg Ísaksdóttir og Jón Þorsteinsson, msk., 153—154.  
 Ragnheiður Jónsdóttir, kennari, 530.  
 Ragnhildur Ásgeirsdóttir, kennari, 529.  
 Ratsman, Per Otto Gustav, deildarstjóri, hm., 542.  
 Reyðarfjörður, rafveita, gjsk., br., 259—260.  
 Reykjavík, umferð, augl., 98, 133, 180, 295; sölubúðalokun, vinnutími sendisveina, sp., br. 178, 180; merki og innsigli, augl., 256; kjötskoðun, augl., 203—204; stöðumælar, augl., 262; vatnsskattur, niðurjöfnun og innheimta, rg., 335—336.  
 Riðuveiki og kýlapest í sauðfé, varnir, rg., 204—205.  
 Ríkisskattanevnd, kærufrestur, augl., br., 301.  
 Rocksén, Gunnar, chargé d'affaires Svía, 537, 540.  
 Rósinkranz, Guðlaugur, þjóðleikhússtjóri, erl. hm., 544.  
 Rüger, Carl Friedrich, ræðismaður, 524.  
 Runólfur Tómas Gíslason, kennari, 533.  
 Ræðismenn og sendiherrar, 536—540.  
 Rögnvaldur Sveinbjarnarson, kennari, 532.  
 Rönning, Chester A., sendiherra, hm., 541.

## S.

- Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, reikn. 379—380.  
 Samvinnufélög, ný, skrá, 429.  
 Sandgerði, hafnarrg., br., 278.  
 Sauðárkrókur, lokun sölubúða, sp., 13.  
 Sauðfé, varnir gegn riðuveiki og kýlapest, rg., 204—205; kjötmerking, fullorðið fé, augl. 258; merking á dilka-kjöti, augl., 262.  
 Sauðfjárveikivarnir, takmarkanir á sammerkingum, r., 179.  
 Schiöth, Birgir, kennari, 531.  
 Schram, Garðar L. Ólafsson, kennari, 532.  
 Seðlabanki Íslands, rg., 317—324.  
 Selma Jónsdóttir, forstöðumaður Listasafns ríkisins, erl. hm., 544.  
 Sendiherrar og ræðismenn, 536—540.  
 SÍBS, vöruhappdrætti, rg., 1—3.  
 Siemsen, Árni aðalræðismaður Íslands í Hamborg, Nieder-Sachsen og Schleswig-Holstein, 537.  
 Sigfús H. Andrésón, kennari, 530.  
 Sigfús B. Einarsson, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 525.  
 Sigríður Árnadóttir, kennari, 532.  
 Síríður Guðmundsdóttir, skólastjóri, 529.  
 Sigríður Haraldsdóttir, kennari, 529.  
 Sigríður Höskuldsdóttir, kennari, 532.  
 Sigríður Jónsdóttir, kennari, 532.  
 Sigríður Jónsdóttir, kennari, 530.  
 Sigríður M. Jónsdóttir, kennari, 530.  
 Sigríður Stefánsdóttir, skólastjóri, 529.  
 Sigríður Valgeirsdóttir, kennari, 530.  
 Sigrún Arnórsdóttir, kennari, 530.  
 Sigrún Bergþórsdóttir, kennari, 530.  
 Sigrún Guðmundsdóttir, kennari, 530.  
 Sigrún Gunnlaugsdóttir, kennari, 531.  
 Sigrún Halldórsdóttir, kennari, 530.  
 Sigrún Erla Sigurðardóttir, kennari, 530.  
 Sigrún Þórðardóttir, kennari, 530.  
 Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, formaður bankaráðs Framkvæmdabanka Íslands, 526.  
 Sigurbjörg Guðjónsdóttir, kennari, 530.  
 Sigurbjörg Valmundsdóttir, kennari, 529.  
 Sigurðsson, John, F., ræðismaður, 524.  
 Sigurður Ágústsson, skólastjóri, 529.  
 Sigurður Ó. Brynjólfsson, kennari, 530.  
 Sigurður Finnsson, skólastjóri, 528.  
 Sigurður Flosason, kennari, 531.



- Sigurður Guðbrandsson, kennari, 533.  
 Sigurður Guðmundsson, arkitekt, sjr., 364—365.  
 Sigurður Guðmundsson, kennari, 531.  
 Sigurður Jóhannesson, kennari, 531.  
 Sigurður Kristjánsson, kennari, 531.  
 Sigurður Marelsson, kennari, 531.  
 Sigurður Ólafsson, skólastjóri, 529.  
 Sigurður Sigurðsson, sýslumaður, lausn, 533.  
 Sigurður Stefánsson, prestur, og frú Þórunn Bjarnadóttir í Vigur, msk., 199—200.  
 Sigurfinnur Sigurðsson, kennari, 531.  
 Sigurgeir Guðmundsson, iðnskólastjóri, 529.  
 Sigurgeir Sigurjónsson, ræðismaður Ísraels, 538.  
 Sigurjón Jóhannesson, gagnfræðaskólastjóri, 529.  
 Sigurjón Kristinsson, kennari, 530.  
 Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður, erl. hm., 545.  
 Sigurjón Pétursson á Álafossi, msk., 158—159.  
 Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, erl. hm., 545.  
 Sigurlaug Bjarnadóttir, kennari, 530.  
 Sigurlaug Björnsdóttir, kennari, 532.  
 Sigurlaug Björnsdóttir frá Kornsa, msk., 156—157.  
 Sigursteinn Magnússon, aðalræðismaður, hm., 541.  
 Sigursveinn Jóhannesson, kennari, 531.  
 Sigurvaldi Ó. Ingvarsson, kennari, 532.  
 Síld, í salt, sykur og krydd, frjálst mat, rg., br., 175—176.  
 Silungur, friðun, augl., 288.  
 Sjómannasjóður, sjr., 368.  
 Sjómenn, dvalarheimili aldraðra, happdrætti, rg., br., 40, 128.  
 Sjúkrasamlag í kaupstöðum, fyrirmynd að samþykktum, augl., 50—58; staðfesting á sp., augl., 129, 132, 197.  
 Sjúkrasamlag í sveitum og kauptúnum, fyrirmynd að samþykktum, augl., 59—67; staðfesting á sp., augl., 98—99, 99—100, 193, 194, 298—299, 304, 328; sjúkræpeningar, greiðslufyrirkomulag, augl., 15.  
 Skagan, Jón, prestur, æviskráritari, settur, 526.  
 Skattar, á stóreignir, rg., 182—186; ýmis gjöld með viðauka, fyrirframgreiðsla, rg., 198—199, br., 213; tekjuskattur og eignarskattur, rg. br., 290; innheimta skemmtanaskatts með viðauka, augl., 198, br., 325.  
 Skemmtanaskattur í Haganeshreppi, rg., 76—77; Öngulsstaðahreppi, rg., 297—298; innheimta til ríkissjóðs, br., 325.  
 Skemmtisamkomur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, rg., 170—172; í A.-Húnavatnssýslu, löggæzla, rg., 291—293.  
 Skepnufóður, matarleifar á Keflavíkurflugvelli, r., 18—19.  
 Skip, erlend, yfirfærslugjald af leigugreiðslum, augl., 269; gúmmibjörgunarbátar, r., 4—6; eftirlit og öryggi, augl., 6—10.  
 Skiptimynt, stærð, þungi og málmblanda, rg., 327—328.  
 Skipulagsskrár, staðfesting: Minningarsjóður Guðmundar Péturssonar, 41; Minningarsjóður séra Magnúsar Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur, 152—153; Minningarsjóður Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur og Jóns Þorsteinssonar, 153—154; Minningarsjóður Pálma rektors Hannessonar, 155—156; Minningarsjóður Sigurlaugar Björnsdóttur frá Kornsa, 156—157; Minningarsjóður um Guðmund og Björn Guðbrandsson, Heydalsá, og Aðalbjörn Þórðarson, Klúku, 157—158; Minningarsjóður Sigurjóns Péturssonar á Álafossi, 158—159; Minningarsjóður vandamanna, 160; Minningarsjóður Aðalsteins Teitssonar skólastjóra, 161; Stofnendasjóður, 162; Ræktunarsjóður Kjalarnessþings, 166; Nemendasjóður Gagnfræðaskólans við Vonarstræti, 167; Minningarsjóður Boga Ólafssonar, yfir-kennara, 169; Minningarsjóður séra Sigurðar Stefánssonar og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur, 199—200; Minningarsjóður Veðramótshjóna, Þorbjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar, hreppstjóra og dbrm., 200—202; Minningarsjóður hjónanna Þorbjargar Stefánsdóttur og Björn Jónssonar, hreppstjóra á Veðramóti, 263—264; Willards-sjóður, 289—290; Minningarsjóður Valgerðar Jónsdóttur og Kristjáns Þorláks-

- sonar frá Múla í Nauteyrarhreppi, 296; Styrktarsjóður Mikla Norræna Ritsímafélagsins, 299—300; Minningar-  
sjóður Einars Einarssonar, bónda á Egilsstöðum, 303.
- Skúli Guðmundsson, alþingismaður, kos-  
inn vm. í bankaráð Landsbanka Ís-  
lands, 526.
- Skúli Þorsteinsson, kennari, 530.
- Skyldusparnaður, rg., 305—310.
- Slátrun búfjár o. fl., rg., 277.
- Snorri Hallgrímsson, prófessor, formaður  
Vísindasjóðs, 527, hm., 541, erl. hm.,  
545.
- Snorri Jóhannesson, kennari, 531.
- Snorri Jónsson, héraðslæknir, settur, 527,  
aðstoðarlæknir, 528.
- Snæbjörn Jóhannsson, kennari, 531.
- Snæbjörn Pétursson, kennari, 532.
- Snædal, Gunnlaugur cand. med. & chir.,  
lækningaleyfi, 527.
- Snæfellsness- og Hnappadalssýsla,  
skemmtisamkomur, rg., 170—172.
- Soisalo, Pauli, prófessor, dr. med., hm.,  
543.
- Sólrún Skúladóttir, kennari, 532.
- Sparisjóðir, tryggingasjóður, reikn., 370.
- Sparnaður til íbúðabygginga, rg., 285—  
288.
- Starck, Magnús Oscar, skipherra, hm.,  
542.
- Starfsmenn ríkisins, lífeyrissjóður, rg.,  
130—131.
- STEF, úthlutunarreglur, viðauki, 142.
- Stefán Aðalsteinsson, kennari, 531.
- Stefán Yngvi Finnbogason, tannlækn-  
ingaleyfi, 524.
- Stefán Gestsson, kennari, 532.
- Stefán Jónsson, skólastjóri, 529.
- Stefán P. Jónsson, kennari, 531.
- Stefán A. Jónsson, kennari, 531.
- Stefán Kristjánsson, kennari, 532.
- Stefán Pétursson, þjóðskjalvörður, 534.
- Stefán Jóh. Stefánsson, fv. forsætisráð-  
ráðherra, settur formaður bankaráðs  
Útvegsbanka Íslands, 526.
- Stefán Þ. Þorláksson, gagnfræðaskóla-  
stjóri 529.
- Steffensen, Jón, prófessor, hm., 541.
- Steingrímur Hermannsson, verkfræðing-  
ur, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs  
ríkisins, 534.
- Steingrímur Pálsson, magister, í mið-  
skólaprófsnefnd, 525.
- Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. forsætis-  
ráðherra, kosinn í bankaráð Lands-  
banka Íslands, 526, í dýraverndarnefnd,  
533, formaður orðunefndar, 534, erl.  
hm., 545.
- Steingrímur Þorsteinsson, kennari, 531.
- Steingrímur J. Þorsteinsson, kennari, 531.
- Steingrímur J. Þorsteinsson, prófessor,  
erl. hm., 545.
- Steinsen, Halldór, stud. med. & chir., hér-  
aðslæknir, settur, 527.
- Steinsen, Steinn, bæjarstjóri, erl. hm.,  
545.
- Steinunn Davíðsdóttir, kennari, 530.
- Steinunn Jóhannsdóttir, kennari, 532.
- Steinunn Pálsdóttir, kennari, 531.
- Steinunn Sighvatsdóttir og Magnús Ólafs-  
son, Bjargarsteini, sjr., 365.
- Steuch, Brita, hirðmey, hm., 542.
- Steinþór Guðmundsson, kennari, í mið-  
skólaprófsnefnd, 525.
- Stigur, sjr., 365.
- Stílar, leiðrétting, heimavinna, r., 142.
- Stjórnarráðsbréf, hagstofan, 211.
- Stofnendasjóður, msk., 162.
- Stóreignir, skattur, rg., 182—186.
- Stúdentar, lánasjóður, reikn., 67—68, 376.
- Sturla Jónsson, sjr., 16.
- Styrkveiting, 548.
- Stöðumælar í Reykjavík, augl., 262.
- Suenson, Bent, forstjóri, hm., 541.
- Sullaveiki, varnir, rg., 338—343.
- Svanhildur Björgvinsdóttir, kennari, 531.
- Svanhildur Hermannsdóttir, skólastjóri,  
529.
- Svarthakur, eyðing hans með eitri, rg.,  
168.
- Svavar Lárusson, kennari, 532.
- Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmað-  
ur, í Barnaverndarráð, 534, styrkveit-  
ing, 548.
- Sveinn Einarsson, skólastjóri, 529.
- Sveinn Jónsson, skólastjóri, 529.
- Sveinn Víkingur Þórarinsson, skóla-  
stjóri, 529.
- Svíþjóðarferðir, sjr., 362.
- Sæmundur Kjartansson, cand. med. &  
chir., lækningaleyfi, 535, héraðslæknir,  
settur, 535.
- Söfnunarsjóður Íslands, reikn., 368—369.

Sölubúðir, lokun, sp., Sauðárkrókur, 13;  
Reykjavík, br., 178; Patreksfjörður,  
sp., 260—261.  
Söluskattur, rg., br., 15, 16; rg., 329—335.  
Sölvi R. Sigurðsson, kennari, 531.

## T.

Teitur Benediktsson, kennari, 531.  
Tekjuskattur og eignarskattur, rg., br.,  
290.  
Theódórs, Guðmundur, hreppstjóri, hm.,  
541.  
Thorarensen, Elín, kennari, 530.  
Thorarensen, Sigrún, kennari, 532.  
Thorkillii-barnaskólasjóður, sjr., 310—  
316, 408—411, 435.  
Thorlacius, Birgir, ráðuneytisstjóri, for-  
maður stjórnar Menntastofnunar  
Bandaríkjanna á Íslandi, 525, erl. hm.,  
543.  
Thorlacius, Þorleifur, sendiráðsritari,  
sendiráðunautur við sendiráð Íslands í  
Oslo, 535.  
Thorláksson, L. Hálfðan, fv. ræðismaður,  
hm., 542.  
Thoroddsen, Gunnar, borgarstjóri, erl.  
hm., 544.  
Thors, Kjartan, aðalræðismaður, erl. hm.,  
544.  
Thors, Ólafur, fyrrv. forsætisráðherra,  
kosinn í bankaráð Landsbanka Íslands,  
526, erl. hm., 544.  
Thors, Richard, cand. med. & chir., læk-  
ningaleyfi, 525.  
Thorsteinsson, Árni, tónskáld, hm., 541.  
Tóbakseinkasala, rg., br., 13.  
Tollheimta og tolleftirlit, rg., 100—127.  
Tómas Jónsson, skólastjóri, 529.  
Tómas Á. Jónsson, læknir, sérfræðingur,  
534.  
Torfi Guðbrandsson, skólastjóri, 528.  
Tryggingasjóður sparisjóða, reikn., 370.  
Tryggingastofnun ríkisins, reikn., 381—  
390.  
Tryggvi Karlsson, kennari, 533.  
Tryggvi Ófeigsson, útgerðarmaður, hm.,  
541.  
Tulinius, Þórarinn, sjr., 359.  
Tuominen, Leo, ráðuneytisstjóri, hm.,  
543.

## U. Ú.

Úlfhljótur Jónsson, kennari, 530.  
Umferð í Reykjavík, augl., 98, 133, 180,  
295.  
Umferðarmerki á Akranesi, augl., 14—15.  
Urban, Iason, sendiherra Tékka, 539.  
Útvegsbanki Íslands h.f., reikn., 421—425.

## V. W.

Valdís Halldórsdóttir, kennari, 531.  
Valgeir Sigurðsson, skólastjóri, 529.  
Valgerður Jónsdóttir og Kristján Þorláks-  
son frá Múla, msk., 296.  
Vallholtslegat, sjr., 265—266.  
Vanamo, Jorma Jaako, deildarstjóri, hm.,  
543.  
Vandamenn, msk., 160.  
Wanne, Olavi, sendiráðunautur, hm., 543.  
Vatnasilungur, friðun, augl., 288.  
Vatnsskattur, niðurfjöfnun og innheimta,  
Akranesi, augl., 288; Reykjavík, rg.,  
335—336.  
Vatnsveita Borðeyrar, rg., 11—12; Voga-  
kauptúni, sp., 71—74, gjsk., 74; Gerða-  
hreppi, rg., 77—79; Hvammstanga-  
hreppi, gjsk. til bráðabirgða, augl., 169;  
Vopnafjarðarhreppi, rg., 356—357.  
Veðramótshjón, Þorbjörg Stefánsdóttir  
og Björn Jónsson, hreppstjóri og  
dbrm., msk., 201—202, 263—264.  
Verðlagsskrár, 222—255.  
White, John J., hershöfðingi, hm., 542.  
Vigdís Elíasdóttir, kennari, 531.  
Vígþór Jörundsson, kennari, 530.  
Viktoria Ágústa Ágústsdóttir, kennari,  
530.  
Vilbergur Júlíusson, kennari, 530.  
Vilborg Sigurðardóttir, msk., 152—153.  
Vilhjálmur Einarsson, kennari, 532.  
Vilhjálmur Hjálmarsson, skólastjóri, 529.  
Vilhjálmur Haraldur Vilhjálmsson, kenn-  
ari, 531.  
Willardsjóður, sk., 289—290.  
Wilson, Donald, í stjórn Menntastofn-  
unar Bandaríkjanna á Íslandi, 525.  
Vinaminning á Eyrarbakka, sjr., 67.  
Vinnuhælið á Litla-Hrauni, rg., 445—451.  
Vinnumiðlun í Eyrarhreppi, augl., 304.  
Virolainen, Johannes, utanríkisráðherra,  
hm., 543.

Vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík, 429.  
 Vogakauptún, vatnsveita, sp., 71—74, gjsk., 74.  
 Voillery, Henri, ambassador Frakka, 537.  
 Vopnafjarðarhreppur, vatnsveita, rg., 356—357.  
 Völundur D. Björnsson, kennari, 533.  
 Vörubifreiðar í Keflavík, hámarkstala, rg., 70.  
 Vöruhappdrætti SÍBS, rg., 1—3.  
 Vörumerkjaauglýsingar, 453—524.

## Y. Ý.

Ýmis gjöld, innheimta með viðauka, augl., br., 198, 325.  
 Young, F. M., ræðismaður Stóra-Bretlands til bráðabirgða, 539.

## Z

Zoëga, Geir, forstjóri, erl. hm., 543.

## Ð.

Þjóðjarðalandsetar, sjr., 405.  
 Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri, í dýraverndarnefnd, 533.  
 Þór, Vilhjálmur, aðalbankastjóri í Seðlabanka Íslands, settur, 526, skipaður, 528, erl. hm., 545.  
 Þorbjörg Bergþórsdóttir, kennari, 530.  
 Þorbjörg Finnsdóttir, kennari, 530.  
 Þorbjörg Guðmundsdóttir, kennari, 531.  
 Þorbjörg Stefánsdóttir og Björn Jónsson, msk., 201—202, 263—264.  
 Þorbjörn Bjarnason, skólastjóri, 529.  
 Þorbjörn Sigurgeirsson, mag. scient, prófessor, 528, forstjóri Vísindasjóðs, 527.

Þórður Benediktsson, skólastjóri, 529.  
 Þórður Gíslason, skólastjóri, 529.  
 Þórður Hjartarson, kennari, 533.  
 Þórður Jörundsson, kennari, 530.  
 Þorgerður Bergmundsdóttir, kennari, 532.  
 Þorgerður Gísladóttir, kennari, 531.  
 Þórgunnur Björnsdóttir, kennari, 531.  
 Þórhallur B. Ólafsson, héraðslæknir, 528.  
 Þórir Haukur Einarsson, skólastjóri, 529.  
 Þórir Hallgrímsson, kennari, 530.  
 Þórir Kr. Þórðarson, prófessor, 534.  
 Þorkell Jóhannesson, dr., háskólarektor, skipaður í stjórn Menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi, 525, rektor, 526, í orðunefnd, 526, erl. hm., 545.  
 Þórleif Kr. Sigurðardóttir, ljósmóðir, sjr., 373.  
 Þormar, Gunnar, tannlækningaleyfi, 535.  
 Þórshafnarkauptún, hafnarrg., br., 275—276.  
 Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, í dýraverndarnefnd, 533.  
 Þorsteinn Gunnarsson, kennari, 533.  
 Þorsteinn Jónsson, rithöfundur, hm., 541.  
 Þorsteinn L. Jónsson, prestur, skólastjóri, 529.  
 Þorsteinn Kristinsson, kennari, 530.  
 Þorvaldarminning, sjr., 407.  
 Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri, erl. hm., 545.  
 Þorvaldur Óskarsson, kennari, 530.

## Ö.

Ökukennararéttindi, augl., 177.  
 Öngulsstaðahreppur, skemmtanaskattur, rg., 297—298.  
 Örn B. Guðmundson, kennari, 530.

## Skammstafanir.

augl. = auglýsing.  
 br. = breyting.  
 erl. = erlent.  
 gjsk. = gjaldskrá.  
 hm. = heiðursmerki.  
 msk. = minningarsjóður, skipulagsskrá.

r. = reglur.  
 rg. = reglugerð.  
 reikn. = reikningur.  
 sjr. = sjóðreikningur.  
 sk. = skipulagsskrá.  
 sp. = samþykkt.  
 vm. = varamaður.

## **Prentvillur.**

Vörumerkjaauglýsingum er ranglega gefið nr. 163 á bls. 453—524, á vera nr. 263; nr. 164 á bls. 536, á að vera 264; nr. 165 á bls. 545—547, á að vera nr. 265 og nr. 166 á bls. 548, á að vera nr. 266.

**REGLUGERÐ****1**

9. jan.

**um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.****1. gr.**

Ágóði af vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga (hér í reglugerðinni skammstafað SÍBS) skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilis í Reykjalandi.

Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

**2. gr.**

Stjórn SÍBS fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

**3. gr.**

Reikningsár happdrættisins er almanaksárið. Fjármálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

**4. gr.**

Fjármálaráðuneytið skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Það ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins.

Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina, sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna fjármálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 13 16. marz 1949 og breytinga á þeim lögum, eða reglugerða settra samkvæmt þeim, brotin.

Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

**5. gr.**

Happdrættið gefur árlega út 65 000.00 — sextíu og fimm þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—65 000 og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrést. Á hann skal prenta eiganhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

**6. gr.**

Vinningar eru samanlagt 5000 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 7 800 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 100 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 1500 vinningar í 12. flokki.

**7. gr.**

Verð ársmiða er kr. 240.00 en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 20.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

B 1

1

9. jan.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu SÍBS í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið.

Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar og í 2. flokki 5. febrúar og síðan 5. hvers mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þessa daga ber upp á helgidag.

10. gr.

Áður en dregið er í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 65 000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 65 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn SÍBS semur, en happdrættisráð þarf að samþykka.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddu happdrættisráði, sem skal gæta þess að allt fari löglega fram. Happdrættisráð skal innsigla hlutastokkinn að drætti loknum og gæta þess, að innsiglið sé óbrotið þegar miðar verða látnir í stokkinn fyrir næsta drátt. Það skal og gæta þess, að rétt miðatala með réttum númerum og vinningum sé látin í stokkana. Ef dráttur hefst ekki strax þegar lokið er að láta miðana í stokkana skal innsigla þá unz dráttur hefst.

Að minnsta kosti 2 happdrættisráðsmenn skulu vera viðstaddir hvern drátt til eftirlits.

Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og skal númer hans þegar fært inn í þar til gerða dráttarbók, síðan er dreginn miði úr vinningastokknum, sem segir til hvað unnizt hefur á hið útdregna hlutanúmer og skal það einnig samstundis fært inn í dráttarbókina. Þannig skal haldið áfram unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Jafnskjótt sem lesið hefur verið númer af miða, sem dreginn er úr hlutastokknum, skal hann dreginn á þráð, svo hver miðinn af öðrum þannig að fyrst kemur sá miðinn, sem fyrst var dreginn út, en síðast sá sem síðast var dreginn út. Á sama hátt skulu vinningamiðarnir dregnir upp á þráðinn, þannig að næst hverjum útdregnum hlutamiða liggja tilsvarandi vinningsmiði. Að drætti loknum skal þræðinum ofið um miðana, endarnir bundnir saman og innsiglaðir með innsigli happdrættisráðs.

Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinningana á þræðinum saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í dráttarbókina og gæta þess að rétt sé innfært. Eftirlitsmennirnir skulu færa í gerðabók happdrættisráðs að þeir hafi gætt að innsiglium á stokkunum og að rétt tala miða með réttum númerum og vinningum hafi verið sett í stokkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

11. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

12. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, **I** sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn SÍBS auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis SÍBS. 9. jan.

#### 13. gr.

Allir vinningarnir greiðast í vörum og er vöruhappdrætti SÍBS óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

#### 14. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir birgðasalar happdrættisins. Ef vinningurinn er ekki ákveðin vörutegund er vinnanda í sjálfvald sett hvaða vörutegund eða verðmæti hann kýs sér af því, er birgðasali hefur á boðstólum fyrir happdrættið. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkv. 12. gr. Umboðsmenn happdrættisins skulu láta viðskiptamönnum þess ókeypis í té skrá yfir birgðasalana.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar SÍBS með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar SÍBS innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

#### 15. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

#### 16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga og breytingum á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 107 5. ágúst 1949, um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga, svo og reglugerð nr. 230 1952 um breyting á þeirri reglugerð.

*Fjármálaráðuneytið, 9. janúar 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigr. Klemenzson.*



## REGLUR

### um gúmmibjörgunarbáta á skipum.

#### 1. gr.

Gúmmibjörgunarbátur nefnist fleytitæki úr gúmmibornum striga eða öðru álíka efni, enda hafi hann hlotið viðurkenningu skipaskoðunarstjóra.

#### 2. gr.

#### *Um gúmmibjörgunarbáta og geymslu þeirra.*

1. Utan um bátinn samanbrotinn skal vera slitsterk, sjálfopnanleg taska eða aðrar hentugar umbúðir, sem þola vel allt venjulegt slit um borð í skipum.
2. Taskan með gúmmibátinum í skal geymd í þar til gerðum kistli eða skáp, á hentugum stað í skipinu. Skal geymsla þessi þannig gerð, að skemmdir af völdum núnings séu útilokaðar.
3. Gúmmibáturinn skal staðsettur á aðgengilegum og hentugum stað á skipinu í samráði við Skipaskoðun ríkisins. Sé bátskistill geymdur á þaki stýrishúss á fiskiskipi, skal vera handrið á þakinu og stigi upp. Ísöxi skal vera handbær nálægt kistlinum, ef skipaskoðunarmaður telur hættu á isingu, þar sem kistillinn er staðsettur.
4. Gúmmibáturinn skal þannig gerður, að hann þoli, að honum sé kastað í sjóinn frá skipinu, án þess að hann skemmist. Gúmmibáturinn skal tengdur skipinu með grannri, hentugri taug, hæfilega langri, og auðleystri í báða enda.
5. Samanlagður þungi gúmmibjörgunarbátsins í töskunni, ásamt búnaði þeim, sem krafizt er í þessum reglum, má ekki vera meiri en 200 kílógrömm, nema sérstakur útbúnaður sé til að koma bát og búnaði í sjóinn, án þess að lyfta þurfi beint með handaflí.
6. Gúmmibjörgunarbáturinn skal vera þannig búinn, að hann þenjist sjálfkrafa út og sprengi utan af sér umbúðirnar, ef kippt er í snúru, eða á annan jafn einfaldan hátt. Öryggislokar skulu vera á lofthylkjunum.
7. Gúmmibáturinn skal búinn bátfesti og hringinn í kring skal utan á hliðar hans vera fest lína til að grípa í. Enn fremur skal á bátinum vera festing fyrir dráttartaug, þannig að draga megi gúmmibátinn milli skipa, gegn sjó- og vindi, með fullri tölu þeirra manna, sem hann er ætlaður fyrir.
8. Handföng eða annar nauðsynlegur útbúnaður skal vera til að reisa bátinn við, ef hann flýtur á hvolfi. Á botni bátsins skulu vera pokar, sem fyllast sjó og auka stöðugleikann.
9. Gúmmibjörgunarbáturinn skal búinn tvöföldu þaki, sem lyftist sjálfkrafa um leið og báturinn þenst út. Skal það vera fastengt gúmmibátinum og verja áhöfnina gegn kulda og vosbúð. Þakið skal þannig gert, að regnvatn renni af því í gúmmibelg, sem tæma má úr drykkjarvatn inni í bátinum. Efst á þakinu skal vera rafhljós tengt rafhlöðu af þeirri gerð, sem gefur straum þegar hún liggur í sjó. Þakið skal vera rauðgult að lit.
10. Þegar gúmmibáturinn er uppblásinn og flýtur á réttan hátt, skal hann vera stöðugur í sjó.
11. Þegar gúmmibáturinn flýtur eins og honum er ætlað, uppblásinn, skal hann fleyta ofansjávar og undir þaki þeim fjölda manna, sem hann er ætlaður. Skal fleytimagn vera minnst 100 kíló fyrir hvern mann, og sé þá einungis meðtalið fleytimagn í aðalhólfum bátsins, en ekki fleytimagn í þóftum, ef einhverjar eru, né í þakslöngum.

12. Gúmmibáturinn skal þannig búinn reipstiga eða öðru jafngóðu, að auðvelt sé að komast úr sjó upp í bátinn. 2
13. Gúmmibáturinn skal vera þægilegur að sitja í fyrir þann fjölda manna, sem honum er ætlaður. Skal hverjum manni ætlaður ekki minni botnflötur en 0.372 fermetrar (4 ensk ferfet) innan við aðallofthylkin.
14. Aðalhólf gúmmibátsins skulu vera fæst tvö, algerlega aðskilin. Skal hvort um sig vera nægilega stórt til að geta fleytt ofansjávar þeim fjölda manna, sem bátnum er ætlaður, og báturinn því þannig gerður, að fleytimagn hans sé nokkru meira en brýnasta nauðsyn krefur, ef báturinn kynni að skemmast eða ekki þenjast allur út.
15. Botninn í bátnum skal vera algerlega vatnspéttur, og skal hann vera einangraður nægjanlega gegn kulda, með tvöföldum botni og þannig, að hægt sé innanfrá að dæla lofti í eitt eða fleiri hólf hans, eða þannig að botninn fyllist lofti sjálfkrafa um leið og báturinn sjálfur, en þá skal einnig vera fyrir hendi útbúnaður til að tæma lofti úr botninum einum og dæla aftur í hann með handdælu.

### 3. gr.

*Útbúnaður gúmmibjörgunarbáta skal vera sem hér segir:*

1. Rekakkeri fest við gúmmibátinn með tilheyrandi línu. Lítill flothæfur kasthringur, með 15 metra línu.
2. Austurtæki, svampur og flothæfur vasahnífur.
3. Hæfilega stór lofthanddæla, sem hægt er að tengja við stúta inni í bátnum, til að bæta í hann lofti, ef með þarf.
4. Viðgerðarútbúnaður, sem hægt er að nota til að gera við leka í lofthylkjunum.
5. Tveir fallhlífarflugeldar af viðurkenndri gerð.
6. Á gúmmibátum, sem ætlaðir eru fyrir 3 menn eða færri, skulu vera 6 handblys. Á öðrum gúmmibátum skulu vera 12 handblys, sem gefa frá sér skært rautt ljós og senda frá sér tvær rauðar stjörnur í minnst 60 metra hæð. Í stað handblysanna má nota merkjabyssu með jafnmörgum skotum. Enn fremur tvö flot-hæf reyksmerki, er gefa frá sér rauðgulan lit.
7. Eitt vasaljós, sem nota má til að morsa með, í vatnsheldum umbúðum, ásamt einni varahlöðu og varaperu.
8. 3 ryðfrí ílát með hálfum lítra af drykkjarvatni hvert og 100 grömm af barley-sykri eða öðru jafngóðu næringarefni fyrir hvern mann, miðað við þann fjölda sem gúmmibáturinn er gerður fyrir.
9. Ein drykkjarkrús úr ryðfríu efni, með merkjum við mismunandi rúmmál.
10. Lítill lyfjakassi með sáraumbúðum og öðru til að húa að sárum, enn fremur lítið glas með kamfórudropum eða öðru jafngóðu, hressandi lyfi.
11. Notkunarreglur á íslenzku skulu vera í vatnsheldum umbúðum í gúmmibátnum.

### 4. gr.

*Skoðun og viðhald gúmmibjörgunarbáta.*

Sérhver gúmmibjörgunarbátur skal minnst einu sinni á ári tekinn úr umbúðunum, fylltur lofti, skoðaður og þrýstímældur. Skal skoðun þessi framkvæmd af mönnum, sem viðurkenningu hafa til þess hlutið af skipaskoðunarstjóra. Skulu sömu menn einir mega annast viðgerðir á gúmmibjörgunarbátum, og skal þeim skylt að fylgja nákvæmlega fyrir mælum framleiðanda gúmmibátanna og skipaskoðunarinnar.

Skal skoðunarmaður gúmmibáta setja merki Skipaskoðunar ríkisins á hvern þann gúmmibjörgunarbát, sem í fyrsta skipti er skoðaður, ásamt kallmerki eða

2 einkennisstöfum, tölum skipsins og fjölda þeirra manna, sem gúmmibjörgunar-  
14. jan. báturinn er leyfður fyrir. Skal sama merki vera utan á tösku gúmmibátsins.

Hafi gúmmibáturinn reynzt vera í lagi, eða er gert hefur verið við hann, eins og með þurfti, útfyllir skoðunarmaður gúmmibátsins skoðunarvottorð í þírítí, á eyðublöðum, sem skipaskoðunin lætur í té.

Skoðunarmaður heldur einu eintaki eftir, eitt eintak fylgir gúmmibátnum, en eitt eintak skal afhent skipstjóra til geymslu með skjölum skipsins. Þegar skoðun skipsins fer fram, skal eitt vottorð um skoðun gúmmibátsins fylgja skoðunar-skýrslu búnaðar til Skipaskoðunar ríkisins.

#### 5. gr.

Þegar um landróðrabáta er að ræða eða önnur skip, sem að jafnaði fara eigi lengri ferðir en eins sólarhrings, getur skipaskoðunarstjóri leyft, að gúmmibjörgunarbátarnir séu ekki búnir þeim matvælum, sem getur í 8. lið 3. greinar.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Um leið eru úr gildi felldar reglur um meðferð og útbúnað gúmmifleytitækja á skipum, nr. 187 11. nóv. 1953.

*Samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1957.*

Lúðvík Jósefsson.

*Páll Pálmason.*

### 3

## AUGLÝSING

14. jan.

um breytingu á reglum nr. 11 20. jan. 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

#### 1. gr.

143. gr. reglnanna orðist þannig:

*1. Á öllum farþegaskipum og flutningaskipum, 500 rúmlestir og stærri, sem fara milli landa, skal vera:*

1. Farþegaskip skal hafa björgunarbáta fyrir alla á skipinu, en flutningaskip skal á hvorri hlið skipsins hafa björgunarbát eða björgunarbáta, sem rúma alla á skipinu.

2. Öll farþegaskip og flutningaskip, sem sigla milli Íslands og annarra landa, skulu auk björgunarbáta þeirra, sem skipinu er skylt að hafa samkv. 1. tölulið, búin gúmmibjörgunarbátum fyrir alla á skipinu.

3. Bjarghringar samkvæmt því, sem krafizt er í 142. gr. þessara reglna eða b-lið 16. gr., sbr. 34. gr. III. kafla alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu, frá 10. júní 1948. Á farþegaskipum skal helmíngur þeirra, en þó aldrei færri en 6, vera með blysi, er sjálft tendrast í sjó, og tveimur duflum með veifu á stöng og 27.5 m langri línu. Á flutningaskipum skulu vera minnst 4 bjarghringar með blysi og tveir með línu og dufli.

Á olíuflutningaskipum skulu bjarghringaljós vera rafmagnsljós.

4. Bjargbelti handa öllum á skipinu.

5. Línubýssa samkvæmt 141. gr., með 4 skotum og 4 línum og auk þess tvær flotlínur.

6. Ljóskastari samkvæmt 141. gr.
7. Sex fallhlífar-flugeldar, 6 rauð handblys og 12 merkjaskot með tilheyrandi byssu, eða 12 flugeldar, ef byssa er ekki.
8. Í þessum skipum skal einn af björgunarbátunum vera vélbátur, er fullnægi ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar frá 10. júní 1948, um öryggi mannlífa á hafinu. Mótor í björgunarbát skal vera af þeirri gerð, er skipaeftirlit ríkisins viðurkennir, og í bátnum skal vera eldsneyti, sem endist mótornum í 12 klst.

*II. Á flutningaskipum, sem minni eru en 500 rúmlestir og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Björgunarbátar handa öllum skipverjum og skipsbátur, sem rúmar alla skipverja. Enn fremur gúmmibátur eða bátar, er rúmi alla skipverja.
2. Ef skipið er minna en 200 rúmlestir, skal það hafa einn björgunarbát, sem rúmar alla skipverja, svo og gúmmibjörgunarbát eða báta, er rúma alla skipverja.
3. Bjarghringar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 142. gr. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og tveir með dufli og veifu á stöng, en allir með 27.5 m langri línu.
4. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
5. Línubysa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línnum og auk þess tvær flotlínur.
6. Ljóskastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
7. 6 fallhlífarflugeldar og 12 flugeldar eða flugeldabyssur með 12 skotum.

*III. Á flutningaskipum, sem eru í strandsiglingum, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Skipsbátur eða skipsbátar svo og gúmmibjörgunarbátur eða bátar handa öllum skipverjum.
2. Bjarghringar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 142. gr. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og tveir með dufli á stöng, en allir með 27.5 metra langri línu.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa í skipum yfir 50 rúml. (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línnum og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljóskastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
6. 12 flugeldar og 2 fallhlífarflugeldar. Í stað flugelda má hafa flugeldabyssu með 12 skotum.

*IV. Á fiskiskipum, sem eru stærri en 450 rúmlestir og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Tveir björgunarbátar, er rúma alla skipverja, sinn á hvorri hlið skipsins eða einn björgunarbátur, er rúmar alla skipverja, staðsettur miðskipa, þannig búinn, að auðvelt sé að setja hann út til heggja hliða skipsins. Skal björgunarbúnaður bátanna vera samkvæmt alþjóðareglum, þó er ekki krafizt vélar í þá. Skip þessi skulu enn fremur búin gúmmibjörgunarbátum fyrir samtals einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Tveir skulu vera með sjálfkveikjublysi og 27.5 metra langri línu, en tveir með línu og dufli með veifu á stöng.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línnum og auk þess tvær flotlínur.

- 3** 5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.  
 14. jan. 6. 12 flugeldar og 6 fallhlífarflugeldar. Í stað flugelda má hafa flugeldabyssu með 12 skotum.

*V. Á fiskiskipum, sem eru 200—450 rúmlestir og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Björgunarbátur eða björgunarbátar, sem rúma að samanlögðu alla skipverja. Ef tveir bátar eru, skal sinn vera á hvorri hlið skipsins, ef einn, skal hann svo búinn, að setja megi hann út til beggja hliða skipsins. Gúmmíbjörgunarbátur eða bátar fyrir alla skipverja.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og 27.5 metra langri línu, og tveir með línu og dufli með veifu á stöng.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línunum og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
6. 12 flugeldar og 2 fallhlífarflugeldar. Í stað flugelda má hafa flugeldabyssu með 12 skotum.

*VI. Á fiskiskipum, sem eru minni en 200 rúmlestir og eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Björgunarbátur eða björgunarbátar, sem rúma að samanlögðu alla skipverja, en auk þess gúmmíbjörgunarbátur eða bátar fyrir alla skipverja.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Tveir þeirra skulu vera með sjálfkveikjublysi og 27.5 metra langri línu, og tveir með 27.5 metra línu og dufli með veifu á stöng.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Línubysa (sbr. 141. gr.) með 4 skotum og 4 línunum og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirmælum 141. gr.
6. 12 flugeldar eða flugeldabyssa með jafnmörgum skotum og enn fremur 2 fallhlífarflugeldar.

*VII. Fiskiskip, sem eru 200—450 rúml. og stunda veiðar við strendur Íslands, skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru samkv. VI. lið, til fiskiskipa, er sigla á milli landa.*

*VIII. Á fiskiskipum, sem eru 30—200 rúmlestir og stunda veiðar við strendur Íslands, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Skip, sem eru 80 til 200 rúmlestir skulu vera með skipsbát eða skipsbátum \*handað öllum á skipinu, en auk þess vera búin gúmmíbjörgunarbát eða bátum handað öllum á skipinu. Skip, sem eru 30 til 80 rúmlestir, skulu búin gúmmíbjörgunarbát handað öllum á skipinu.  
 Skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, að skip af þessari stærð, sem ekki koma að jafnaði daglega að landi, hafi einnig skipsbát.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirmælum 142. greinar. Einn þeirra skal vera með 27.5 metra langri línu og dufli með veifu og einn með sjálfkveikjandi ljósi og 27.5 metra langri línu.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. Á skipum, sem stærri eru en 50 rúmlestir, skal vera línubysa með 4 skotum og 4 línunum, samkvæmt fyrirmælum 141. greinar, og tvær flotlínur.

5. Ljósastari samkvæmt fyrirællum 141. greinar.
6. 12 flugeldar eða flugeldabyssa með jafnmörgum skotum.

3

14. jan.

Ef skip þessi stunda veiðar við strendur annarra landa, skulu þau fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru samkvæmt VI. lið til fiskiskipa, er sigla á milli landa.

*IX. Á fiskiskipum, sem eru 15—30 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Gúmmibjörgunarbatúr handa öllum á skipinu.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirællum 142. greinar. Þeir skulu vera með 27.5 metra langa línu og einn með ljósbaugu.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. 6 flugeldar eða flugeldabyssa með 6 skotum.

*X. Á fiskiskipum, sem hafa þilfar og eru 5—15 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Gúmmibátur, gúmmifleki eða annað hentugt fleytitæki.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirællum 142. greinar, Þeir skulu vera með 27.5 metra langa línu.
3. Bjargbelti handa öllum skipverjum.
4. 4 flugeldar.

*XI. Á farþegaskipum, sem eru í strandsiglingum og stærri eru en 200 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Björgunarbatúr, sem rúma  $\frac{1}{2}$  hluta allra á skipinu.
2. Gúmmibjörgunarbatúr af viðurkenndri gerð fyrir alla á skipinu.
3. Bjarghringar samkvæmt fyrirællum 142. greinar, þegar skipin eru styttri en 61 metri, en 12 bjarghringar, þegar skipin eru 61 metri eða lengri.  
Við sex bjarghringanna — þrjá á hvorri hlið skipsins — skal festa sjálfkveikjublys. Ef skipið er styttra en 61 metri, skal festa blys við 2 bjarghringa á hvorri hlið skipsins. Við hvern bjarghring með blysi skal festa 27.5 metra langa línu, og við tvo, sinn á hvorri hlið skipsins, skal vera dufl með veifu á stöng.
4. Bjargbelti handa öllum á skipinu.
5. Línubysa samkvæmt fyrirællum 141. greinar, með 4 skotum og 4 línur og tvær flotlínur.
6. Ljósastari samkvæmt fyrirællum 141. greinar.
7. 6 fallhlífarflugeldar, 12 flugeldar eða flugeldabyssa með 12 skotum.

*XII. Á farþegaskipum, sem eru í strandsiglingum og eru minni en 200 rúmlestir, skulu vera bjargtæki sem hér segir:*

1. Skipsbatúr, sem rúma  $\frac{1}{2}$  hluta allra á skipinu, auk þess gúmmibjörgunarbatúr fyrir alla á skipinu. Á skipum undir 50 rúmlestum getur skipaskoðunarstjóri leyft að annar útbúnaður komi í stað skipsbáts.
2. Bjarghringar samkvæmt fyrirællum 142. greinar. Einn þeirra skal vera með sjálfkveikjublysi og 27.5 m línu og við tvo þeirra, sinn á hvorri hlið skipsins, skal fest 27.5 metra löng lína.
3. Bjargbelti handa öllum á skipinu.
4. Línubysa samkvæmt fyrirællum 141. greinar, með 4 línur og 4 skotum, ef skipið er yfir 50 rúmlestir, og auk þess tvær flotlínur.
5. Ljósastari samkvæmt fyrirællum 141. greinar.
6. 12 flugeldar eða flugeldabyssa með 12 skotum og enn fremur 2 fallhlífarljós.

**3** XIII. Farþega- og flutningabátar í innanfjarðarsiglingum skulu hafa bjargtæki  
14. jan. sem hér segir:

1. Skipsbát og gúmmíbjörgunarbát hvorn um sig nægjanlega stóran handa öllum á skipinu. Ef bátur er ekki stærri en svo, að hann geti ekki haft skipsbát á þilfari, né í bátsuglum, getur skipaskoðunarstjóri leyft, að aðeins verði gúmmíbjörgunarbátur, gúmmífleki eða annar útbúnaður.
2. Bjarghringa samkvæmt fyrirmælum 141. greinar. Við einn þeirra skal fest sjálfkveikjublys og 27.5 metra löng lína.
3. Björgunarbelti handa öllum á skipinu.
4. Ljóskastara samkvæmt fyrirmælum 141. greinar.
5. 12 flugelda eða flugeldabyssu með 12 skotum.
6. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um er að ræða flutning á sjómönnum eða verkafólki til og frá verstöðvum, eða einstakar hópferðir, getur skipaskoðunarstjóri leyft, að gerðar séu vægari kröfur til farþegarymis og skipsbúnaðar, t. d. með því að leyfa, að skipsbátur, björgunarfleki eða annað hliðstætt komi í stað björgunarbáts. Enn fremur getur skipaskoðunarstjóri leyft, að litlum skipum sé heimilt að hafa skipsbát í togi í stað þess að hafa hann hangandi í uglum eða á þilfari, sé ferðum skipsins svo háttáð, að það teljast æskilegt og öruggt.

2. gr.

1. Á þeim skipum, sem alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu, gerður í Lundúnum 10. júní 1948, nær til, skulu áfram vera flekar (buoyant apparatus) eins og gilt hefur hingað til, þar til alþjóðasamþykktinni kann að verða breytt, þannig að gúmmíbátar komi í stað fleka. Þangað til getur skipaskoðunarstjóri veitt undanþágu frá kröfunni um gúmmíbáta, þó ekki lengri tíma en eins árs frá dagsetningu þessara reglna. Verði alþjóðareglunum ekki breytt innan þess tímabils, komi gúmmíbátar auk núverandi fleka.

2. Á öllum öðrum skipum, þ. e. öllum fiskiskipum, öllum flutningaskipum minni en 500 rúmlestir brúttó, og farþegaskipum í strandsiglingum innanlands, skulu reglur þessar gilda nú þegar. Þó skal skipaskoðunarstjóra heimilt að veita undanþágu til skamms tíma, enda séu færðar sönnur á, að ekki hafi enn tekizt að afla nauðsynlegra tækja, en ráðstafanir hafi verið gerðar til að festa kaup á hæfum búnaði fyrir umrætt skip.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, sbr. þó 2. gr. 1, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1957.*

**Lúðvík Jósefsson.**

*Páll Palmason.*

## REGLUGERÐ

4

15. jan.

### fyrir vatnsveitu Borðeyrar.

#### 1. gr.

Vatnsveita Borðeyrar er fyrirtæki, sem Bæjarhreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja á Borðeyri, eftir því sem við verður komið og nánar er fram tekið í reglugerð þessari. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu: Vatnsveita Borðeyrar. Skal rekstur veitunnar vera að öllu óviðkomandi sveitarsjóði Bæjarhrepps.

#### 2. gr.

Vatnsveita Borðeyrar hefur einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

#### 3. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur á hendi yfirstjórn veitunnar, en framkvæmdastörf, er veituna varða, getur hún falið öðrum, og heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er hreppsnefnd felur honum.

#### 4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars, sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

Skýlt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema samþykki hreppsnefndar komi til. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

#### 5. gr.

- 83 Emailleruð búsáhöld úr járn, stáli og öðrum járnlegeringum.
- \* 88 Baðker, salerni og tilh. vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.

## 15 T o l l s k r á :

5. febr. Kafli. Nr.

68*	7	Baðker, salerni og tilh. vatnskassar (cistern) þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra úr zinki eða zinklegeringum.
71*	26	Myndarammar og aðrar þvilikar umgerðir úr ódýrum málum.
72	6—7	Kjörtkvarnir og kaffikvarnir, ót. a.
22, 24—26		Skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, þó ekki ritvélar.
*	23	Ritvélar og hlutar til þeirra.
73	11—12	Rafgeymar og rafhlöður.
	63	Ljósaperur.
73	65—66	Reiðhjólaluktir og dynamóar.
	67	Vasaljós.
77*	1—2	Optisk gler.
*	3	Sjónaukar, alls konar.
*	4	Smásjár og smásjárhlutar.
*	5—6	Gleraugnaumgerðir.
*	7—8	Gleraugu.
*	9	Ljósmyndavélar og hlutar til þeirra, ót. a.
*	10	Kvikmyndatökuvélar, sýningarvélar fyrir mjófilmu svo og skugga-myndavélar.
*	11	Sýningarvélar fyrir kvikmyndir.
*	13	Teiknigerðir (bestik), reiknistokkar o. þ. h. reiknitæki, sem ekki geta talizt vélar.
	18—20	Sjúkramælar, heymælar og aðrir hitamælar.
*	26—27	Málbönd, mælistokkar og kvarðar.
	29—31	Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.
	33—34	Vogarlóð.
79*	1	Flygel og píanó.
*	2	Hlutar til flygela og píanóa.
*	3	Orgel og harmoníum.
*	4	Hlutar til orgela og harmonía.
*	5	Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra ót. a.
*	6	Munnhörpur.
*	7	Önnur blásturshljóðfæri og hlutar til þeirra.
*	8	Harmoníkur.
*	8a	Hlutar til harmoníka.
*	9	Grammófónar og hlutar til þeirra.
*	10	Spiladósir, lýrukassar og hlutar til þeirra.
*	11	Grammófónplötur, ót. a.
*	12	Grammófónplötur til tungumálakennslu.
*	13	Grammófónnálar.
79*	14	Hljóðritarar (fónógrafar) og hlutar til þeirra.
*	15	Trumbur.
*	16	Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a.
81	3	Skothylki, hlaðin, úr pappa.
83	5	Tannburstar og rakburstar.
84	2	Gúmmiboltar.
	6	Jólatrésskraut, alls konar.
85	3	Reykjarpípur, pípuhausar, pípuhreinsarar alls konar, munnstykki og aðrir pípuhlutar, vindla- og vindlingamunnstykki og kveikjarar, nema úr góðmálmum.
	5	Hárgreiður og höfuðkambar alls konar.

Þó skal heimilt að flytja inn frjálst sitrónur (tollskr. nr. 8/18) og tómaturé 15 (tollskr. nr. 21/3a) frá Ítalíu og rúsínur (tollskr. nr. 8/33) og kúrennur (tollskr. nr. 8/31) frá Grikklandi.

### 3. gr.

Vörulistar í 1. og 2. gr. hér að framan eru samdir í samræmi við tollskrána í lögum um tollskrá o. fl., og þar sem fram er tekið í texta listans, að um sé að ræða vörur ótaldar annars staðar (ót. a.), er miðað við tollskrána í heild, en ekki ofangreina lista eingöngu.

### 4. gr.

Þær vörur, sem taldar eru upp í 1. og 2. gr. skal tollafgreiða án innflutningsleyfis og einnig selja gjaldeyri til greiðslu andvirðis þeirra án gjaldeyrisleyfis. Þó geta bankarnir með samþykki ríkisstjórnarinnar beint kaupum vara, sem frjáls innflutningur er á, til tiltekinna landa.

Þá getur Innflutningsskrifstofan og heimilað innflutning þeirra vara, sem taldar eru í 2 gr., frá öðrum löndum en þar eru talin, ef sérstök ástæða þykir til.

Um innflutning frilistavara gilda að öðru leyti sömu reglur og um innflutning annarra vara, þ. á m. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 212/1953, um bann við flutningi vara til landsins nema þær hafi verið greiddar eða greiðsla tryggð í gegnum banka.

### 5. gr.

Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. er heimilt að selja frjálst erlendan gjaldeyri vegna ríkissjóðs eða banka eða til greiðlu á vöxtum og afborgunum lána- bæjar- eða sveitarfélaga.

### 6. gr.

Auk þeirra vara, sem taldar eru í 1. og 2. gr. er heimilt að flytja inn án innflutningsleyfis:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn flytja sjálfir með sér í fari sínu, til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda sjómannagjaldeyri, þó ekki yfir 1000 kr. verðmæti í hverri ferð.
3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki þar, eða endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald telur gildar fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og annarra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir, sýnishorn og þess háttar sendingar allt að 500 kr. virði.

### 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88/1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð 211 28. desember 1953 um frjálsan innflutning og gjaldeyrissölu og önnur fyrirmæli er kunna að fara í bága við reglugerð þessa.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 5. febrúar 1957.*

**Lúðvík Jósepsson.**

**Þórhallur Ásgeirsson.**



16

7. febr.

## AUGLÝSING

um fyrirmynd að reglugerð fyrir nefndir til úthlutunar bóta  
samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið samþykkt fyrirmynd að reglugerð fyrir nefndir til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur látið gera og er prentuð hér sem fylgiskjal.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Fylgiskjal.

## REGLUGERÐ

fyrir nefnd ..... til úthlutunar bóta samkvæmt lögum  
um atvinnuleysistryggingar.

## 1. gr.

Nefndina skipa fimm menn, þrjú tilnefndir af .....  
.....  
einn af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnu-  
félaganna. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn, er taka sæti í nefndinni í for-  
föllum aðalmanna. Kjörtími nefndarmanna er .... ár í senn og skal þá tilnefna  
aðalmenn og varamenn að nýju. Nefndin skal kjósa sér formann og ritara. Aðsetur  
nefndarinnar er .....  
og fer þar fram afgreiðsla á málum, sem hún hefur með höndum, á tímum, sem  
auglýstir verða í samráði við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Nefndin skal halda  
gerðabók um starf sitt og í hana skulu allar ákvarðanir skráðar.

## 2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að úthluta bótafé samkvæmt lögum um atvinnuleysis-  
tryggingar til meðlima í .....

## 3. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun nefndarmanna og úrskurðar  
reikninga um kostnað við nefndarstörfin.

Kostnaður greiðist úr sérreikningi félagsins við atvinnuleysistryggingasjóðinn.

Kostnaður greiðist úr sérreikningum ofangreindra verkalýðsfélaga við atvinnu-  
leysistryggingasjóðinn og skiptist .....

## 4. gr.

Ef ekki næst í nefndinni einróma samkomulag varðandi úrskurði um bóta-  
greiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysis-

tryggingasjóðs og er úrskurður hennar í málinu endanlegur. Sá, er sækir um bætur, 16  
getur jafnan áfrýjað úrskurði nefndarinnar til sjóðsstjórnar.

7. febr.

Nefndarmaður, sem áfrýja vill úrskurði, skal innan 14 daga frá uppkvaðningu hans hafa sent stjórn atvinnuleysisstryggingasjóðs áfrýjun skriflega, en umsækjandi um bætur innan 14 daga frá því honum var kunngerður úrskurðurinn. Skal í áfrýjunarskjali greina ástæður til áfrýjunar, en í því sambandi er nefndarmanni heimilt að vísa til ágreiningsatkvæðis, sem hann hefur ritað á bótaumsókn.

## 5. gr.

Sá, er sækir um bætur, skal afhenda nefndinni umsókn í tvíriti, ritaða á eyðublað, sem stjórn atvinnuleysisstryggingasjóðs lætur gera. Skylt er umsækjanda að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að úrskurða bætur.

## 6. gr.

Rétt til bóta hafa þeir fullgildir meðlimir í .....  
.....  
á aldrinum 16—67 ára, sem:

- a. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað a. m. k. samtals í 6 mánuði vinnu, sem goldin er samkvæmt kjarasamningi eða kauptaxta verkalýðsfélags. Bótaréttur glatast ekki þó að hlutaðeigandi vinni um tíma önnur hliðstæð störf, t. d. kaupavinnu;
- b. sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir ..... virka daga, þar af ..... daga á síðustu ..... dögum. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 7. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Þeir, sem orðnir eru 67 ára, en njóta ekki ellilífeyris, eiga rétt til atvinnuleysisbóta.

## 7. gr.

Bætur greiðast ekki þeim sem:

- a. taka þátt í verkfalli eða berkbann nær til;
- b. njóta slysa-, sjúkra- eða örorkubóta samkvæmt almannatryggingalögum;
- c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkju-skaparóreglu;
- d. sviptir eru frelsi sínu að opinberra tilhlutan;
- e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, sem þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunar-skrifstofu, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga hlutaðeigandi verkalýðsfélaga. Nefndin metur, hvort annað það vanhæfi sé á vinnunni, að umsækjanda sé rétt að neita henni. Bótaréttur glatast þó eigi, þótt hafnað sé vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein fyrr en hlutaðeigandi hefur notið bóta í 4 vikur;
- f. hafa á síðustu 6 mánuðum haft tekjur, sem fara fram úr 75% af meðalárstekjum almennra verkamanna eða verkakvenna, ef um konu er að ræða, á í ..... næstliðið ár. Þó skal ekki miða við hærri tekjur en 300 daga dagvinnukaup verkamanns eða verkakonu í Reykjavík;
- g. dvelja erlendis.

## 16

7. febr.

## 8. gr.

Sá, sem öðlast rétt til bóta samkvæmt 6. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram sex, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 18 dögum virkum. Sé um algert og samfelt atvinnuleysi að ræða undanfarna 18 daga virka, má nefndin hefja greiðslu bóta frá og með 16. atvinnuleysisdegi, enda þótt ekki sé fullnægt skilyrðum um 36 atvinnuleysisdaga á síðastliðnum sex mánuðum. Hafi hinn tryggði vinnu eftir að hann öðlast rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum 6. gr., b-liðs, til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt er nefndinni að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en fjóra mánuði ár hvert.

## 9. gr.

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. .... á dag fyrir einhleypan mann, kr. .... á dag fyrir kvæntan mann og kr. .... á dag fyrir hvert barn, allt að þremur, yngra en 16 ára, sem er á fullu framfæri bótaþega.

Upphæð bóta má aldrei vera hærri en svo, að þær að meðtöldum tekjum bótaþega nemi 75% af almennu dagvinnukaupi verkamanna í Reykjavík fyrir 8 stunda vinnu, eða kaupi verkakonu, ef um konu er að ræða.

Bótaupphæðir samkvæmt grein þessari eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbætur á samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun almennra verkamanna í Reykjavík.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt reglugerð þessari né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

## 10. gr.

Bætur samkvæmt reglugerð þessari greiðast úr sérreikningi eða sérreikningum þeim við atvinnuleysistryggingasjóðinn, sem nefndin úthlutar bótum úr.

## 11. gr.

Nefndin skal gera vikulega skrá um þá menn, sem hún úrskurðar bætur. Skal á skrá þessari tilgreina, hvernar tegundar bætur eru og hve háar. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess einnig getið í skránni og tilgreina í hverju ágreiningur sé fólgin. Skrá þessa skal nefndin senda umboðsmanni Tryggingastofnunar ríkisins ásamt öðru eintaki bótaumsóknar með tilheyrandi fylgiskjölum. Hafi bótaþega áður verið úrskurðaðar atvinnuleysisbætur á sama bótatímabili, skal skránni fylgja úrskurður um framhaldsbætur ásamt framhaldsvottorði vinnumiðlunar.

## 12. gr.

A. Þegar úthlutunarnefnd hefur horizt greiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins ásamt fé til bótagreiðslu, greiðir hún bætur til einstakra bótaþega, gegn kvittun þeirra á skrána. Að loknum bótagreiðslum skal nefndin afhenda Tryggingastofnuninni skrána.

B. Umboðsmaður Tryggingastofnunar ríkisins í ..... annast greiðslu bóta.

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 til atvinnuleysis-  
tryggingasjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

## 16

Reglugerð þessi, sem samin er af úthlutunarnefndinni, staðfestist hér með sam-  
kvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, til þess að öðlast gildi  
þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

## REGLUGERÐ

## 17

4. febr.

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild  
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

## 1. gr.

Töluliðir 7, 8, 9, 10, 26 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

7. svæði: Hafnarfjörður.

1. janúar — 15. maí.

1. september — 31. desember.

8. svæði: Reykjavík.

1. janúar — 15. maí.

1. september — 31. desember.

9. svæði: Akranes.

1. janúar — 15. maí.

1. september — 31. desember.

10. svæði: a. Hellissandur.

1. janúar — 15. maí.

b. Rif.

1. janúar — 15. maí.

c. Ólafsvík.

1. janúar — 15. maí.

26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík.

1. apríl — 15. desember.

34. svæði: Fáskrúðsfjörður.

1. febrúar — 31. maí.

1. júní — 30. nóvember.

## 2. gr.

Töluliðir 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík.

15. febrúar — 11. maí.

1. september — 31. desember.

10. svæði: Hornafjörður.

1. marz — 11. maí.

17  
4. febr.

3. gr.

Töluliðir 22, 27, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður.

15. júlí — 31. október.

27. svæði: Ólafsfjörður.

1. apríl — 30. nóvember.

34. svæði: Vopnafjörður.

15. maí — 31. október.

43. svæði: Þorlákshöfn.

1. marz — 11. maí.

4. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 63 5. apríl 1956 og reglugerð nr. 156 24. nóv. 1956, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1957.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

18  
5. febr.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 240.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 20.00.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1957.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febr. 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1957.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Péturs-**19**  
sonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. febrúar 1957. 7. febr.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðmundar Péturssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðmundar Péturssonar.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kaupfélagi Strandamanna, Norðurfirði, á aðalfundi félagsins árið 1953, í tilefni af aldar afmæli Guðmundar Péturssonar, bónda í Ófeigsfirði, en hann var fæddur 6. jan. 1853. Guðmundur var fyrsti kaupfélagsstjóri félagsins og einn af aðalstofnendum þess.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtaður í innlánsdeild Kaupfélags Strandamanna, verði hún, af einhverjum ástæðum, lögð niður, skal innstæða sjóðsins færð í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, sem honum kunna að áskotnast.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítla frumbýlinga, sem hefja búskap í Árneshreppi og einnig aðra fátæka bændur í hreppnum, ef þeir verða fyrir tjóni á búfénaði sínum, eða öðrum fjárhagslegum áföllum, enda sé ekki vitaverðu hirðuleysi eða fíðurskortu um að kenna, að álitu sjóðstjórnarinnar.

### 5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd og skipa hana: Formaður stjórnar Kaupfélags Strandamanna, einn maður kosinn til þriggja ára af aðalfundi Kaupfélagsins og annar kosinn af hreppsnefnd Árneshrepps eftir hverjar hreppsnefndarkosningar og skal kjörtímabil hans vera sama og hreppsnefndarmanna. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins, umsóknir um styrki, og skrá um úthlutanir úr sjóðnum. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Kaupfélags Strandamanna.

### 6. gr.

Vexti og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Eftir það má úthluta úr sjóðnum fimmta hvert ár, sem svarar hálfum vöxtum yfir það tímabil. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —, má úthluta á sama hátt  $\frac{3}{4}$  vaxtanna þriðja hvert ár. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — hundrað þúsund krónur —, má árlega úthluta  $\frac{7}{8}$  vaxtanna.  $\frac{1}{8}$  vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

### um áfengisvarnanefndir.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 58 frá 24. apríl 1954, eru hér sett ákvæði um verksvið og skyldur áfengisvarnanefnda.

#### 1. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnnum. Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndanna er fjögur ár.

#### 2. gr.

Áfengisvarnanefnd á hverjum stað skal leitast við að efla bindindi í hverjum þeim kaupstað eða hreppi, er hún starfar í, með því:

- a. að styðja bindindisstarfsemi, þar sem hún er fyrir, og vinna að því, að slík starfsemi sé hafin, þar sem hún hefur ekki sér stað;
- b. að stuðla að aukinni fræðslu meðal kaupstaðar- eða hreppsþúa um bindindis- og áfengismál;
- c. að hafa eftirlit með því, að hin lögboðna bindindisfræðsla í skólum fari fram á viðunandi hátt. Skal hún eiga samvinnu við skólastjóra, kennara og skóla- og fræðsluráð um fræðsluna;
- d. að vera yfirvöldum og lögreglumönnum til aðstoðar um að halda uppi hlýðni við áfengislögin og reyna af fremsta megni að sporna við allri ólöglegri framleiðslu, innflutningi, sölu og annarri ólöglegri meðferð áfengis, hvort heldur er á samkomum eða annars staðar;
- e. að hlíta fyrirmælum áfengisvarnaráðs í öllum greinum, þ. á m. að halda a. m. k. tvo fundi á ári hverju í hreppum, sex í kaupstöðum utan Reykjavíkur og ekki færri en einn fundi á mánuði í Reykjavík.

#### 3. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðilja, sem komið geta til greina í því sambandi, þ. á m. fyrir presta, og gera sjálfar tillögur um áfengisvarnir, er þær telja þörf á. Skulu nefndirnar njóta aðstoðar og verndar yfirvalda og annarra opinberra starfsmanna í starfi sínu, eftir því sem þörf krefur. Áfengisvarnanefndum er rétt að leita til lögreglustjóra um upplýsingar um vinveitingaleyfi, sem veitt eru.

#### 4. gr.

Nú eru í kaupstað eða hreppi menn, einn eða fleiri, sem annað hvort gerast vandræðamenn að einhverju leyti eða ósjálfbjarga, sökum drykkjuskapar, og ber þá áfengisvarnanefnd að gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að útvega þeim hæli og hjúkrun, í því skyni að venja þá af áfengisnautn. Einnig ber áfengisvarnanefndum að hafa vakandi auga með ungum mönnum, sem taka að drekka, og reyna að fá þá til að láta af því. Skal áfengisvarnanefnd, framfærslunefnd og lögregla á staðnum, svo og prestur, vinna saman, þegar þörf krefur, að þessum málum.

## 5. gr.

20

Áfengisvarnanefnd er skylt að gera það sem mögulegt er, til þess að bjarga heimilum drykkjumanna og vernda fjölskyldur þeirra. Nú er nefndinni kunnugt um, að einhver í kaupstað eða hreppi, þar sem hún starfar, neyti áfengis sjálfum sér, fjölskyldu sinni og ættingjum til skaða, og skal hún þá tafarlaust rannsaka málið og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úr verði bætt, ef unnt er, á viðunandi hátt (sbr. 4. gr.).

13. febr.

## 6. gr.

Rétt til að leita aðstoðar áfengisvarnanefnda hafa:

- a. aðili sjálfur;
- b. maki aðilja, nákomnir ættingjar hans og venzlafólk (foreldrar, börn, systkini, tengdaforeldrar o. s. frv.);
- c. lækna og prestar eftir tilmælum aðilja sjálfs, ættingja hans eða venzlafólks. Þeir geta og ótilkvaddir af öðrum leitað til áfengisvarnanefnda, er þeir telja einstaklingum eða heimilum hættu búna vegna áfengisnautnar;
- d. lögráðendur ólögráðra manna;
- e. framfærslunefndir og hreppsnefndir;
- f. lögregla og löggæzlumenn;
- g. aðrir, er persónulega eru kunnugir aðilja og bera hag hans fyrir brjósti.

## 7. gr.

Nú liggur fyrir kvörtun eða tilkynning um skaðlega áfengisneyzlu, og skal þá einn eða fleiri úr viðkomandi áfengisvarnanefnd, eftir því sem hún ákveður, rannsaka ástandið hjá þeim manni, sem í hlut á, og á heimili hans og taka skýrslu um það af fjölskyldunni eða öðrum, sem vel þekkja til og eru vitnissbærir, enda samþykki aðiljar það. Nefndin getur leitað aðstoðar hins opinbera í slíkum málum og óskað að fá þaðan allar þær upplýsingar, er að gagni mega verða og yfirvöldum er heimilt að láta í té.

Ef það kemur í ljós við rannsókn, að málið er nefndinni ofvaxið, t. d. ef um afbrot er að ræða, skal hún tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi yfirvöldum og afhenda þeim það til meðferðar.

## 8. gr.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Skulu nefndirnar standa í sambandi við ráðið og sér í lagi við formann þess, áfengisvarnaráðunaut ríkisstjórnarinnar. Skulu nefndirnar snúa sér til ráðunautarins og fá hjá honum bendingar og upplýsingar, sem þær þarfnast. Þær skulu gefa honum allar upplýsingar um bindindis- og áfengismál, sem hann biður um og þær geta látið í té, ásamt árlegri skýrslu um störf sín. Skal þeim séð fyrir skýrsluformi til útfyllingar, og ber þeim að skila skýrslunum eftir hver áramót.

## 9. gr.

Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Nefndirnar fá greiddan styrk af því fé, sem áfengisvarnaráð fær til úthlutunar úr ríkissjóði, svo framarlega sem ráðið telur störf nefndanna styrksverð. Þer þeim að gefa ráðinu glögga skýrslu um meðferð styrkfjár þess, er þær fá, þá er ráðið óskar.



20

10. gr.

13. febr. Áfengisvarnanefndum og framkvæmdastjórum þeirra ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál manna, er þessir aðiljar komast að í starfi sínu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 13. febrúar 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

21

## AUGLÝSING

7. febr.

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð nr. 47 1942, sbr. reglugerð nr. 83 1951, fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 6. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47 1942, sbr. reglugerð nr. 83 1951, fyrir Háskóla Íslands:

Aftan við 18. tölulið 52. gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi: 19. Bókasafnsfræði.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1957.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

22

## BÆJANÖFN

11. febr.

Samkv. lögum nr. 35 18. febr. 1953 hefur menntamálaráðuneytið gefið út leyfisbréf fyrir eftirtöldum bæjanöfnum árin 1954—1956:

**Árið 1954:**

*Hólavátn*, nýtt nafn á jörðinni Austur-Búðarhólshjáleigu í Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

*Vellir*, nýbýli úr landi Þaravalla í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

*Seljanes*, nýbýli úr landi Reykhóla í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu.

*Ásbreið*, nýbýli úr landi Ytri-Valla í Kirkjuhvammshreppi í V.-Húnavatnssýslu.

*Lyngholt*, nýbýli úr landi Kimbastaða í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

*Sörlagarður*, nýbýli úr landi Kimbastaða í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

*Viðidalur*, nýbýli í landi ríkisins úr jörðinni Viðimýri í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

*Viðiholt*, nýbýli í landi ríkisins úr jörðinni Viðimýri í Seyluhreppi, Skagafj.s.

*Reynistaðir*, nýbýli úr landi Miðhvamms í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.

*Lundur*, nýbýli úr landi Sauðhaga í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

*Múli III*, nýbýli úr landi Múla II í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu.

*Stekkjarmelur*, nýbýli úr landi Grunda og Kirkjubóls í Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

*Búrfell*, nýbýli úr landi Miðdals II í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu. **22**  
*Steintún*, nýtt nafn á jörðinni Gilkot í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu. 11. febr.  
*Hof III*, nýbýli úr landi Ásláksstaða II og Hofs I í Arnarneshreppi, Eyjafjarðars.  
*Þormódsstaðir II*, nýbýli úr landi Þormódsstaða í Saurbæjarhr., Eyjafj.sýslu.  
*Árbær*, nýbýli úr landi Hvamms í Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.  
*Reistarnes*, nýbýli úr landi Nýhafnar í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.  
*Sandvík*, nýbýli úr landi Nýhafnar í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.  
*Skarð*, nýtt nafn á jörðinni Disastaðasel í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.  
*Svanavatn*, nýtt nafn á jörðinni Efri-Vatnahjáleigu í Austur-Landeyjahreppi,  
 Rangárvallasýslu.

*Þorgilsstaðir*, nýtt nafn á jörðinni Tjarnarkot í Fróðárhreppi, Snæfellsnessýslu.  
*Fellshlíð*, nýtt nafn á jörðinni Öxnafellskot í Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðars.  
*Fagrabrekka*, nýbýli úr landi Kross í Innra-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.  
*Hlíð II*, nýbýli úr landi Hlíðar, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.  
*Kollugerði II*, nýbýli úr landi Kollugerðis í Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.  
*Hellur*, nýbýli úr landi Varmalækjar í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.  
*Sandhóll*, nýtt nafn á jörðinni Fjósakoti í Leiðvallarhreppi, Vestur-Skaftafellss.  
*Helluland*, nýbýli úr landi Saurbæjar í Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.  
*Laugabær*, nýbýli úr landi Bæjar í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.  
*Smáratún*, nýtt nafn á jörðinni Ámundakoti í Fljótshlíðarhreppi, Rang.  
*Akrar*, nýbýli úr landi Bárðarbúðar í Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu.  
*Borgartún*, nýtt nafn á nýbýlinu Landamóttssel II í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

*Brúarland*, nýbýli úr landi Hrafnkelsstaðar í Hraunhreppi, Mýrasýslu.  
*Laugarland*, nýbýli úr landi Flúða í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.  
*Melabúð*, nýbýli úr landi Bárðarbúðar í Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu.  
*Geirshlíð*, nýbýli úr landi Þorgeirsstaðahlíðar í Miðdalahreppi, Dalasýslu.  
*Gýgjarhóll*, nýbýli úr landi Hafsteinsstaða og Víkur í Staðarhreppi, Skagafj.s.  
*Hjarðarás*, nýbýli úr landi Snartarstaða í Presthólahreppi, N.-Þingeyjarsýslu.  
*Kárshóll*, nýbýli úr landi Hóla í Reykdælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.  
*Árdalur*, nýbýli úr landi Krossdals í Keldneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.  
*Fellsendi*, nýbýli úr landi ríkisins í Ljósavatnshreppi, S.-Þingeyjarsýslu.  
*Fellsás*, nýbýli úr landi Fells í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.  
*Sandhólar*, nýbýli úr landi Þórustaða í Óspakseyrarhreppi, Strandasýslu.  
*Hvassafell*, nýbýli úr landi Steina í Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallas.  
*Tungulækur*, nýbýli úr landi Litlu-Brekku í Borgarhreppi, Mýrasýslu.  
*Skrúður*, nýbýli úr landi Kleppjárnsreykja í Reykholtaldshreppi, Borgarfj.s.  
*Áshóll*, nýbýli úr landi Laufáss í Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.  
*Helluvað II*, nýbýli úr landi Helluvaðs í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjars.  
*Leirhöfn II*, nýbýli úr landi Leirhafnar í Presthólahreppi, N.-Þingeyjarsýslu.  
*Hrauntún*, nýbýli úr landi Presthóla í Presthólahreppi, N.-Þingeyjarsýslu.  
*Sunnuhlíð*, nýbýli úr landi Neðri-Dálksstaða í Svalbarðsstrandarhreppi, S.-Þing.  
*Laxárnes*, nýbýli úr landi Ness í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.  
*Skarð II*, nýbýli úr landi Skarðs í Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.  
*Leifsstaðir*, nýbýli úr landi Voðmúlastaða í Austur-Landeyjahreppi, Rang.  
*Helluland*, nýbýli úr landi Dagverðareyrar í Glæsabæjarhreppi, Eyjafjarðars.  
*Syðri-Reistará II*, nýbýli úr landi Syðri-Reistarar í Arnarneshreppi, Eyjafj.s.  
*Stifla*, nýbýli úr landi Bandagerðis og Mýralóns í Glæsibæjarhreppi, Eyjafj.s.  
*Sandlækur II*, nýbýli úr landi Sandlækjar í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.  
*Kvistir*, nýbýli úr landi ríkisins að Hvammi í Ölfushreppi, Árnessýslu.  
*Langamýri II*, nýbýli úr landi Löngumýrar í Skeiðahreppi, Árnessýslu.

- 22 *Sturlureykir II*, nýbýli úr landi Sturlureykja í Reykholtshreppi, Borg.  
 11. febr. *Höfðabrekka*, nýbýli úr landi sandgræðslu ríkisins við Keldunes í Keldunes-  
 hreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

#### Árið 1955:

- Garður*, nýbýli úr landi Jódísarstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.  
*Syðra-Langholt III*, nýbýli úr landi Syðra-Langholts í Hrunamannahreppi, Árn.  
*Vogsósar II*, nýbýli úr landi Vogsósa í Selvogshreppi, Árnassýslu.  
*Dalbær*, nýbýli úr landi Kleppjárnsreykja, Reykholtshreppi, Borgarfj.sýslu.  
*Mýrar II*, nýbýli úr landi Mýra í Ytri-Torfustaðahreppi, V.-Húnavatnssýslu.  
*Laufás*, nýbýli úr landi Austur-Garða í Kelduneshreppi, N.-Þingeyjarsýslu.  
*Vogar*, nýbýli úr landi Grásiðu í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.  
*Leirhöfn II*, nýbýli í landi Leirhafnar í Presthólahreppi, N.-Þingeyjarsýslu.  
*Búvellir*, nýtt nafn á býlinu Aðalból II í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.  
*Kárhóll*, í stað Kárhóll á nýbýli í landi Hóla í Reykdælahreppi, S.-Þing.  
*Brautarhóll*, nýbýli í landi Stórafljóts í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.  
*Syðrigróf II*, nýbýli í landi Syðrigrófar í Villingaholtshreppi, Árnassýslu.  
*Heiði*, nýbýli í landi Vatnsleysu í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.  
*Hlíðartunga*, nýbýli í landi úr landnámi ríkisins undir Ingólfssfjalli í Ölfus-  
 hreppi, Árnassýslu.  
*Hvíteyrar*, nýbýli í landi Mælifellsár í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.  
*Lauqarhvammur*, nýbýli í landi Steinsstaða í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðars.  
*Þormóðsholt*, nýbýli í landi Bjarnastaða í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.  
*Byrgisskarð*, nýbýli í landi Bakkakots í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.  
*Naustavík*, nýbýli í landi Heydalsár í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.  
*Smærnavöllur*, nýbýli í landi eyðibýlis með sama nafni í Gerðahreppi, Gullbr.s.  
*Kaðalstaðir II*, nýbýli í landi Kaðalstaða í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu.  
*Lindarhvoll*, nýbýli í landi eyðijarðarinnar Lækjarkots í Þverárhliðahreppi,  
 Mýrasýslu.  
*Grundir*, nýbýli í landi Litlureykja í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.  
*Halldórsstaðir II*, nýbýli í landi Halldórsstaða í Bárðælahreppi, S.-Þing.  
*Teigagerði*, nýbýli í landi Reynishóla í Hvammshreppi, V.-Skaftafellssýslu.  
*Hamrafoss*, nýbýli í landi Foss I í Hörgslandshreppi, V.-Skaftafellssýslu.  
*Fagrifoss*, nýbýli í landi Foss I í Hörgslandshreppi, V.-Skaftafellssýslu.  
*Reynisbrekka*, nýbýli í landi Höfðabrekku í Hvammshreppi, V.-Skaftafellssýslu.  
*Engihlíð*, nýbýli í landi Svarfhóls í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.  
*Sámsstaðir III*, nýbýli í landi Sámsstaða í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.  
*Sunnuhlíð*, nýbýli í landi Síreksstaða í Vopnafjarðahreppi, N.-Múlasýslu.  
*Deildarlækur*, nýbýli í landi Hofa í Vopnafjarðahreppi, N.-Múlasýslu.  
*Hoftún*, nýbýli í landi Hofgarða í Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.  
*Brautarholt II*, nýbýli í landi Brautarholts í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.  
*Ás IV*, nýbýli í landi Áss II í Ásahreppi, Rangárvallasýslu.  
*Ármót*, nýbýli í landi Óseyrar í Stöðvarhreppi, Suður-Múlasýslu.  
*Unalækur*, nýbýli í landnámi ríkisins að Ketilssstöðum í Vallahreppi, S.-Múl.  
*Þorvaldsstaðir II*, nýbýli í landi Þorvaldsstaða í Skriðdalshreppi, S.-Múlasýslu.  
*Syðra-Langholt IV*, nýbýli í landi Syðra-Langholts II í Hrunamannahr., Árn.  
*Tungufell*, nýbýli í landi Þorvaldsstaða í Breiðdalshreppi, S.-Múlasýslu.  
*Akrar III*, nýbýli í landi Akra í Hraunhreppi, Mýrasýslu.  
*Reykjavellir*, nýbýli í landi Stórureykja í Reykjahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.  
*Tómasarhagi*, nýbýli í landi Hofstaða í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu.  
*Breiðlækur*, nýbýli í landi Haga í Barðastrandarhreppi, V.-Barðastr.sýslu.

*Austurhlið*, nýbýli í landi Hlíðar í Skaftártungu, Vestur-Skaftafellssýslu.  
*Austurey II*, nýbýli í landi Austureyjar í Laugardalshreppi, Árnessýslu.  
*Tjarnargerði*, nýbýli í landi Ytra-Tjarnarlands í Öngulsstaðahreppi, Eyjafj.s.  
*Lækjamót*, nýbýli í landnámi ríkisins í Ljósavatnshreppi, S.-Þing.  
*Hjarðarból*, nýbýli í landi Garðs í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.  
*Ás*, nýbýli í landi Saura í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.  
*Skaftárdalur II*, nýbýli í landi Skaftárdals í Kirkjubæjarhreppi, V.-Skaft.  
*Birtingaholt II*, nýbýli í landi Birtingaholts í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.  
*Birtingaholt III*, nýbýli í landi Birtingaholts í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.  
*Hólabær*, nýbýli í landi Gunnsteinsstaða í Bólstaðarhlíðahreppi, A.-Hún.  
*Efrifitjar*, nýtt nafn á býlinu Neðrifitjar I í Þorkelshólshreppi, V.-Hún.  
*Eyrartún*, nýbýli í landi Bala í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.  
*Miðfell IV*, nýbýli í landi Miðfells í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

### Árið 1956:

*Skeggjastaðir II*, nýbýli í landi Skeggjastaða í Jökuldalshreppi, N.-Múlasýslu.  
*Hofteigur II*, nýbýli í landi Hofteigs í Jökuldalshreppi, N.-Múlasýslu.  
*Unhóll II*, nýbýli í landi Unhóls í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.  
*Hraunteigur*, nýbýli í landi Botna í Leiðvallarhreppi, V.-Skaftafellssýslu.  
*Laxárdalur II*, nýbýli í landi Laxárdals í Bæjarhreppi, Strandasýslu.  
*Seljavellir*, nýbýli í landi Árnaness í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.  
*Bjóla III*, nýbýli í landi Bjólu í Djúpárhreppi, Árnessýslu.  
*Hrisar II*, nýbýli í landi Hrisa í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.  
*Selholt*, nýbýli í landi Seljabrekku í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.  
*Veðramót I*, nýbýli í landi Gunnarsstaða í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.  
*Veðramót II*, nýbýli í landi Gunnarsstaða í Skeggjastaðahreppi, N.-Múl.  
*Hölná*, nýbýli í landi Gunnarsstaða í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.  
*Stangarás*, nýbýli í landi Ketilsstaða í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.  
*Dalir I*, nýbýli í landi kirkjujarðarinnar Dala í Fáskrúðsfjarðahreppi, S.-Múl.  
*Dalir II*, nýbýli í landi kirkjujarðarinnar Dala í Fáskrúðsfjarðahreppi, S.-Múl.  
*Dalir III*, nýbýli í landi kirkjujarðarinnar Dala í Fáskrúðsfjarðahreppi, S.-Múl.  
*Bjarg*, nýbýli í landi Öngulsstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.  
*Höskuldsstaðir*, nýbýli í landi Jódísarstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðars.  
*Garður*, nýbýli í landi Jódísarstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.  
*Laufás*, nýbýli í landnámi ríkisins í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.  
*Lækjarvellir*, nýbýli í landi Stóruvalla í Bárðdælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.  
*Sólbyrgi*, nýbýli í landi Kleppjárnreykja í Reykholtshreppi, Borgarfj.s.  
*Stafholtsey II*, nýbýli í landi samnefndrar jarðar í Andakilshreppi, Borgarfj.s.  
*Hvammur II*, nýbýli í landi Hvamms í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.  
*Lækjarbakki*, nýbýli í landi Loftsstaða eystri í Gaulverjabæjarhreppi, Árn.  
*Korná*, nýbýli í landi Sölvanness í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.  
*Stekkarholt*, nýbýli í landi Sveinsstaða, Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.  
*Ferstikla II*, nýbýli í landi Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd í Borgarfjarðarsýslu.  
*Skipholt III*, nýbýli í landi Skipholts II í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.  
*Garðhús*, nýbýli í landi Geldingaholts í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.  
*Hlégarður*, nýbýli í landi Ketilsstaða og Ártúns í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.  
*Viðidalstunga II*, nýbýli í landi Viðidalstungu í Þorkelshólshreppi, V.-Hún.  
*Hlíðargarður*, nýbýli í landi Fögruhlíðar í Jökulsárhlíð í Norður-Múlasýslu.  
*Fellsendi*, nýbýli í landi Stóru-Fellsaxlar í Skilmannahreppi í Borgarfjarðars.  
*Ósland*, nýbýli í landi Flögu í Svalbarðshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

22  
11. febr.

*Vik*, nýbýli í landi Hlaðhamra í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.  
*Setberg II*, nýbýli í landi Setbergs í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.  
*Bjarnarfell*, nýbýli í landi Austurhlíðar í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.  
*Nónbjarg*, nýbýli í landi Geirastaða í Skútustaðahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.  
*Kvístás*, nýbýli í landi Laufáss í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.  
*Árbakki*, nýbýli í landi Gilsbakka í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu.  
*Steinstaðir II*, nýbýli í landi eyðibýlisins Steinastaða II og hluta úr Efstalandskoti í Öxnadalshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1957.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Sigurður J. Briem.*

23  
14. febr.

## AUGLÝSING

### um fyrirmynd að samþykktum fyrir héraðssamlög.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið fallið á fyrirmynd að samþykktum fyrir héraðssamlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur látið gera, og er prentuð sem fylgiskjal.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Fylgiskjal.

HÉRAÐSSAMLÖG

Samþykkt fyrir Héraðssamlag .....sýslu.

1. gr.

Samlagið heitir Héraðssamlag .....sýslu.

Starfssvæði þess er .....sýsla.

Heimili þess og varnarþing er í .....

2. gr.

Öll sjúkrasamlög innan .....sýslu eru þátt-takendur í héraðssamlaginu.

3. gr.

Stjórn héraðssamlagsins skal skipuð þrem mönnum. Oddviti sýslunefndar er formaður stjórnarinnar, en sýslunefnd kýs tvo menn og tvo til vara.

Kjörtímabil hinna kjörnu stjórnarmanna er 4 ár, og skulu þeir kosnir að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Sýslunefnd ákveður þóknun stjórnarmanna, og greiðist hún úr héraðssamlags-sjóði.

## 4. gr.

23

Stjórninni ber skylda til að sjá um að héraðssamlagið starfi í samræmi við lög og reglugerðir og samþykkt þessa.

14. febr.

Héraðssamlagið lýtur yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

## 5. gr.

Stjórnin heldur fundi, þegar þörf krefur. Skal formaður ætíð boða fund ef meiri hluti stjórnarmanna æskir þess.

Nú forfallast aðalmaður í stjórn héraðssamlagsins og skal þá kveðja varamann til. Formaður stjórnar fundum. Haldin skal gerðabók og í hana skráðar ályktanir stjórnarinnar.

Við atkvæðagreiðslur ræður atkvæðamagn, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Verði ágreiningur innan stjórnarinnar, getur hver stjórnarmaður skotið honum til Tryggingastofnunar ríkisins.

Sama rétt hefur hvert sjúkrasamlag, sem þátttakandi er í héraðssamlaginu, svo og hver samlagsmaður þess, er ágreiningurinn varðar.

## 6. gr.

Fé héraðssamlagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði.

## 7. gr.

Reikningsár héraðssamlagsins er almanaksárið. Ársreikningar þess skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sýslusjóðsreikninga.

## 8. gr.

Framlag ríkissjóðs og lífeyrisdeildar til sjúkrasamlaganna á héraðssamlagssvæðinu greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlagsins.

Það greiðir hverju sjúkrasamlagi sinn hluta framlaganna að frádregnum sjúkradagpeningum, stjórnarkostnaði og því fé, sem ákveðið kann að hafa verið til jöfnunar. Kostnaður héraðssamlagsins skiptist á milli sjúkrasamlaganna í hlutfalli við framlag ríkissjóðs til þeirra.

## 9. gr.

Formaður héraðssamlagsstjórnar greiðir samlagsmönnum í sjúkrasamlögum innan sýslunnar sjúkradagpeninga samkvæmt úrskurðum sjúkrasamlagsstjórna endurskoðuðum af héraðssamlagsstjórn eða stjórnarformanni í umboði hennar. Fjárhæðir þessar greiðir formaður af fé Tryggingastofnunar ríkisins, sem hann hefur undir höndum, en fær þær síðan endurgreiddar af framlögum ríkissjóðs og lífeyrisdeildar Tryggingastofnunarinnar til hlutaðeigandi sjúkrasamlaga.

Héraðssamlagsstjórn getur ákveðið, að í úrskurði samlagsstjórnar skuli aðeins tilgreint tímabil það, er sjúkradagpeningagreiðsla miðast við, og ákveður hún þá fjárhæðir þær, sem greiða skal.

## 10. gr.

Hafi ráðherra samkvæmt tillögum Tryggingastofnunar ríkisins ákveðið með reglugerð að fengnu samþykki héraðssamlagsstjórnar, að jafna skuli sjúkrakostnaði sjúkrasamlaga innan sýslunnar, skal héraðssamlagsstjórnin annast jöfnun þessa.

Að jöfnun lokinni skal héraðssamlagsstjórnin greiða sjúkrasamlögunum það, sem þeim ber að fá af jöfnunarfé, sbr. 4. mgr. 49. gr. almannatryggingalaganna.

23

11. gr.

14. febr.

Sjúkrasamlagsstjórnir skulu senda héraðssamlagsstjórn endurskoðaða reikninga sjúkrasamlaganna fyrir marzlok ár hvert, nema stjórn héraðssamlagsins ákveði að reikningum skuli fyrir skilað. Reikningana skal héraðssamlagsstjórnin yfirlíta og endurskoða eftir því, sem hún telur þörf á.

Ef héraðssamlagsstjórnin telur reikning samlags eigi réttan eða ranglega færðan, getur hún sett samlagsstjórn ákveðinn frest til að koma honum í rétt horf. Fáist eigi slík leiðrétting eða ef reikningurinn auðsýnilega er í meginatriðum rangur, getur héraðssamlagsstjórn ráðið sérstakan reikningsfróðan mann til þess, á kostnað sjúkrasamlagsins, að endurskoða reikninginn og gera hann að nýju, ef með þarf.

Þegar héraðssamlagsstjórn hefur yfirfarið og athugað reikninga samlaganna, skal hún gera ársskýrslu um rekstur þeirra og efnahag í því formi, sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður. Ársskýrslu þessa ásamt reikningum sjúkrasamlaganna skal senda Tryggingastofnun ríkisins fyrir lok maímánaðar.

12. gr.

Þegar sjúkrasamlagsstjórnir skjóta einstökum málum til úrskurðar Tryggingastofnunar ríkisins og hún óskar umsagnar héraðssamlagsstjórnar um þau mál, er héraðssamlagsstjórn skyldug að láta þá umsögn í té.

13. gr.

Héraðssamlagsstjórn skal skylt að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál almennt í umdæminu.

14. gr.

Hafi öll sjúkrasamlög innan sýslunnar sameinast í eitt sjúkrasamlag, sbr. 3. mgr. 44. gr. almannatryggingalaganna, hættir héraðssamlagið störfum og skiptast þá sjóðseignir þess milli þátttakenda í hlutfalli við fjölda samlagsmanna.

24

## AUGLÝSING

14. febr.

um fyrirmynd að samþykktum fyrir sjúkrasamlög í kaupstöðum.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið fallizt á fyrirmynd að samþykktum fyrir sjúkrasamlög í kaupstöðum, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur látið gera, og prentað er sem fylgiskjal.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## Samþykkt fyrir Sjúkrasamlag .....

## I. KAFLI

## Nafn, tilgangur, samlagssvæði.

## 1. gr.

Sjúkrasamlag ..... er stofnað í þeim tilgangi að tryggja samlagsmönnum sjúkrahjálp og bætur á fjárhagstjóni, er veikindi valda. Starfar það samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 24 29. marz 1956, og þeim breytingum, sem löggjöf þessi tekur.

Starfssvæði samlagsins er ..... Heimili þess og varnarþing er í .....

## II. KAFLI

## Stjórn, ávöxtun fjár o. fl.

## 2. gr.

Stjórn sjúkrasamlagsins skal skipuð ..... mönnum.

Ráðherra skipar formann samlagsins og varaformann eftir tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar ..... menn og jafnmarga til vara. Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna er 4 ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, og greiðist hún úr samlagssjóði.

## 3. gr.

Stjórninni ber skylda til að sjá um, að samlagið starfi í samræmi við lög og reglugerðir og samþykkt þessa. Samlagið lýtur yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

## 4. gr.

Stjórnin heldur fundi, þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Skal formaður jafnan boða fundi, ef meiri hluti samlagsstjórnar æskir þess.

Nú forfallast aðalmaður í stjórn samlagsins og getur ekki sótt fund, og skal þá kalla varamann til að sitja stjórnarfund í hans stað.

Formaður samlagsins stjórnar fundum. Samlagsstjórn kýs sér fundarritara, og heldur hann gerðabók samlagsstjórnar, sem lesin skal upp í fundarlok og undirrituð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

Í gerðabók skal skrá ályktanir stjórnarinnar og greinargerð fyrir þeim. Öll erindi til stjórnar samlagsins frá samlagsmönnum skulu vera skrifleg.

Við atkvæðagreiðslur ræður atkvæðamagn, en séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið. Ef atkvæði eru jöfn, getur þó stjórnarmaður lagt málið undir úrskurð Tryggingastofnunar ríkisins. Ef ágreiningur verður í samlagsstjórninni, getur formaður samlagsins eða ..... stjórnarmanna skotið honum til úrskurðar Tryggingastofnunar ríkisins, enda séu slík málskot tilkynnt strax á sama fundi, og frestar þá framkvæmd hins umdeilda atriðis, þar til sá úrskurður hefur verið felldur.

Samlagsmaður, sem ekki vill una úrskurði samlagsstjórnar, í máli er hann varðar, getur skotið honum til Tryggingastofnunar ríkisins.



24

14. febr.

Stjórn samlagsins ræður því starfsmenn, eftir því sem þörf krefur. Leita skal samþykkis Tryggingastofnunar ríkisins um starfsmannafjölda, starfssvið þeirra og launakjör.

Samlagsstjórn skal setja starfsmönnum ákveðnar reglur að fara eftir í daglegum rekstri samlagsins og vera á verði um, að gætt sé hins ýtrasta sparnaðar, sem samrýmanlegur er því markmiði samlagsins að veita samlagsmönnum sem bezta og fullkonnasta sjúkrahjálp.

6. gr.

Fé samlagsins skal ávaxta í öruggum banka, sparisjóði eða verðbréfum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð. Aldrei skal þó, án samþykkis Tryggingastofnunar ríkisins, festa meira fé en svo, að handbært sé sem svarar 6 mánaða tekjum samlagsins.

Vilji samlagið kaupa önnur verðbréf eða fasteign, skal það leita samþykkis Tryggingastofnunar ríkisins til þess. Aldrei skal geymt meira fé í skrifstofu samlagsins en þörf krefur til daglegra gjalda.

7. gr.

Reikningsár samlagsins er almanaksárið. Ársreikningar skulu lagðir fram og sendir Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en í marzlok. Skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða tveimur endurskoðendum, sem Tryggingastofnun ríkisins viðurkennir.

### III. KAFLI

#### Hinir tryggðu.

8. gr.

Sérhver maður, karl eða kona, 16 ára eða eldri, sem á heimilisfang á samlagssvæðinu, er skyldur að tryggja sig í samlaginu (sjá þó 20. gr.). Undanþegninir tryggingarskyldunni eru þó þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78 frá 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, taka til, á meðan þeir dveljast í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframfærslunnar.

9. gr.

Réttar til bóta þeirra, er samlagið veitir, nýtur sérhver tryggingarskyldur maður, sem greiðir iðgjöld sín skilvíslega, sbr. ákvæði 19. greinar.

Þeir, sem flytjast inn á samlagssvæðið, öðlast þó því aðeins réttindi um leið og þeir verða þar tryggingarskyldir, að þeir hafi, er þeir fluttust, verið tryggðir í öðru samlagi innan almannatrygginganna, eða í landi, sem samið hefur verið við um flutning milli samlaga. Bótaréttur slíkra manna hjá samlaginu hefst, þegar uppfyllt eru skilyrði þau, sem sett eru í reglum Tryggingastofnunarinnar um flutning milli samlaga eða í milliríkjasamningi.

Aðrir þeir, sem flytjast inn á samlagssvæðið, öðlast réttindi sex mánuðum eftir að þeir hefja iðgjaldagreiðslur (sbr. þó niðurlagsákvæði 20. gr.). Þó geta þeir lokið biðtímanum á þrem mánuðum, ef þeir áskilja sér það í upphafi, enda greiði þeir fullt biðtímagjald.

Þeir, sem útskrifast af sjúkrahúsi eða hæli, þar sem þeir hafa verið á vegum ríkisframfærslunnar, öðlast réttindi án biðtíma.

10. gr.

Börn, stjúpbörn og fósturbörn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Séu foreldrar samvistum, njóta börnin fullra

réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, 14. febr. sem foreldraráðin hefur. (Um óvígða sambúð sjá 15. gr.)

#### IV. KAFLI

##### Réttindi samlagsmanna.

##### A. Sjúkrahjálpin.

##### 11. gr.

Samlagið veitir samlagsmönnum þá hjálp í veikindum, sem hér segir:

##### 1. Sjúkrahúsvist.

Samlagið greiðir að fullu vist í viðurkenndu sjúkrahúsi, eins lengi og þörf krefur, svo og læknishjálp, lyf og aðra þjónustu, sem þar er veitt.

Samlaginu er þó því aðeins skylt að greiða þennan kostnað að fullu, að það hafi samning eða ná samningi um greiðsluna við hlutaðeigandi aðila, eða heilbrigðismálaráðuneytið hafi ákveðið gjaldið, sbr. 3. mgr. 54. gr. almanna-tryggingalaganna. Annars greiðir samlagið hluta kostnaðarins eftir reglum, sem Tryggingastofnunin setur.

Samlagið greiðir sjúkrahúsvist vegna ellikramar og alvarlegra langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuþla taka til, aðeins fyrstu 5 vikurnar, sem hlutaðeigandi dvelst í sjúkrahúsi eða hæli vegna þess sjúkdóms.

##### 2. Læknishjálp.

a. Almenna læknishjálp greiðir samlagið að fullu hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma læknis, svo og hjá öðrum lækni, ef um slys eða bráða sjúkdóma er að ræða og ekki næst í hlutaðeigandi heimilislækni.

Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, ef sjúklingurinn er ferðafær og hægt að koma því við.

Samlagsmenn greiða þó heimilislækni kr. 5.00 fyrir hvert viðtal á lækningsstofu og kr. 10.00 fyrir hverja vitjun. Upphæðir þessar eru miðaðar við 173 stiga vísitölu. Breytist greiðsluvísitala kaups um 10%, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.

b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun samlagslæknis hjá sérfræðingum greiðir samlagið að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Heimilt er og að greiða aðra nauðsynlega læknishjálp hjá sérfræðingum að ..... að ráði samlagslæknis.

Í samráði við Tryggingastofnunina getur samlagsstjórn sett reglur, sem takmarka rétt samlagslækna til að vísa sjúklingum til sérfræðinga á kostnað samlagsins.

Samlagsmaður, er óskar læknishjálpar, skal sýna samlagslækni bók sína eða skírteini til sönnunar því, að hann hafi rétt til læknishjálpar á kostnað samlagsins. Geti hann það ekki, er lækni heimilt að krefja sjúklinginn um greiðslu fyrir verk sitt, eins og hann væri ekki í samlaginu, nema um slys eða bráðan sjúkdóm sé að ræða, en þá skal sjúklingurinn sýna skírteini sitt svo fljótt sem við verður komið.

Eigi er samlagsmönnum heimilt á kostnað samlagsins að leita nema til eins læknis í senn með sama sjúkdóm. Þetta gildir þó ekki, þegar samlagslæknir vísar sjúklingi til sérfræðings, sjá hér að framan.

**24** 3. *Lyf og umbúðir.*

14. febr.

Samlagið greiðir lyf eftir lyfseðli eða reikningi, undirrituðum af lækni, svo sem hér segir: Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, greiðir samlagið að fullu. Önnur nauðsynleg lyf greiðir það að  $\frac{3}{4}$  eða  $\frac{1}{2}$ . Tryggingastofnun ríkisins lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem hér um ræðir, og skal skráin staðfest af heilbrigðisstjórninni.

Samlagsmenn skulu sýna samlagsbók sína í lyfjabúðum, þegar lyf eru afgreidd, og má því aðeins afgreiða lyfið á kostnað samlagsins, að samlagsmaður njóti réttinda.

*Samlagið greiðir að  $\frac{1}{2}$  umbúðir, svo sem gips og sáraumbúðir, ef um meiri háttar slys eða aðgerðir er að ræða.*

4. *Röntgenskoðanir og geislalækningar.*

Sjúkrasamlagið greiðir röntgenmyndir og röntgenskoðun að  $\frac{1}{2}$ , samkvæmt gjaldskrá heilbrigðisstjórnarinnar.

*Röntgen- og radiumlækningar greiðir samlagið að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Aðrar lækningar með geislavirkum efnum er samlagsstjórn heimilt að greiða samkvæmt sérstakri samþykkt hverju sinni.*

5. *Fæðingarhjálp.*

Samlagið greiðir nauðsynlega dvöl í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun í sambandi við barnsburð eða meðgöngu, þó eigi fyrir þann dag er fæðing á sér stað né næstu 8 daga.

6. *Önnur sjúkrahjálp.*

a. *Hjúkrun í heimahúsum.*

*Samlagið greiðir fyrir hjúkrun í heimahúsum, ef samlagslæknir telur, að með því megi komast hjá sjúkrahúsvist, sem ella væri nauðsynleg, enda annist þá sjúklinginn hjúkrunarkona, sem samlagslæknir og samlagsstjórn taka gilda. Aldrei greiðir þó samlagið meira fyrir slíka hjúkrun en sem svarar ..... þess, sem jafnlöng sjúkrahúsvist hefði kostað samlagið.*

b. *Nudd- og rafmagnslækningar.*

*Samlagið greiðir nudd- og rafmagnslækningar sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirsögn læknis, að ....., þó ekki yfir 300 kr. á hverju almanaksári fyrir hvern sjúkling.*

c. *Ferðakostnaður.*

*Samlagið greiðir ..... flutningskostnaðar samlagsmanna til sjúkrahúss, ef sjúkrabifreið eða sjúkraflugvél þarf til flutningsins að dómi samlagslæknis, og allt að ..... ferðakostnaðar samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem eru ekki ferðafærir sökum sjúkdóms síns, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi sjúklingi eða húsbónda hans hefur verið ókleift að ná í lækni með hjálp síns eigin fólks eða flutningatækja.*

*Heimilt er þó samlagsstjórn að ákveða þátttöku í slíkum kostnaði allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum, þegar um óvenjuleg útgjöld er að ræða og Tryggingastofnunin tekst á hendur að greiða hluta kostnaðarins, sbr. 82. gr. almannatryggingalaganna.*

7. *Sjúkradagpeningar.*

Samlagið veitir sjúkradagpeninga þeim samlagsmanni, 16 ára eða eldri, sem verður óvinnufær vegna veikinda, ef hann verður fyrir tekjumissi, svo sem segir í þriðju málsgrein, og nýtur ekki elli- eða örorkulífeyris, slysadagpeninga né atvinnuleysisbóta.

Sjúkradagpeningar nema kr. .... á dag fyrir einhleypan mann **24**  
 eða konu, kr. .... á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu (sbr. þó **14. febr.**  
 7. mgr. hér á eftir, a-lið) og kr. .... fyrir hvert barn allt að þremur,  
 sem er á framfæri hins sjúka og tryggt með honum, sbr. 10. gr. samþykktanna,  
 allt að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu þeirri, sem kaup er reiknað  
 eftir á hverjum tíma.

Til þess að full upphæð dagpeninga verði greidd, má hinn sjúki ekki hafa  
 á veikindatímanum tekjur, sem nema meiru en þriðjungu dagpeningaupphæðar,  
 enda lækka dagpeningar um þá upphæð tekna, sem er umfram þetta mark, og  
 aldrei greiðast hærri dagpeningar en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum þess, sem hinn  
 sjúki hefur misst vegna veikindanna. — Ef ósannað er, að þessi skilyrði séu  
 fyrir hendi, má fresta úrskurði þar til skattaframlag ársins liggur fyrir, ef líkur  
 eru til, að í því megi fá leiðbeiningar um þetta efni.

Launþegar og einyrkjar njóta dagpeninga frá og með 11. degi, ef þeir eru  
 óvinnufærir í 14 daga, sjá þó um fasta starfsmenn ákvæði 86. gr. laga um  
 almannatryggingar, en atvinnurekendur — þ. e. þeir, sem greiða skulu slysa-  
 tryggingariðgjöld af meiru en 52 vikum — frá og með sjöttu sjúkraviku. Bið-  
 tíminn reiknast frá þeim degi, er veikindin valda óvinnuhæfni, ef lækni hefur  
 þá verið vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús. *Heimilt er þó samlags-  
 stjórn að ákveða, að biðtími samlagsmanns hefjist áður en lækni er vitjað,  
 þar sem sérstökum erfiðleikum er bundið að ná til læknis.*

Sjúkradagpeningar eru greiddir í allt að 26 vikur á hverjum 12 mánuðum.  
 Heimilt er þó samlagsstjórn, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að ákveða, að  
 dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst  
 er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Dagpeningar falla niður þann dag, er samlagsmaður verður vinnufær, þó  
 að hann hefji ekki vinnu eða vanræki að segja frá bata sínum.

Dagpeningar eru ekki greiddir:

- a. Giftri konu, ef maður hennar getur séð henni farborða Sama gildir um  
 kvæntan mann, ef konan er tekjuaflandi. Þegar samt ber að greiða dag-  
 peninga og hlutaðeigandi hefur ekki unnið utan heimilis, lækka dagpen-  
 ingar í fjárhæð einstaklingslífeyris samkv. 13. gr. almannatryggingalaga.
- b. Vegna næmra sjúkdóma, svo sem mislinga, skarlatssóttar, influenzu o. fl.,  
 þegar þeir ganga sem farsóttir, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju  
 sinni.
- c. Ef sjúkdómurinn stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja, eða öðrum or-  
 sökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, heint eða óbeint með vitaverðu  
 hirðuleysi eða gáleysi, eða með því að vanrækja að fara að ráðum læknis.

Nú dvelst hinn sjúki í sjúkrahúsi eða hæli, þar sem samlagið eða ríkis-  
 framfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, og (falla þá niður  
 dagpeningar, ef hann er einhleypur) *lækka dagpeningar hans um 80%, ef hann  
 er einhleypur.* Dagpeningar kvænts manns lækka þá um 60%, en dagpeningar  
 giftrar konu falla niður. Aldrei lækka þó dagpeningar vegna barna.

Um dagpeninga skal sækja skriflega til samlagsstjórnar eigi síðar en 3  
 mánuðum eftir að réttur til dagpeninga hófst, og skal fylgja læknisvottorð í því  
 formi, sem Tryggingastofnunin ákveður, svo og vottorð vinnuveitanda, þegar  
 launþegi á í hlut, um niðurfall tekna. Berist umsókn og vottorð síðar, greiðir  
 samlagið þó dagpeninga, ef málsatvik eru ljós, en þó aldrei meira en 3 mánuði  
 aftur í tímann.

Samlagið hefur rétt til að láta hvenær sem er rannsaka heilsufar þess, sem  
 sótt hefur um eða nýtur dagpeninga, með læknisskoðun eða á annan hátt og

24  
14. febr.

er hinn tryggði skyldur til að mæta til slíkrar rannsóknar innanhéraðs, ef hann er ferðafær. Vanræki hann þetta, missir hann rétt til dagpeninga, meðan svo stendur.

### B. Önnur ákvæði varðandi réttindin.

#### 12. gr.

Samlagið greiðir ekki, nema að svo miklu leyti sem það fellur undir samninga við sjúkrahús eða aðra aðila:

1. Gervitennur, gleraugu, gervilimi né sjúkra- og hjúkrunaráhöld.
2. Lækniseftirlit né svæfingu vegna eðlilegrar fæðingar.
3. Læknisvottorð önnur en þau, sem eru samningsbundin við samlagslækni.
4. Flöskur, glös og önnur lyfjailát.
5. Áfenga drykki, gosdrykki, lyfjafæðu né sérlyf þau eða annað, sem eigi ber að greiða samkvæmt lyfjaskrá Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 11. gr., 3. tölul.
6. Deyfilyf, sem notuð eru sem nautnalýf.
7. Sjúkragæzlu, hvorki í heimahúsum né sjúkrahúsum, nema að svo miklu leyti sem fram er tekið í 11. gr.

#### 13. gr.

Sjúkrasamlagið greiðir ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

#### 14. gr.

Samlagsstjórn er heimilt að gerast aðili að samningum, sem Tryggingastofnun ríkisins gerir við lækna eða aðra aðila, sem sjúkrahjálpar veita. Geri samlagsstjórn sjálf samninga við slíka aðila, eru þeir háðir staðfestingu Tryggingastofnunar ríkisins.

Náist ekki samkomulag við lækna og fáist eigi úrskurður gerðardóms um samningskjör, sbr. 54. gr. laga um almannatryggingar, fellur niður greiðsla samlagsins fyrir læknishjálpar eftir reglum 2. tölul. 11. gr. samþykktar þessarar, og skal þá upphæð iðgjalda ákveðin á ný. Þó skal samlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að verja því fé, sem samlaginu sparast, til aukinnar greiðslu sjúkradagpeninga, eða til hinna tryggðu upp í kostnað við læknishjálpar.

#### 15. gr.

Þegar karl og kona búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 60. gr. laga um almannatryggingar, fer um réttindi þeirra og barna, sem þau hafa á framfæri sínu, eins og um hjón og börn þeirra væri að ræða.

#### 16. gr.

Ef í ljós kemur, að kostnaður við sjúkdóma einhvers samlagsmanns er orðinn grunsamlega mikill, skal samlagsstjórn tilkynna það samlagslækni og fela honum að taka málið til rannsóknar og senda stjórn sjúkrasamlagsins skýrslu þar um.

Geri samlagsmaður sér upp sjúkdóm, eða leitist við að blekkja lækna eða samlagsstjórn, skal hann sæta viðurlögum 67. gr. almannatryggingalaganna.

#### 17. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar, sem ekki fellur undir ákvæði 11. gr. 2. b., utan læknishéraðs, og er samlagsstjórn þá heimilt að greiða kostnað af þeirri læknishjálpar, þó eigi hærri upphæð en greidd hefði verið samlagslækni.

## 18. gr.

Ef tryggður maður, sem er á ferðalagi eða dvelst utan umdæmis sjúkrasamlags síns, veikist eða verður fyrir slysi og nýtur þar sjúkrahjálpar, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en hefði hann verið á samlagssvæðinu. Þer samlagsmanni að sjá um, að reikningar fyrir slíka sjúkrahjálpar séu vandlega sundurliðaðir og skýrt tekið fram, um hvaða sjúkrahjálpar er að ræða.

Þennan rétt eiga þó ekki þeir, sem samkvæmt milliríkjasamningi öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi, vegna dvalar þar, að því er varðar þá hjálpar, sem samningarnir fjalla um.

## V. KAFLI

## Iðgjöldin.

## 19. gr.

Allir, sem tryggingarskyldir eru á samlagssvæðinu, skulu greiða iðgjald til samlagsins. Samlagsstjórn gerir tillögur um fjárhæð iðgjalds til Tryggingastofnunar ríkisins, sem ákveður hana, og tekur iðgjaldaákvörðun gildi, þegar ráðherra hefur staðfest hana. Iðgjaldabreytingar skulu að jafnaði ákveðnar fyrir fram, en geta þó gilt frá byrjun þess greiðslutímabils, sem yfir stendur.

Iðgjöldin skulu greidd .....lega fyrir fram, og er gjalddagi 1. dagur hvers ..... Gjaldkeri skal kvitta fyrir iðgjaldið í iðgjaldabók, er afhent skal hverjum samlagsmanni, er réttindi hans hefjast, en háður er samlagsmaður breytingum, sem löglega eru ákveðnar fyrir iðgjaldatímabil, sem hann kann að hafa greitt.

## 20. gr.

Námsmenn og aðrir, sem dveljast langdvölum erlendis, en halda heimilisfangi hér á landi, eru undanþegnir iðgjaldagreiðslu, ef þeir sanna að þeir séu sjúkratryggðir í dvalarlandinu, enda njóta þeir ekki réttinda hjá samlaginu á meðan.

Samlagsstjórn er heimilt að veita þeim réttindi án biðtíma, er þeir koma aftur á samlagssvæðið, enda hafi þeir óslitið verið sjúkratryggðir.

Þeir samlagsmenn, sem sleppa heimilisfangi hér á landi, geta tryggt sér réttindi án biðtíma í samlaginu er þeir koma aftur með því að greiða árlega fyrir fram til samlagsins, meðan þeir eru ytra, gjald sem svarar þriggja mánaða iðgjaldi.

## 21. gr.

Greiði samlagsmaður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn ..... mánað ..... frestur til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, falla réttindi hans niður. Þegar vanskil nema meiru en 6 mánuðum, öðlast samlagsmaður ekki réttindi aftur fyrr en að liðnum biðtíma, sbr. 9. gr., frá því að hann hefur greiðslur að nýju, en á þó ekki rétt til eftirgjafar á iðgjaldaskuld. Þegar iðgjaldaskuld innheimtist að fullu, er samlagsstjórn þó heimilt að ákveða, að biðtími styttist í 6 vikur og varði aðeins rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga.

## 22. gr.

Auk þess sem samlagsmenn eiga að greiða iðgjöld sín, hver fyrir sig, eru menn skyldir til að leggja fram iðgjöld fyrir aðra, eins og hér segir:

- Hjón bera ábyrgð á hvort annars iðgjöldum.
- Foreldrar og fósturforeldrar skulu inna af hendi iðgjöld barna sinna og fósturbarna, sem á þeirra vegum eru eða þau kosta til náms.
- Meistarar í iðnaði og stofnanir, er hafa iðnnema í þjónustu sinni, skulu greiða iðgjöld iðnnema sinna.

- 24 d. Útgerðarmenn skulu greiða iðgjöld lögskráðra sjómanna.  
 14. febr. c. Atvinnurekendur inna af hendi iðgjöld fastra starfsmanna sinna.  
 f. Tryggingastofnun ríkisins greiðir iðgjöld þeirra, sem njóta elli- eða örorkulífeyris.  
 g. Viðurkenndir lífeyrissjóðir, sbr. 85. gr. almannatryggingalaga, skulu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld örorkulífeyrisþega sinna og ellilífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára, enda færi þeir sönnur á, að tekjur þeirra séu ekki svo háar, að valda muni missi lífeyris samkv. 22. gr. laga um almannatryggingar.  
 h. Bæjarsjóður greiðir iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri, og annarra þeirra, sem sveitarstjórn ákveður að greiða fyrir samkvæmt 76. gr. almannatryggingalaga.

## 23. gr.

Samlagið getur krafizt þess, að launagreiðandi haldi eftir af kaupi launþega iðgjöldum þeirra og maka þeirra, sem gjaldfallin eru, þegar kaup er greitt, og greiði þau til samlagsins. — Vanræki launagreiðandi þetta, má krefja hann sjálfan um hið vangreidda, svo sem væri það iðgjaldsskuld hans sjálfs.

Gjaldfallin iðgjöld má innheimta með lögtaki hjá samlagsmanni eða þeim, sem ber ábyrgð á greiðslunni, sbr. 22. grein og fyrri málsgrein þessarar greinar.

## 24. gr.

Samlagsmenn skulu tilkynna bústaðaskipti innan sjö daga frá því að þau urðu. Fjölgi eða fækki börnum á heimili samlagsmanns, skal hann tafarlaust tilkynna það til samlagsins.

Sömuleiðis skulu þeir, er bera ábyrgð á iðgjöldum annarra, tilkynna samlaginu fjölgun þeirra eða fækkun.

Deyi samlagsmaður, ber aðstandendum hans að tilkynna það samlaginu þegar í stað.

## VI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 25. gr.

Nú verður samlagsmaður fyrir slysi og á vegna þess rétt til slysabóta, og greiðir samlagið þá sjúkrahjálp, samkv. 11. gr., aðra en dagpeninga, en á rétt til endurgreiðslu frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunarinnar.

Ef samlagsmaður á að öðru leyti bótakröfu á hendur manni eða stofnun, vegna tjóns, er hann eða hún ber ábyrgð á, getur samlagið endurkrafizt hinn ábyrga um þær bætur, sem það hefur innt af hendi vegna tjónsins.

## 26. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlagsins nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum þess, og skal þá stjórn þess snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til að rétta við hag samlagsins.

Jafnframt skal stjórnin gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða, að dregið sé úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 52. gr. laga um almannatryggingar (sbr. þó 14. gr. samþykktarinnar).

## 27. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum allt að kr. 10 000.00, til Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 89. gr. almannatryggingalaganna. Með mál út af slíkum brotum skal fara að hætti opinberra mála.

## AUGLÝSING

25

14. febr.

um fyrirmynd að samþykktum fyrir sjúkrasamlög í sveitum og kaupþúnum.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið fallizt á fyrirmynd að samþykktum fyrir sjúkrasamlög í sveitum og kaupþúnum, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur látið gera og er prentuð sem fylgiskjal.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Fylgiskjal.

SVEITIR OG KAUPÞÚN

Samþykkt fyrir Sjúkrasamlag .....

### I. KAFLI

Nafn, tilgangur, samlagssvæði.

1. gr.

Sjúkrasamlag ..... er stofnað í þeim tilgangi að tryggja samlagsmönnum sjúkrahjálp og bætur á fjárhagstjóni, er veikindi valda. Starfar það samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 24 29. marz 1956 og þeim breytingum, sem löggjöf þessi tekur.

Starfssvæði samlagsins er ..... Heimili þess og varnarþing er í .....

Samlagið er í héraðssamlagi .....

### II. KAFLI

Stjórn, ávöxtun fjár o. fl.

2. gr.

Stjórn sjúkrasamlagsins skal skipuð ..... mönnum.

Ráðherra skipar formann samlagsins og varaformann eftir tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar ..... menn og jafnmarga til vara. Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna er 4 ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, og greiðist hún úr samlagssjóði.

3. gr.

Stjórninni ber skylda til að sjá um, að samlagið starfi í samræmi við lög og reglugerðir og samþykkt þessa. Samlagið starfar undir eftirliti héraðssamlagsstjórnar og lýtur yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi, þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Skal formaður jafnan boða fundi, ef meiri hluti samlagsstjórnar æskir þess.



25 Nú forfallast aðalmaður í stjórn samlagsins og getur ekki sótt fund, og skal þá  
14. febr. kalla varamann til að sitja stjórnarfund í hans stað.

Formaður samlagsins stjórnar fundum. Samlagsstjórn kýs sér fundarritara, og heldur hann gerðabók samlagsstjórnar, sem lesin skal upp í fundarlok og undirskrifuð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

Í gerðabók skal skrá ályktanir stjórnarinnar og greinargerð fyrir þeim. Öll erindi til stjórnar samlagsins frá samlagsmönnum skulu vera skrifleg.

Við atkvæðagreiðslur ræður atkvæðamagn, en séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið. Ef atkvæði eru jöfn, getur þó stjórnarmaður lagt málið undir úrskurð Tryggingastofnunar ríkisins. Ef ágreiningur verður í samlagsstjórninni, getur formaður samlagsins eða ..... stjórnarmanna skotið honum til úrskurðar Tryggingastofnunar ríkisins, enda séu slík málskot tilkynnt strax á sama fundi, og frestast þá framkvæmd hins umdeilda atriðis, þar til sá úrskurður hefur verið felldur.

Samlagsmaður, sem ekki vill una úrskurði samlagsstjórnar, í máli er hann varðar, getur skotið honum til Tryggingastofnunar ríkisins.

Málskot, samkvæmt þessari grein, skulu að jafnaði send formanni héraðssamlagsstjórnar, sem afgreiðir málið til Tryggingastofnunarinnar, ásamt umsögn héraðssamlagsins.

#### 5. gr.

Stjórn samlagsins ræður því starfsmenn, eftir því sem þörf krefur. Leita skal samþykkis Tryggingastofnunar ríkisins um starfsmannafjölda, starfssvið þeirra og launakjör.

Samlagsstjórn skal setja starfsmönnum ákveðnar reglur að fara eftir í daglegum rekstri samlagsins og vera á verði um, að gætt sé hins ýtrasta sparnaðar, sem samrýmanlegur er því markmiði samlagsins að veita samlagsmönnum sem bezta og fullkomnasta sjúkrahjálp.

#### 6. gr.

Fé samlagsins skal ávaxta í öruggum banka, sparisjóði eða verðbréfum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð. Aldrei skal þó, án samþykkis Tryggingastofnunar ríkisins, festa meira fé en svo, að handbært sé sem svarar 6 mánaða tekjum samlagsins.

Vilji samlagið kaupa önnur verðbréf eða fasteign, skal það leita samþykkis Tryggingastofnunar ríkisins til þess. Aldrei skal geymt meira fé í skrifstofu samlagsins en þörf krefur til daglegra gjalda.

#### 7. gr.

Reikningsár samlagsins er almanaksárið. Ársreikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga og sendir stjórn héraðssamlagsins eigi síðar en í marzlok. Stjórn héraðssamlags getur þó ákveðið, að reikningar skuli sendir fyrr.

### III. KAFLI

#### Hinir tryggðu.

#### 8. gr.

Sérhver maður, karl eða kona, 16 ára eða eldri, sem á heimilisfang á samlagssvæðinu, er skyldur að tryggja sig í samlaginu (sjá þó 20. gr.). Undanþegnir tryggingarskyldunni eru þó þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78 frá 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla taka til, á meðan þeir dveljast í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframfærslunnar.

## 9. gr.

25

Réttar til bóta þeirra, er samlagið veitir, nýtur sérhver tryggingarskyldur maður, sem greiðir iðgjöld sín skilvíslega, sbr. ákvæði 19. greinar. 14. febr.

Þeir, sem flytjast inn á samlagssvæðið, öðlast þó því aðeins réttindi um leið og þeir verða þar tryggingarskyldir, að þeir hafi, er þeir fluttust, verið tryggðir í öðru samlagi innan almennatrygginganna, eða í landi, sem samið hefur verið við um flutning milli samlaga. Bótaréttur slíkra manna hjá samlaginu hefst, þegar uppfyllt eru skilyrði þau, sem sett eru í reglum Tryggingastofnunarinnar um flutning milli samlaga eða í milliríkjasamningi.

Aðrir þeir, sem flytjast inn á samlagssvæðið, öðlast réttindi sex mánuðum eftir að þeir hefja iðgjaldagreiðslur (sbr. þó niðurlagsákvæði 20. gr.). Þó geta þeir lokið biðtímanum á þrem mánuðum, ef þeir áskilja sér það í upphafi, enda greiði þeir fullt biðtímagjald.

Þeir, sem útskrifast af sjúkrahúsi eða hæli, þar sem þeir hafa verið á vegum ríkisframfærslunnar, öðlast réttindi án biðtíma.

## 10. gr.

Börn, stjúpbörn og fósturbörn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Séu foreldrar samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum. Séu foreldrar ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur. (Um óvígða sambúð sjá 15. gr.)

## IV. KAFLI

## Réttindi samlagsmanna.

## A. Sjúkrahjálpin.

## 11. gr.

Samlagið veitir samlagsmönnum þá hjálp í veikindum, sem hér segir:

## 1. Sjúkrahúsvist.

Samlagið greiðir að fullu vist í viðurkenndu sjúkrahúsi, eins lengi og þörf krefur, svo og læknishjálp, lyf og aðra þjónustu, sem þar er veitt.

Samlagið er þó því aðeins skylt að greiða þennan kostnað að fullu, að það hafi samning við hlutaðeigandi aðila, eða heilbrigðismálaráðuneytið hafi ákveðið gjaldið sbr. 3. mgr. 54. gr. almennatryggingalaganna. Annars greiðir samlagið hluta kostnaðar eftir reglum, sem Tryggingastofnunin setur.

Samlagið greiðir sjúkravist vegna ellikramar og alvarlegra langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla taka til, aðeins fyrstu 5 vikurnar, sem hlutaðeigandi dvelst í sjúkrahúsi eða hæli vegna þess sjúkdóms.

## 2. Læknishjálp.

a. Almenna læknishjálp greiðir samlagið að fullu hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma lækni, svo og hjá öðrum lækni, ef um slys eða bráða sjúkdóma er að ræða og ekki næst í hlutaðeigandi heimilislækni.

Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu lækni, ef sjúklingurinn er ferðafær og hægt að koma því við.

b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun samlagslækni hjá sérfræðingum greiðir samlagið að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Heimilt er og að greiða aðra nauðsynlega læknishjálpi hjá sérfræðingum að ..... að ráði samlagslækni.

25

14. febr.

Í samráði við Tryggingastofnunina getur samlagsstjórn sett reglur, sem takmarka rétt samlagslækna til að vísa sjúklingum til sérfræðinga á kostnað samlagsins.

Samlagsmaður, er óskar læknishjálpar, skal sýna samlagslækni bók sína eða skirteini til sönnunar því, að hann hafi rétt til læknishjálpar á kostnað samlagsins. Geti hann það ekki, er lækni heimilt að krefja sjúklinginn um greiðslu fyrir verk sitt, eins og hann væri ekki í samlaginu, nema um slys eða bráðan sjúkdóm sé að ræða, en þá skal sjúklingurinn sýna skirteini sitt svo fljótt sem við verður komið.

Eigi er samlagsmönnum heimilt á kostnað samlagsins að leita nema til eins læknis í senn með sama sjúkdóm. Þetta gildir þó ekki þegar samlagslæknir vísar sjúklingi til sérfræðings, sjá hér að framan.

### 3. Lyf og umbúðir.

Samlagið greiðir lyf eftir lyfseðli eða reikningi, undirrituðum af lækni, svo sem hér segir: Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, greiðir samlagið að fullu. Önnur nauðsynleg lyf greiðir það að  $\frac{3}{4}$  eða  $\frac{1}{2}$ . Tryggingastofnun ríkisins lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem hér um ræðir, og skal skráin staðfest af heilbrigðisstjórninni.

Samlagsmenn skulu sýna samlagsbók sína í lyfjabúðum, þegar lyf eru afgreidd, og má því aðeins afgreiða lyfið á kostnað samlagsins, að samlagsmaður njóti réttinda.

*Samlagið greiðir að  $\frac{1}{2}$  umbúðir, svo sem gips og sáraumbúðir, ef um meiri háttar slys eða aðgerðir er að ræða.*

### 4. Röntgenskoðanir og geislalækningar.

Sjúkrasamlagið greiðir röntgenmyndir og röntgenskoðun að  $\frac{1}{2}$ , samkvæmt gjaldskrá heilbrigðisstjórnarinnar.

*Röntgen- og radiumlækningar greiðir samlagið að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Aðrar lækningar með geislavirkum efnum er samlagsstjórn heimilt að greiða samkv. sérstakri samþykkt hverju sinni.*

### 5. Fæðingarhjálp.

Samlagið greiðir nauðsynlega dvöl í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun í sambandi við barnsburð eða meðgöngu, þó eigi fyrir þann dag, er fæðing á sér stað né næstu 8 daga.

### 6. Önnur sjúkrahjálp.

#### a. Hjúkrun í heimahúsum.

*Samlagið greiðir fyrir hjúkrun í heimahúsum, ef samlagslæknir telur, að með því megi komast hjá sjúkrahúsvist, sem ella væri nauðsynleg, enda annist þá sjúklinginn hjúkrunarkona, sem samlagslæknir og samlagsstjórn taka gilda. Aldrei greiðir þó samlagið meira fyrir slíka hjúkrun en sem svarar . . . . . þess, sem jafnlöng sjúkrahúsvist hefði kostað samlagið.*

#### b. Nudd- og rafmagnslækningar.

*Samlagið greiðir nudd- og rafmagnslækningar, sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirögn læknis, að . . . . ., þó ekki yfir 300 kr. á hverju almanaksári fyrir hvern sjúkling.*

#### c. Ferðakostnaður.

*Samlagið greiðir . . . . . flutningskostnaðar samlagsmanna til sjúkrahúss, ef sjúkrabifreið eða sjúkraftugvél þarf til flutningsins að dómi samlagslæknis, og allt að . . . . . ferðakostnaðar samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem eru ekki ferðafærir sökum sjúkdóms síns,*

*að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi sjúklingi eða húsbónda hans hefur verið ókleift að ná í lækni með hjálp síns eigin fólks eða flutningatækja.* 25 14. febr.

*Heimilt er þó samlagsstjórn að ákveða þátttöku í slíkum kostnaði allt að ¼ hlutum, þegar um óvenjuleg útgjöld er að ræða og Tryggingastofnunin tekst á hendur að greiða hluta kostnaðarins, sbr. 82. gr. almannatryggingalaganna.*

### 7. Sjúkradagpeningar.

Samlagið veitir sjúkradagpeninga þeim samlagsmanni, 16 ára eða eldri, sem verður óvinnufær vegna veikinda, ef hann verður fyrir tekjumissi, svo sem segir í þriðju málsgrein, og nýtur ekki elli- eða örorkulífeyris, slysdagpeninga né atvinnuleysisbóta.

Sjúkradagpeningar nema kr. .... á dag fyrir einhleypan mann eða konu, kr. .... á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu (sbr. þó 7. mgr. hér á eftir a. lið) og kr. .... fyrir hvert barn allt að þremur, sem er á framfæri hins sjúka og tryggt með honum, sbr. 10. gr. samþykktanna, allt að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu þeirri, sem kaup er reiknað eftir á hverjum tíma.

Til þess að full upphæð dagpeninga verði greidd, má hinn sjúki ekki hafa á veikindatímanum tekjur, sem nema meiru en þriðjungi dagpeningaupphæðar, enda lækka dagpeningar um þá upphæð tekna, sem er umfram þetta mark, og aldrei greiðast hærrí dagpeningar en sem nemur ¼ hlutum þess, sem hinn sjúki hefur misst vegna veikindanna. — Ef ósannað er, að þessi skilyrði séu fyrir hendi, má fresta úrskurði þar til skattaframtal ársins liggur fyrir, ef líkur eru til, að í því megi fá leiðbeiningar um þetta efni.

Launþegar og einyrkjar njóta dagpeninga frá og með 11. degi, ef þeir eru óvinnufærir í 14 daga, sjá þó um fasta starfsmenn ákvæði 86. gr. laga um almannatryggingar, en atvinnurekendur — þ. e. þeir sem greiða skulu slysatryggingariðgjöld af meiru en 52 vikum — frá og með sjöttu sjúkravíku. Biðtíminn reiknast frá þeim degi, er veikindin valda óvinnuhæfni, ef lækni hefur þá verið vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús. *Heimilt er þó samlagsstjórn að ákveða, að biðtími samlagsmanns hefjist áður en lækni er vitjað, þar sem sérstökum erfiðleikum er bundið að ná til læknis.*

Sjúkradagpeningar eru greiddir í allt að 26 vikur á hverjum 12 mánuðum. Heimilt er þó samlagsstjórn, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Dagpeningar falla niður þann dag, er samlagsmaður verður vinnufær, þó að hann hefji ekki vinnu eða vanræki að segja frá bata sínum.

Dagpeningar eru ekki greiddir:

- Giftri konu, ef maður hennar getur séð henni farborða. Sama gildir um kvæntan mann, ef konan er tekjuaflandi. Þegar samt ber að greiða dagpeninga og hlutaðeigandi hefur ekki unnið utan heimilis, lækka dagpeningar í fjárhæð einstaklingslífeyris samkv. 13. gr. almannatryggingalaga.
- Vegna næmra sjúkdóma, svo sem mislinga, skarlatssóttar, influenzu o. fl., þegar þeir ganga sem farsóttir, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni.
- Ef sjúkdómurinn stafar af áfengisneyzlu, notkun deyfilyfja, eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint með vitaverðu hirðuleysi eða gáleysi, eða með því að vanrækja að fara að ráðum læknis.

Nú dvelst hinn sjúki í sjúkrahúsi eða hæli, þar sem samlagið eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, og (falla þá niður

25  
14. febr.

dagpeningar, ef hann er einhleypur) lækka dagpeningar hans um 80%, ef hann er einhleypur. Dagpeningar kvænts manns lækka þá um 60%, en dagpeningar giftrar konu falla niður. Aldrei lækka þó dagpeningar vegna barna.

Um dagpeninga skal sækja skriflega til samlagsstjórnar eigi síðar en 3 mánuðum eftir að réttur til dagpeninga hófst, og skal fylgja læknisvottorð í því formi, sem Tryggingastofnunin ákveður, svo og vottorð vinnuveitanda, þegar launþegi á í hlut, um niðurfall tekna. Berist umsókn og vottorð síðar, greiðir samlagið þó dagpeninga, ef málsatvik eru ljós, en þó aldrei meira en 3 mánuði aftur í tímann.

Samlagsstjórn úrskurðar umsóknina og sendir hana, ásamt fylgiskjöllum til héraðssamlagsstjórnar, sem endurskoðar úrskurðinn og greiðir úrskurðaða dagpeninga fyrir hönd samlagsins.

Samlagið hefur rétt til að láta hvenær sem er rannsaka heilsufar þess, sem sótt hefur um eða nýtur dagpeninga, með lækniSSkoðun eða á annan hátt og er hinn tryggði skyldur til að mæta til slíkrar rannsóknar innanhéraðs, ef hann er ferðafær. Vanræki hann þetta, missir hann rétt til dagpeninga, meðan svo stendur.

### B. Önnur ákvæði varðandi réttindin.

#### 12. gr.

Samlagið greiðir ekki, nema að svo miklu leyti sem það fellur undir samninga við sjúkrahús eða aðra aðila:

1. Gervitennur, gleraugu, gervilimi né sjúkra- og hjúkrunaráhöld.
2. Lækniseftirlit né svæfingu vegna eðlilegrar fæðingar.
3. Læknisvottorð önnur en þau, sem eru samningsbundin við samlagslækni.
4. Flöskur, glös og önnur lyfjailát.
5. Áfenga drykki, gosdrykki, lyfjafæðu né sérlyf þau eða annað, sem eigi ber að greiða samkvæmt lyfjaskrá Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 11. gr., 3. tl.
6. Deyfilyf, sem notuð eru sem nautnalýf.
7. Sjúkragæzlu, hvorki í heimahúsum né sjúkrahúsum, nema að svo miklu leyti sem fram er tekið í 11. gr.

#### 13. gr.

Sjúkrasamlagið greiðir ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

#### 14. gr.

Samlagsstjórn er heimilt að gerast aðili að samningum, sem Tryggingastofnun ríkisins gerir við lækna eða aðra aðila, sem sjúkrahjálp veita. Geri samlagsstjórn sjálf samninga við slíka aðila, eru þeir háðir staðfestingu Tryggingastofnunar ríkisins.

Náist ekki samkomulag við lækna og fáist eigi úrskurður gerðardóms um samningskjör, sbr. 54. gr. laga um almannatryggingar, fellur niður greiðsla samlagsins fyrir læknishjálp eftir reglum 2. tl. 11. gr. samþykktar þessarar og skal þá upphæð iðgjalda ákveðin á ný. Þó skal samlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að verja því fé, sem samlaginu sparast, til aukinnar greiðslu sjúkradagpeninga, eða til hinna tryggðu upp í kostnað við læknishjálp.

#### 15. gr.

Þegar karl og kona búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 60. gr. laga um almannatryggingar, fer um réttindi þeirra og barna, sem þau hafa á framfæri sínu, eins og um hjón og börn þeirra væri að ræða.

## 16. gr.

25

Ef í ljós kemur, að kostnaður við sjúkdóma einhvers samlagsmanns er orðinn grunsamlega mikill, skal samlagsstjórn tilkynna það samlagslækni og fela honum að taka málið til rannsókna og senda stjórn sjúkrasamlagsins skýrslu þar um.

Gerir samlagsmaður sér upp sjúkdóm, eða leitist við að blekkja lækna eða samlagsstjórn, skal hann sæta viðurlögum 67. gr. almannatryggingalaganna.

## 17. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar, sem ekki fellur undir ákvæði 11. gr. 2. b., utan læknishéraðs, og er samlagsstjórn þá heimilt að greiða kostnað af þeirri læknishjálpi, þó eigi hærri upphæð en greidd hefði verið samlagslækni.

## 18. gr.

Ef tryggður maður, sem er á ferðalagi eða dvelst utan umdæmis sjúkrasamlagsins, veikist eða verður fyrir slysi og nýtur þar sjúkrahjálpar, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en hefði hann verið á samlagssvæðinu. Ber samlagsmanni að sjá um, að reikningar fyrir slíka sjúkrahjálpi séu vandlega sundurliðaðir og skýrt tekið fram, um hvaða sjúkrahjálpi er að ræða.

Pennan rétt eiga þó ekki þeir, sem samkvæmt milliríkjasamningi öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi, vegna dvalar þar, að því er varðar þá hjálpi, sem samningarnir fjalla um.

## V. KAFLI

## Iðgjöldin.

## 19. gr.

Allir, sem tryggingaskyldir eru á samlagssvæðinu, skulu greiða iðgjöld til samlagsins. Samlagsstjórn gerir tillögur um fjárhæð iðgjalds til Tryggingastofnunar ríkisins, sem ákveður hana, og tekur iðgjaldaákvörðunin gildi, þegar ráðherra hefur staðfest hana. Iðgjaldabreytingar skulu að jafnaði ákveðnar fyrir fram, en geta þó gilt frá byrjun þess greiðslutímabils, sem yfir stendur.

Iðgjöldin skulu greidd .....lega fyrir fram, og er gjalddagi 1. dagur hvers ..... Gjaldkeri skal kvitta fyrir iðgjaldið í iðgjaldabók, er afhent skal hverjum samlagsmanni, er réttindi hans hefjast, en háður er samlagsmaður breytingum, sem löglega eru ákveðnar fyrir iðgjaldatímabil, sem hann kann að hafa greitt.

## 20. gr.

Námsmenn og aðrir, sem dveljast langdvölum erlendis, en halda heimilisfangi hér á landi, eru undanþegnir iðgjaldagreiðslu, ef þeir sanna, að þeir séu sjúkra tryggðir í dvalarlandinu, enda njóta þeir ekki réttinda hjá samlaginu á meðan.

Samlagsstjórn er heimilt að veita þeim réttindi án biðtíma, er þeir koma aftur á samlagssvæðið, enda hafi þeir óslitið verið sjúkratryggðir.

Þeir samlagsmenn, sem sleppa heimilisfangi hér á landi, geta tryggt sér réttindi án biðtíma í samlaginu, er þeir koma aftur, með því að greiða árlega fyrir fram til samlagsins, meðan þeir eru ytra, gjald sem svarar þriggja mánaða iðgjaldi.

## 21. gr.

Greiði samlagsmaður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn ..... mánað.... frestur til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, falla réttindi hans niður. Þegar vanskil nema meiru en 6 mánuðum, öðlast samlagsmaður ekki réttindi aftur fyrr en að liðnum biðtíma,

14. febr.

- 25 sbr. 9. gr., frá því að hann hefur greiðslur að nýju, en á þó ekki rétt til eftirgjafar  
14. febr. á iðgjaldaskuld. Þegar iðgjaldaskuld innheimtist að fullu, er samlagsstjórn þó heimilt að ákveða, að biðtími styttest í 6 vikur og varði aðeins rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga.

## 22. gr.

Auk þess sem samlagsmenn eiga að greiða iðgjöld sín, hver fyrir sig, eru menn skyldir til að leggja fram iðgjöld fyrir aðra, eins og hér segir:

- a. Hjón bera ábyrgð á hvort annars iðgjöldum.
- b. Foreldrar og fósturforeldrar skulu inna af hendi iðgjöld barna sinna og fósturbarna, sem á þeirra vegum eru eða þau kosta til náms.
- c. Meistarar í iðnaði og stofnanir, er hafa iðnnema í þjónustu sinni, skulu greiða iðgjöld iðnnema sinna.
- d. Útgerðarmenn skulu greiða iðgjöld lögskráðra sjómanna.
- e. Atvinnurekendur inna af hendi iðgjöld fastra starfsmanna sinna.
- f. Tryggingastofnun ríkisins greiðir iðgjöld þeirra, sem njóta elli- eða örorkulífeyris.
- g. Viðurkenndir lífeyrissjóðir, sbr. 85. gr. almannatryggingalaga, skulu greiða sjúkrasamlagsiðgjöld örorkulífeyrisþega sinna og ellilífeyrisþega, sem orðnir eru 67 ára, enda færi þeir sönnur á, að tekjur þeirra séu ekki svo háar, að valda muni missi lífeyris samkv. 22. gr. laga um almannatryggingar.
- h. Sveitarsjóður greiðir iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri, og annarra þeirra, sem sveitarstjórn ákveður að greiða fyrir samkvæmt 76. gr. almannatryggingalaga.

## 23. gr.

Samlagið getur krafizt þess, að launagreiðandi haldi eftir af kaupum launþega iðgjöldum þeirra og maka þeirra, sem gjaldfallin eru, þegar kaup er greitt, og greiði þau til samlagsins. — Vanræki launagreiðandi þetta, má krefja hann sjálfan um hið vangreidda, svo sem væri það iðgjaldsskuld hans sjálfs.

Gjaldfallin iðgjöld má innheimta með lögtaki hjá samlagsmanni eða þeim, sem ber ábyrgð á greiðslunni, sbr. 22. grein og fyrri málsgrein þessarar greinar.

## 24. gr.

Samlagsmenn skulu tilkynna bústaðaskipti innan sjö daga frá því að þau urðu. Fjölgi eða fækki börnum á heimili samlagsmanns, skal hann tafarlaust tilkynna það til samlagsins.

Sömuleiðis skulu þeir, er bera ábyrgð á iðgjöldum annarra, tilkynna samlaginu fjölgun þeirra eða fækkun.

Deyi samlagsmaður, ber aðstandendum hans að tilkynna það samlaginu þegar í stað.

## VI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 25. gr.

Nú verður samlagsmaður fyrir slysi og á vegna þess rétt til slysabóta, og greiðir samlagið þá sjúkrahjálp, samkv. 11. grein, aðra en dagpeninga, en á rétt til endurgreiðslu frá slysatryggingardeild Tryggingastofnunarinnar.

Ef samlagsmaður á að öðru leyti bótakröfu á hendur manni eða stofnun, vegna tjóns, er hann eða hún ber ábyrgð á, getur samlagið endurkrafizt hinn ábyrga um þær bætur, sem það hefur innt af hendi vegna tjónsins.

## 26. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlagsins nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum þess, og skal þá stjórn þess snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til að rétta við hag samlagsins.

Jafnframt skal stjórnin gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða, að dregið sé úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 52. gr. laga um almannatryggingar (sbr. þó 14. gr. samþykktarinnar).

## 27. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum allt að kr. 10 000.00, til Tryggingastofnunar ríkisins sbr. 89. gr. almannatryggingalaga. Með mál út af slíkum brotum skal fara að hætti opinberra mála.

25

14. febr.

## REIKNINGUR

26

## Spítalásjóðsins Vinamíning á Eyrarbakka árið 1956.

## Tekjur:

Í sjóði frá fyrra ári .....	kr. 33538.98
Gjafir á árinu .....	— 100.00
Vextir af sparissjóðsinnstæðu .....	— 1621.73
Vextir af bankavaxtabréfi .....	— 25.00

Kr. 35285.71

## Gjöld:

Sjóður í árslok, á sparissjóði og í bankavaxtabréfi .....	kr. 35285.71
---	--------------

Kr. 35285.71

Eyrarbakka, 31. desember 1956.

Bragi Ólafsson. Magnús Guðjónsson. Aðalheiður Bjarnadóttir.

## REIKNINGUR

27

## yfir tekjur og gjöld Lánasjóðs stúdentna árið 1956 og efnahag 31. des. 1956.

## Gjöld:

a. Vextir af lánum hjá tryggingarféli .....	kr. 21125.00
b. Fjölrítun eyðublaða .....	— 584.50
c. Greitt fyrir störf háskólaritara .....	— 2000.00
d. Greitt fyrir störf Erlu Elíasdóttur .....	— 2000.00
e. Umsjón og reikningshald .....	— 6537.50

kr. 32247.00

Tekjuafgangur .....	— 672559.26
---------------------	-------------

Kr. 704806.26



27

## Tekjur:

a. Framlag ríkissjóðs á árinu .....	kr. 700000.00
b. Vextir af innstæðu á hlr. 6476 .....	— 1637.71
c. Vextir af námslánum .....	— 3168.55
	<hr/>
	Kr. 704806.26

## Eignir:

a. Skuldabréf fyrir námslánum .....	kr. 2061000.00
Ný lán afgreidd á árinu .....	— 720500.00
	<hr/>
	Kr. 2781500.00
÷ afborganir á árinu .....	— 31050.00
	<hr/>
	kr. 2750450.00
b. Inneign á hlr. nr. 6476 .....	kr. 39585.20
÷ umboðslaun Landsbankans færð í dag .....	— 6537.50
	<hr/>
	— 33047.70
	<hr/>
	Kr. 2783497.70

## Skuldir:

a. Lán hjá tryggingarfélagi .....	kr. 325000.00
b. Eignir umfram skuldir:	
Eign í ársbyrjun .....	kr. 1785938.44
Tekjuafgangur .....	— 672559.26
	<hr/>
	— 2458497.70
	<hr/>
	Kr. 2783497.70

Reykjavík, 14. febr. 1957.

Landsbanki Íslands — Verðbréfadeild.

Árni Sigurjónsson.

Guðmundur Ásmundsson,  
formaður sjóðstjórnar.

28

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 59610.61
2. Vextir .....	— 3113.68
	<hr/>
	Kr. 62724.29

## Gjöld:

1. Styrkur veittur .....	kr. 1000.00
2. Eign í árslok:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 61724.29
	<hr/>
	Kr. 62724.29

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.

Ásmundur Guðmundsson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1957.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1957*, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1957, nr. 1.

*Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar*, undirskrifuð af forsetanum 10. febrúar 1957, nr. 2.

*Lög um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða*, undirskrifuð af forsetanum 11. febrúar 1957, nr. 3.

*Lög um embættisbústaði héraðsdýralækna*, undirskrifuð af forsetanum 15. febrúar 1957, nr. 4.

*Auglýsing um aðild Íslands að Alþjóðahveitisamningnum*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. janúar 1957, nr. 5.

*Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 21. janúar 1957, nr. 6.

*Auglýsing um samning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamлага og um sjúkrahjálþ vegna dvalar um stundarsakir*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 21. janúar 1957, nr. 7.

*Lög um breyting á lögum nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof*, undirskrifuð af forsetanum 16. febrúar 1957, nr. 8.

*Fjárlög fyrir árið 1957*, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1957, nr. 9.

*Lög um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum*, undirskrifuð af forsetanum 18. febrúar 1957, nr. 10.

*Auglýsing um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. febrúar 1957, nr. 11.

*Lög um breyting á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing*, undirskrifuð af forsetanum 25. febrúar 1957, nr. 12.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokks-eyrarhreppi*, undirskrifuð af forsetanum 4. marz 1957, nr. 13.

*Lög um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1957, nr. 14.

*Lög um lækkun tekjuskatts af lágtekjum*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Spánar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. marz 1957, nr. 16.

## AUGLÝSING

### um breyting á lyfsöluskrá II.

29

28. febr.

Frá og með 1. marz 1957 hækkar verð sérlyfja samkvæmt lyfsöluskrá, sem gilt hefur frá 1. júní 1956 (sbr. auglýsingu nr. 80 14. maí 1956) um 5% frá greindu verði.

*Heilbrigðismálaráðuneytið 28. febrúar 1956.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

B 9

## REGLUGERÐ

### um hámarkstölu vörubifreiða í Keflavík.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Keflavíkur getur, að fengnum tillögum Vörubilstjórafélags Keflavíkur og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða í Keflavík, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

#### 2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, samkv. 1. gr., skal Vörubilstjórafélagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi stéttinni á s. l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökuumsóknir hafi borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir.

Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórninni í té rökstuddar tillögur um hámarkstölu vörubifreiða í Keflavík á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegs- manna og vinnuveitenda um málið.

#### 3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en starfandi tala vörubifreiða hjá Vörubílastöð Keflavíkur 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. gildir eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðilja, sem um getur í 2. gr. og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

#### 4. gr.

Stjórn vörubilstjórafélagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða, né til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Vörubílastöð Keflavíkur.

Ef ágreiningur ris um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið, samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26 16. febrúar 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, sbr. lög nr. 25 7. maí 1955, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1957.*

Eysteinn Jónsson.

*Brynj. Ingólfsson.*

## SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Vogakauptúns.

31

28. febr.

### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Vogakauptúns. Heimili þess og varnarþing er í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá kauptúninu fyrir vatni.

### 3. gr.

Skylt er öllum þeim, sem eiga hús í Vogakauptúni, þ. e. á því svæði, sem frumvarp til skipulagsuppdráttar nær yfir, að vera meðlimir Vatnsveitufélags Vogakauptúns, nema til komi ákvæði 23. gr. 2. tölulíðs vatnalaga nr. 15 20. júní 1923, og skal hver núverandi húseigandi greiða, um leið og hann gerist félagsmaður, óafturkræft stofngjald til félagsins sem fylgifé húseignarinnar, að upphæð að minnsta kosti kr. 500.00, enda telst hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en sú greiðsla hefur verið af hendi innt. Vilji einhver húseigandi leggja fram hærra stofngjald, skal hann tilgreina upphæð þess um leið og hann gerist félagsmaður.

Vatnslögn í fjós, þvottahús, sem áföst eru við íbúðarhús, og aðra smáskúra, sem í þarf vatn og eingöngu eru til heimilisnotkunar, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús, en af innlögn í öll hús, er heyra undir sjálfstæðan rekstur, skal greiða stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsg. er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma.

### 4. gr.

Rétt er að taka nýja meðlimi í félagið, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda sé slíks máls getið í fundarboði. Hinn nýi félagsmaður skal greiða að sínum hluta, frá því er hann gekk í félagið, öll gjöld sem á félaginu hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar, nema öðru vísi semji. Sjálfur skal hann á sama hátt og stofnendur kosta allar þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

### 5. gr.

Kostnaði við upphaflega lagningu aðalleiðslu vatnsveitunnar skal jafnað niður á allar fasteignir félagsmanna á félagssvæðinu, og skal hann greiddur með stofngjöldum félagsmanna samkv. 3. gr., að svo miklu leyti sem þau hrökkva til. Félagssjórn ákveður, hvað teljist aðalleiðsla.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverri innlögn eða íbúð. Skal félagssjórnin tiltaka upphæð skattsins þannig, að hann nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar við aðalleiðslu vatnsveitunnar, rekstrarkostnaðar vatnsveitunnar og viðhalds hennar.

Fái menn utan félagsins vatn frá vatnsveitunni, skal þeim reiknaður 25% hærri vatnsskattur en félagsmönnum.

Félagssjórnin ákveður upphæð vatnsskattsins fyrir eitt reikningsár félagsins — þ. e. almanaksár — í senn. Heimilt er stjórninni að leggja viðbótarskatt á félagsmenn, ef sýnt þykir, að áður ákvarðaður skattur nægi ekki til að standast útgjöld félagsins. Nemi viðbótarskatturinn meiru en 10% af áður álögðum vatnsskatti, þarf stjórnin þó samþykki lögmæts félagsfundar til aukaálagningarinnar.

**31** Geri tekjur félagsins betur en að hrökkva fyrir gjöldum þess, skulu 25% tekju-  
28. febr. afgangslögð sem fyrningargjald í varasjóð, en afganginum ráðstafað samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Sjóði félagsins skal ávaxta í sparisjóði eða banka eða með öðrum jafn tryggum hætti, þó þannig, að peningarnir geti orðið handbærir með 3 mánaða fyrirvara.

Gjöld samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 3. gr., ásamt áföllnum innheimtukostnaði, má taka lögtaki, og skulu þau njóta sama forgangsréttar í þrotabúum sem skattar eða gjöld til ríkisins.

Á hverri innlögn skal vera lokunarkrani, sem loka má og innsigla, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnustu skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á þeim umfram þau gjöld, sem þeim er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Til þess að skuldbinda félagsmenn vegna félagsins umfram það, sem nú var sagt, þarf samþykki  $\frac{3}{4}$  allra félagsmanna á lög-  
mætum félagsfundum.

Á hverju reikningsári má stjórn félagsins eigi skuldbinda það svo, að nemi meira en 25% af samanlögðum stofngjöldum félagsmanna, nema samþykki félagsfundar komi til.

#### 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda tiltaki þeir, hvert sé tilefni kröfunnar.

#### 7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til fundarins boðað. Hafi tvisvar verið boðaður félagsfundur vegna ónógrar fundarsóknar, skal síðari fundurinn talinn lögmætur — hver svo sem fundarsókn verður —, svo framarlega, sem fundurinn hefur verið löglega boðaður.

Fundur er löglega boðaður, sé fundarboð auglýst á opinberum stað í Vogakaup-  
túni a. m. k. 5 sólarhringum áður en fundurinn á að hefjast. Þó er fundur löglega boðaður, þótt fyrirvari sé skemmri, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið persónulega, en þá verður félagsstjórnin að geta sannað, að hún hefi náð til  $\frac{3}{4}$  félagsmanna að minnsta kosti.

#### 8. gr.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Félagsmaður getur ekki falið öðrum að fara með atkvæði sitt nema lögmæt forföll hamli, en þó skal honum heimilt að fela atkvæðið utanfélagsmanni. Sé félagsmaður forstöðumaður fyrirtækis eða opinberrar stofnunar eða sjóðs, getur hann ekki farið með umboð fyrirtækisins eða stofnunarinnar gagnvart vatnsveitufélaginu, heldur skal það umboð falið utanfélagsmanni, sem tilnefndur er sérstaklega í þessu skyni af stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar.

#### 9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu á opinberum stað í Vogakaup-  
túni með a. m. k. einnar viku fyrirvara.

Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar verið boðað til aðalfundar, vegna ónógrar fundarsóknar telst þriðji fundurinn lögmætur, hver svo sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn og 3 til vara og 2 endurskoðendur og 1 til vara, allir til eins árs í senn. 31 28. febr.

Liggi fyrir aðalfundi önnur mál en venjuleg aðalfundarstörf, skal þeirra getið í fundarboði.

#### 10. gr.

Færa skal gerðabók um aðalfundi félagsins og almenna félagsfundi. Skal fundarritari lesa fundargerðina í lok fundar og undirrita hana síðan samþykkt á samt formanni félagsstjórnar eða fundarstjóra.

#### 11. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Sinni stjórnarmaður sérstöku starfi fyrir félagið, t. d. erindisrekstri utan vatnsveitusvæðisins, skal hann þó, auk útlagðs kostnaðar, fá greidda samngjarna þóknun fyrir það starf.

Formaður stjórnarinnar kveður stjórnina saman til funda og boðar til félagsfunda og aðalfundar.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Í föllum aðalmanna taka varamenn sæti í stjórninni í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Stjórn félagsins skal halda gerðabók, er stjórnarmenn undirrita í lok hvers fundar.

#### 12. gr.

Stjórn félagsins ræður vatnsveitunni umsjónarmann. Skal hann annast reikningshald félagsins, innheimtu á gjöldum til þess og viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni.

Að launum fyrir starfa sinn skal umsjónarmaður hafa 6% af brúttótekjum félagsins.

#### 13. gr.

Segja má maður sig úr félaginu, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundi, eða ef svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af félagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi um hið síðarnefnda atriði skal skorið með mati, sem skjóta má til fullnaðarúrskurðar félagsmálaráðherra.

Ef maður segir sig úr félaginu, skal hann ábyrgjast öll þau gjöld, sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar til þess tíma, er hann fer úr félaginu.

#### 14. gr.

Félaginu skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á tveim lögmætum félagsfundum í röð, enda séu ályktuninni fylgjandi eigi færri en  $\frac{2}{3}$  allra félagsmanna.

Um skipti og meðferð á eignum félagsins fer eftir ákvæðum XI. kafla vatnalaga nr. 15 20. júní 1923 og fyrirmælum skiptalaganna, eftir því, sem við á. Verði eignir umfram skuldir, skal þeim skipt milli félagsmanna að rétttri tiltölu við þá fjárhæð, sem hver þeirra hefur samtals greitt til félagsins.

#### 15. gr.

Verði félaginu slitið, skal Vatnsleysustrandarhreppur eða Vogakauptún, verði það þá orðið sjálfstætt sveitarfélag, eiga rétt á að kaupa eignir félagsins fyrir matsverð, ef ekki nást samningar um verðið. Til matsins skal hvor aðili hafa 2 menn, en sýslumaður Gullbringusýslu oddamann.

31

16. gr.

28. febr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, enda hafi breytingar-tillagnanna verið getið í fundarboði og að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundar-manna séu samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. marz 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

32

28. febr.

## G J A L D S K R Á

### fyrir Vatnsveitufélag Vogakaupþúns.

1. gr.

Af öllum fasteignum félagsmanna á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum er fá vatn úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er nemi 6% af fasteigna-matsverði fasteigna félagsmanna á vatnsveitusvæðinu.

Af vatni í þvottahús og smáskúra, sem áföst eru við íbúðarhús eða notuð til heimilisþarfa, greiðist enginn vatnsskattur, en af vatnslögn í fjós greiðist kr. 40.00 fyrir hverja kú, sem í fjósinu er.

2. gr.

Vatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, verzlánir, báta og önnur atvinnu-fyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venju-lega ákveða með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi lög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu nemur, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20 júní 1923, til að öðlast gildi 1. marz 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

33

4. marz

um iðgjöld samkvæmt lögum nr. 24 1956 um almannatryggingar.

Árið 1957 skulu iðgjöld samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24 1956, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 27. gr. laga nr. 24 1956:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 952.00
Á 2. — .....	— 741.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 865.00
Á 2. — .....	— 673.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 649.00
Á 2. — .....	— 505.00

2. Félagsmenn sérsjóða samkv. 85. gr. laga nr. 24 1956, skulu árið 1957 greiða iðgjald sem hér segir:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 286.00
Á 2. — .....	— 222.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 260.00
Á 2. — .....	— 202.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 195.00
Á 2. — .....	— 152.00

3. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. laga nr. 24 1956, skulu árið 1957 vera þessi:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 9.68 á viku.
Á 2. — .....	— 7.53 — —

Reglugerð þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*



## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Haganeshreppi í Skagafjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Haganeshreppi, og aðgangur er seldur að, og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

##### I. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhuganenn taka þátt í.

##### II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Hljómleikar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki er taldar hér sérstaklega.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 10% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í II. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

#### 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Haganeshrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

#### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkv. 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

#### 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

## 8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskyldu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til hvers konar menningar og framfaramála í Haganeshreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

34

1. marz

## 9. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000 krónum. Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 1. marz 1957.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Jóhannes Elíasson.*

## REGLUGERÐ

35

8. marz

### fyrir vatnsveitu í Gerðahreppi.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Gerðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til bryggjunnar í Gerðum.

## 2. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla.

Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

## 3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

## 4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

35

8. marz

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitunefndar, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

5. gr.

6. gr.

Af öllum húsum í Gerðahreppi, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skattinn skal einnig greiða, af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, er þær eru vátryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

7. gr.

Af öllum húsum í Gerðahreppi, sem svo er ástatt um sem getur í 6. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald 4% af fasteignamati, þó ekki lægra en kr. 250.00. Þá skal greiða árlegan vatnsskatt 4% — fjóra af hundraði — af fasteignamatsverði. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 250.00. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

Fyrir vatnshana utanhúss, í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum skal greiða 50 kr. árlega.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, sem útheimtir vatnsnotkun, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, fiskhús, og fyrir vatn til hvers konar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun skal greiða eftir mati vatnsveitunefndar.

Fyrir vatn til skipa greiðist 10 krónur fyrir smálest, þó aldrei minna en 10 krónur í hvert sinn.

8. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá hreppsnefndin ákveðið, fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskatt þenna um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

9. gr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunefndar um vatnsskatt til annars en heimilisþarfa, og getur hann þá krafizt þess, að gerðardómur úrskurði ágreiningsatriðin.

10. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast oddviti reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir þau störf. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir yfirstandandi ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts hússins. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjaldldaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þingri refsing liggir við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Gerðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr 15. 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímann.

36

1. marz

### I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar (nú allar stöðvar utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar), sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

#### A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri .....	kr. 1200.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi .....	— 650.00
3. — aukabjöllu (venjulega) .....	— 240.00
4. — tengil .....	— 240.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

#### B. Árlegt afnotagjald.

I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri .....	kr. 1000.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi .....	— 460.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi .....	— 800.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður.)	
4. — vanalega aukabjöllu í sama húsi (þó hærra gjald á rökum stöðum) .....	— 60.00
5. — tengil með rafvökum .....	— 100.00

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B. stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannaþóknunar, eða, þar sem hagkvæmara þykir, greiði notendur aukaafnotagjald 10% fyrir tímann 8:30—23:00 og 5% fyrir tímann 8:30—20:00.

36

1. marz

II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.	Stöðin opin		Allan sólarhringinn
	kl. 8—21	8—24	
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri .....	1000.00	1100.00	1200.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi .....	500.00	560.00	600.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi .....	800.00	820.00	840.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður.)			
4. — aukabjöllu og tengla eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum. (Sjá B. I, 4.—5. lið.)			

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B I og B II, gilda því aðeins, að aukaáhöldin séu hjá réttthafa símans.

Sé hins vegar um 2 eða fleiri sjálfstæða aðila að ræða með síma á sömu línu, greiði hver þeirra venjulegt afnotagjald (sbr. lið B I, 1 eða B II, 1 þessa kafla) að frádregnum 15%, ef þeir eru í sama húsi, en annars að frádregnum 10%.

Á 2. og 3. flokks stöðvum, þar sem símanotendafjöldinn er undir undir 10, fær-ist símaafnotagjaldið niður í kr. 640.00 á ári fyrir 1 línu með 1 talfæri.

Ofanefnd gjöld í 1.—3 lið undir B I og B II hækka um 50% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá þeim mönnum, sem að áliti símstjóra nota símann mikið. Þessi hækkan fellur niður, ef fleiri sjálfstæðir aðilar eru um sömu línu.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð, svo og annan símaþúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

### C. Gjald fyrir flutning á talsímataækjum.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri með línu ..... kr. 600.00  
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
  - a. Milli herbergja ..... — 240.00
  - b. Í sama herbergi ..... — 120.00

Ofanefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni án breytinga, greiðist sama gjald og fyrir flutning.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

**E. Tengigjald.**

Fyrir hvert talsímaáhald á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma stöð, greiðist tengigjald kr. 360.00 á ári í kaupþúnum og kr. 240.00 í sveitum, þar sem fleiri en einn eru á sömu línu.

36

1. marz

**F. Leigutími og uppsögn.**

- Engin talsímatæki eru leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs, eftir að símasambandið er fullgert.
- Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

**II. KAFLI**

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar (nú í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri).

**A. Stofngjald.**

1. Fyrir 1 línu með talfæri .....	kr. 1800.00
2. — 1 aukatalfæri í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli) .....	— 550.00
3. — 1 aukatalfæri í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli) .....	— 640.00
4. — 1 aukatalfæri í sama húsi með bjöllusnara (hægt að tala á milli) .....	— 720.00
5. — 1 aukatalfæri í sama húsi með sérstaklega útbúnum sínum .	— 900.00
6. — aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum) .....	— 240.00
7. — tengil .....	— 240.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi, — jafnaði helmingur, — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá er þá gildir.

**B. Afnotagjald.**

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næstíðasta ársfjórðung á undan.

- Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtalfjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:
  - Fyrir heimilissíma kr. 300.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 45 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.
  - Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 480.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 45 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.

36

1. marz

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem símtjóri ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka sínum þeirra um stundarsakir, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símtöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda oft á tali að dómi símtjóra, getur stofnunin krafist þess, að notandinn bæti við sig línu.

Samtöl milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (eða Hf. og R.) geta varað allt að 5 mínútum og teljast sem 3 innanbæjarsamtöl.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá símtjóranum, sem ákveður gjaldið.

## 2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi með snara án bjöllu ( ekki hægt að tala á milli) .....	kr. 60.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með snara og bjöllu (ekki hægt að tala á milli) .....	— 70.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með bjöllusnara (hægt að tala á milli) .....	— 100.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með sérstökum sínum (hægt að tala á milli) .....	— 120.00
— 1 tengil .....	— 10.00
— 1 aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum) .....	— 15.00

## 3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalafjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 30.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 60.00 fyrir sjálfvirk borð (PBAX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 80.00 fyrir hvert talfæri.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

## C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri .....
- |            |
|------------|
| kr. 900.00 |
|------------|
- (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
    - a. Milli herbergja .....

— 240.00
----------

    - b. Í sama herbergi .....

— 120.00
----------

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, 36 sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi. 1. marz

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

#### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús, þar sem sími er fyrir, eða taki við síma af öðrum manni, greiðist sama gjald og fyrir flutning.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

#### E. Leigutími og uppsögn.

1. Engin talsmátæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs, eftir að símasambandið er fullgert.
2. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, og skal það gert skriflega.

### III. KAFLI

#### Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1100.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans árlegt afnotagjald sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð .....	kr. 300.00
2. fl. — .....	— 450.00
1. fl. B. — .....	— 550.00
1. fl. A. — .....	— 600.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald- dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.



36

1. marz

- Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem húa í hverfum, þorpum eða kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþrótaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla, en þó fellur 50% verzlunarsímaálagið niður, þegar þeir eru á sameiginlegri línu með fleiri en 2 sveitabæjum. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

#### IV. KAFLI

##### Radíótæki.

##### A. Almenn ákvæði.

1. Hver, sem óskar að starfrækja radíótæki, skal senda póst og símamálastjórninni umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá ríkisútvarpinu.  
Verði leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem m. a. er tekið fram, hve lengi leyfið gildi og hin sérstöku skilyrði, sem sett eru fyrir leyfinu.  
Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða kr. 200.00, ef það felur í sér senditæki með 100 watta afli í loftneti eða meira, en kr. 100.00, ef aflið er minna. Fyrir önnur leyfisbréf, sem ekki fela í sér senditæki, skal greiða kr. 25.00 í leyfisbréflagjald.
2. Landssíminn sér um eftirlit með notkun tækjanna og lætur að jafnaði skoða þau einu sinni á ári. Fyrir þetta skal greiða árlegt eftirlitsgjald, sem er kr. 600.00 fyrir stöð með senditæki yfir 100 wött í loftneti, kr. 300.00 fyrir senditæki með 20—100 watta afli og kr. 100.00 fyrir minni senditæki.
3. Ef leyfi er veitt til þess að starfrækja radíóstöð á landi má krefjast sérstaks viðskiptagjalds, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.
4. Þegar um senditæki er að ræða, er að jafnaði aðeins veitt leyfi til starfrækslu tækja, sem landssíminn á, en lætur á leigu til starfrækjanda. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur póst- og símamálastjórnin þó heimilað, að starfrækjandi eigi tækin gegn sérstökum skilyrðum.

##### B. Radíótæki á leigu.

##### a. Farstöðvar.

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskýtastöð eða talstöð í íslenzkt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og unsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipaeiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu

- tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.
3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skirteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skirteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
  4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
  5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftnetna, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar, straumbreytis og lampu, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhvirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans.
  6. Óski leigutaki, að viðgerðarvinna fari fram utan venjulegs dagvinnutíma, ber hann aukakostnað vegna þess.
  7. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast vátryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- og varðskipum og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða landssímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
  8. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.
  9. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radiótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og vátryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram. Fyrir enduropnun innsiglið greiðist opnunargjald kr. 100.00, og fyrir að flytja stöðina aftur í skipið greiðist raunverulegur kostnaður, þó minnst kr. 100.00. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskeytastöðvagjöld með símareikningnum hlutaðeigandi aðila að viðlagðri lokun símans.

36  
1. marz

- Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir aðrar gerðir radiótækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.
10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.
  11. Sams konar reglur og fyrir stöðvar í skipum gilda um radiótæki í öðrum farar-tækjum.

**b. Firðtalstöðvar á afskekktum stöðum.**

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslubúnað þeirra.
3. Leigutaki eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða, um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana hurtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni sé haldið þurri og hreinni.
5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðlilegs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmanns, ef viðgerðar er þörf.
6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn heinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast tryggingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum váttryggingariðgjöld samtímis leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
7. Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar landssímans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður og á þeim stöðum, sem póst- og símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða, — hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða farstöðvar.
8. Gjöldin fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka og þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, eru þau sömu og gilda fyrir talsímanotanda frá sömu landssímastöð.

Gjöldin fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka, annarra en leigutaka á afskekktum sveitabýlum, og þeirrar stöðvar, sem afgreitt er við, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.

9. Ársleiga greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigutími er 2 ár.

## c. Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir.

36

Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radiótækja eru sem hér segir, nema öðruvísi sé um samið: 1. marz

Gerð		Stofn- gjald kr.	Árs- leiga kr.	Váttrygg- ingarupphæð kr.
A-190	Loftskeyta- og talsendir .....	15 000	10 000	75 000
Art-13	Loftskeyta- og talsendir .....	4 000	3 600	20 000
E	Talsendir .....	1 500	1 100	7 500
F	Talsendir .....	1 200	870	6 000
FF3	Talsendir og viðtæki .....		2 000 eða 200 á mán.	10 000
FLB	Talsendir og viðtæki .....	600	450	3 500
FO	Talsendir og viðtæki .....	1 200	880	6 600
GV	Talsendir .....	900	600	5 000
GVA	Talsendir .....	1 000	800	6 000
GVV	Talsendir og viðtæki .....	1 200	880	6 500
H-45	Talsendir .....	2 000	1 600	12 000
H-100	Talsendir .....	4 500	3 660	23 000
B-236	Viðtæki .....	900	600	5 000
B-285K	Viðtæki .....	1 350	1 050	7 500
B-285S	Viðtæki .....	1 200	800	6 500
VE	Viðtæki .....	800	550	4 000
VES	Viðtæki .....	1 300	900	7 000
VF	Viðtæki .....	550	400	3 000
VF-1	Viðtæki .....	600	450	3 500
VF S	Viðtæki .....	900	600	5 000
236/VEM-2	Miðunarstöð .....	1 800	1 300	10 000
VEM-1	Miðunarbúnaður .....	300	250	1 500
VEM-2	Miðunarbúnaður .....	800	550	4 000
VFF	Miðunarbúnaður .....	200	160	1 200
V	Straumbreytir .....	400	300	2 200
L-1	Lorantæki .....	5 000	1 500	14 000

Þegar um er að ræða bæi, sem teljast til þess flokks, er um getur í III. kafla 10, lækkar stofngjald og leiga niður í sömu upphæð og greitt er fyrir notendasíma í sveitum.

## V. KAFLI

## Símtalagjöld.

## A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

## 1. Venjuleg símtöl:

Um 0—25 km línulengd .....	kr. 5.00
— 25—100 — — .....	— 7.00
— 100—225 — — .....	— 10.00
— 225—350 — — .....	— 12.00
Yfir 350 — — .....	— 15.00

- 36** 2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.  
 1. marz 3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.  
 4. Kvaðning: kr. 2.00.  
 5. Boðsending: kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

### B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-  
 málástjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

### C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar er fyrir íslensk skip samanlagt:

- Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst 5.00 krónur fyrir viðtalsbilið.
- Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

## VI. KAFLI

### Símskeytagjöld.

#### A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

- Venjulegt símskeyti: 80 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 8.00.
- Innanbæjarskeyti: 50 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 5.00.
- Blaðaskeyti: 10 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 3.00.
- Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 15.00.
- Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
- Símapóstávisanir: Gjald kr. 15.00 án tillits til orðafjölda.
- Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist auka-  
gjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 8.00—10.00 eftir gerð eyðublaðsins.  
 Jóla- og nýjársskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 15.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 10.00.
- Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landsspítalásjóðs.
- Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenskar strandar-  
stöðvar við íslensk skip er samanlagt:
  - Venjulegt símskeytagjald innanlands.
  - Strandargjald, 60 aurar fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar.)
  - Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er 20 aurar fyrir orðið. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

Fyrir loftskeyti er ekkert ákveðið lágmarksgjald.

- Afhending símskeyta í talsíma til eða frá talsímanotanda kostar kr. 2.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
- Afturköllun á símskeyti kostar 1.00 kr., ef ekki er farið að senda það frá afhend-  
ingarstöðinni.

12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru send ókeypís allt að 1 kílómetra frá 36 símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 7.00 fyrir hvern 1. marz kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 3.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 1.50 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini smleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 6 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

### B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## VII. KAFLI

### Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist  $\frac{1}{4}$  venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðurstett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

## VIII. KAFLI

### Önnur tæki og línur.

#### A. Fjarritvélar.

- I. Stofngjald.  
Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu ..... kr. 5000.00
- II. Árlegt afnotagjald.  
Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu:
  - a. Vélin notuð venjulegan skrifstofutíma ..... — 6000.00  
(Viðhald innifalið.)
  - b. Vélin notuð allan sólarhringinn ..... — 4000.00  
(Að viðbættu viðhaldi eftir reikningi.)

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulega gerð fjarritvéla (gerð nr. 15). Í afnotagjöldunum er fólgin váttrygging tækjanna. Hverri fjar-

**36** ritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi 1. marz pappírinn.

Stofngjöld og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Styztí leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir utanhúslínur milli fjarritvéla greiðast gjöld samkv. kafla B hér á eftir. Fyrir innanhúslagnir og flutninga greiðist stofngjald og afnotagjald eins og fyrir tengla.

### B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 500 m).

- |   |                    |
|---|--------------------|
| 1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0,6—0,7 mm .....         | kr. 100.00 pr. km. |
| 2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0,9 mm .....               | — 150.00 — —       |
| 3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1,4—1,7 mm .....           | — 200.00 — —       |
| 4. Fyrir loftlínu, sem strend er á stauraröð, sem fyrir er .. | — 150.00 — —       |

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## IX. KAFLI

### Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 180.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 30.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## X. KAFLI

### Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 20.00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma ber að greiða kr. 50.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazzt aðalsímanotarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

**Skrásetning í stafrófsskrána.****36**

1. Breytt letur í skrá, hver lína .....	kr. 35.00	<b>1. marz</b>
2. Aukanafn í skrá .....	— 50.00	
3. Aukalínur í skrá, hver lína .....	— 20.00	
4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 50.00 + 35.00 = .....	— 85.00	

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 50.00 sem aukanafn.

**Skrásetning í atvinnuskrána.****A. Ókeypis skrásetning.**

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

**B. Skrásetning gegn borgun.**

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk eða skrá fleiri en sitt símanúmer við nafn sitt, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 15.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 20.00.

**XI. KAFLI****Almennir skilmálar fyrir talsímanotendur landssímans.**

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það forstjóra talsímastöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og heimitað, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða stöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala ef þörf krefur.
4. Enginn má sjálfur gera eða láta gera neinar breytingar á talsímasamböndum eða flytja talfærin úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kaupþúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
5. Talsímanotendur er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti. Notanda er enn fremur skylt að hafa símatæki og innanhússlagnir vátryggð á sinn kostnað fyrir eldshættu, og ber honum að greiða



36

1. mars

landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eða lagnir eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins. Vátryggingarupphæðin er kr. 1100.00 fyrir venjulegan síma, en fyrir önnur tæki verður hún ákveðin sérstaklega.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnútur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímamann annast sóthreinsun talfæra.

6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá heimta endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin taka yfir meira en 10 sólarhringa á ári.
7. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, getur landssíminn slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
8. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

#### A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á borguninni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi viku eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og kostnað við lokun og enduropnun, ef hún hefur ferðakostnað í för með sér. Séu símagjöldin eigi greidd á réttum tíma, verða þau tekin lögtaki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

#### B. Leigutími.

Engin símataeki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar ræða er um samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn heimtað, að skemmstur leigutími sé lengri.

#### C. Uppsögn.

Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 2 mánaða fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

#### D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma

flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðst fyrir fram.

36  
1. marz

### E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

## XII. KAFLI

### Ákvæði um stofnun og rekstur landssímastöðva, annarra en 1. fl. A. stöðva, og samband þeirra við talsímanotendur o. fl.

Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.
3. Skuldbindingin um starfræksluna nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni.
4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venjulegu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðvar verður því aðeins goldin af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri skal greiða hæfilegan burðareyri, er ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.

Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 7.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.

7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu mánaðarlega gera reikningsskil innan 15. dags næsta mánaðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst og símamálastjórnin setur.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjaraskipti, og gengur í gildi 1. apríl 1957. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir umframsímtöl aðeins af símtölum sem fara fram 1. apríl 1957 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur frá 15. marz 1956.

*Póst- og símamálaráðherrann, 1. marz 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*G. Briem.*

B 12

## G J A L D S K R Á

### um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

#### 1. Burðargjöld.

Fyrir	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Grænl.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar				Til annarra landa			
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burðargj.aur. staðar	rikis	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g. Fyrir bréf yfir 500 g er ríkistaxti sami og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	150 200 400 800	175 300 600 1200	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	175 300 600 1200	Sama og innanlands	20 40 60 80	175 275 375 475	hver 20 þar yfir	100
Bréfsþjöld einf. tvöf.	Mest 15×10,5 cm Minnst 10×7 cm		75 150	100 200	Sama og innanlands		100 200	Sama og innanlands		100 200		
Verzlunar- skjöl	Stærð sama og bréfa Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	175 35	175 35	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	175 35	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	200 hver 50 þar yfir	175 35		

Prent	Stærð sama og bréfa Þyngd 3000 g	50 100 hver 50 þar yfir	70 105	70 105	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“. Fyrir útgefandaprent til Danmerkur og Noregs er burðar- gjald fyrir hver	50 100 hver 50 þar yfir	70 105	Stærð sama og bréfa Þyngd 3000 g Einstök bindi þó 5 kg. Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfsþjöld	50 100 hver 50 þar yfir	70 105
Blindra- prent	Stærð sama og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	15	Stærð sama og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15	Stærð sama og bréfa Þyngd 7000 g	1000	15
Sýnishorn	Stærð sama og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	70 105	70 105	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver 50 þar yfir	70 105	Stærð sama og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver 50 þar yfir	70 105

Blöð og  
tímarit

46×24×24 cm.  
5000 g. Þó aðeins  
2500 g með landpóst-  
um.  
Það skal vegið allt í  
einu, sem látið er í  
póst í einu. Innritun-  
argjald er 30 kr., er  
greiðist í fyrsta sinn  
er blað er innritað,  
síðan í byrjun hvers  
árs.

Póst- ávisanir	Allt að 100 kr. Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.	100	200	200	aurar
Póstkröfur	Allt að 100 kr. Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.	100	300	300	aurar

Böggjar (Innanlands):

- Með skipum á hafnarstaðina og með bifreiðum.
- Með landpóstum.

Hámark þyngdar og stærðar:

- Þyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm<sup>3</sup> 5 kg eða minna, 80 dm<sup>3</sup> yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg 100 dm<sup>3</sup> yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm<sup>3</sup> yfir 15 kg.
- Þyngd 5 kg mest. Stærð 46×24×24 cm mest.

Burðargjald (Ríkistaxti):

- Sjóveg og með bifreiðum  
að 1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg  
aurar 700 1600 2500 4500 6000 8000
- Með landpóstum:  
700 1600 2500

Staðartaxti er hálfur burðargjald ríkistaxta.

Séu böggjar rúmfrekir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50 %.

37  
1. marz

## 2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, Grænland), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal greiða bæði skrásetningargjald og ábyrgðargjald)	Fyrir 300 kr. eða minna 150 aurar og 50 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 75 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna en 270 aurar (200 gullfr. ef um verðbrögglia er að ræða).
Fyrir afturköllun, utanáskriftarbreytingu, afnám eða lækkun póstkroftuupphæðar	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Fyrir fyrirspurn um sendingu	200 aurar	200 aurar	200 aurar
Hraðboðagjald	300 aurar, þar sem er daglegur bréfaútburður 1 km frá pósthúsinu, annars 250 aurar fyrir hvern km	300 aurar	300 aurar
Móttökukvittun: a) umbeðin við viðtöku b) umbeðin eftir viðtöku	150 aurar 200 aurar	150 aurar 200 aurar	150 aurar 200 aurar
Talning í verðbréfi	Fyrir 1000 kr. 50 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 25 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda	

Alþjóða-svarmerki	Söluverð 250 aurar, skiptiverð 175 aurar í frimerkjum
Skilríkisspjöld	375 aurar
Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli	200 aurar
Tollmeðferð	300 aurar
Staðfestingu á innihaldi bréfs	50 aurar fyrir hverjar 10 línur, minnst 500 aurar

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 1. apr. 1957. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðargjöld frá 15. marz 1953.

*Póst- og símamálaráðherrann, 1. marz 1957.*

Eysteinn Jónsson.

G. Briem.

37

1. marz

38

7. marz

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn einstefnuakstur um *Fjölnisveg* frá vestri til austurs.

Þetta tilkynninst hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. marz 1957.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

39

20. marz

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

Staðfest:

1. Skefilsstaðahrepps, Skagafjarðarsýslu .....	15. febr. 1957.
2. Viðvíkurhrepps, Skagafjarðarsýslu .....	18. — 1957.
3. Glæsibæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	18. — 1957.
4. Hvammstangahrepps, Húnavatnssýslu .....	18. — 1957.
5. Þorkelshólshrepps, Húnavatnssýslu .....	18. — 1957.
6. Búlandshrepps, S.-Múlasýslu .....	18. — 1957.
7. Eskifjarðahrepps, S.-Múlasýslu .....	18. — 1957.
8. Stöðvarhrepps, S.-Múlasýslu .....	18. — 1957.
9. Breiðdalshrepps, S.-Múlasýslu .....	18. — 1957.
10. Barðastrandarhrepps, Barðastrandarsýslu .....	15. — 1957.
11. Flateyjarhrepps, Barðastrandarsýslu .....	15. — 1957.
12. Geiradalshrepps, Barðastrandarsýslu .....	15. — 1957.
13. Hvammshrepps, Dalasýslu .....	18. — 1957.
14. Álftavershrepps, Skaftafellssýslu .....	5. marz 1957.
15. Skaftártunguhrepps, Skaftafellssýslu .....	5. — 1957.
16. Hafnarhrepps, Skaftafellssýslu .....	5. — 1957.
17. Engihliðarhrepps, Húnavatnssýslu, .....	27. febr. 1957.
18. Þverárhrepps, Húnavatnssýslu .....	5. marz 1957.
19. Kirkjuhvammshrepps, Húnavatnssýslu .....	5. — 1957.
20. Skagahrepps, Húnavatnssýslu .....	25. febr. 1957.
21. Áshrepps, Húnavatnssýslu .....	27. — 1957.
22. Hofshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	27. — 1957.
23. Seyluhrepps, Skagafjarðarsýslu .....	25. — 1957.
24. Öngulsstaðarhrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	5. marz 1957.
25. Öxnadalshrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	5. — 1957.
26. Svalbarðshrepps, Þingeyjarsýslu .....	18. febr. 1957.
27. Reykjahrepps, Þingeyjarsýslu .....	27. — 1957.

	Staðfest:	39
28. Reykdælahrepps, Þingeyjarsýslu .....	27. febr. 1957.	20. marz
29. Bárðdælahrepps, Þingeyjarsýslu .....	27. — 1957.	
30. Aðaldælahrepps, Þingeyjarsýslu .....	15. — 1957.	
31. Tjörneshrepps, Þingeyjarsýslu .....	25. — 1957.	
32. Keflavíkur, Gullbringusýslu .....	28. — 1957.	
33. Garðahrepps, Gullbringusýslu .....	6. marz 1957.	
34. Seltjarnarneshrepps, Gullbringusýslu .....	27. febr. 1957.	
35. Gerðahrepps, Gullbringusýslu .....	18. — 1957.	
36. Njarðvíkurhrepps, Gullbringusýslu .....	5. marz 1957.	
37. Gaulverjabæjarhrepps, Árnessýslu .....	15. febr. 1957.	
38. Selfosshrepps, Árnessýslu .....	15. — 1957.	
39. Villingaholtshrepps, Árnessýslu .....	25. — 1957.	
40. Austur-Eyjafjallahrepps, Rangárvallasýslu .....	18. — 1957.	
41. Hvolhrepps, Rangárvallasýslu .....	5. marz 1957.	
42. Stafholtstungnahrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	15. febr. 1957.	
43. Skilmannahrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	27. — 1957.	
44. Andakílshrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	27. — 1957.	
45. Norðurárdalshrepps, Mýrasýslu .....	27. — 1957.	
46. Helgafellssveitar, Snæfellsnessýslu .....	27. — 1957.	
47. Breiðavíkurhrepps, Snæfellsnessýslu .....	27. — 1957.	
48. Stykkishólshrepps, Snæfellsnessýslu .....	5. marz 1957.	
49. Haukadalshrepps, Dalasýslu .....	27. febr. 1957.	

*Félagsmálaráðuneytið, 20. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

40

22. marz

**um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.**

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirfarandi sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
50. Reykhólahrepps, A.-Barðastrandarsýslu .....	5. marz 1957.
51. Gufudalshrepps, A.-Barðastrandarsýslu .....	6. — 1957.
52. Patreksfjarðarhrepps, V.Barðastrandarsýslu .....	2. — 1957.
53. Mýrahrepps, V.-Ísafjarðarsýslu .....	27. febr. 1957.
54. Bolungarvíkur, N.-Ísafjarðarsýslu .....	27. — 1957.
55. Ögurhrepps, N.-Ísafjarðarsýslu .....	5. marz 1957.
56. Reykjarfjarðarhrepps, N.-Ísafjarðarsýslu .....	15. febr. 1957.
57. Hólmavíkurhrepps, Strandasýslu .....	6. marz 1957.
58. Óspakseyrarhrepps, Strandasýslu .....	27. febr. 1957.
59. Hlíðarhrepps, N.-Múlasýslu .....	15. — 1957.
60. Hróarstunguhrepps, N.-Múlasýslu .....	2. marz 1957.
61. Beruneshrepps, S.-Múlassýslu .....	5. — 1957.
62. Dalvíkurhrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	6. — 1957.



		Staðfest:
40		
22. marz	63. Svarfaðardalshrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	6. marz 1957.
	64. Klofningshrepps, Dalasýslu .....	6. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

41  
13. marz

## REGLUGERÐ

um tollheimtu og toleftirlit.

### I. KAFLI

#### Tollumdæmin.

##### 1. gr.

Landið skiptist í 26 tollumdæmi og eru þau þessi:

1. Reykjavíkurtollumdæmi. Það tekur yfir Reykjavíkurborg. Eyjar í umhverfi Reykjavíkur heyra undir tollumdæmi hennar að því er tekur til tollgæzlu.
2. Akranestollumdæmi. Það tekur yfir Akraneskaupstað.
3. Mýra- og Borgarfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4. Snæfellsness- og Hnappadalstollumdæmi. Það tekur yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
5. Dalatollumdæmi. Það tekur yfir Dalasýslu.
6. Barðastrandartollumdæmi. Það tekur yfir Barðastrandarsýslu.
7. Bolungarvíkurtollumdæmi. Það tekur yfir Hólshrepp.
8. Ísafjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Ísafjarðarkaupstað og Ísafjarðarsýslu að undanteknum Hólshreppi.
9. Strandatollumdæmi. Það tekur yfir Strandasýslu.
10. Húnavatnstollumdæmi. Það tekur yfir Húnavatnssýslu.
11. Skagafjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Sauðárkrókskaupstað og Skagafjarðarsýslu.
12. Siglufjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Siglufjarðarkaupstað og heyrir Héðinsfjörður til hans.
13. Ólafsfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Ólafsfjarðarkaupstað.
14. Akureyrartollumdæmi. Það tekur yfir Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu.
15. Þingeyjartollumdæmi. Það tekur yfir Húsavíkurkaupstað og Þingeyjarsýslu.
16. Seyðisfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Seyðisfjarðarkaupstað og Norður-Múlasýslu.
17. Norðfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Neskaupstað.
18. Suður-Múlatollumdæmi. Það tekur yfir Suður-Múlasýslu.
19. Skaftafellstollumdæmi. Það tekur yfir Skaftafellssýslu.
20. Vestmannaeyjatollumdæmi. Það tekur yfir Vestmannaeyjakaupstað.
21. Rangárvallatollumdæmi. Það tekur yfir Rangárvallasýslu.
22. Árnestollumdæmi. Það tekur yfir Árnassýslu.
23. Keflavíkurtollumdæmi. Það tekur yfir Keflavíkurkaupstað.
24. Flugvallartollumdæmi. Það tekur yfir flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar.

25. Hafnarfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Hafnarfjarðarkaupstað, Gull- 41 bringu- og Kjósarsýslu, að undanteknum eyjum í umhverfi Reykjavíkur, sem heyra 13. marz undir Reykjavíkurtollumdæmi varðandi tollgæzlu.

26. Kópavogstollumdæmi. Það tekur yfir Kópavogskaupstað.

## II. KAFLI

### Tollstjórnin.

#### 2. gr.

Yfirstjórn tollmála hefur fjármálaráðherra. Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með tollheimtunni og tolleftirlitinu.

Í hverju tollumdæmi er tollstjóri, sem annast tollheimtu innan umdæmisins.

#### 3. gr.

Utan Reykjavíkur heyra tollgæzlumenn undir yfirstjórn sérstaks umboðsmanns fjármálaráðuneytisins, sem annast þar fyrir hönd ráðuneytisins umsjón með framkvæmd tollgæzlunnar samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í erindisbréfi hans.

#### 4. gr.

Til tollmála telst: Tolleftirlit með skipum og flugförum, afgreiðsla skipa og flugfara og innheimta aðkomugjalda af þeim, sóttvarnareftirlit gagnvart útlöndum samkvæmt sóttgæzlulögum, hvers konar eftirlit með aðflutningi og gæzla þess að fyrirmæli um aðflutning séu haldin, innheimta aðflutningsgjalda. Hvers konar eftirlit með útflutningi og innheimta útflutningsgjalda, útgáfa vottorða um uppruna útflutningsvara, eftirlit með innflutningi og útflutningi gjaldeyris og gjaldeyris skilum eftir því, sem ákveðið er á hverjum tíma. Innheimta innlands tollvörugjalds og eftirlit með tollvörugerðum. Önnur störf, sem tolleftirlitinu eða tollinnheimtunni á hverjum tíma eru falin.

#### 5. gr.

Á höfnum þar sem tollstjóri er ekki búsettur, en ráðherra telur þörf að hafa tollheimtu, skal tollstjóri hafa umboðsmann. Ráðuneytið birtir í Lögbirtingablaði og B-deild stjórnartíðinda skrá um það, hvar tollstjórar hafa aðsetur og á hvaða höfnum þeir hafa umboðsmenn. Breytingar á þessu skulu auglýstar á sama hátt.

#### 6. gr.

Umboðsmenn tollstjóra samkvæmt 5. gr. annast tollheimtu fyrir hans hönd á þeirri höfn, sem þeir eru búsettir, svo og tollgæzlu eftir því sem þeim kann að verða falið.

#### 7. gr.

Tolleftirlitsmenn samkvæmt reglugerð þessari eru tollstjórar, umboðsmenn þeirra og sérstakir tollgæzlumenn. Til sérstakra tollgæzlumanna teljast tollverðir í föstu starfi og menn, sem ráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu þótt eigi sé um aðalstarf að ræða.

#### 8. gr.

Störf og starfssvið tolleftirlitsmanna skal ákveðið í erindisbréfum og starfsfyrirmælum, sem ráðuneytið gefur út.

#### 9. gr.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að störfum skulu þeir bera einkennisbúning eða hafa í vörzlum sínum einkennismerki, sem ber skjaldarmerki Íslands og áletrunina: Tollmerki Íslands.

41 Tollgæzlufáninn er þjóðfáninn, klofinn að framan, með stóru téi (T) í efri  
13. marz stangarreit.

Komi tolleftirlitsmenn fram í einkennishúningum sínum, hafi þeir framvísað tollmerkinu eða dregið tollfánann við hún, hafa þeir á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tolleftirlitsmenn að starfi.

### III. KAFLI

#### Tolllandhelgin.

##### 10. gr.

Landhelgi samkvæmt reglugerð þessari er 4 sjómíllur á haf út frá stórstraumsfjöruborði og sé talið frá yztu hólum og skerjum, er upp úr sjó koma. Firðir og vikur teljast í landhelgi 4 sjómíllur til hafs frá línu, sem dregin er þar sem 12 sjómíllur verða milli nesja næst fjarðarmynni.

### IV. KAFLI

#### Almenn ákvæði um tolleftirlit.

##### 11. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

*Skip:* Sérhvert fljótandi far.

*Aðkomuskip:* Skip, sem kemur frá útlöndum, og ekki hefur fengið fyrstu tollafgreiðslu hér á landi í þeirri ferð og samskiptaleyfi. Aðkomuskip skoðast einnig skip, sem hefur tekið við vörum eða mönnum úr öðru farartæki, sem ekki hefur fengið tollafgreiðslu hér á landi, eða haft önnur samskipti við slíkt fararæki, sem jafna má til sambands við útlönd.

*Flugfar:* Hvers konar flugtæki.

*Tollafgreiðsluhöfn:* Höfn þar sem aðkomufarartækjum er heimilt að koma til að fá fyrstu afgreiðslu.

*Brottfararafgreiðsluhöfn:* Höfn, sem ekki er tollafgreiðsluhöfn, en farartækjum er þó heimilt að fá þar seinustu tollafgreiðslu áður en lagt er af stað til útlanda.

*Tollhöfn:* Höfn þar sem tollstjóri situr eða umboðsmaður hans, sbr. 5. gr.

Þar sem talað er um höfn í reglugerð þessari er, sé annars ekki getið, átt við tollhöfn.

##### 12. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um skip, hafnir og skipverja, gilda eftir því sem við á, einnig um flugför, flugvelli og áhafnir flugfara. Ákvæði um farm, afgreiðslur og afgreiðslumenn eiga jafnt við um flutninga með skipum og flugförum.

##### 13. gr.

Öll skip, sem eru innan landhelginnar, eru háð tolleftirliti, hvort sem þau eru á höfnum inni eða utan hafna. Geta því tolleftirlitsmenn framkvæmt rannsóknir í öllum slíkum skipum og sett þau undir eftirlit.

##### 14. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að stöðva skip hvar sem er innan landhelginnar til rannsókna. Þegar tollgæzlumenn gefa til kynna, að þeir vilji hafa samband við skip, er skipstjóra skylt að hægja ferð skipsins eða stöðva það til þess að hleypa tolleftirlitsmönnum um borð.

Ákvæði næstu málsgreinar hér á undan eiga einnig við um skip, sem stödd eru 41  
 utan landhelginnar, ef þau hafa verið innan landhelgi og tolleftirlitsmenn hafa veitt 13. marz  
 þeim eftirför út fyrir landhelgismörkin.

Ef tolleftirlitsmenn óska að komast á skipsfjöl eða frá borði er skipstjóra skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

#### 15. gr.

Hafnsögumenn skulu gefa tolleftirlitsmönnum upplýsingar um ferðir aðkomu-  
 skipa jafnskjótt og þeir verða þeirra varir eða fá um þær fregnir. Sömu skyldur  
 hefur flugumferðastjórn varðandi aðkomuflugvélar. Tilsvarandi upplýsingar skulu  
 hafnsögumenn og stjórnendur flugumferðar gefa tolleftirlitsmönnum varðandi brott-  
 för skipa eða flugvéla, hafi þess verið óskað.

Ef sérstaklega stendur á, skulu hafnsögumenn fara eftir óskum tolleftirlits-  
 manna um það, hvar skipi er lagt.

#### 16. gr.

Skipstjórar og skipshafnir varðskipa ríkisins, sem falið hefur verið að aðstoða  
 tollgæzluna við tolleftirlit, hafa við þau störf sömu réttindi, sem tolleftirlitsmönnum  
 eru fengin í þessum kafla.

#### 17. gr.

Þegar tolleftirlitsmaður er að starfi getur hann, ef þörf krefur, kvatt sér menn  
 til aðstoðar. Skylt er hverjum manni að viðlögðum sektum að verða við slíkri kvaðn-  
 ingu, ef hann má án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annarra,  
 sem hann á að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns. Skylt er manni undir  
 sama skilyrði að láta tollgæzlumönnum í té muni, sem hann ræður yfir, svo sem  
 flutningatæki og hús, ef þess gerist þörf, til að fyrirbyggja lagabrot, í sambandi  
 við rannsókn út af broti eða til þess að tollgæzlumaður geti annars komið skyldu-  
 störfum sínum í framkvæmd. Greiða skal manni hæfilega þóknun fyrir verk eða  
 aðra aðstoð, sem látið er í té samkvæmt þessari grein.

#### 18. gr.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að rannsókn eða afgreiðslu í skipi, er skipstjóra  
 skylt að veita þeim alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn megi  
 ganga sem greiðast og án tafa og tálmana svo og að gefa þeim hvers konar upplýs-  
 ingar um skipið, skipsbúnað, ferðalag skipsins, farþega, skipshöfn og vörur og annað  
 það, sem tolleftirlitsmönnum er þörf að vita vegna starfa sinna. Vélstjórum og  
 öðrum tæknifróðum mönnum meðal skipverja er og skylt að veita sams konar að-  
 stoð og upplýsingar að því er varðar vélar, tæki, vélarúm og aðra þá staði í skipi,  
 sem eru í þeirra umsjá.

Ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir, skal skipstjóri gefa skriflega yfirlýsingu  
 um það, að hann hafi gefið tolleftirlitsmönnum upplýsingar um öll farmrúm og  
 aðra staði í skipi, þar sem vörur eru geymdar, og vakið athygli þeirra á stöðum,  
 þar sem innsigllun mundi ekki koma að haldi, sbr. 2. mgr. 19. gr.

#### 19. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla og setja lása sína fyrir farmrúm,  
 vistageymslur og aðra staði í skipi, eftir því, sem þeim þykir þurfa.

Skipstjóra er skylt að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, sem þeir óska eftir við  
 innsigllun, svo og að vekja athygli tolleftirlitsmanna á þeim stöðum þar sem innsigllun  
 eða lokun mundi ekki koma að haldi.

Nú telur skipstjóri ekki unnt vegna öryggis skips eða farms að innsigla rúm  
 eða læsa þeim, sem tolleftirlitsmaður telur þörf á að innsigla eða læsa, eða ekki er

41 unnt að koma slíkum ráðstöfunum við vegna umbúnaðar skipsins, og er skipi þá  
13. marz skylt að greiða kostnað af tollvörzlu, sem af því leiðir, að innsigliun eða lokun verður ekki við komið.

Innsigli þau og læsingar, sem tolleftirlitsmenn setja í skipi, má enginn hreyfa eða rjúfa, nema tolleftirlitsmenn, enda ber skipstjóri eða sá, sem í hans stað kemur, ábyrgð á að þau séu ekki rofin eða hreyfð, nema af tolleftirlitsmanni, meðan skipið er hér við land. Kaupskip og innlend fiskiskip teljast í þessu sambandi vera hér við land unz ferð þeirra er lokið og þau eru komin út fyrir landhelgi á leið til útlanda.

Tolleftirlitsmenn skulu jafnan tilkynna skipstjóra eða þeim, sem kemur í hans stað, um innsigliun eða lokun rúma í skipi, og skyldur er skipstjóri eða sá, sem hann setur fyrir sig, að vera viðstaddur er tollgæzlumenn ganga frá innsiglium eða læsingum sínum í skipi.

Skyldur er skipstjóri að undirrita skrá um innsigli í skipi sínu, ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir. Enn fremur er hann skyldur, ef þess er óskað, að taka með sér skrá þessa og sýna hana eða afhenda tolleftirlitsmönnum, sem síðar afgreiða skipið eða eru að rannsókn í því, ef þess er krafizt.

#### 20. gr.

Meðan stendur á afgreiðslu eða rannsókn í skipi er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að enginn megi koma á skipsfjöl eða fara frá borði, nema leyfi þeirra komi til.

Tolleftirlitsmönnum er jafnan heimilt að banna skipstjóra að leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirki, eða leggja frá bryggju eða öðru hafnarvirki, fyrr en þeir segja til að það megi.

#### 21. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að kvía skip, sem liggur við landfestar. Þegar það er gert er öllum óheimilt að fara innfyrrir eða útfyrrir girðingar tolleftirlitsmanna, nema með þeirra leyfi.

Einnig geta tolleftirlitsmenn mælt svo fyrir, að farþegar eða aðrir megi aðeins fara frá borði eða stíga á skipsfjöl á tilteknum stað á skipi.

#### 22. gr.

Ef svo er mælt fyrir, að farþegar eða aðrir, sem koma frá borði eða stíga á skipsfjöl, skuli fara um rannsóknarskála eða annað hús í landi vegna tolleftirlits, skal litið svo á, að þeir, sem koma frá skipi, séu ekki komnir af skipsfjöl fyrr en þeir hafa farið um hús þetta og þeir, sem eru á leið til skips, séu komnir í skip þegar þeir eru komnir í húsið.

#### 23. gr.

Heimilt er að setja tollvörð í hvert það skip, sem þörf telst á að hafa tollvörð í, svo og að láta tolleftirlitsmenn fara með skipum hafna á milli til eftirlits. Þegar tolleftirlitsmenn ferðast með skipum til eftirlits með þeim ber skipstjóra fyrir skipsins hönd að sjá þeim endurgjaldslaut fyrir fæði í skipinu og fari með því, eftir því, sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

#### 24. gr.

Við rannsókn eða afgreiðslu er tolleftirlitsmönnum heimilt að leita alls staðar í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, sem ástæða þykir til að ætla að leyni á sér munum eða vörum til að skjóta undan rannsókn, greiðslu aðflutningsgjalda eða öðrum lögmaeltum skyldum, eða varningi, sem óheimilt er að flytja til landsins eða úr landi. Enn fremur

er tollgællumönnum í sama skyni heimilt að gera leit í vörugeymsluhúsum, vögnum, 41  
bifreiðum og öðrum flutningatækjum, og er stjórnendum farartækjanna skylt að 13. marz  
nema staðar er tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það. Einnig er þeim, svo og  
starfsmönnum vörugeymsluhúsa, skylt að veita tolleftirlitsmönnum alla þá aðstoð  
og hjálp, sem þörf er á til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast.

## 25. gr.

Heimilt er tollgællumönnum að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti,  
sem til landsins flytjast, hvort sem varningurinn kemur sem farmsending, póstur,  
farþegaflutningur eða á annan hátt.

Krefjast má, að eigandi eða innflytjandi aðfluttrar vöru framvisi henni til rann-  
sóknar í tollbúð eða á öðrum stað þar sem tollgæzlan hefur bækistöð til vöruskoð-  
unar. Er þá vörueiganda eða innflytjanda skylt að opna umbúðir um vöruna og  
sýna hana tolleftirlitsmönnum eftir því sem krafizt er, svo og að flytja vöruna  
aftur burt af skoðunarstað að rannsókn lokinni.

## V. KAFLI

## Afgreiðsla aðkomufarartækja.

## 26. gr.

Aðkomufarartæki mega ekki, nema tilneydd séu, setja á land menn, vörur eða  
annan farangur, né hafa annað samband við land eða landsbúa eða við önnur farar-  
tæki innan landhelginnar fyrr en þau hafa fengið fyrirskipaða aðkomutollafgreiðslu  
og tolleftirlitsmaður hefur veitt þeim leyfi til samskipta við land.

Til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi skulu aðkomuskip koma á ein-  
hverja þeirra hafna, sem taldar eru í 3. málsgrein, nema skipið þurfi að leita ann-  
arrar hafnar í neyð, enda sé leitt í ljós með sjóferðaprófi að um neyðarhöfn hafi  
verið að ræða.

Tollafgreiðsluhafnir eru þessar:

Reykjavík og Reykjavíkurlflugvöllur,  
Patreksfjörður,  
Sauðárkrókur,  
Siglufjörður,  
Húsavík,  
Neskaupstaður,  
Vestmannaeyjar,  
Hafnarfjörður,  
Akranes,  
Ísafjörður,  
Akureyri,  
Seyðisfjörður,  
Reyðarfjörður,  
Fáskrúðsfjörður,  
Keflavík,  
Keflavíkurlflugvöllur.

Á eftirtöldum tollafgreiðsluhöfnum geta aðkomuskip þó því aðeins fengið fyrstu  
afgreiðslu, að ráðuneytinu hafi verið tilkynnt, að þau ætli að koma þangað, með  
a. m. k. 4 sólarhringa fyrirvara:

Akranesi,  
Patreksfirði,

41  
13. marz

Sauðárkróki,  
Húsavík,  
Neskaupstað,  
Fáskrúðsfirði,  
Keflavík,  
Hafnarfirði.

Í tilkynningu samkvæmt næstu málgrein hér á undan skal greina nafn skips, stærð þess, þjóðerni, á hvaða höfnum það hefur haft viðkomu í ferðinni, farm skips og fyrirhugaðan komudag. Ef farmur er ýmis konar stykkjavara er nægilegt að láta þess getið, án nánari sundurliðunar.

Þegar ráðuneytinu hefur horizt tilkynning samkvæmt þessari grein gerir það tolleftirlitsmanni á viðkomandi höfn þegar aðvart, og gerir að öðru leyti þær ráðstafanir varðandi afgreiðslu skips og eftirlit með því, sem ástæða þykir til.

#### 27. gr.

Ráðuneytið getur heimilað aðkomuskipi að hafa fyrstu viðkomu á höfn, sem ekki er tollafgreiðsluhöfn, en greiða skal útgerð skips allan kostnað, sem leiðir af tollafgreiðslu þess á þeirri höfn.

Hafi aðkomuskip leitað neyðarhafnar, sem ekki er tollafgreiðsluhöfn, ber skipstjóra tafarlaust að tilkynna það ráðuneytinu og bíða fyrirmæla þess um það, hvernig tollafgreiðslu skipsins skuli hagað. Meðan beðið er þeirra ráðstafana, sem ráðuneytið fyrirskipar, skal skipstjóri gæta þess, að samgangur milli skips og lands sé eigi annar eða meiri en brýnasta nauðsyn krefur.

#### 28. gr.

Hafi aðkomuskip tilkynnt komu sína til tollafgreiðsluhafnar samkvæmt 3. mgr. 26. gr., eða fengið leyfi til tollafgreiðslu samkvæmt 1. mgr. 27. gr., og ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að veita því tollafgreiðslu á þeirri höfn, en skipið heldur síðan til annarar hafnar til að fá fyrstu afgreiðslu, má krefja skipið um greiðslu alls þess kostnaðar, sem þessar ráðstafanir hafa haft í för með sér, eða eftir atvikum synja því um afgreiðslu annars staðar en þar, sem það hafði tilkynnt komu sína eða fengið leyfi til tollafgreiðslu.

#### 29. gr.

Þegar aðkomuskip hafnar sig ber tolleftirlitsmönnum að annast afgreiðslu þess samkvæmt því, sem ákveðið er í reglugerð þessari, eða lög og reglur mæla annars fyrir um.

Sé enginn tolleftirlitsmaður kominn um borð í skipið innan sex klukkustunda skal skipstjóri gefa viðkomandi tolleftirlitsmanni komu þess til vitundar, en fara skal hann eftir sóttvarnareglum eftir því, sem við verður komið.

Óheimilt er skipstjóra að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarvirki fyrr en tolleftirlitsmaður hefur gefið leyfi til þess.

Þar til aðkomuafgreiðslu skips er lokið má enginn fara frá borði eða stíga á skipsfjöl, nema leyfi tolleftirlitsmanns komi til.

#### 30. gr.

Þegar eftir komu skips ber skipstjóra að afhenda tolleftirlitsmanni, sem afgreiðir skipið, aðkomuskýrslu, ásamt sóttvarnaryfirlýsingu samkvæmt sóttvarnarlögum, og skrár þær og skýrslur, sem skip skal hafa meðferðis og afhenda ber samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar og 31., 36., 37. og 38. gr.

Aðkomuskýrsla skal gerð á eyðublað, sem ráðuneytið lætur í té, og skal þar greina eftirtalin atriði um skipið og ferð þess. 41  
13. marz

1. Nafn skips, þjóðerni og skrásetningarhöfn.
2. Brúttó- og nettósmálestátölu skips.
3. Komudag og stund.
4. Eiganda skips.
5. Afgreiðslumann skips eða miðlara hérlendis.
6. Erindi skips.
7. Hvort varningur verður affermdur úr skipinu hér við land.
8. Hvort skip hefur áður verið afgreitt hér á landi á því almanaksári og hvar og hve oft.
9. Nafn skipstjóra.
10. Tölu skipverja.
11. Tölu farþega.
12. Hafnir, sem skipið hefur komið á í ferðinni, og brottfarardag frá hverri höfn.
13. Hvort skip ætlar að taka hér vörur til útflutnings.

Þá skal skipstjóri, ef skip flytur vörur til landsins, sem á farmskrá eiga að vera, afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár um allar þessar vörur, svo sem nánar er mælt fyrir í 34. og 35. gr., en farmskránum skal fylgja vottorð undirritað af skipstjóra, þess efnis, að skipið hafi ekki meðferðis aðrar vörur en þær, sem aðalfarmskrá skipsins greinir, svo og aðrar þær vöruskrár, sem hann samtímis afhendir tolleftirlitsmanninum. Í vottorðinu skal greina blaðsíðutal farmskrárinnar frá hverri höfn, ásamt heildarþunga eða rúmmáli þeirra vara, sem þar hafa verið fermdar.

Afhenda ber þrjú eintök af aðalfarmskránni (heildarfarmskránni). Eitt þeirra sendir tolleftirlitsmaður með fyrstu ferð til endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins, öðru heldur hann eða ráðstafar á þann hátt, sem ráðuneytið ákveður. Þriðja eintakið skal afhent skipstjóra aftur og fylgir það skipinu. Á þetta eintak færir skipstjóri jafnóðum þær vörur, sem affermdar eru á hverri höfn, og ber tolleftirlitsmanni að sjá um, að þetta sé framkvæmt. Á seinustu höfn, sem skipið affermir vörur, sem það hefur flutt frá útlöndum, skal skipstjóri afhenda tolleftirlitsmanni farmskráreintak þetta, en hann ráðstafar því samkvæmt fyrirætlunum, sem ráðuneytið gefur.

Ef skip flytur frá útlöndum vörur til fyrstu tollafgreiðsluhafnar ber skipstjóra enn fremur að láta tollstjóra þar, eða umboðsmanni hans, í té útdrátt úr farmskránni um allar þær vörur, sem þar eru affermdar, ásamt vottorði um að á þeirri höfn verði ekki fluttar úr skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem á skránni greinir. Ef skipstjóri er þess ekki fullviss við komu skips, hve miklar vörur verða affermdar á þeirri höfn, getur hann skorast undan að gefa vottorð um þetta atriði að svo stöddu, en jafnan skal hann hafa tilkynnt um affermingu vöru áður en hún er flutt úr skipi.

### 31. gr.

Skipstjóra ber að afhenda tolleftirlitsmanni við komu skips öll tollafgreiðsluskjöl, sem hann hefur fengið við brottfararafgreiðslu í síðustu höfn, er hann lét úr erlendis, svo og önnur tollafgreiðsluskjöl, sem hann hefur fengið í erlendum höfnum í þeirri ferð, ef krafizt er. Skjöl þessi lætur tolleftirlitsmaður fylgja öðrum afgreiðsluskjöllum skipsins, nema skipstjóri sýni fram á að hann þurfi á þeim að halda síðar, en þá skal hann fá tolleftirlitsmanni í hendur samrit þeirra, sem hann staðfestir og tolleftirlitsmaður gengur úr skugga um að sé rétt, með samanburði við frumskjalið. Geta tolleftirlitsmenn synjað skipi um afgreiðslu, sem ekki lætur skjöl þessi af hendi eða sýnir þau.



41

13. marz

Þegar aðkomutollafgreiðslu skips er lokið geta tolleftirlitsmenn tekið í sínar vörslur, ef þeir telja þess þörf, þjóðernis- og mælingarskírteini skips svo og skips-hafnarskrána og önnur skjöl eftir því sem við á. Skjöl þessi er tolleftirlitsmönnum heimilt að varðveita þar til skip hefur lokið erindum í þeirri höfn, greitt öll lögboðin gjöld og uppfyllt aðrar lögboðnar skyldur, en að því loknu afhendi þeir skjöl þessi aftur til skipstjóra, en honum ber að vitja þeirra áður en skip leggur úr höfn.

33. gr.

Áður en skip leggur úr höfn þar sem það hefur fengið fyrstu afgreiðslu ber tolleftirlitsmanni þar á staðnum að gefa út og afhenda skipstjóra tollafgreiðslu-skírteini. Skírteini þetta skal skipstjóri varðveita meðan skip er hér við land og sýna það tolleftirlitsmönnum hvenær sem krafizt er.

Í tollafgreiðsluskírteini skal tolleftirlitsmaður votta, að viðkomandi skip hafi fengið fyrirskipaða aðkomutollafgreiðslu. Þar skulu einnig skráðar upplýsingar um farm skipsins, sem það flytur áfram til síðari hafna og hvers konar aðrar upplýsingar, sem máli skipta fyrir þá, sem síðar afgreiða skipið eða eiga að hafa eftirlit með því, svo sem um innsigli í skipi, vöruskrár, sem það hefur meðferðis, ef tollrannsókn við aðkomuafgreiðslu skips hefur verið eitthvað áfátt, en bæta má úr því á síðari höfnum, sem skipið tekur, o. s. frv.

## VI. KAFLI

### Vöruskrár aðkomuskipa, farþega- og skipverjaskrár.

34. gr.

Allar vörur, sem skip hefur meðferðis frá útlöndum, skulu, með þeim undan-tekningum, sem gerðar eru í 2. mgr. þessarar greinar, færðar á skrá, sem gerð er á þann hátt, sem mælt er fyrir í 35. grein. Skrá þessi nefnist í reglugerð þessari aðalvöruskrá eða farmskrá skips.

Ekki er nauðsynlegt, að skráð sé á farmskrá skips:

1. Vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, ef vörur þessar eiga ekki að flytjast hér úr skipinu og þær eru skráðar á skrár þær, sem um ræðir í 1. og 2. tölul. 36. gr.
2. Farangur og munir, sem farþegar hafa meðferðis og geyma í vistarverum sínum um borð, eða geymt er í sérstökum rúmum í skipinu, sem eingöngu eru notuð til geymslu á slíkum flutningi. Sé farþegaflutningur hins vegar geymdur í farmrúmi, á þilfari, eða með öðrum varningi annars staðar í skipinu, ber að færa hann á farmskrá skips, nema gerð hafi verið um hann sérstök skrá samkvæmt 4. tölul. 36. gr.
3. Hlutir, sem skipstjóri og aðrir skipverjar hafa í vistarverum sínum, fatapokum, skápum, skipskistum og öðrum slíkum geymslum, ef hlutir þessir eru skráðir á skrá þá, sem um ræðir í 3. tölul. 36. gr.
4. Íverufatnaður, ferðanauðsynjar og aðrir tollfrjálsir einkamunir þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. hér að framan.

35. gr.

Sérstök farmskrá skal gerð um þær vörur, sem fermdar eru í skip á hverri höfn, og eiga að flytjast hingað til lands.

Á farmskrá frá hverri höfn skulu vörusendingar skráðar í óslitinni töluröð, og skal í sama númeri skrá allar þær vörur, sem eru á sama farmskírteini eða fylgibréfi. Um leið og farmskírteini eru gefin út skal skrá á þau farmskrárnúmerið.

Ef farmskírteini eru gefin út í fleiru en einu eintaki skal hvert eintak merkt með farmskrárnúmerinu. Á sama hátt skal merkja fylgibréf eða önnur skjöl, sem koma í stað farmskírteinis. 41  
13. marz

Ef farmskrá frá einhverri höfn er meira en eitt blað skulu þau heft saman og fest við þau yfirlitsskrá, er greinir fjölda farmskrárblaðanna til hvernar ákvörðunarhafnar ásamt númeratölu vörusendinganna, sem á þau eru skráð, og samantlagða þyngd þeirra eða rúmmál, ef vörumagnið er tilgreint í rúmmáli á farmskránni. Á yfirlitsskránni skal einnig greina útstrikanir og leiðréttingar, sem gerðar hafa verið á farmskránni eftir að hún var samin.

Farmskrár skulu vera vélritaðar eða greinilega skrifaðar svo auðvelt sé að lesa þær. Á þeim skal greinilega tilgreint um hverja vörusendingu fyrir sig: Sendandi og viðtakandi, heiti vörutegundar, stykkjatala, tegund umbúða, merki og númer, þungi, eða rúmmál, ef um trjávið er að ræða, og farmgjald.

Skipstjóri, eða afgreiðslumaður fyrir hans hönd, skal undirrita farmskrána ásamt yfirlýsingu um að hún telji allar þær vörur, sem fermdar hafi verið í skipið á viðkomandi höfn, og á farmskrá eiga að vera. Enn fremur skal skipstjóri eða afgreiðslumaður rita nafn sitt við leiðréttingar eða útstrikanir, sem gerðar hafa verið á farmskránni, nema þær séu taldar upp í yfirlitsskrá þeirri, sem í 3. mgr. getur. Nafnritun skipstjóra eða afgreiðslumanns á farmskrá skal staðfest af ræðismanni Íslands á fermingarstað, eða í nágrenni hans. Ef Ísland hefur ekki ræðismann í því landi þar sem vara er fermd, eða hann er búsettur svo langt frá fermingarstað, að ekki verður náð til hans, nema tefja för skipsins verulega, má í stað hans láta tollyfirvöld á fermingarstaðnum staðfesta nafnritun á farmskrána.

Farmskrá skal, ásamt yfirlitsskrá þeirri, sem í 3. mgr. getur, gegnumdregin og innsiglið með innsigli ræðismanns eða tollyfirvalds, sem staðfest hefur undirskrift hennar.

Ef farmskrár eru á erlendum málum getur tolleftirlitsmaður krafizt þess af skipstjóra að þær séu þýddar á íslenzku af hæfum manni. Ef farmskrár eru á öðrum málum en íslenzku, dönsku, ensku, norsku, sænsku eða þýzku, getur tolleftirlitsmaður synjað um leyfi til affermingar fyrr en þær hafa verið þýddar á íslenzku.

Bannað er að strika út eða gera leiðréttingar á farmskrám eða útdráttum eftir að skip hefur fengið aðkomuafgreiðslu hér á landi, nema í samráði við tollstjóra eða umboðsmann hans.

Breytingar, aðrar en leiðréttingar, má ekki gera á farmskrá eftir að skip hefur fengið afgreiðslu hér á landi, nema með samþykki fjármálaráðuneytisins, nema breytingar þær, sem leiða af því, að vara er affermd á annari höfn en aðalfarmskrá greinir, sbr. næstu málsgrein.

Vörur skulu, eftir því sem við verður komið, skráðar á farmskrá til þeirrar hafnar þar sem þær eru fluttar úr skipi því, sem flytur þær til landsins. Óski skipstjóri eða útgerð skips að flytja vörur úr skipi á annarri höfn, er það því aðeins heimilt, að tollstjóra eða umboðsmanni hans á affermingarhöfninni sé tilkynnt um það fyrirfram og honum jafnframt afhentur útdráttur úr farmskránni um vöruna. Fara skal með slíka vöru að öllu leyti sem hún sé á farmskrá til þeirrar hafnar þar sem hún er flutt úr skipi.

Tollstjóra á affermingarhöfn ber þegar að tilkynna endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins um þær breytingar sem verða á aðalfarmskrá skips samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

### 36. gr.

Auk farmskrár skulu vera í aðkomuskipi eftirtaldar vöruskrár:

1. Skrá um nauðsynjavistir. Á hana skulu skráðar allar vörur, sem ætlaðar eru til neyzlu og notkunar skipverjum og farþegum í skipinu sjálfu.

- 41 2. Skrá um skipsnauðsynjar, aðrar en nauðsynjavistir. Á hana skulu skráðar allar  
13. marz vörur, sem ætlaðar eru skipinu í sambandi við siglingu þess og viðhald, t. d. vélanauðsynjar, málning, hreinlætisvörur, kaðlar, vírar o. s. frv. og tilgreint magn hverrar vörutegundar. Skipstjóra er heimilt að sameina skrár þær, sem ræðir um í 1. og 2. tölulið, í eina skrá, eða skipta skrá þeirri er um ræðir í 2. tölulið í tvennt, skrá um vélanauðsynjar og aðrar skipsnauðsynjar.
3. Skrá um skipverja og muni þeim tilheyrandi. Á þessa skrá skulu færð nöfn allra skipverja ásamt því, sem hver þeirra hefur meðferðis af áfengum drykkjum, öli og öðrum drykkjarvörum, tóbaksvörum, vindlingapappír, hárvötnum, andlitsvötnum, ilmvötnum, sælgæti, spilum, skotvopnum, skotfærum, útvarps-tækjum, myndavélum, sjónaukum og öðrum slíkum munum svo og hvers konar varningur, sem er umfram íverufatnað og venjulega persónulega muni skipverja, endu séu munir þessir eða varningur ekki fært á aðalfarmskrá skipsins.
4. Skrá um farþegaflutning, sem geymdur er í farmrúmum skips eða öðrum geymslurúmum, eða á þilfari, og ekki er skráður á aðalfarmskrá skipsins. Á þessari skrá skal greina eiganda farangursins, ef unnt er, tölu, merki og tegund umbúða og innihald þeirra, ef við verður komið, svo og hvar í skipi hvert stykki af farangrinum er geymt.

Skipstjóra ber að sjá um, að allar þær skrár, sem taldar eru í þessari grein, séu gerðar og telst vanræksla á því brot gegn reglugerð þessari. Honum ber að undirrita skrár þær, sem um ræðir í 1., 2. og 4. tölulið hér að framan. Þó getur hann falið bryta að undirrita skrár um vistabirgðir skips og vélstjóra um vélanauðsynjar, og bera þeir þá ábyrgð á að þær skrár, sem þeir undirrita, séu réttar.

Hverjum skipverja ber að rita nafn sitt á skrá þá, sem getur í 3. tölulið til staðfestu því, að þar sé allt það talið, sem hann hefur meðferðis eða honum tilheyrir og á þeirri skrá á að vera. Jafnframt skal skipstjóri votta á skrána, að viðlagðri sektarábyrgð, að þar séu allir skipverjar taldir.

### 37. gr.

Nú eru í skipi vörur, aðrar en þær, sem greinir í 2. málsg. 34. gr., sem ekki eiga að affermast úr því hér við land en eiga að fylgja því aftur til útlanda og skal þá vera sérstök skrá um þær vörur í minnst 2 eintökum, undirrituðum af skipstjóra.

### 38. gr.

Í öllum skipum, sem koma hingað til lands og flytja farþega, skulu vera skrár í minnst 3 eintökum um farþegana. Á farþegaskrá skulu greind nöfn farþega, kynferði, staða, heimilisfang, þjóðerni, hvar þeir komu í skipið, til hvaða hafnar þeir ætla, á hvaða farrými þeir eru og í hvaða farklefa.

Skipstjóra ber að undirrita farþegaskrár og ábyrgist hann að þær séu réttar.

## VII. KAFLI

### Koma skipa frá innanlandshöfnum og afgreiðsla þeirra.

### 39. gr.

Þegar skip, sem er í utanlandsferðum, og fengið hefur fyrstu tollafgreiðslu, kemur síðar til hafnar hér á landi, til að afferma vörur eða setja í land farþega, ber skipstjóra að tilkynna tolleftirlitsmanni komu skipsins og má ekki hefja affermingu eða hleypa farþegum í land fyrr en tolleftirlitsmaður er kominn á vettvang og hefur gefið leyfi til þessa.

Ef afferma á úr skipinu vörur eða farangur, sem það hefur flutt hingað til lands, ber skipstjóra að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrá um þær vörur, ásamt vottorði sams konar og greinir í 5. málsg. 30. gr. 41  
13. marz

Enn fremur skal afhenda skrá um farþegaflutning, sem afferma skal á þeirri höfn, ef svo stendur á sem í 4. tölulið 36. greinar segir. Ef skip hefur jafnframt meðferðis vörur, sem það hefur tekið á innanlandshöfnum, ber einnig að afhenda farmskrá um þær.

Þegar tolleftirlitsmaður hefur fengið í hendur skrár þær og vottorð, sem í 2. mgr. getur, ber honum að athuga tollafgreiðsluskirteini skipsins, sóttvarnarskirteini og innsiglið. Þá ber honum að ganga úr skugga um, hvort innsigli eru heil og órofin. Að þessu loknu getur tolleftirlitsmaður leyft að afferming hefjist, enda sé fullnægt skilyrðum samkvæmt næsta kafla hér á eftir og að öðru leyti farið eftir þeim reglum, sem tolleftirlitsmaður setur, til að tryggja sé eftirlit með affermingunni.

#### 40. gr.

Tolleftirlitsmenn geta jafnan, er þeir telja þess þörf, ákveðið, að skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af veiðum, hvort sem um er að ræða skip í utanlandsferðum eða ekki, skuli háð sömu reglum sem aðkomuskip, en tolleftirlitsmenn skulu þá tilkynna skipstjóra, þegar er þeir koma á skipsfjöl, að framkvæma eigi eftirlit með skipinu á sama hátt sem um aðkomuskip væri að ræða.

### VIII. KAFLI

#### Afferming.

#### 41. gr.

Með þeim undantekningum, sem taldar eru í 3. mgr., er óheimilt að flytja úr skipi ótollafgreiddan varning annars staðar en á tollhöfnum.

Skipi, sem hefur meðferðis vörur, sem það hefur flutt frá útlöndum, og einnig hefur tekið vörur til flutnings innanlands, er einnig óheimilt að afferma þær vörur annars staðar en á tollhöfnum, fyrr en allar þær vörur, sem það hafði meðferðis frá útlöndum, hafa verið affermdar. Leyfilegar nauðsynjavistir og annar leyfilegur skipsforði er hér ekki talið með.

Vörur þær, sem um ræðir í 1. mgr., má afferma utan tollhafna:

1. Ef skip er strandað eða statt í neyð, svo að afferming er nauðsynleg til bjargar skipi eða farmi.
2. Ef ráðuneytið leyfir affermingu eftir framkominni beiðni. Ef um stykkjavöru er að ræða skal slíkt leyfi ekki veitt nema sérstakar ástæður mæli með því.

Nú flytur skip vörur, sem í 1. málsgrein greinir, og skal þá skipstjóri, ef vörurnar eru ekki tollafgreiddar jafnóðum og afferming fer fram, eða þegar teknar í vörslur tollgæzlunnar, tilnefna afgreiðslumann á staðnum, er veiti vörunum viðtöku til geymslu og ábyrgist vörzlu þeirra og afhendingu gagnvart tollyfirvöldum. Afgreiðslumaður skal hafa tök á að varðveita vöru með þeim hætti, sem segir í næsta kafla hér á eftir.

#### 42. gr.

Ekki má byrja að afferma skip, sem hefur meðferðis vörur, sem það hefur flutt frá útlöndum, nema með leyfi tolleftirlitsmanns. Tolleftirlitsmönnum ber að fylgjast með affermingu eftir föngum, og er öllum hlutaðeigendum skylt að hlýða fyrirskipunum er lúta að því að gætt sé reglu og öryggis við affermingu. Sérstaklega skulu tolleftirlitsmenn gæta þess, að vörum sé aðeins komið fyrir til geymslu í húsum, eða öðrum geymslustöðum, sem til þess eru ætlaðir og viðurkenndir til

41 þeirra nota, sbr. 9. kafla, og að öllum vörum, sem eru í skemmdum umbúðum, eða sem ástæða er annars til að ætla að séu skemmdar eða vanti í þær, sé komið fyrir á öruggum stöðum, enda skulu allar slíkar vörur rannsakaðar nákvæmlega svo skjótt sem kostur er á.

## 43. gr.

Afferming skal að jafnaði fara fram á þeim stað í höfn þar sem auðveldast er að koma við tolleftirliti. Skal þá einkum hafa í huga, að auðvelt sé að fylgjast með flutningi vörunnar frá skipshlið í vöruheymsluhús.

Tolleftirlitsmenn geta fyrirskipað, að skip sé látið liggja og að afferming fari fram á ákveðnum stað í höfn, sem hentastur þykir til tolleftirlits hverju sinni. Ákvörðun um affermingarstað og legustað skips skal tolleftirlitsmaður jafnan taka í samráði við hafnaryfirvöld.

## 44. gr.

Ef tolleftirlitsmaður tilkynnir skipstjóra eða þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd, eða afgreiðslumanni, að vörur verði taldar úr skipi vegna tolleftirlits, má skipið hvorki afferma né ferma neinar vörur, nema tolleftirlitsmenn séu viðstaddir til að fylgjast með affermingunni eða feringunni.

## 45. gr.

Þegar affermingu á hverri höfn er lokið ber skipstjóra að geta þess á eintaki því af aðalfarmskrá skipsins, sem skipinu fylgir, hverjar vörur þar hafa verið affermdar. Enn fremur ber skipstjóra, ef tolleftirlitsmaður krefst þess, að láta honum í té eintak af skrám þeim, sem trúnaðarmenn skipstjóra eða afgreiðslumanns við affermingu hafa ritað um vörur þær, sem affermdar hafa verið úr skipinu.

Tolleftirlitsmanni ber, ef ástæður þykja til, að ganga frá innsiglium á farmrúmum skipsins, eða læsa þeim að affermingu lokinni og láta þessa getið í tollafgreiðsluskirteini eða innsiglaskrá, ef hún hefur verið gerð.

## IX. KAFLI

## Afgreiðslur og vöruheymslur.

## 46. gr.

Skipstjórum og farstjórum annarra flutningatækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli hafna innanlands, svo og afgreiðslumönnum þessara farartækja, er óheimilt að afhenda viðtakendum vörur þessar, nema með skriflegu samþykki tollstjóra, eða umboðsmanns hans, í því umdæmi þar sem varan er, þegar afhending fer fram,

## 47. gr.

Á tollhöfnum, þar sem tollgæzlan hefur umráð vöruheymsluhúsa, geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar beint úr flutningatæki í þessi vöruheymsluhús til rannsóknar eða geymslu, þar til tollafgreiðsla þeirra fer fram.

## 48. gr.

Afgreiðslumenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli hafna innanlands, skulu hafa til umráða næga geymslustaði fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Vörur, sem fluttar eru í lokuðum umbúðum eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu fluttar beint úr flutningatækjum í sérstök vöruheymsluhús eða aðra geymslustaði, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til

þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, 41  
setja undir lás og innsigli tollgæzlunnar. Ekki má flytja ótollafgreiddar vörur úr 13. marz  
húsum þessum eða geymslustöðum, nema skriflegt leyfi tollstjóra eða umboðs-  
manns hans komi til.

#### 49. gr.

Vörugeymsluhús þau, sem um ræðir í 2. málsg. 48. gr., skulu vera svo vönduð og traustbyggð, að allur algengur varningur sé þar vel varinn og geymdur. Þau skulu liggja svo vel við fermingu og affermingu, að auðvelt sé að hafa eftirlit með flutningi varnings milli skips og húss. Í húsum þessum skal ávallt greint á milli tollafgreiddrar og ótollafgreiddrar vöru með skilrúmi, svo að engin hætta sé á, að þeim verði blandað saman. Tollafgreidd telst vara í þessu sambandi, ef tollflokun hennar og skoðun hefur farið fram, þótt aðflutningsgjöld af henni séu ógreidd.

#### 50. gr.

Tolleftirlitsmenn skulu hafa óhindraðan aðgang að vörugeymsluhúsum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar, til hvers konar eftirlits og rannsóknar í sambandi við starf sitt. Þeim er og jafnan heimilt að innsigla slíka geymslustaði og setja lása sína fyrir þá.

Í vörugeymslum þar sem geymdur er varningur í lokuðum umbúðum eða annar varningur, sem þarf sérstakrar rannsóknar við, skal afgreiðslumaður leggja tolleftirlitsmönnum til sérstaka skála, þar sem rannsókn og skoðun á vörum getur farið fram. Skoðunarskálar skulu þannig úr garði gerðir, að unnt sé að hita þá upp, að þar megi hafa næga birtu og auðvelt sé að halda þeim hreinum. Enn fremur skal svo um húið, að óviðkomandi aðilar eigi ekki aðgang að skoðunarskálunum, meðan skoðun eða rannsókn vöru fer fram.

## X. KAFLI

### Flutningur á ótollafgreiddum varningi innanlands.

#### 51. gr.

Ef vöru á að senda ótollafgreidda frá þeim stað þar sem hún var flutt úr farartæki því, sem flutti hana frá útlöndum, er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem hér fara á eftir, samanber þó 53. og 54. gr.

1. Varan sé send til tollhafnar.
2. Afgreiðslumaður skips þess, sem vöruna flutti frá útlöndum, eða ef hann er enginn á staðnum, skipstjóri, afhendi tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vara er flutt úr skipi, eintak af farmskirteini eða fylgibréfi, sem varan er send með áfram, eða eftirrit af því.
3. Eintakið af farmskirteininu eða fylgibréfinu, sem um ræðir undir 2, sé afhent tollstjóra eða umboðsmanni hans svo tímanlega, að fram geti farið skoðun og innsigluð vörunnar áður en hún er flutt um borð í skipið, sem flytja á vöruna til ákvörðunartollhafnarinnar.
4. Afgreiðslumaður sá, sem sendir vöruna áfram, eða skipstjóri, sendi með vörunni til afgreiðslumanns á ákvörðunarstað vörunnar, eða ef hann er enginn þar, afhendi farstjóra eintak af farmskirteini eða fylgibréfi yfir vöruna eða eftirrit af því, með áritun um það, að ekki megi afhenda viðtakanda vöruna, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar.
5. Að farmskirteinin eða fylgibréfin, sem gefin verði út fyrir vörunni, séu með þeirri sérstöku gerð, að þau séu rauð að lit og beri greinilega með sér áritun um það, að varan sé ótollafgreidd og megi því ekki afhenda hana án leyfis viðkom-

41  
13. marz

andi tollstjóra eða umboðsmanns hans að viðlögðum sektum og ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Farmskirteini það, eða fylgibréf eða farmskrárútdráttur, sem tollstjóra eða umboðsmanni tollstjóra á fermingarhöfninni er afhent samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, sendir hann áfram til tollstjóra eða umboðsmanns hans á affermingarhöfninni, ásamt tilkynningu um að aðflutningsgjöld af vörunni séu ógreidd og öðrum innflutningsskilyrðum eftir atvikum ófullnægt. Samrit af bréfi þessu sendir tollstjóri á sendingarstað endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins svo fljótt sem við verður komið. Ráðuneytið ákveður nánar og lætur prenta form fyrir bréf þessi.

#### 52. gr.

Ef svo stendur á, að vörur eru á aðalfarmskrá skips skráðar til annarar tollhafnar en þeirrar, þar sem þær fyrst eru fluttar úr skipi, sbr. 10. málsg. 35. gr., má, þegar þær eru fluttar áfram til ákvörðunarstaðar, nota farmskrá þá, sem fylgdi vörunum til landsins í stað farmskirteinis eða fylgibréf samkvæmt 2. tölulið 51. gr., en farmskráreintakið skal þá greinilega merkt fyrirvara þeim, sem í 5. tölulið greinir og að öðru leyti skal fullnægt skilyrðum 51. gr.

#### 53. gr.

Ef sérstaklega stendur á getur ráðuneytið mælt svo fyrir, að í stað þess að farið sé eftir reglum 51. gr. um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands megi flytja slíkar vörur á þann hátt, að tollfirtlitsmenn á sendingarstað gefi út með vörunni sérstakt fylgibréf til tollstjóra eða tollgæzlu á ákvörðunarstað. Fylgibréf þetta skal fengið í hendur farstjóra á farartæki því, sem flytur vöruna til ákvörðunarstaðar, og kvittar hann fyrir móttöku þess og vörunnar á samrit fylgibréfsins. Vörur, sem fluttar eru á þennan hátt, má farstjóri aðeins afhenda tollstjóra, umboðsmanni hans eða tollfirtlitsmönnum á ákvörðunarstað, og ber farstjóri flutningatækisins ábyrgð á vörunni þar til hún er komin í hendur þessara aðila með sama hætti og segir í 46. gr.

Á fylgibréfi skal greinilega tekið fram um skyldu farstjóra til að afhenda vöruna aðeins þeim aðilum, er getur hér að framan, og um viðurlög, sem við því liggja ef út af er brugðið. Að öðru leyti ákveður ráðuneytið gerð þessara bréfa.

#### 54. gr.

Ráðuneytið getur með bréfi kveðið svo á, að ótollafgreiddar vörur, sem há aðflutningsgjöld hvíla á, eða af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar gæzlu við, megi aðeins flytja með farartækjum, sem eru af sérstakri gerð eða með sérstökum útbúnaði, svo sem í lokuðum vögnum, sem tollgæzlan getur læst eða innsiglað, í sérstökum geymslum í farmrúmi skips o. s. frv.

Tollgæzlumenn geta jafnan sett innsigli sin á vörur, sem flytja á milli tollhafna, eða gert aðrar ráðstafanir til tryggingar gegn misferli í sambandi við flutninginn.

## XI. KAFLI

### Um skipsforða og eigur skipverja.

#### 55. gr.

Við aðkomuafgreiðslu skips ber tollfirtlitsmönnum að athuga gaumgæfilega skrár þær um skipsnauðsynjar og nauðsynlegar vistir, sem getur í 1. og 2. tölulið 33. greinar og, ef ástæða þykir til, staðreyna með birgðakönnun, hvort þær séu réttar. Að þeirri rannsókn lokinni ákveða þeir um meðferð birgðanna, meðan skipið er hér við land.

Við rannsókn á skipsbirgðum og birgðaskráum skal þess jafnan gætt, hvort þar séu munir eða varningur, sem algert innflutningsbann er á af sóttavarnar-<sup>41</sup> ástæðum eða öðrum öryggisástæðum, eða munir, sem háðir eru sérstöku opinberu eftirliti, svo sem lifandi dýr. Um slíka muni eða varning skal tolleftirlitsmaður gæta þeirra varúðar- og öryggisráðstafana, sem settar eru eða honum virðast nauðsynlegar. T. d. ber að hafa lifandi dýr lokuð inni eða hlekkjuð meðan skip er hér við land, og ávallt ber að vekja athygli skipstjórnarmanna á fyrirmælum, er gilda um muni, sem hætta er talin stafa af.

Allar birgðir skips og skipverja af tóbaksvörum, sem eru umfram leyfilegan neyzluforða samkvæmt 58. gr. ber þegar að setja undir innsigli. Sama gildir um áfengi samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í sérstakri reglugerð, svo og um skotvopn, sprengjur, skotfæri, ilmvötn og aðrar einkasöluvörur og sælgæti. Enn fremur ber jafnan að setja undir innsigli varning og muni, er skipverjar hafa meðferðis, sem eru umfram persónulegar þarfir þeirra og ekki eiga að flytjast úr skipi á afgreiðsluhöfninni. Um aðrar birgðir skips tekur tolleftirlitsmaður ákvörðun, hvort þær skuli vera áfram í skipi eða ekki. Yfirleitt ber að innsigla svo mikið, sem við verður komið af dýrum vörum eða vörum, sem há aðflutningsgjöld eru af, nema magn þeirra sé sýnilega ekki umfram nauðsynjar til þeirrar ferðar skipsins.

#### 56. gr.

Allar vörur og munir, sem sett er undir innsigli í vistageymslum og öðrum birgðageymslum skips, eða í sérstökum geymslum, ber að færa nákvæmlega á skrá, sem nefnist innsigli skrá skipsins. Tollgæzlumanni þeim, sem sér um innsiglu, ber að undirrita skrána og færa á hana tölu og lýsingu þeirra staða, sem innsiglaðir hafa verið, svo og auðkenni á innsiglistöng þeirri, sem notuð hefur verið. Innsigli þessi má enginn opna nema tolleftirlitsmaður.

Ef vörur eru láttnar undan innsigli til notkunar um borð í skipi eða til flutnings úr skipi til tollafgreiðslu, skal tolleftirlitsmaður, sem fylgist með þessu, færa það á innsigli skrána, sem út hefur verið látið, geta þess í hvaða skyni það var látið undan innsigli og einkennis á innsiglistöng þeirri, sem hann notaði til að innsigla geymslurúmið að nýju. Athugasemd þessa skal viðkomandi tollgæzlumáður undirrita. Við brottför úr seinustu höfn hérlendis ber að afhenda tolleftirlitsmanni þeim, sem veitir skipi brottfararafgreiðslu, innsigli skrána og ber honum, ef því verður við komið, að fullvissa sig um, að þær birgðir séu enn í skipinu, sem þar eiga að vera samkvæmt innsigli skrá og öðrum gögnum, og skal tollvegabréf til útlanda að jafnaði ekki gefið út fyrr en slík rannsókn hefur farið fram.

Ef einhverjar þær vörur, sem eiga að vera undir innsigli samkvæmt innsigli skrá, hverfa úr skipi, án þess að gerð sé fullnægjandi grein fyrir því með áritun tollgæzlumanns á skrána, hvað af þeim hafi orðið, ber að kæra það athæfi til refsingar. Enn fremur ber að innheimta full aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem horfið hafa, auk hæfilegs gjalds til viðkomandi einkasölu, ef um einkasölvöru er að ræða.

#### 57. gr.

Í sambandi við áhöld, innstæðumuni, birgðir og vistir skipa, sem koma frá útlöndum, og tollfrjálst er samkvæmt a- og b-liðum 2. gr. tollskrárlaganna, ber þess að gæta, að munir þessir og vörur séu ekki umfram það, sem hæfilegt má telja með tilliti til stærðar skips, ferðar þess og eftir öðrum atvikum. Það, sem umfram er sýnilegar nauðsynjar slíkra muna og vista, ber að flytja í land og greiða aðflutningsgjöld af því, eftir að innflutningssskilyrðum, svo sem veitingu innflutningsleyfa, hefur verið fullnægt.



41 14. marz Að öðru leyti er það skilyrði fyrir tollfrelsi muna þessara og birgða að þær séu áfram í skipinu meðan það er hér við land, nema það, sem notað er um borð í skipinu til nauðsynja þess og skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

Öheimilt er að gefa, selja eða láta á annan hátt af hendi tollfrjálsar birgðir skips, til brottflutnings úr skipi eða að flytja slíkar birgðir af skipsfjöl án löglegrar tollafgreiðslu.

#### 58. gr.

Heimilt er tolleftirlitsmönnum að merkja með innsigli eða á annan auðkennilegan hátt skipsbúnað íslenzkra skipa eða muni, sem eru í eign skipverja á íslenzkum skipum og þeir hafa um borð í skipunum, svo sem útvarpsviðtæki, sjónvarpstæki, ritvélar, hljóðritunartæki, sjónauka o. s. frv. Gera skal eigendum munanna aðvart, ef þeir hafa verið þannig auðkenndir, og enn fremur skal skipstjóra afhent skrá um þá muni, sem þannig hafa verið auðkenndir í skipi hans.

Skipstjóra ber að varðveita skrá þessa og sýna hana tolleftirlitsmönnum, þegar þess er krafizt. Hverfi munur úr skipi, sem þannig hefur verið auðkenndur, ber eiganda hans að greiða af honum full aðflutningsgjöld, auk einkasölugjalds, ef því er að skipta, nema hann geri fullnægjandi grein fyrir, að munurinn hafi fyrirfarizt eða verið fluttur úr skipi erlendis.

#### 59. gr.

Við komu skips frá útlöndum er hverjum skipverja heimilt að halda utan innsigli án greiðslu aðflutningsgjalda 400 stk. af vindlingum til eigin nota, eða tilvarandi magn af öðru tóbaki, og reiknast í því sambandi hver vindlingur vege 1 gram, smávindill 3 grömm og aðrir vindlar 6 grömm.

Ef skip, sem er í utanlandssiglingum, dvelur hér við land lengur en 5 daga samfleytt má gefa skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða tilvarandi magn af öðru tóbaki til hverra 5 daga. Skipstjóri, yfirvélstjóri og bryti skulu, vegna risnu, fá tvöfaldan tóbaksskamt þann, sem að framan greinir.

Hverjum manni af áhöfn flugfars, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, er heimilt að taka með sér inn í landið án greiðslu aðflutningsgjalda allt að 200 vindlingum eða tilvarandi magn af öðru tóbaki samkvæmt 1. málsgrein. Engum er þó heimilt að flytja til landsins á þennan hátt meira magn tóbaks á mánuði en sem svarar 600 vindlingum. Ráðuneytið mælir nánar fyrir um, hvernig þessa skuli gætt.

#### 60. gr.

Skip telst vera í utanlandssiglingum samkvæmt þessum kafla meðan það er hér við land og flytur til innlendra hafna vörur eða farþega, sem það hefur flutt hingað til lands frá útlöndum eða vörur eða farþega, sem það hefur tekið við hérlendis til flutnings til útlanda. Hefji skipið hins vegar flutninga á farþegum eða vörum eingöngu milli innanlandshafna, telst það stunda innanlandssiglingar.

#### 61. gr.

Þegar utanlandssiglingu skips lýkur ber því að greiða aðflutningsgjöld af vista- birgðum sínum og fullnægja öðrum innflutningsskilyrðum, og afhenda birgðir sínar af einkasöluvörum til tolleftirlitsins, sem skilar þeim til viðkomandi ríkis- einkasölu. Innlend fiskiskip teljast vera í utanlandssiglingum, meðan þau veiða afla, er þau síðan sigla með til útlanda, en er þau hefja veiðar, eða aðrar siglingar að nýju skal svo með farið, sem greinir hér á undan.

## XII. KAFLI

## Um farangur ferðamanna og um vistferlaflutning.

41

13. marz

## 62. gr.

Hverjum farþega, sem kemur hingað frá útlöndum, ber ótilkvöðdum að framvísa fyrir tolleftirlitsmanni öllum þeim farangri, sem hann hefur meðferðis, nema farangurinn sé færður á farmskrá farartækis eða farþegaflutningsskrá, en þá gilda um tollafgreiðslu hans almennar reglur um tollmeðferð aðfluttra vara. Vanræksla á að framvísa slíkum farangri telst til brota á reglugerð þessari og 38. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit.

Þegar farþegi hefur gefið sig fram við tolleftirlitsmann með farangur sinn, ber tolleftirlitsmanni að inna hann eftir, hvort hann hafi meðferðis nokkrar tollskyldar vörur, eða vörur, sem innflutningsbann er á. Svári farþegi því játandi skal hann krafinn nákvæmra upplýsinga um tegund og magn þeirra vara. Að fenginni yfirlýsingu farþega um framangreind atriði getur tolleftirlitsmaður krafizt þess, að farþegi opni ferðatöskur sínar og aðrar lokaðar umbúðir, sem hann hefur meðferðis, og sýni nákvæmlega innihald þeirra.

## 63. gr.

Tollfrjáls er notaður fatnaður og aðrir gripir, sem telja má eðlilegar ferðanauðsynjar farþega, sem koma hingað frá útlöndum, ef munir þessir eru ekki umfram það, sem að mati tolleftirlitsmanna er hæfilegt, miðað við persónulegar ástæður farþegans, lengd ferðalagsins og hvernig því að öðru leyti er háttáð. Við mat á þessu skal það m. a. tekið til greina, hvort viðkomandi farþegi er búsettur hérlendis eða erlendis og hvort hann kemur hingað einungis til skamrar dvalar eða er að flytjast búferlum um lengri óákveðinn tíma.

Ef um er að ræða mann búsettan hérlendis, sem dvalið hefur í útlöndum, eru yfirleitt allir munir, sem hann hefur meðferðis frá útlöndum tollskyldir, nema venjulegar notaðar ferðanauðsynjar, sem teljast verða hæfilegar miðað við ferðalag það, sem hann hefur verið í.

Hvers konar tæki og áhöld, svo sem útvarpstæki, grammófónar, ritvélar, hljóðritunartæki, veiðistengur, reiðhjól og annað því líkt, sem slíkir farþegar hafa meðferðis, skal talið tollskyld, nema viðkomandi farþegi sýni fram á að hann hafi haft það með sér héðan til útlanda.

Farþegar, sem búsettir eru erlendis, og koma hingað, til stuttrar dvalar og hafa með sér tæki eða áhöld slíki, sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, þurfa ekki að greiða toll af þeim tækjum eða áhöldum, ef þeir hafa þau með sér aftur til útlanda, er þeir hverfa úr landi. Má heimta af þessum ferðamönnum skriflega yfirlýsingu um, að þeir ætli sér að flytja muni þessa úr landi, og getur ráðuneytið gefið út fyrirmæli um form slíkrar yfirlýsingar, svo og reglur um, hvernig hagað skuli eftirliti með því að henni sé framfylgt. Hafi farþegar, sem ætla að dvelja hér um stundartakir, með sér heimilismuni, áhöld eða tæki, sem umfram eru venjulegar ferðanauðsynjar, en ætlaðir eru til persónulegra nota fyrir hann eða fjölskyldu hans, meðan hann dvelur hér á landi, getur hann, í stað þess að greiða aðflutningsgjöld af munum þessum, sett peningatryggingu, sem gjöldunum nemur, hjá viðkomandi tollstjóra. Trygging þessi stendur meðan viðkomandi ferðamaður dvelur hérlendis, þó aldrei lengur en 1 ár, og endurgreiðist þegar lagt er fram vottorð tolleftirlitsmanns um, að munirnir hafi verið fluttir úr landi eða að þeir hafi verið afhentir til flutnings úr landi með farartæki, sem stundar utanlandsferðir, og settir á útflutningsfarmskrá þess farartækis.

Ef viðkomandi ferðamaður dvelur hér meira en 1 ár frá því, að hann flutti inn

41 muni þá eða tæki, sem hér um ræðir, ber honum annaðhvort að greiða af þeim aðflutningsgjöld og fullnægja öðrum aðflutningsskilyrðum, eða ef skilyrði eru til þess, tollafgreiða þau sem vistferlaflutning samkvæmt 64. grein.

Um bifreiðar og bifhjól ferðamanna gilda sérreglur, samkvæmt b.-lið 3. greinar tollskrárlaganna.

#### 64. gr.

Undanþegnir greiðslu aðflutningsgjalda eru notaðir heimilismunir manna, sem flytja hingað til lands vistferlum til búsetu um langan óákveðinn tíma, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Að viðkomandi hafi verið fast búsettur erlendis a. m. k. næstu 12 mánuði áður en hann flytur hingað.
2. Að hann hafi muni þessa með sér, er hann flytur hingað til lands, eða flytji þá hingað eigi síðar en 6 mánuðum eftir að hann tók hér bólfestu. Ráðuneytið getur gefið undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur í upphafi verið ákveðin einungis til skamms tíma en framlengist síðar til varanlegrar búsetu.
3. Að munirnir hafi verið í eigu viðkomandi manns erlendis eigi skemur en eitt ár og notaðir á heimili hans þann tíma.
4. Að munirnir beri þess greinileg merki, að þeir séu notaðir.
5. Að viðkomandi gefi við tollafgreiðslu munanna skriflega yfirlýsingu um, að skilyrðum samkvæmt 1.—4. tölulið sé fullnægt og þeir séu fluttir inn eingöngu til afnota á heimili hans hérlendis.

Ef ástæða þykir til geta tolleftirlitsmenn krafizt skilríkja um atriði, þau, sem greinir í 1.—3. tölulið hér á undan, svo og um búsetuheimild innflytjandans hér, um fjölskyldu hans og atvinnu og annað, sem máli getur skipt um það, hvort skilyrðunum um tollfrjálsan vistferlaflutning er fullnægt.

### XIII. KAFLI

#### Um aðflutningsskýrslur, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda.

#### 65. gr.

Áður en viðtakandi vitjar aðfluttrar vöru, skal hann afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um vöruna. Skýrsla þessi skal greina, hvenær og með hvaða skipi varan var innflutt, tegund hennar, magn og verð, sem aðflutningsgjöld eru ákveðin eftir, tegund, tölu, merki og númer umbúða, sem varan var flutt í til landsins, þyngd vöru með umbúðum, og önnur atriði, sem ráðuneytið ákveður, og tolleftirlitið eða tollheimtan þarf að fá upplýsingar um. Ráðuneytið ákveður form aðflutningsskýrslunnar.

#### 66. gr.

Til staðfestingar verði, vörutegund, vörumagni og öðrum atriðum, sem greina ber í aðflutningsskýrslu, ber viðtakanda að leggja fram með skýrslunni innkaupsreikninga, farmskirteini eða fylgibréf, kostnaðarreikninga og önnur skjöl, sem við koma innfluttri vöru og þýðingu hafa um ákvörðun aðflutningsgjalda af henni.

#### 67. gr.

Aðflutningsskýrslur og önnur skjöl um aðfluttar vörur ber að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans á tollhöfn, þar sem vara er, þegar tollafgreiðslu er beiðst. Þar skal og greiða aðflutningsgjöld af vörunni og fullnægja öðrum innflutningsskilyrðum, nema viðkomandi tollstjóri samþykki annað.

## 68. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar skip það, sem vörurnar flytur, hefur hafnað sig, þar sem gjöldin eiga að greiðast.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri.

## 69. gr.

Hinar aðflutningsskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og málskostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en gjöld þessi og kostnaður hefur verið greitt. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefur tollstjóri vald til að selja vörurnar án undanfarins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar gjöldum þeim, sektum og málskostnaði, er á vörunum hvíla. Uppboð skal boðað með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast greiðslu við hamarshögg. Náist ekki til vöru þeirrar, sem aðflutningsgjöldin hvíla á, eða andvirði hennar hrekkur ekki til, má þá gera lögtak fyrir gjöldunum, eða eftirstöðvum þeirra, í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt sem að framan greinir.

Nú hefur vara verið afhent viðtakanda án þess að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af henni eða gjöldin hafa ekki verið greidd að fullu, getur tollstjóri þá neitað þeim, sem ábyrgð ber á greiðslu gjaldanna, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

## XIV. KAFLI

## Um skemmdir á aðfluttum vörum og uppboðssölu sjóskemmdra vara.

## 70. gr.

Hafi aðflutningsgjaldskyld vara ónýtt á leið hingað til lands eða við uppskipun, skal ekki greiða aðflutningsgjöld af henni, ef viðtakandi sannar með vottorði tolleftirlitsmanns, að farmskrá skips telji meira en viðtakandi fær, enda skal jafnan kveðja tolleftirlitsmann til þegar það kemur í ljós, að vara hefur ónýtt á leið hingað til lands eða við uppskipun.

## 71. gr.

Séu seldar á uppboði sjóskemmdar vörur, sem vörumagnstollur hvílir á, skal greiða þann toll fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist ekki það boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið allt í ríkissjóð, að kostnaði frádragnum. Séu hins vegar seldar á uppboði vörur, sem verðtollur hvílir á, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðsandvirðinu.

## XV. KAFLI

## Endursending vara.

## 72. gr.

Ef vara, sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, er endursend ónotuð í því ástandi, er hún var í, þegar hún var flutt hingað til lands, getur sá, er endursendir vöruna, fengið skírteini þar að lútandi hjá tollstjóra, sem innheimt hefur aðflutningsgjöld af vörunni. Ef hann síðar skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem um ræðir í skírteininu, sé þangað innflutt, endurgreiðir fjármálaráðuneytið honum aðflutningsgjöldin, að 2% frádragnum.

Þó eru ekki endurgreidd aðflutningsgjöld, ef lengri tími en eitt ár líður frá því, að varan var flutt hingað til lands, þar til hún er endursend úr landinu.

- 41  
13. marz Nú er vara, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundið að eða neitað hefur verið viðtöku á, endursend innan árs frá því hún var flutt hingað til lands, og endursending vörunnar fer fram undir umsjón tolleftirlitsmanns, sem gefur út skirteini þar að lútandi, sem fylgir vörunni til útlanda, þá eru ekki heimt af henni aðflutningsgjöld, ef sá, sem endursendi vöruna, afhendir framangreint skirteini tolleftirlitsmanni þeim, er gaf það út, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem í skirteininu greinir, sé þangað innflutt. Nú afhendir sá, sem endursendir vöruna, ekki tolleftirlitsmanni innan hæfilegs tíma, sem toll-  
effirlitsmaður tiltók, skirteinið, svo útbúið sem að framan greinir, og ber endur-  
sendanda þá að greiða aðflutningsgjöld af vörunni, sem tolleftirlitsmaður ákvað, áður en hann gaf skirteinið út.

## XVI. KAFLI

### Útflutningsskýrslur og önnur skjöl, sem við koma útfluttri vöru.

#### 73. gr.

Allir, sem ætla að flytja til útlanda vörur, skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um vörur þessar.

Skýrsla þessi skal tilgreina hvenær og með hvaða skipi varan verður útflutt, landið, sem varan á að flytjast til, tegund og magn hennar, og ef varan er í umbúðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra, þyngd vöru með umbúðum, söluverð, ef selt er, annars fob. gangverð, og önnur atriði, sem tollheimtan og toll-  
effirlitið þarf að fá vitneskju um og eyðublöð þau greina, sem gerð verða til af-  
nota undir útflutningsskýrslur.

Eigi þarf að gefa útflutningsskýrslur um vörur, sem skip tekur héðan úr landi og ætlaðar eru til notkunar í sambandi við siglingu þess, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 78. gr.

Þá þarf ekki að gefa útflutningsskýrslur um venjulegan farangur farþega, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 78. gr., en með venjulegum farangri farþega er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem farþegarnir hafa með sér til eigin nota á ferðalaginu.

Enn fremur þarf ekki að gefa útflutningsskýrslur um venjulegan farangur skipverja, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 78. gr., en með orðunum venjulegur farangur skipverja er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem heyra til skipverjum og farangur þessi sé til eigin nota skipverjanna á skipinu.

#### 74. gr.

Útflytjendur eru skyldir til að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskirteini, fylgibréf reikninga, sem fylgja vörum til útlanda og önnur skjöl og skilríki, sem tolleftirlitsmenn þurfa að sjá vegna eftirlits og starfa sinna.

#### 75. gr.

Afhenda ber útflutningsskýrslur og önnur skjöl um útflutningsvörur og greiða útflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, sem vörunnar fara um borð í skipið, er á að flytja þær til útlanda.

Heimilt er þó, ef vörur eru fluttar milli tollhafna til umskipunar í útflutningsskip, að afhenda útflutningsskýrslur og skjöl, greiða útflutningsgjöld og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi varanna fyrir tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, sem vörunnar fara um borð í skipið, sem flytur þær til þeirrar tollhafnar, sem þær eiga að koma á vöruskrár, en vörum þessum skal fylgja vottorð frá tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem gerð voru

skil á útflutningsskýrslum, útflutningsskjölum og útflutningsgjöldum, um það, **41**  
að fullnægt sé þeim fyrirmælum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörurnar **13. marz**  
til útlanda.

#### 76. gr.

Skýrslu um söluverð afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu tollhöfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla til sölu á erlendum markaði, þegar það næst leitar tollhafnar hér á landi. Hafni skipið sig ekki fyrst á þeirri tollhöfn, sem það er skrásett og útgerð skips er, þer að senda skýrslu þessa tollstjóra þar.

#### 77. gr.

Afhenda þer útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi fyrir tollstjóra eða umboðsmanni hans svo tímanlega, áður en vörurnar eða farangurinn er fluttur um borð í skipið, sem á að flytja þær til útlanda, að fram geti farið skoðun á vörunum.

Þegar vörur eða farangur er fluttur milli tollhafna til umskipunar, þer að afhenda útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi svo tímanlega fyrir tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til þeirrar hafnar, sem umskipun á að eiga sér stað, að fram geti farið skoðun á vörunum, áður en vörurnar eru fluttar um borð.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að veita undanþágu frá fyrirmælum 1. og 2. mgr., ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um vörur er að ræða, sem hafa verið metnar af lögskipuðum matsmönnum.

Slíkar undanþáguveitingar eru þó bundnar því skilyrði, að skipstjórar eða afgreiðslumenn eru skyldir til að afferma vörur aftur, ef tollgæzlumaður álitur það nauðsynlegt, vegna skoðunar varanna, ákvörðunar útflutningsgjalda eða ákvörðunar á verðmæti varanna.

#### 78. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir, að öllum vörum, sem flytja á um borð í skip, sem ætlar til útlanda eða er í utanlandssiglingum, og eru ætlaðar skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, skuli framvísað, þær skoðaðar og um þær gefnar skýrslur í tollbúð eða á öðrum stað, sem toll-  
eftirlit er framkvæmt á, áður en vörurnar eru fluttar um borð í skipið.

Þá getur ráðuneytið mælt svo fyrir, að öllum farþega- og skipverjafarangri skuli framvísað, hann skoðaður og um hann gefnar skýrslur, ef ástæða þykir til, í tollbúð eða á öðrum stað, þar sem toll-  
eftirlit er framkvæmt, áður en vörur þessar eru fluttar um borð í skipið.

Annars er skylt að framvísa fyrir toll-  
eftirlitsmönnum vörum þeim og farangri, sem um ræðir í 73. gr. og í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, hvenær sem þeir óska og hvort sem vörurnar eða farangurinn hefur verið fluttur um borð í skipið eða ekki.

Fyrirmæli þau, sem ráðuneytið kann að gefa samkvæmt 1. og 2. mgr., skulu birt í blöðum eða með öðrum álika almennum hætti, svo og í B-deild stjórnartíðindanna.

#### 79. gr.

Sá — farmflytjandi, sendandi, skipverji, farþegi eða annar —, sem flytur um borð vörur eða farangur, sem gefa þer útflutningsskýrslur um, áður en vörurnar eru fluttar um borð, hefur gerzt brotlegur við 40. gr. laga um tollheimtu og toll-  
eftirlit.

- 41 Vanræksla á að leggja fram skjöl þau, sem um ræðir í 74. gr. eða það, að lögð  
13. marz eru fram skjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur eða verð vara, telst til brota á reglugerð þessari.

## XVII. KAFLI

### Ferming.

#### 80. gr.

Aðeins á tollhöfnum er heimilt að flytja í skip vörur — þar með taldar vörur til skipsþarfa, farangur, fiskafli og önnur veiði —, sem það skip á að flytja til útlanda, en ekki á öðrum höfnum, nema með leyfi tollstjóra, sem í hlut á.

Einnig er óheimilt utan tollhafna að ferma í skip vörur, sem flytja á til innanlandshafna, ef í skipið hafa verið fermdar vörur, sem það á að flytja til útlanda, eða ef í skipinu eru óaffermdar vörur, sem það hefur flutt hingað til lands, nema með leyfi tolleftirlitsmanns.

#### 81. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki byrja að ferma í skip vörur, sem það á að flytja til útlanda, fyrr en þeir hafa tilkynnt tollgæzlumanni um ferminguna, hvar og hvenær hún eigi að fara fram og í aðalatriðum, hvað eigi að ferma.

#### 82. gr.

Nú eru vörur afhentar skipstjóra eða afgreiðslumanni til fermingar og útflutnings, og mega þessir menn eða starfsmenn þeirra ekki flytja vörurnar um borð, fyrr en þeir hafa sannfært sig um, að tollstjóra eða umboðsmanni hans hafi verið afhentar útflutningsskýrslur, og að fyrir þeim hafi verið fullnægt öðrum skilyrðum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörur til útlanda.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að veita undanþágu frá fyrirmælum 1. mgr., ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um er að ræða vörur, sem fyrir hafa verið metnar af lögskipuðum matsmönnum.

Slíkar undanþáguveitingar eru bundnar sams konar skilyrði og um ræðir í 4. mgr. 77. gr.

#### 83. gr.

Ef fermdar hafa verið í skip vörur, sem það á að flytja til útlanda, má ekki flytja vörur þessar úr skipi hér á landi, nema með leyfi tolleftirlitsmanns.

#### 84. gr.

Tollgæzlumenn geta fyrirskipað, að ferming fari fram á tilteknum stöðum, sem þeir vísa á.

#### 85. gr.

Ef tolleftirlitsmaður tilkynnir skipstjóra eða þeim, sem er fyrir hans hönd, eða öðrum, sem standa fyrir fermingu, að hann eða starfsmenn hans ætli að telja vörur í skip, má ekki ferma vörur í skip eða afferma vörur úr skipi, nema tollgæzlumenn séu viðstaddir til að fylgjast með fermingunni eða affermingunni.

Annars skulu hlutaðeigendur skyldir til að hlýða fyrirskipunum tolleftirlitsmanna um það, að við fermingu sé gætt reglu og öryggis.

## XVIII. KAFLI

41

## Farmskrár og aðrar skrár útflutningsskipa.

13. marz

## 86. gr.

Skipstjórar skulu gera farmskrá í minnst 4 samritum yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings frá hverri höfn.

Ónauðsynlegt er, að settar séu á útflutningsfarmskrár vörur, sem skip tekur hér og ætlaðar eru útflutningsskipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, enda séu vörur þessar ekki umfram það, sem almennt tíðkast, og þær skráðar á skrá þá, sem um ræðir í 87. gr. Þá þarf ekki að skrá á farmskrá hluti, sem farþegar, sem verða með skipinu, hafa meðferðis í ferðatöskum eða umbúðum, þar sem fót þeirra eru geymd og venjulega er ekki heimt sérstakt flutningsgjald fyrir, en séu töskur þessar, umbúðir eða því líkt ekki skráð á farmskrána, en hins vegar í geymslu í lestarrúmum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða til geymslu á þilfari, þer að skrá það á farangursskrá þá, sem um ræðir í 88. gr. Enn fremur er ónauðsynlegt, að skráðir séu á farmskrána hlutir, sem skipverjar — skipstjóri talinn með — hafa í fatapokum sínum, töskum eða umbúðum, þar sem þeir geyma fót sín og ekki er venjulega heimt flutningsgjald fyrir, en ef skipverjar koma töskum þessum, pokum eða því líku til geymslu í lestarrúmum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða til geymslu á þilfari, þer að skrá þá á farangursskrá þá, sem um ræðir í 88. gr.

Farmskrár frá hverri höfn skulu vérlitaðar eða greinilega skrifaðar, svo að auðvelt sé að lesa þær. Á þeim sé greinilega tilgreindur fermingarstaður vörusendingar, stykkjatala, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi hvernar vörusendingar, svo og flutningsgjald og affermingarstaður vörusendingar.

Vörusendingar frá hverri höfn skulu tilfærðar á skrá og útdráttum í óslitinni töluröð, en í sama númeri skal skrá vörur, sem eru á sama farmskírteini eða fylgibréfi. Um leið og skipstjóri eða afgreiðslumaður tekur við skilríkjum, sem sýna, að útflytja megi vörur vegna tollstjóra eða umboðsmanns hans, skal skrá farmskránúmerið á skilríki þessi.

Vörur skulu settar á farmskrá frá þeirri höfn, sem þær fara um borð í skipið, sem flytur þær til útlanda.

Farmskrár þær, sem afhenda þer á hverri höfn, skulu vera undirritaðar af skipstjóra og afgreiðslumanni skips, ef hann er þar á staðnum, og heftar saman, ef þær eru fleiri en eitt blað.

Eintak af farmskrám yfir vörur, sem skip tekur á hverri höfn, skal vera í því, þar til það leggur úr síðustu höfn hér á landi, en toleflirtlitsmenn hafa ávallt aðgang að farmskrám.

Allar útstrikanir og leiðréttingar á farmskrám skulu vera staðfestar af skipstjóra með áritun á farmskrárnar. Ef því verður ekki við komið, skal fylgja farmskrám sérstakt vottorð skipstjóra um leiðréttingarnar og útstrikanirnar.

Það er bannað að gera leiðréttingar á farmskrám, sem fylgja skipi, nema í samráði við tollstjóra eða umboðsmann hans á þeirri höfn, þar sem vörurnar komu á farmskrá og skráin var afhent.

Ef vörusending er skráð á farmskrá að vera „in disput“ eða með öðrum samskonar fyrirvara, losnar skipstjóri ekki undan ábyrgð, ef vörusendingin er ekki með skipinu.

## 87. gr.

Skipstjórar erlendra skipa og íslenzkra skipa, sem eru í utanlandssiglingum, skulu gera tvíritaða skrá yfir þær vörur, sem teknar eru á hverri höfn skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í skipinu.



41 13. marz Skrá þessi skal tilgreina tölu, magn og tegund varanna, eða ef þær eru í um-  
búðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra.

Skipstjóra ber að undirrita skrá þessa, og telst það til brota af hálfu skipstjóra, ef þær reynast rangar.

Annað eintakið af skránni yfir vörur, sem teknar eru í hverri höfn, skal vera í skipi, þar til er það leggur úr síðustu höfn, en tolleftirlitsmenn hafa jafnan aðgang að þessum skráum.

#### 88. gr.

Skipstjóra ber að gera tvíritaða skrá yfir allan þann farangur, sem farþegum skipsins og skipverjum tilheyrir og tekinn hefur verið til geymslu á hverri höfn í lestar, aðrar sérstakar geymslur skipsins eða á þilfari og þar á að vera í skipinu til útlanda, enda sé farangur þessi ekki skráður á farmskrá skipsins.

Á skrá þessari skal tilgreina tölu, merki og tegund umbúða, innihald þeirra, ef við verður komið, nafn þess, sem umbúðirnar eða þvílíkt tilheyrir, í hvaða lest, geymslu eða hvar á þilfari þessi flutningur er.

Skipstjóra ber að undirrita og hefta saman, ef fleiri en eitt blað eru, skrá þessa, og er það brot af hans hálfu, ef hún reynist röng.

Annað eintakið af skránni yfir farangur, sem tekinn er á hverri höfn, skal vera í skipi, þar til það leggur úr síðustu höfn hér á landi, en tolleftirlitsmenn hafa jafnan aðgang að skránum.

#### 89. gr.

Skipstjórar skipa, sem taka hér á landi vörur til innanlandshafna og í eru vörur, sem það skip hefur flutt hingað til lands, eða vörur, sem það skip á að flytja til útlanda, eða í verða fermdar vörur til útflutnings, áður en allur innanlandsflutningurinn er fluttur úr skipinu, skulu gera tvíritaðar skrár yfir vörunar, sem skipið á að flytja til innanlandshafnanna. Skulu skrár þessar greina sömu atriði og farmskrár um útflutningsvörur og vera undirritaðar af skipstjóra og heftar saman, ef fleiri en eitt blað eru, og er það brot af hans hálfu, ef þær reynast rangar, en tolleftirlitsmenn skulu jafnan eiga aðgang að þessum skráum.

Annað eintakið af skránni yfir vörur, sem skip tekur til innanlandshafna, skal vera í skipinu, þar til allar þær vörur, sem á skránni eru, hafa verið fluttar úr því.

#### 90. gr.

Skipstjórar skipa þeirra, sem um ræðir í 89. gr., skulu gera tvíritaða skrá yfir farangur, sem tilheyrir farþegum skipsins og skipverjum og tekinn er til flutnings í lestum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða á þilfari.

Skrá þessi skal tilgreina sömu atriði sem skrár yfir farangur, sem verður í lestum, öðrum geymslum eða á þilfari til útlanda, sbr. 88. gr., og skal hún undirrituð af skipstjóra og samheft, ef hún er fleiri en eitt blað, en ef hún reynist röng, er það brot af hálfu skipstjóra. Tolleftirlitsmenn skulu jafnan eiga aðgang að þessum skráum.

Annað eintakið af skránni yfir farangur til innanlandshafna, sem er í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari skipsins, skal vera í því, þar til er allur slíkur farangur hefur verið fluttur úr því.

#### 91. gr.

Hvenær sem tolleftirlitsmenn þurfa, skulu skipstjórar skipa, sem eru í innanlandssiglingum, skyldir til að láta tolleftirlitsmönnum í té skrá yfir skipverja og farþega í skipi.

Öll skip, sem ætla að flytja héðan farþega til útlanda, skulu hafa skrá yfir 41 þessa farþega, en skrá þessi skal tilgreina sömu atriði og farþegaskrár aðkomu- 13. marz skipa, sbr. 38. gr.

Ef tolleftirlitsmenn óska, skulu skipstjórar skipa, sem ætla til útlanda, láta þeim í té eftirrit af skipshafnarskrá.

## XIX. KAFLI

### Brottför skipa.

#### 92. gr.

Áður en skip lætur úr höfn ber skipstjóra að greiða skipakomugjöld og önnur áfallin opinber gjöld af skipinu, sem greiða ber til tollstjórnarinnar

Þá ber skipstjóra áður en látið er úr höfn að vitja allra skilríkja, skráa og annarra skjala, sem í skipinu eiga að vera eða því tilheyra, en tolleftirlitsmenn hafa tekið í sínar vörslur.

Ef skip hefur lestað vörur til útflutnings, eða farþegaflutning, sem skylt er að hafa á skrá samkv. 88. gr., ber skipstjóra að afhenda tolleftirlitsmanni, áður en skip lætur úr höfn, skrár um þennan varning, svo og, ef um erlent skip er að ræða eða íslenzkt skip, sem er í utanlandssiglingum, skrá um allar vistir og aðrar skipsnauðsynjar, sem keyptar hafa verið á viðkomandi höfn. Útflutningsfarmskránni skulu fylgja skilríki fyrir því að fullnægt hafi verið öllum skilyrðum fyrir því að flytja megi vörur þær, sem hún greinir, til útlanda.

#### 93. gr.

Áður en skip lætur úr höfn, þar sem það hefur fengið fyrstu afgreiðslu við komu frá útlöndum, ber skipstjóra að taka tollafgreiðsluskirteini það, sem um ræðir í 33. gr. Á síðari höfnum ber skipstjóra að fá áritun tolleftirlitsmanns á skirteini þetta, áður en hann lætur úr höfn.

#### 94. gr.

Með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 2. málsg. þessarar greinar, skulu öll skip, sem leggja af stað héðan til útlanda, skyld að koma við á einhverri af tollafgreiðsluhöfnum þeim, sem taldar eru í 26. gr., til að fá brottfararafgreiðslu.

Undanþegin ákvæðum 1. málsg. eru:

- a. Erlend skip, sem leitað hafa hér hafnar í veiðiferð.
- b. Skip þau, sem um ræðir í 98. gr.
- c. Innland fiskiskip, sem sigla eingöngu með eigin afla til sölu á erlendum markaði, enda haldi þau til útlanda beint af veiðum, án viðkomu í innlendri höfn.

Hafi skip þau, sem greinir í staflidum a og c meðferðis verulegar vistabirgðir, veiðarfæri eða annan skipsbúnað umfram það, sem telja verður nauðsynlegt til þeirrar ferðar, gildir undanþága samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar ekki um þau, en ávallt ber þá að taka fram í aðkomuafgreiðsluskirteini skipsins að því sé óheimilt að sigla til útlanda án viðkomu í tollafgreiðsluhöfn.

#### 95. gr.

Áður en skip lætur úr seinustu höfn á leið til útlanda ber skipstjóra að festa saman farmskrárnar um allar þær útflutningsvörur, sem skipið hefur tekið hér við land, og festa við þær vottorð, sem hann undirritar, þess efnis, að skipið hafi ekki tekið og taki ekki hérlandis aðrar útflutningsvörur en þær, sem á farmskránum greinir. Á sama hátt ber skipstjóra að ganga frá öllum skráum um farþegaflutning og annan varning, sem í skipinu er, og skylt er að færa á skrár. Ef um erlent skip er að ræða, eða íslenzkt skip, sem er í utanlandsferðum, ber skipstjóra á sama hátt

41 að festa saman skrárnar um allar vistir og aðrar skipsnauðsynjar, sem skip hefur tekið hér við land og votta, að á þeim skráum sé allur sá varningur talinn.

13. marz

Skrár þær, sem í 1. málsgr. getur, afhendir skipstjóri tolleftirlitsmanni þeim, sem afgreiðir skipið til brottfarar. Jafnframt fær skipstjóri tolleftirlitsmanni í hendur aðkomuafgreiðsluskírteini skipsins og innsigliðskrá, ef gerð hefur verið.

#### 96. gr.

Þegar tolleftirlitsmaður hefur fengið í hendur gögn þau, sem getur í næstu grein hér á undan, og skipstjóri hefur jafnframt fullnægt fyrirmælum 92. greinar, gerir tolleftirlitsmaður þær athuganir á farmi skips, vistum og öðrum birgðum, og öðru því, sem ástæða þykir til að rannsaka, en að því loknu gefur hann skipi brottfararleyfi, nema ástæða sé til að ætla að misferli hafi átt sér stað, sem vísa beri til tollfyrivalds eða dómstóla til nánari rannsóknar.

Brottfararleyfi útlanda (tollvegabréf) skal vera skriflegt. Í því ber að greina nafn skips, þjóðerni, skrásetningarhöfn, nettó-smálestátölu, nafn skipstjóra, brottfararhöfn og fyrstu ákvörðunarhöfn erlendis. Enn fremur skal farmi skips lýst í stórum dráttum í tollvegabréfi.

Það er brot af hálfu skipstjóra á reglugerð þessari, ef hann vanrækir að afla sér tollvegabréfs áður en hann siglir til útlanda, nema um sé að ræða skip, sem undanþegið er skyldu til að koma við í tollafgreiðsluhöfn við brottför samkvæmt 2. mgr. 94. gr.

### XX. KAFLI

#### Sérákvæði um skemmtiskip og herskip.

#### 97. gr.

Skemmtiskip, sem koma hingað til lands með félög manna og farþega, sem halda áfram með skipinu, eru undanþegin því að hafa meðferðis frá útlöndum vöruskrár og skipverjaskrár og undanþegin innsigliun á nauðsynjavistum og öðrum skipsforða. Undanþága þessi er þó því skilyrði bundin, að skipið hafi ekki meðferðis vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipinu, í skipi séu ekki farþegar, sem verða hér eftir, skipið taki hér ekki farþega eða vörur, að skipsforða undanskildum, að tollvörður sé hér í skipinu, að mönnum úr landi sé bannað að fara um borð nema með sérstöku leyfi tolleftirlitsmanns og að skipið greiði kostnað af tollvörzlu um borð í því.

#### 98. gr.

Fyrirmæli reglugerðar þessarar um tolleftirlit með skipum taka ekki til erlendra herskipa. Þau eru undanþegin skyldu til að afhenda vöruskrár og skipverjaskrár og þurfa ekki að sæta innsigliun á vistaforða, skipsbirgðum né eigum skipverja.

Leiti erlent herskip hér hafnar er þó fyrirliða þess jafnan skylt að gefa toll-  
eftirlitsmönnum skýrslu er greini nafn skips, þjóðerni, komudag og staðfestingu þess, að um herskip sé að ræða. Enn fremur ber honum, ef skip fermir hér vörur eða affermir, að afhenda tolleftirlitsmönnum skrá um þær vörur.

### XXI. KAFLI

#### Um afgreiðslutíma, endurgreiðslu kostnaðar af tollgæzlu o. fl.

#### 99. gr.

Á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 06 er óskilyt að veita vöru- og farþegaflutnings-  
skipum fyrstu tollafgreiðslu. Sé afgreiðsla veitt á þessum tíma sólarhrings eftir beiðni, ber skipi að greiða allan kostnað, sem af henni leiðir.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við, ef skip leitar hafnar í neyð, vegna ráð- 41  
 stafana stjórnvalda, eða vegna sjúkleika manna um borð, slysfara eða annars 13. marz  
 ófarnaðar.

Grein þessi tekur ekki til flugfara.

#### 100. gr.

Sé unnið við fermingu skips eða affermingu utan venjulegs dagvinnutíma við þau störf, ber útgerð skips, eða eftir atvikum farmeiganda, að greiða sérstakan kostnað, sem af þessu leiðir fyrir tollgæzluna, vegna eftirlits með fermingu eða affermingu, eða vegna móttöku varnings í vörugeymslur.

#### 101. gr.

Fyrir vörur, sem geymdar eru í vörugeymslum tollgæzlunnar ber vörueigendum að greiða geymslugjald.

Ef um er að ræða venjulegan skipsfarm skal gjald þetta vera hið sama sem skipaafgreiðslur taka almennt á þeim stað fyrir sambærilega þjónustu.

Fyrir flugfarm og lausar sendingar, sem fluttar eru til landsins utan farmskrár, skal ekkert gjald greiða fyrir fyrstu 15 daga frá því að varan kom til landsins. Að liðnum 15 daga frestinum greiði vörueigandi kr. 0.25 fyrir hvert kg af brúttó þyngd vörunnar fyrir hverja byrjaða viku, sem varan liggur í geymslu. Sé um mjög rúmfreka vöru að ræða er heimilt að miða gjald þetta við rúmmál og greiðast þá kr. 0.25 fyrir hverja 7000 rúmsentímetra varningsins, reiknað á sama hátt sem segir hér næst á undan.

Lágmark geymslugjalds fyrir þær vörur, sem um ræðir í þessari grein, er kr. 10.00 fyrir hvert stykki.

### XXII. KAFLI

#### Refsiákvæði.

#### 102. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, svo og fangelsi ef um miklar sakir er að ræða eða brot ítrekað, nema brot sé svo vaxið að þyngri refsing liggji við því samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum.

Við brotum gegn 26. gr., 3. mgr. 96. gr. og brotum gegn fyrirmælum 10. kafla um flutning á ótollafgreiddum vörur innanlands má beita sektum allt að 200 000 krónum.

#### 103. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

### XXIII. KAFLI

Ákvæði reglugerðar þessarar öðlast þegar gildi. Þó koma ákvæði 101. greinar, um geymslugjald af vörum, ekki til framkvæmda að því er varðar þær vörur, sem eru í vörzlum tollgæzlunnar þegar reglugerðin tekur gildi, fyrr en 1 mánuði eftir gildistöku hennar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 50. grein laga nr. 68 frá 1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

*Fjármálaráðuneytið, 13. marz 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzon.*

42

12. marz

## AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta  
samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda, 7. febrúar 1957:

Staðfest:

1. Nefnd Verkamannafélagsins Dagsbrún, Reykjavík .....	14. febr. 1957.
2. Nefnd Iðju, félags verksmiðjufólks .....	14. — 1957.
3. Nefnd Landssambands vörubifreiðastjóra .....	14. — 1957.
4. Nefnd Verkalýðsfélagsins Varnar, Bildudal .....	21. — 1957.
5. Nefnd verkalýðsfélaga á Ólafsfirði .....	21. — 1957.
6. Nefnd verkalýðsfélaga á Siglufirði .....	1. marz 1957.
7. Nefnd Verkalýðsfélagsins Víkingur, Víkurkaupþúni .....	5. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Gunnlaugur Þórðarson.*

43

21. marz

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis  
aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 6240000.00 miðað við smásöluverð.

2. gr.

1. málsg. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Verð ársmiða er kr. 240.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 20.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlist gildi 10. apríl 1957.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febr. 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 18 15. febr. 1957.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 21. marz 1957.*

Lúðvík Jósepsson.

---

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

44

20. marz

## um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind héraðssamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

		Staðfest:
1.	Héraðssamlag Austur-Barðastrandarsýslu .....	18. febr. 1957.
2.	— Vestur-Barðastrandarsýslu .....	18. — 1957.
3.	— Gullbringusýslu .....	28. — 1957.
4.	— Kjósarsýslu .....	28. — 1957.
5.	— Skagafjarðarsýslu .....	2. marz 1957.
6.	— Eyjafjarðarsýslu .....	28. febr. 1957.
7.	— Vestur-Skaftafellssýslu .....	28. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

45

20. marz

## um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

		Staðfest:
1.	Sjúkrasamlag Akureyrar .....	15. febr. 1957.
2.	— Húsavíkur .....	18. — 1957.
3.	— Ísafjarðar .....	18. — 1957.
4.	— Neskaupstaðar .....	18. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

46

22. marz

## AUGLÝSING

um leiðréttingu á lyfsöluskrá II frá 1. júní 1956.

0 Gevral, Lederle, Caps. x 30 .....	L	61.90
0 — — — x 100 .....		149.95
0 Gevrine, Lederle, Caps. x 30 .....	R	73.90
0 — — — x 100 .....		177.35

Þessi sérlyf má ekki hækka, þótt önnur sérlyf, sem greind eru í nefndri lyf-  
söluskrá II verði hækkuð.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 22.marz 1957.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Baldur Möller.*

47

20. marz

## REGLUGERÐ

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

## 1. gr.

Sjóðstjórnin má gera það að skilyrði fyrir upptöku starfsmanna í flokki þeirra, sem greindir eru í 1.—2. tölulið 4. gr. laga nr. 64 1955, í tölu sjóðfélaga, að allir starfsmenn stofnunar þeirrar, sem starfsmaðurinn vinnur í, bæjar-, sýslu eða sveitarfélags sem eru 18 ára eða eldri og uppfylla skilyrði fyrir því að geta verið sjóðfélagar, gangi í sjóðfélagið.

## 2. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal kjósa einn mann í stjórn lífeyrissjóðsins í stað sjóðfélaga eða félagsskapar þeirra, sbr. 6. gr. laga nr. 64 1955.

## 3. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími, sem hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Starfstíminn þarf ekki að vera samfelldur.

Starfstími þeirra sjóðfélaga, sem keypt eru réttindi vegna starfa, er þeir hafa haft með höndum áður en þeir gerðust sjóðfélagar, ákvarðast með tilliti til þess.

## 4. gr.

Á meðan ákvæðið er, að ríkissjóður greiði uppbætur á lífeyri, skal lífeyrir sjóðfélaga ákvæðinn þannig, að fundin eru í gildandi launalögum grunnlaun þeirra launaflokka, sem sjóðfélaginn hefur verið í síðustu 10 starfsár hans. Af meðaltali þeirra grunnlauna skal taka jafn marga hundraðshluta og starfstími sjóðfélagans gefur tilefni til samkvæmt lögum nr. 64/1955, og telst það grunnlífeyrir sjóðfélagans. Á grunnlífeyrinn skal síðan greiða verðlagsupphót eftir sömu reglum og greitt er á laun opinberra starfsmanna, sem laun taka eftir launalögum.

Pegar í hlut á sjóðfélagi, sem ekki hefur tekið laun samkvæmt hinum almennu launalögum, skal fyrst finna til hvaða launaflokka laun þau hafa svarað, sem hann hefur tekið síðustu 10 starfsárin. Út frá þeim er svo lífeyrir hans fundinn samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

Ríkissjóður eða hlutaðeigandi launagreiðandi endurgreiða lífeyrissjóðnum það, 47  
sem lífeyrir greiddur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar verður hærri en lög sjóðs- 20. marz  
ins ákveða.

## 5. gr.

Þeir aðilar, sem innheimta iðgjöld í umboði Tryggingastofnunarinnar skulu senda henni reikningsyfirlit yfir innheimt iðgjöld ár hvert fyrir 31. jan. næsta ár. Iðgjöld launþega og launagreiðanda skulu greidd til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun þeirra launa, sem þau eru reiknuð af.

## 6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu lífeyris. Heimilt er henni þó að semja við einstaka launaafgreiðsluaðila um greiðslu lífeyris í umboði hennar. Árslífeyri skal greiða með  $\frac{1}{2}$  mánaðarlega fyrir fram, nema þeir, sem lífeyris njóta, óski færri gjalddaga.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64 2. sept. 1955 og lögum nr. 111 27. des. 1954, sbr. lög nr. 78 17. des. 1955, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, dagsett 24. nóv. 1944.

*Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 101 19. maí 1943, um orlof.

48

26. marz

## 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Orlofsfé skal standa á heilum krónum þannig, að 50 aurar telst heil króna, en minni upphæð sleppt.

Gerð orlofsmerkja skal vera þessi: Stærð  $20.5 \times 24.5$  millimetrar, ofan til inn á milli tveggja hringa standi orðið: ORLOF og neðan til orðið: KRÓNUR, en á miðju merkinu innan hringanna standi gildi hvers merkis í tölustöfum. Merkinu skulu gefin út í 5 mismunandi verðgildum: 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur og 50 krónur. Litur merkjanna er ákveðinn af póst- og símamálastjórninni.

## 2. gr.

5. gr. orðist svo:

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. september.

Frá ákvæðum 1. mgr. eru gerðar eftirfarandi undantekningar:

- Orlofi starfsmanna við sveitastörf skal skipta þannig, að  $\frac{1}{3}$  hluti orlofsins sé veittur á tímabilinu 1. til 15. júní, en  $\frac{2}{3}$  hlutar orlofsins séu veittir á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember.
- Orlof starfsmanna við sildarverksmiðjur skal veitt á tímabilinu frá 1. október til 1. júní.
- Starfsmönnum, sem stunda vinnu fjarri heimilum sínum, skal ekki veitt orlof meðan þeir stunda slíka vinnu.



- 48 d. Farmenn eru ekki skyldir til að taka orlof þegar skip eru í erlendri höfn.  
26. marz Aðilar geta með samkomulagi ákveðið, að orlofi skuli skipta og að það skuli veitt á öðrum tímum árs en í þessari grein segir.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 16 1943, til að öðlast gildi 1. apríl 1957. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 44 31. marz 1955 um breyting á reglugerð nr. 101 19. maí 1943.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. marz 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

49

28. marz

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

		Staðfest:
5.	Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar .....	20. marz 1957.
6.	— Sauðárkróks .....	20. — 1957.
7.	— Vestmannaeyja .....	20. — 1957.
8.	— Siglufjarðar .....	26. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

50

28. marz

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind héraðssamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957.:

		Staðfest:
8.	Héraðssamlag Strandasýslu .....	2. marz 1957.
9.	— Norður-Ísafjarðarsýslu .....	2. — 1957.
10.	— Vestur-Húnavatnssýslu .....	20. — 1957.
11.	— Austur-Húnavatnssýslu .....	20. — 1957.
12.	— Norður-Múlasýslu .....	26. — 1957.
13.	— Suður-Múlasýslu .....	26. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

51  
25. marz

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Njálsgötu, norðan megin götunnar.
2. Barónsstíg, vestan megin götunnar frá Bergþórugötu að Hverfisgötu.
3. Ægisgötu, beggja vegna götunnar frá Vesturgötu að Tryggvagötu.
4. Fischersundi milli Aðalstrætis og Mjóstrætis.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Lögrelustjórinn í Reykjavík, 25. marz 1957.*

Sigurjón Sigurðsson.

## REIKNINGUR

52

yfir tekjur og gjöld Hins almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1956.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun .....		kr. 2933192.17
2. Innlög á árinu .....	—	255277.91
3. Vextir á árinu:		
a. Af lánum .....	kr. 90681.53	
b. — skuldabréfum .....	— 33127.85	
c. — innstæðu á Landsbanka Íslands .....	— 11044.08	
		— 134853.46
4. Endurgreitt af lánum .....	—	432531.98
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....	—	868000.00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4 .....	—	51620.83
		Kr. 4675476.35

### Gjöld:

1. Úttekið af innstæðum .....		kr. 32059.57
2. Lán veitt .....	—	868000.00
3. Kostnaður .....	—	8612.60
4. Vaxtaafgangur .....	—	51620.83
5. Til jafnaðar við tekjulið 4 .....	—	432531.98
6. Eign í árslok:		
a. Í lánum kirkna .....	kr. 2404157.01	
b. Í skuldabréfum .....	— 623666.70	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 254827.66	
		— 3282651.37
		Kr. 4675476.35

*Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Ásmundur Guðmundsson.

## SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjuþjóði árið 1956.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1955 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1956 Kr.
<b>N.-Múlaprófastsdæmi:</b>					
1. Skeggjastaðakirkja . . . .	10164.76	—	—	457.42	10622.18
2. Hofteigskirkja . . . . .	5029.16	—	—	226.31	5255.47
3. Kirkjubæjarkirkja . . . .	11684.64	—	—	525.81	12210.45
4. Hjaltastaðarkirkja . . . .	4893.11	—	—	220.18	5113.29
5. Eiðakirkja . . . . .	1142.23	—	—	51.40	1193.63
6. Vopnafjarðarkirkja . . . .	15.67	500.00	15.67	7.50	507.50
7. Ásskirkja . . . . .	295.38	—	—	13.29	308.67
8. Möðrudalskirkja . . . . .	2201.04	2200.00	—	149.54	4550.58
9. Valþjófsstaðarkirkja . . .	5319.42	—	—	239.37	5558.79
10. Hofskirkja í Vopnaf. . . .	4032.92	—	—	181.48	4214.40
11. Húsavíkurkirkja . . . . .	1605.19	—	—	72.22	1677.41
12. Sleðbrjótiskirkja . . . . .	1981.72	—	—	89.17	2070.89
13. Bakkagerðiskirkja . . . .	32.60	—	—	1.46	34.06
14. Njarðvíkurkirkja . . . . .	966.45	—	—	43.49	1009.94
15. Klyppstaðarkirkja . . . .	1256.03	—	—	56.52	1312.55
16. Seyðisfjarðarkirkja . . . .	118.57	—	—	5.33	123.90
<b>S.-Múlaprófastsdæmi:</b>					
17. Djúpavogskirkja . . . . .	166.35	—	—	7.48	173.83
18. Vallanesskirkja . . . . .	12.36	—	—	0.56	12.92
19. Þingmúlakirkja . . . . .	1313.06	—	—	59.08	1372.14
20. Mjóafjarðarkirkja . . . .	3.00	—	—	0.13	3.13
21. Norðfjarðarkirkja . . . .	462.74	—	—	20.82	483.56
22. Stöðvarfjarðarkirkja . . .	27.90	—	—	1.25	29.15
23. Heydalakirkja . . . . .	17467.15	—	—	786.01	18255.16
24. Hofskirkja í Álftafirði . .	1087.50	—	—	48.93	1136.43
25. Berufjarðarkirkja . . . . .	166.07	—	—	7.47	173.54
26. Berunesskirkja . . . . .	116.07	—	—	7.47	173.54
27. Hallormsstaðarkapella . . .	125.29	—	—	5.63	130.92
<b>A.-Skaftafellsprófastsd.:</b>					
28. Stafafellskirkja . . . . .	9243.23	—	—	415.94	9659.17
29. Einholtskirkja . . . . .	1.52	—	—	0.07	1.59
30. Kálfafellsstaðarkirkja . . .	113.17	—	—	5.26	118.43
31. Hofskirkja í Örafum . . . .	9976.13	—	—	448.92	10425.05
32. Bjarnanesskirkja . . . . .	1641.09	—	—	73.84	1714.93
33. Kirkjubyggsj., Höfn . . . .	60508.55	—	—	2722.88	63231.43
<b>V.-Skaftafellsprófastsd.:</b>					
34. Prestsbakkakirkja . . . . .	2525.81	—	—	113.65	2639.46
35. Reyniskirkja . . . . .	3476.89	—	—	156.43	3633.32
36. Grafarkirkja . . . . .	6006.53	—	—	270.29	6276.82
37. Kálfafellskirkja . . . . .	8026.64	—	—	361.20	8387.84

Kirkjur	Eign í Árs- lok 1955 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í Árs- lok 1956 Kr.	53
38. Skeiðflatarkirkja . . . . .	3643.87	—	—	163.96	3807.83	
39. Langholtskirkja . . . . .	17451.88	—	—	785.32	18237.20	
40. Þykkvabæjarkl.kirkja . . . . .	3842.35	—	—	172.90	4015.25	
41. Víkurkirkja . . . . .	218.29	—	—	9.82	228.11	

**Rangárvallaprófastsd.:**

42. Háþéjarkirkja . . . . .	105.25	—	—	4.73	109.98	
43. Árbæjarkirkja . . . . .	139.32	—	—	6.26	145.58	
44. Stórolfshvolskirkja . . . . .	917.21	—	—	41.27	958.48	
45. Oddakirkja . . . . .	224.35	—	—	10.10	234.45	
46. Kálholtakirkja . . . . .	92.81	—	—	4.18	96.99	
47. Krosskirkja . . . . .	6297.05	—	—	283.36	6580.41	
48. Akureyjarkirkja . . . . .	1770.14	—	—	79.65	1849.79	
49. Ásólfsskálakirkja . . . . .	57.98	—	—	2.61	60.59	
50. Eyvindarhólakirkja . . . . .	15485.79	700.00	—	696.85	16882.64	
51. Breiðabólstaðarkirkja . . . . .	1137.01	—	—	51.16	1188.17	
52. Hlíðarendakirkja . . . . .	2456.91	—	—	110.56	2567.47	
53. Skarðskirkja . . . . .	17744.69	3162.20	—	810.36	21717.25	
54. Marteinstungukirkja . . . . .	2632.01	—	2631.25	76.22	76.98	
55. Hagakirkja . . . . .	4.55	—	—	0.20	4.75	
56. Stóradalskirkja . . . . .	843.34	—	—	37.94	881.28	
57. Byggingarsj. Keldnak. . . . .	2890.60	200.00	—	130.80	3221.40	
58. Voðmúlastaðakapella . . . . .	4080.36	370.00	—	184.44	4634.80	

**Árnessprófastsdæmi:**

59. Mosfellskirkja í Grn. . . . .	214.29	—	—	9.64	223.93	
60. Búrfellskirkja . . . . .	249.11	—	—	11.20	260.31	
61. Þingvallakirkja . . . . .	2563.34	—	—	115.34	2678.68	
62. Úlfhljótsvatnskirkja . . . . .	797.17	—	—	35.86	833.03	
63. Strandarkirkja . . . . .	2024461.27	230511.33	—	95686.84	2350659.44	
64. Haukadalskirkja . . . . .	947.91	—	—	42.65	990.56	
65. Torfastaðakirkja . . . . .	697.50	—	—	31.38	728.88	
66. Gaulverjabæjarkirkja . . . . .	591.73	—	—	26.62	618.35	
67. Bræðratungukirkja . . . . .	964.12	—	—	43.38	1007.50	
68. Hraungerðiskirkja . . . . .	2612.37	—	—	117.55	2729.92	
69. Laugardælakirkja . . . . .	839.95	—	—	37.80	877.75	
70. Stokkseyrarkirkja . . . . .	1270.10	—	—	57.15	1327.25	
71. Villingaholtskirkja . . . . .	946.01	—	—	42.57	988.58	
72. Ólafsvallakirkja . . . . .	4102.29	—	—	184.60	4286.89	
73. Stóra-Núpskirkja . . . . .	332.16	—	—	14.94	347.10	
74. Miðdalskirkja . . . . .	4029.14	3000.00	—	181.30	7210.44	
75. Hrepphólakirkja . . . . .	332.16	—	—	14.94	347.10	
76. Eyrarbakkakirkja . . . . .	7641.26	—	—	343.85	7985.11	
77. Hrunakirkja . . . . .	1793.63	—	—	80.71	1874.34	
78. Kotstrandarkirkja . . . . .	67.87	—	—	3.05	70.92	
79. Tungufellskirkja . . . . .	1793.63	—	—	80.71	1874.34	
80. Úthlíðarkirkja . . . . .	9668.36	—	—	435.07	10103.43	
81. Skálholtskirkja . . . . .	14071.84	7749.00	—	736.29	22557.13	

53

	Kirkjur	Eign í árs- lok 1955 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1956 Kr.
82.	Hjallakirkja .....	36.02	—	—	1.62	37.64
83.	Stóruborgarkirkja ....	345.30	—	—	15.53	360.83
84.	Selfosskirkja .....	—	500.00	—	7.50	507.50
<b>Kjalarnessprófastsd.:</b>						
85.	Landakirkja, Vestm. ..	304.76	—	—	13.71	318.47
86.	Grindavíkurkirkja ....	1878.22	—	—	84.52	1962.74
87.	Kirkjuvogskirkja .....	1061.68	—	—	47.77	1109.45
88.	Brautarholtskirkja ....	874.81	—	—	39.36	914.17
89.	Reynivallakirkja .....	5123.29	—	—	230.54	5353.83
90.	Lágafellskirkja .....	652.43	25.00	—	29.97	707.40
91.	Viðeyjarkirkja .....	52.65	—	52.65	—	0.00
92.	Útskálakirkja .....	376.08	—	—	16.92	393.00
93.	Hvalsnesskirkja .....	2009.88	100.00	—	91.45	2201.33
94.	Keflavíkurkirkja .....	322.58	—	—	14.51	337.09
95.	Kálfatjarnarkirkja ....	334.70	—	—	15.06	349.76
96.	Bessastaðakirkja .....	124.10	—	—	5.58	129.68
97.	Hafnarfjarðarkirkja ...	2559.87	—	—	115.19	2675.06
98.	Saurbæjarkirkja, Kjal. .	148.70	—	—	6.69	155.39
<b>Reykjavíkurprófastsd.:</b>						
99.	Dómkirkjan .....	35873.02	—	—	1614.28	37487.30
<b>Borgarfjarðarprófastsd.:</b>						
100.	Saurbæjarkirkja .....	4687.16	—	—	210.91	4898.07
101.	Leirárkirkja .....	664.30	—	—	29.89	694.19
102.	Hallgrímsk. í Saurbæ .	90.05	1245.00	1300.00	23.75	58.80
103.	Reykholtskirkja .....	392.13	—	—	17.64	409.77
104.	Stóra-Ásskirkja .....	797.18	—	—	35.86	833.04
105.	Lundarkirkja .....	2405.24	—	—	108.23	2513.47
106.	Hvanneyrarkirkja ....	423.81	—	—	19.06	442.87
107.	Bæjarkirkja .....	104.90	—	—	4.72	109.62
108.	Fitjakirkja .....	2386.45	—	—	107.40	2493.85
109.	Gilsbakkakirkja .....	3068.64	—	—	138.08	3206.72
110.	Síðumúlakirkja .....	2414.30	—	—	108.64	2522.94
<b>Mýraprófastsdæmi:</b>						
111.	Stafholtskirkja .....	125.10	—	—	5.62	130.72
112.	Hjarðarholtskirkja ...	8.02	—	—	0.36	8.38
113.	Hvammiskirkja .....	6752.12	2008.08	—	303.84	9064.04
114.	Norðtungukirkja .....	175.05	125.00	—	8.81	308.86
115.	Borgarkirkja .....	229.50	—	—	10.32	239.82
116.	Álftanesskirkja .....	1967.03	20.00	—	88.81	2075.84
117.	Álftártungukirkja ....	222.30	50.00	—	10.56	282.86
118.	Akrakirkja .....	2707.05	—	—	121.81	2828.86
119.	Kirkjusj. Borgarness ..	737.10	100.00	—	35.03	872.13

Kirkjur	Eign í árs- lok 1955 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1956 Kr.	53
<b>Snæfellsnessprófastsd.:</b>						
120. Miklaholtskirkja .....	4076.90	--	--	183.46	4260.36	
121. — viðhaldssjóður ....	1328.59	--	--	59.79	1388.38	
122. Breiðabólstaðarkirkja	8504.53	--	--	382.70	8887.23	
123. Narfeyrarkirkja .....	2229.42	--	--	100.32	2329.74	
124. Fáskrúðarbakkakirkja	1589.47	--	--	71.52	1660.99	
125. Ytri-Rauðamelskirkja .	7150.65	--	--	321.78	7472.43	
126. Kolbeinsstaðakirkja ...	205.65	--	--	9.25	214.90	
127. Ólafsvíkurkirkja .....	1195.76	--	--	53.80	1249.56	
128. Ingjaldshólskirkja ....	54.29	--	--	2.44	56.73	
129. Brimilsvallakirkja ....	1195.76	--	--	53.80	1249.56	
130. Helgafellskirkja .....	1564.41	--	--	70.40	1634.81	
131. Bjarnarhafnarkirkja ..	221.42	--	--	9.96	231.38	
132. Setbergskirkja .....	364.22	--	--	16.39	380.61	
133. Kirkjub.sj. Grafarness	93219.69	830.00	--	4207.61	98257.30	
134. Staðastaðarkirkja .....	1195.76	--	--	53.80	1249.56	
135. Búðakirkja .....	208.86	--	--	9.40	218.26	
136. Stykkishólmskirkja ...	221.43	--	--	9.96	231.39	
<b>Dalaprófastsdæmi:</b>						
137. Stóra-Vatnshornskirkja	143.08	--	--	6.43	149.51	
138. Kvennabrekkukirkja ..	316.71	--	--	14.25	330.96	
139. Snóksdalskirkja .....	9785.90	--	--	440.36	10226.26	
140. Hjarðarholtskirkja ....	2574.17	--	--	115.83	2690.00	
141. Hvammskirkja .....	1928.86	--	--	86.80	2015.66	
142. Dagverðarnesskirkja ..	1860.05	--	--	83.70	1943.75	
143. Staðarhólskirkja .....	249.72	--	--	11.23	260.95	
144. Staðarfellskirkja .....	1860.05	--	--	83.70	1943.75	
145. Skarðskirkja .....	4384.42	--	--	197.30	4581.72	
146. Garpsdalskirkja .....	4384.42	--	--	197.30	4581.72	
<b>Barðastrandarprófastsd.:</b>						
147. Bildudalskirkja .....	311.11	--	--	13.99	325.10	
148. Selárdalskirkja .....	8131.32	--	--	365.90	8497.22	
149. Saurbæjarkirkja .....	2329.50	--	--	104.82	2434.32	
150. Sauðlauksdalskirkja ..	2755.48	820.00	--	148.59	3724.07	
151. Breiðavíkurkirkja .....	2329.50	--	--	104.82	2434.32	
152. Staðarkirkja á Reykjan.	5434.28	--	--	244.54	5678.82	
153. Flateyjarkirkja .....	413.92	--	--	18.62	432.54	
154. Gufudalskirkja .....	1212.18	--	--	54.54	1266.72	
155. Skálmarnessmúlak. ...	997.69	--	--	44.89	1042.58	
156. Brjánslækjarkirkja ...	1026.21	--	--	46.17	1072.38	
157. Hagakirkja .....	996.46	--	--	44.84	1041.30	
158. Reykhólakirkja .....	3554.75	--	--	159.96	3714.71	
159. Stóra-Laugardalskirkja	6227.28	--	--	280.22	6507.50	
160. Patreksfjarðarkirkja ..	745.23	--	--	33.53	778.76	
<b>V.-Ísafjarðarprófastsd.:</b>						
161. Flateyrarkirkja .....	372.01	--	--	16.74	388.75	
162. Holtskirkja .....	10.12	--	--	0.45	10.57	

53

	Kirkjur	Eign í árs- lok 1955 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1956 Kr.
163.	Kirkjubólskirkja .....	372.01	-	-	16.74	388.75
164.	Mýrakirkja .....	32.75	-	-	1.47	34.22
165.	Sæbólskirkja .....	258.83	-	-	11.65	270.48
166.	Staðark. í Súgandaf. ..	166.93	-	-	7.51	174.44
167.	Hraunskirkja .....	8838.26	-	-	397.72	9235.98
168.	Núpskirkja .....	2021.87	-	-	90.98	2112.85
169.	Þingeyrarkirkja .....	496.93	-	-	22.36	519.29
170.	Álftamýrarkirkja .....	50.37	-	-	2.26	52.63
<b>N.-Ísafjarðarprófastsd.:</b>						
171.	Ísafjarðarkirkja .....	59191.72	-	-	2663.62	61855.34
172.	Nauteyrarkirkja .....	3111.17	-	-	140.00	3251.17
173.	Vatnsfjarðarkirkja ....	295.04	-	-	13.27	308.31
174.	Unaðsdalskirkja .....	3111.17	-	-	140.00	3251.17
175.	Hólskirkja í Bolungarv.	1527.94	-	-	68.75	1596.69
176.	Ögurkirkja .....	4105.40	-	-	184.74	4290.14
177.	Eyrarkirkja .....	4105.40	-	-	184.74	4290.14
178.	Staðarkirkja í Aðalvík	123.28	-	-	5.54	128.82
179.	Melgraseyrarbænhús ..	-	30.00	-	1.24	31.24
<b>Strandaprófastsdæmi:</b>						
180.	Staðarkirkja í Steingr.f.	10700.27	-	-	481.51	11181.78
181.	Prestsbakkakirkja ....	1223.35	-	1200.00	25.03	48.38
182.	Staðarkirkja í Hrútaf. .	394.64	-	-	17.75	412.39
183.	Árnesskirkja .....	8435.17	40.00	-	381.22	8856.39
184.	Óspakseyrarkirkja ....	786.30	-	700.00	32.43	118.73
185.	Kollafjarðarnesskirkja	29.82	-	-	1.34	31.16
<b>Húnavatnsprófastsdæmi:</b>						
186.	Staðarbyggjakirkja ....	277.99	-	-	12.51	290.50
187.	Kirkjuhvammaskirkja ..	166.07	-	-	7.47	173.54
188.	Hofskirkja á Skagastr.	2762.19	-	2200.00	69.29	631.48
189.	Bergsstaðakirkja .....	187.25	-	-	8.42	195.67
190.	Höskuldssstaðakirkja ..	11410.79	-	-	513.48	11924.27
191.	Efra-Núpskirkja .....	211.02	-	-	9.49	220.51
192.	Bólstaðarhlíðarkirkja .	1625.33	-	-	73.13	1698.46
193.	Blönduósskirkja .....	2108.80	-	-	94.90	2203.70
194.	Holtastaðakirkja .....	1625.33	-	-	73.13	1698.46
195.	Skagastrandarkirkja ..	30.98	-	-	1.39	32.37
196.	Þingeyrakirkja .....	354.30	-	-	15.94	370.24
197.	Tjarnarkirkja .....	5.22	-	-	0.23	5.45
198.	Undirfellskirkja .....	354.30	-	-	15.94	370.24
199.	Auðkúlukirkja .....	4705.65	-	-	211.75	4917.40
200.	Svinavatnskirkja .....	1328.60	-	-	59.79	1388.39
201.	Breiðabólssstaðarkirkja	630.90	-	-	28.39	659.29
202.	Víðidalstungukirkja ..	630.90	-	-	28.39	659.29

Kirkjur	Eign í árs- lok 1955 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1956 Kr.
<b>Skagafjarðarprófastsd.:</b>					
203. Sauðárkróskirkja . . .	10640.13	-	-	478.80	11118.93
204. Reynistaðarkirkja . . . .	832.72	-	-	37.47	870.19
205. Rípurkirkja . . . . .	351.33	-	-	15.80	367.13
206. Glaumbæjarkirkja . . . .	587.99	-	-	26.46	614.45
207. Reykjakirkja . . . . .	743.36	-	-	33.44	776.80
208. Mælifellskirkja . . . . .	938.89	292.30	-	45.53	1276.72
209. Barðskirkja . . . . .	5127.19	-	-	230.71	5357.90
210. Hólakirkja . . . . .	633.64	600.00	-	37.50	1271.14
211. Ábæjarkirkja . . . . .	743.36	-	-	33.44	776.80
212. Goðdalakirkja . . . . .	3884.00	-	-	174.78	4058.78
213. Silfrastaðakirkja . . . . .	841.45	-	-	37.85	879.30
214. Miklabæjarkirkja . . . . .	3733.16	-	3460.00	158.65	431.81
215. Flugumýrarkirkja . . . . .	887.50	-	-	39.93	927.43
216. Ketukirkja . . . . .	1761.48	-	-	79.26	1840.74
217. Viðvíkurkirkja . . . . .	1957.93	-	-	88.11	2046.04
218. Hvammskirkja í Laxárd.	909.92	-	-	40.95	950.87
219. Knappsstaðakirkja . . . .	1893.44	-	-	85.20	1978.64
220. Hofskirkja . . . . .	498.22	-	-	22.42	520.64
221. Fellskirkja . . . . .	29.42	-	-	1.32	30.74
221. Viðmýrarkirkja . . . . .	770.38	-	-	34.67	805.05
223. Hofsstaðakirkja . . . . .	332.15	-	-	14.94	347.09
<b>Eyjafjarðarprófastsd.:</b>					
224. Grimseyjarkirkja . . . . .	204.98	-	-	9.22	214.20
225. Glæsibæjarkirkja . . . . .	1601.69	-	-	72.07	1673.76
226. Hólakirkja . . . . .	249.11	-	-	11.20	260.31
227. Kaupangskirkja . . . . .	265.67	-	-	11.95	277.62
228. Grundarkirkja . . . . .	249.11	-	-	11.20	260.31
229. Saurbæjarkirkja . . . . .	12260.43	-	-	551.71	12812.14
230. Möðruvallakirkja . . . . .	249.11	-	-	11.20	260.31
231. Munkaþverárkirkja . . . .	201.78	-	-	9.07	210.85
232. Akureyrarkirkja . . . . .	149.88	-	-	6.75	156.63
233. Lögmannshlíðarkirkja . . .	1989.47	-	-	89.52	2078.99
234. Bakkakirkja . . . . .	946.64	-	-	42.60	989.24
235. Bægisárkirkja . . . . .	452.29	-	-	20.35	472.64
236. Urðakirkja . . . . .	1793.63	-	-	80.70	1874.33
237. Vallakirkja . . . . .	213.94	-	-	9.63	223.57
238. Upsakirkja . . . . .	1793.63	-	-	80.70	1874.33
239. Stærri-Árskógskirkja . . .	20.79	-	-	0.93	21.72
240. Hriseyjarkirkja . . . . .	1793.63	-	-	80.70	1874.33
241. Möðruvallakirkja . . . . .	7472.46	-	-	336.26	7808.72
<b>S.-Þingeyjarprófastsd.:</b>					
242. Laufáskirkja . . . . .	3428.05	-	2500.00	148.01	1076.06
243. Svalbarðskirkja . . . . .	122.61	-	-	5.51	128.12
244. Hálskirkja . . . . .	2734.22	-	-	123.04	2857.26
245. Ljósavatnaskirkja . . . . .	1780.32	-	-	80.11	1860.43
246. Þóróddsstaðarkirkja . . . .	2246.95	-	-	101.11	2348.06



53

Kirkjur	Eign í árs- lok 1955 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1956 Kr.
247. Lundarbrekkukirkja ..	1780.32	—	—	80.11	1860.43
248. Skútustaðakirkja .....	4591.41	—	—	206.61	4798.02
249. Reykjahlíðarkirkja ....	4833.40	50.00	—	218.25	5101.65
250. Brettingsstaðakirkja ..	4035.22	—	4000.00	76.55	111.77
251. Illugastaðakirkja .....	22.71	—	—	1.02	23.73
252. Einarsstaðakirkja .....	854.75	—	—	38.46	893.21
253. Grenjaðarstaðarkirkja .	6592.73	—	—	296.67	6889.40
254. Grenivíkurkirkja .....	1935.67	—	—	87.35	2023.02
255. Þönglabakkakirkja ....	7396.11	—	—	332.82	7728.93
256. Þverárkirkja .....	854.75	—	—	38.46	893.21
257. Nesskirkja .....	61.98	—	—	2.79	64.77
258. Flateyjarkirkjusjóður .	14063.56	—	14000.00	190.35	253.91
<b>N.-Þingeyjarprófastsd.:</b>					
259. Skinnastaðarkirkja ...	115.26	—	—	5.19	120.45
260. Snartarstaðakirkja ....	773.88	—	—	34.82	808.70
261. Raufarhafnarkirkja ...	148.77	50.00	—	6.69	205.46
262. Svalbarðskirkja .....	158.08	—	—	7.11	165.19
263. Viðihólskirkja .....	48.25	—	—	2.17	50.42
264. Sauðanesskirkja .....	363.95	—	—	16.38	380.33
Samtals	2874318.75	255277.91	32059.57	133493.45	3231030.54

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 51620.83 bætt við ofangreinda upphæð — eign kirknanna í árslok —, kr. 3231030.54, verður eign sjóðsins í árslok eins og segir í aðalreikningnum, kr. 3282651.37.

*Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

**Ásmundur Guðmundsson.**

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1957.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1957, nr. 17.*

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 6. apríl 1957, nr. 18.*

*Lög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis nr. 80 7. sept. 1942, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1957, nr. 19.*

*Lög um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 13. apríl 1957, nr. 20.*

*Lög um dýravernd, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 21.*

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. apríl 1957, nr. 22.*

*Lög um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozk-verkaðri sild, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 23.*

*Lög um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 24.*

*Lög um vísitölu byggingarkostnaðar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 24. apríl 1957, nr. 25.*

*Lög um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 26.*

*Lög um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1957, nr. 27.*

*Lög um breytingu á heilsuverndarlögum, nr. 44/1955, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 8. maí 1957, nr. 28.*

*Lög um breyting á lögum nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 17. maí 1957, nr. 29.*

*Lög um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 30.*

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1954, undirskrifuð af forsetanum 22. maí 1957, nr. 31.*

*Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness, og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 32.*

*Lög um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1957, nr. 33.*

*Lög um Útvegsbanka Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 34.*

*Lög um breyting á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.*

*Lög um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 13. maí 1957, nr. 36.*

*Lög um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 10. maí 1957, nr. 37.*

*Lög um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 8. maí 1957, nr. 38.*

*Lög um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 16. maí 1957, nr. 39.*

54

17. febr.

## VIÐAUKI

við úthlutunarreglur STEFs — Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar —  
um úthlutun á tekjum af flutningi tónverka.

Hafi tónverk verið flutt í fyrsta skipti og án þess að verkið hafi nokkurs staðar verið flutt opinberlega áður, þá skal fyrir þann flutning úthluta til höfundar verksins og réttihafa þess því gjaldi þreföldu, sem ella skal úthluta samkvæmt úthlutunarreglum STEFs.

Með tilvísun til löggildingarbréfs STEFs, dags. 2. febr. 1949, staðfestast ofangreindar úthlutunarreglur hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 17. febrúar 1957.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

55

18. marz

## REGLUR

## um gjald fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla.

## 1. gr.

Heimilt er að greiða hverjum stundakennara fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla, er verða umfram 80 á mánuði að jafnaði, eins og hér segir:

- a) 1,20 kr. fyrir hvern stíl í íslenzku.
- b) 0,80 kr. fyrir hvern stíl í erlendum málum, svo og hverja stærðfræði- og eðlisfræðiúrlausn í menntaskólum (lærdómsdeild).
- c) 0,60 kr. fyrir úrlausn hvers nemanda í reikningi og stærðfræði í gagnfræðaskólum.

Auk þess greiðist full verðlagsuppbót.

Tala stíltíma í hverri námsgrein skal ákveðin með samþykki skólastjóra.

Stíll tákna hér skriflegt verkefni, sem unnið er heima og svarar til a. m. k. kennslustundarvinnu nemanda, eða skriflegt verkefni, sem leyst er af hendi í heilli kennslustund.

## 2. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. gr. nær einnig til fastra kennara, að svo miklu leyti sem þeir njóta eigi stundafrádráttar.

## 3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 16. gr. laga nr. 58 1946, um menntaskóla, 38. gr. laga nr. 48 1946, um gagnfræðanám, og 11. gr. laga nr. 16 1947, um menntun kennara, skulu gilda frá 1. janúar 1956. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni frá 20. febrúar 1948.

*Menntamálaráðuneytið, 18. marz 1957.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

56

28. marz

## um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
65. Neshrepps utan Ennis, Snæfellsnessýslu .....	20. marz 1957.
66. Skógarstrandarhrepps, Snæfellsnessýslu .....	15. — 1957.
67. Eyrarsveitar, Snæfellsnessýslu .....	19. — 1957.
68. Múlahrepps, A.-Barðastrandarsýslu .....	15. — 1957.
69. Suðureyrarhrepps, V.-Ísafjarðarsýslu .....	19. — 1957.
70. Laugardalshrepps, Árnassýslu .....	20. — 1957.
71. Grímsnesshrepps, Árnassýslu .....	20. — 1957.
72. Vestur-Landeyjahrepps, Rangárvallasýslu .....	19. — 1957.
73. Vindhælishrepps, A.-Húnavatnssýslu .....	20. — 1957.
74. Torfalækjarhrepps, A.-Húnavatnssýslu .....	20. — 1957.
75. Höfðahrepps, A.-Húnavatnssýslu .....	19. — 1957.
76. Holtshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	19. — 1957.
77. Akrahrepps, Skagafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
78. Fellshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
79. Arnarneshrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
80. Kelduneshrepps, N.-Þingeyjarsýslu .....	19. — 1957.
81. Öxarfjarðarhrepps, N.-Þingeyjarsýslu .....	20. — 1957.
82. Hjaltastaðahrepps, N.-Múlasýslu .....	19. — 1957.
83. Vallahrepps, S.-Múlasýslu .....	20. — 1957.
84. Rangárvallahrepps, Rangárvallasýslu .....	26. — 1957.
85. Bessastaðahrepps, Gullbringusýslu .....	26. — 1957.
86. Kjósarhrepps, Kjósarsýslu .....	26. — 1957.
87. Bildudalshéraðs, V.-Barðastrandarsýslu .....	26. — 1957.
88. Jökuldalshrepps, N.-Múlasýslu .....	26. — 1957.
89. Fellahrepps, N.-Múlasýslu .....	26. — 1957.
90. Borgarfjarðarhrepps, N.-Múlasýslu .....	26. — 1957.
91. Skeggjastaðahrepps, N.-Múlasýslu .....	26. — 1957.
92. Norðfjarðarhrepps, S.-Múlasýslu .....	26. — 1957.
93. Ytri-Torfustaðahrepps, V.-Húnavatnssýslu .....	26. — 1957.
94. Haganeshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	26. — 1957.
95. Ljósavatnshrepps, S.-Þingeyjarsýslu .....	26. — 1957.
96. Fjallahrepps, N.-Þingeyjarsýslu .....	26. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

57

28. marz

**G J A L D S K R Á****fyrir heimilishjálp í Gnúpverjahreppi.**

1. gr.

Fyrir heimilishjálp, samkvæmt reglugerð nr. 138/1955, svo og reglum, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps setur þar um, skal greiða á dag kr. 40.00 — fjörutíu krónur —.

2. gr.

Hjálparstúlka, sem vinnur við heimilishjálp, skal fá endurgjaldslaust fæði á vinnustað.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

58

30. marz

**F Y R I R M Æ L I****um tollmeðferð prentaðs máls og skjala frá opinberum aðilum á Norðurlöndum.**

Ráðuneytið mælir svo fyrir, að sendingar, sem opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð senda hingað til lands og í er eingöngu prentað mál eða önnur skjöl, skuli vera undanþegnar aðflutningsgjöldum og öðrum gjöldum við tollafgreiðslu, svo og undanþegnar tolltírliti, ef

(1) að á sendinguna er lakk- eða pappírinnsgigli hlutaðeigandi opinberra aðila, þær eru í sérstaklega auðkenndum umslögum þeirra eða með sérstökum embættisstimplum, og

(2) sendingarnar bera það greinilega með sér, að í þeim séu aðeins skjöl eða prentað mál frá opinberum aðilum á Norðurlöndum.

Ekki þarf innflutningsleyfi fyrir þessum sendingum.

Opinberir aðilar í þessu sambandi teljast löggjafarþing landanna, ríkisskrifstofur, bæjar- og sveitarstjórnir og skrifstofur þeirra og nefndir, ráð og þess háttar aðilar, sem settir eru, skipaðir eða kosnir að tilhlutun opinberra aðila í umræddum löndum.

Komi sendingarnar til landsins í pósti mega póststofnanir afhenda þær beint til viðtakanda án tollmeðferðar, en séu þær innfluttar á annan hátt skulu tollstofnanir afhenda þær án þess að opna þær.

Sams konar sendingar og hér um ræðir og opinberir aðilar hér á landi senda til aðila í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, skulu undanþegnar útflutningsgjöldum, tolltírliti við útflutning og útflutningsleyfum.

Fyrirmæli þessi taka gildi 1. apríl 1957.

*Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1957.*

**Eysteinn Jónsson,**

*Sígr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um vinnumiðlun nr. 130 17. sept. 1956.

59

4. apríl

### 1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhver maður getur snúið sér til vinnumiðlunar og óskað aðstoðar hennar við útvegum atvinnu sér til handa.

Sá, sem óskar slíkrar aðstoðar, skal afhenda vinnumiðlun umsókn sína um atvinnu á þar til gerðu eyðublaði.

Í umsókninni skulu vera upplýsingar um eftirtalin atriði:

- a. Nafn umsækjanda, fæðingardag og ár, lögheimili hans, síma, hjúskaparstétt, börn á framfæri hans, yngri en 16 ára, og aðra ómaga á hans framfæri.
- b. Stéttarfélag, sem hann er meðlimur í, aðalatvinnu hans, aukaatvinnu, atvinnuréttindi, hverrar atvinnu hann óski og hvort hann hyggist biðja um vottorð vegna atvinnuleysisbóta.
- c. Tekjur umsækjanda af eigin eign og eigin atvinnu, bætur frá almannatryggingunum, atvinnutekjur hans síðustu 6 mánuði, vinnuveitanda og vinnutímabil síðustu 12 mánuði. Samsvarandi upplýsingar varðandi maka hans og börn, sem eru á framfæri hans yngri en 16 ára.
- d. Annað, er máli kann að skipta. Umsóknin skal staðsett og dagsett og undirrituð af umsækjanda.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Ólafsvík.

60

10. apríl

### 1. gr.

Sölubúðum í Ólafsvík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendir varningur er hafður á boðstólum og hans ekki neytt á staðnum.

### 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrir en klukkan 8.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 1 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda

60 sölubúðum og sölustöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 10. apríl 10 síðdegis einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en klukkan 12 á hádegi. Á tímabilinu 1. október til 30. apríl skal á laugardögum lokað eigi síðar en klukkan 1 síðdegis.

Alla föstudaga má hafa opið til klukkan 7 síðdegis.

### 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-mánuði mega engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnir.

Hinn 1. maí og 1. desember skal öllum sölubúðum og sölustöðum lokað klukkan 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

### 4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eingöngu til sölu á brauði, kökum og mjólk, rjóma og skyri, sem hér segir:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-mánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi. Þó skal loka páskadag, jóladag og nýjársgdag svo sem öðrum búðum.

Aðfangadag jóla og gamlársdag til kl. 4 síðdegis.

Fyrsta sunnudag í sjöviknaföstu frá kl. 9 árdegis til kl. 4 síðdegis.

Laugardaga til kl. 4 síðdegis.

Almenna helgidaga, aðra en stórhátíðir, svo og almenna frídaga, má þó jafnan hafa aðalbúð hvers brauðgerðarhúss opna frá kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi.

### 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á strætum úti og torgum eða annars staðar utan sölustaða og sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkv. verzlunarleyfi.

### 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er heimilt að afgreiða eftir lokunartíma.

### 7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hvers konar verzlunar- eða iðnfyrirtækjum eða skrifstofum í Ólafsvík, skal eigi vera lengri á hverjum degi en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klst. á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri 9½ klst. á dag.

### 8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða, verkstaða eða skrifstofu, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

### 9. gr.

Hreppstjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni

til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi hreppsstjóra horfa til almenn- 60  
sheilla.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónur og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-  
reglumál.

10. apríl

*Félagsmálaráðuneytið, 10. apríl 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

61

13. apríl

um innheimtu iðgjalda o. fl. samkvæmt lögum um almannatryggingar.

### 1. gr.

Þær tekjur almannatrygginga, sem reglugerð þessi tekur til, eru:

1. Iðgjöld hinna tryggðu, sbr. 27. gr. laga um almannatryggingar.
2. Iðgjöld atvinnurekenda, sbr. 29. gr. sömu laga.
3. Sérstök áhættuiðgjöld atvinnurekenda vegna slysabóta, sbr. 43. gr. sömu laga.
4. Endurgreiðslukröfur, sem Tryggingastofnun ríkisins kann að eignast á hendur öðrum.

### 2. gr.

Tryggingaskyldir samkvæmt 1. tölulið 1. gr. eru allir, sem búsettir er í landinu 16—67 ára. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hvorki greiða tekju- né eignarskatt og hafa notið bóta samkvæmt II. kafla laga um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta, mæðralauna eða fæðingarstyrks tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu.

Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst einum tíunda hærra en karla.

### 3. gr.

Hinir tryggðu skulu greiða sjálfir iðgjöld sín samkvæmt 2. gr., þó með þeim undantekningum, er hér segir:

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupum þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri að greiða tekju- skatt eða eignarskatt það ár, og má ekki krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattgjaldstekna hans, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja. Einyrki telst hver sá launagreiðandi, sem næstliðið ár hefur ekki keypt svo mikla vinnu, að honum beri að greiða iðgjald samkv. 29. gr. almanna- tryggingalaganna af meira en 52 vikum.



61

13. apríl

4. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar, í Reykjavík fyrir 1. apríl, ár hvert gera skrá í þremur eintökum yfir alla þá, sem heimilisfastir eru innan hlutaðeigandi sveitarfélags og í byrjun almanaksársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára.

Skráin skal greina nöfn, heimili, atvinnu, fæðingarár og dag allra þeirra, sem á hana eru færðir, og enn fremur aðrar þær upplýsingar, er varða iðgjaldagreiðslur hlutaðeiganda. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattfyrivalds, sem leggur á iðgjöld samkvæmt 27. gr. Annað eintakið sendist innheimtumanni, sbr. 75. gr., hitt eintakið Tryggingastofnuninni.

Jafnframt skal skattanefnd (skattstjóri) gera skrá yfir þá gjaldendur, er sveitarstjórn ber að greiða fyrir samkv. 2. tölulið 3. gr., og skal skráin tilgreina hve háa upphæð skuli greiða fyrir hvern þeirra. Einnig skal skattanefnd gera skrá yfir þá nemendur, er öðrum ber að greiða gjöldin fyrir samkv. 1. tölulið 3. gr. og tilgreina nöfn greiðenda.

5. gr.

Gjalddagar á iðgjaldi hinna tryggðu skulu vera tveir. Hinn fyrri í janúar ár hvert, og skal þá greiða  $\frac{1}{4}$ — $\frac{3}{4}$  hluta gjaldsins, eftir því sem ráðherra ákveður í hvert sinn, en eftirstöðvar gjaldsins skulu greiddar á manntalsþingi. Hafi maður ekki greitt fyrir 1. marz þann hluta gjaldsins, er greiðast átti í janúar, er þó heimilt að krefja hann þá þegar um allt gjaldið.

Eigi getur maður á gjaldskylduadri skorazt undan að greiða þann hluta iðgjaldsins, sem í gjalddaga fellur í janúar, þótt hann telji að hann muni við endanlega álagningu verða undanþeginn iðgjaldi það ár, að nokkru eða öllu, nema hann

1. sanni með vottorði skattanefndar (skattstjóra), að hann muni verði undanþeginn iðgjaldagreiðslu það ár samkv. ákvæðum 1. mgr. 2. gr.,
2. afhenti innheimtumanni yfirlýsingu sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði iðgjaldið samkv. 3. gr.

Nú tekur undanþága mannsins samkv. framangreindum liðum aðeins til hluta af iðgjaldinu og ber honum þá að greiða í janúar þá upphæð, sem í þeim mánuði fellur í gjalddaga, þó ekki hærrí upphæð en svo, að hann hafi með því að fullu lokið iðgjaldi sínu fyrir það ár

Nú reynist greiðsla manns upp í iðgjald hærrí en honum ber að greiða við endanlega álagningu, og gengur þá mismunurinn til greiðslu á öðrum þinggjöldum hans, séu þau ógreidd, en endurgreiðist honum að öðrum kosti.

6. gr.

Iðgjald atvinnurekenda samkv. 29. og 43 gr. almannatryggingalaganna, önnur en þau, sem um ræðir í 7., 8. og 9. gr., skulu lögð á af skattanefnd (skattstjóra) með tekju- og eignarskatti, eftir vinnuvikum skattársins samkv. framtölum kaupgreiðenda og falla í gjalddaga á manntalsþingi á greiðsluárinu. Skattanefnd skal semja skrá yfir þá, sem gjaldskyldir eru samkv. 29. og 43 gr. almannatryggingalaganna, starfstíminn tilgreindur í vikum og gjöldin reiknuð út. Skal eintak skrárinnar sent innheimtumanni og Tryggingastofnuninni. Þó skal skattanefnd (skattstjóri) tilkynna iðgjöld, sem rikissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða, beint til Tryggingastofnunarinnar, og annast hún sjálf þá innheimtu.

Nú telur launagreiðandi ekki fram launavikur, eða framtal hans er ófullkomið, og skal þá áætla gjald hans.

## 7. gr.

Iðgjald af lögskráðum sjómönnum samkv. 29. og 43 gr. almannatryggingalaganna skulu lögð á og innheimt fyrirfram af lögskráningarstjórum. Er lögskráningarstjórar fela hreppstjórum að framkvæma lögskráningar, geta þeir einnig falið þeim að annast álagningu og innheimtu iðgjaldanna fyrir sína hönd.

Er lögskráning í skiprúm fer fram skulu þeir, sem lögskráningar beiðast, afhenda lögskráningarstjóra skrá á þar til gerðu eyðublaði, yfir sjómenn þá, er tryggja ber, ásamt fyrirframgreiðslu á iðgjöldum. Ef sjómennirnir eru ráðnir og lögskráðir til ákveðins tíma skal iðgjald greitt fyrirfram fyrir allan lögskráningartímamann. Sé hins vegar lögskráð til óákveðins tíma ákveður lögskráningarstjóri við lögskráningu fyrir hve langan tíma skuli greitt fyrirfram. Eigi skal lögskrá í skiprúm, nema fyrirframgreiðsla iðgjalda hafi farið fram.

## 8. gr.

Iðgjöld af öikumönnum við bifreiðastjórn, samkv. 29. og 43 gr. tryggingalaganna og síðustu málsgrein 36. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júlí 1941, skulu lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattsár, ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi.

Iðgjöld samkv. þessari grein skulu miðast við þann tíma, sem bifreiðin er skráð í notkun hjá lögreglustjóra.

## 9. gr.

Greiða skal fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla. Iðgjöld þessi skulu lögð á af innheimtumönnum. Séu tæki þessi háð opinberri skoðun, árlega eða oftar, skulu iðgjöldin greidd áður en skoðun fer fram í fyrsta sinn ár hvert, en annars á manntalsþingi.

## 10. gr.

Endurgreiðslukröfur, sem Tryggingastofnunin kann að eignast á hendur öðrum, skulu innheimtar af innheimtumönnum ríkissjóðs samkv. bréflægri tilkynningu frá Tryggingastofnuninni, eftir því sem þær til falla.

## 11. gr.

Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum tryggingaráðs með reglugerð öll iðgjöld, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Öll iðgjöld skulu á lögð og innheimt í heilum krónum.

## 12. gr.

Um innheimtu iðgjalda af kaupí, skyldur kaupgreiðenda í því sambandi, lögtaksheimildir og allt, er að slíkri innheimtu lýtur, gilda ákvæði laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt eftir því, sem við getur átt, svo og ákvæði reglugerðar nr. 147 30. des. 1955.

## 13. gr.

Innheimtumenn skila innheimtum iðgjöldum og öðrum tekjum Tryggingastofnunarinnar mánaðarlega til hennar á sama hátt og ríkistekjum til ríkissjóðs.

Reglugerð þess er sett samkv. 88. gr. laga nr. 24 frá 1956, um almannatryggingar, og gengur í gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 11 18. janúar 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkvæmt lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1957.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Hallgrímur Dalberg.*

62

13. apríl

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðarstöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Hofsvallagötu frá Sóleyjargötu að Hringbraut beggja vegna götunnar.
2. Túngötu sunnan megin götunnar frá Ægisgötu að Hofsvallagötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 13. apríl 1957.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

63

17. apríl

## SAMÞYKKT

fyrir Vatnafélag Lónsmanna, Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Lónsmanna. Heimili þess og varnarþing er Bæjarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum að varna Jökulsá í Lóni að ganga á jarðir sveitarinnar austan ár.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Brekku, Stafafells, Byggðarholts, Hraunkots og Bæjar, er liggja undir skemmdum vegna ágangs Jökulsár. Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar atvinnuáráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaga.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, er kosnir skulu til 3 ára í senn og gengur 1 úr á ári eftir hlutkesti fyrstu 2 árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga félagsins.

5. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar framlagður endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Fundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meiri hluta atkvæða, en til breytinga á samþykkt þessari þarf  $\frac{2}{3}$  hluta mætttra atkvæða.

Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar ef þörf krefur, en skylt ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur framangreindra jarða og gildir 1 atkvæði fyrir hverja landeign. Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitafunda.

Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Formaður kveður til stjórnarfunda 63 svo oft sem honum þurfa þykir, svo og ef einhver meðstjórnandi óskar þess. 17. apríl  
Skylt er stjórninni að halda gerðabók. Þar skal rita fundagerðir félagsfunda.

## 6. gr.

Kostnaði við viðhald og umbætur varnargarða þeirra sem gerðir verða, skal félagsstjórnin jafna á hlutaðeigandi jarðeignir í réttu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna og einnig eftir hagsbótum þeim, er hver jörð hefur af fyrirhleðslunni eftir mati 3 manna, er félagið kýs til þess. Eftir sama hlutfalli skal skipta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skipting kostnaðar ber að leggja hann undir úrskurð þar til dómkvaddra manna, og að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum. Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatna-ágangi frá Jökulsá á lönd téðra jarða og skal jafna þeim kostnaði á félagsmenn á sama hátt að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur annars staðar að.

## 7. gr.

Formaður félagsstjórnar hefur á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hann skal og halda alla reikninga félagsins og annast greiðslur. Skal hann í samráði við meðstjórnendur sína annast um að gert verði við bilanir svo fljótt sem auðið er, svo fyrirhleðslan sé jafnan sem tryggust. Skoðun á mannvirkjum þeim, sem gerð hafa verið, skal jafnan fara fram árlega af þar til hæfum manni, að tilhlutun formanns, og skal hann senda afrit af skoðunargerðinni til ráðunauts ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra). Félagsmenn skulu ávallt að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum um vinnu fyrir verkamenn, hesta, bifreiðar og önnur vinnutæki.

## 8. gr.

Allan sameiginlegan kostnað skal félagsstjórnin innheimta með nægjanlegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur er heimilt að taka gjöldin lögtaki. Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar, er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, ef þurfa þykir. Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 9. gr.

Nú telur atvinnumálaráðherra eftir tillögum ráðunautar ríkisstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sé til umbóta á varnargörðum eða nýrra mannvirkja frekar en félagsstjórn hefur áformað, og skal þá félagsstjórn skylt, er hún hefur fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur og ástæður leyfa, enda sé þá miðað við vatnasvæði það, er félagsskapur þessi nær til.

## 10. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 112. gr. vatnala-  
gaga, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal varða allt að 500 kr. sektum, er renna í félagssjóð.

## 12. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

**63** Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, 17. apríl til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnuáráðuneytið, 17. apríl 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**64** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Magnúsar 23. apríl Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Magnús Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Magnúsar Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur, og er stofnaður af dóttur þeirra, Ingibjörgu Magnúsdóttur prestsekkju, til minningar um foreldra hennar, séra Magnús Jónsson prest í Laufási við Eyja-fjörð og konu hans, Vilborgu Sigurðardóttur, sérstaklega til að tengja minningu þeirra við bindindisstarfsemi Magnúsar Jónssonar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Tekjur sjóðsins eru auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, sem honum kunna að berast.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal vera eign áfengisvarnafélagsins Bláa-Bandið í Reykjavík og fer stjórn þess félags jafnframt með stjórn sjóðsins, með þeim takmörkunum sem í 6. gr. segir.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bindindis- og hjálparstarf það, sem áfengisvarnafélagið Bláa-Bandið í Reykjavík hefur með höndum.

### 5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Útvegsbanka Íslands og skulu vextir allir leggjast við höfuðstól, svo og gjafir og áheit, sem sjóðnum berast, unz hann er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Þegar sjóðseignin nemur þeirri fjárhæð eða meiru, er stjórn sjóðsins heimilt að verja  $\frac{4}{5}$  hlutum innstæðunnar í þágu starfsemi Bláa-Bandsins, svo sem hún ákveður hverju sinni.

Höfuðstóll sjóðsins má aldrei verða lægri en 5000 krónur, og skal hann jafnan, eftir hverja fjárveitingu aukinn með sama hætti og í 2. gr. segir, þar til hann er aftur orðinn 25 þúsund krónur, og má þá veita fé úr honum á ný.

### 6. gr.

Meðan eitthvert af börnum gefandans er á lífi, skal það þeirra, er þau sjálf ákveða, eiga sæti í stjórn sjóðsins og hafa atkvæðisrétt og tillögurétt um fjár-

veitingar úr sjóðnum, svo og rétt og skyldu til að fylgjast með því, að fyrirmælum skipulagsskrárinnar sé fylgt í öllum greinum.

64  
23. apríl

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Bláa-Bandsins.

Ef Bláa-Bandið hættir störfum skal stjórn þess afhenda yfirráð sjóðsins stofnun eða félagi, sem vinnur að björgunarstarfi meðal drykkjufólks eða annarri bindindisstarfsemi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 5. okt. 1956.

Ingibjörg Magnúsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur og Jóns Þorsteinssonar, foreldra Ísaks Jónssonar, skólastjóra, er kemur í stað áður staðfestrar skipulagsskrár, dags. 30. des. 1943: „Vöggustofusjóður Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, ljósmóður frá Seljamýri í Loðmundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. apríl 1957. Skipulagsskráin er þannig:

65  
23. apríl

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur og Jóns Þorsteinssonar, foreldra Ísaks Jónssonar, skólastjóra, er kemur í stað áður staðfestrar skipulagsskrár, dags. 30. des. 1943: Vöggustofusjóður Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, ljósmóður frá Seljamýri í Loðmundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Ísak Jónsýni, skólastjóra í Reykjavík, til minningar um foreldra hans.

2. gr.

Upprunalegt stofnfé sjóðsins 1943 var kr. 5 000.00, en hefur síðar aukizt með gjöfum og vöxtum upp í kr. 32 000.00, þrjátíu og tvö þúsund krónur, og er gert ráð fyrir, að hann aukist áfram á sama hátt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er nú aðeins að styrkja skóla Ísaks Jónssonar í Reykjavík, fyrst og fremst með því að kaupa árlega kennsluáhöld og tæki, einkum tæki er snerta náttúrufræðileg efni, og einnig að veita fátækum börnum styrk til dvalar í skólanum, eftir því sem stjórn sjóðsins telur mögulegt eftir að fyrsta tilgangi sjóðsins er náð að dómi stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, en umframfé skal ávaxtast í sparisjóði Landsbankans. Verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn hans.

65

23. apríl

5. gr.  
 $\frac{4}{5}$  hlutum af vöxtum sjóðsins skal árlega varið samkvæmt fyrirmælum 3. gr., en  $\frac{1}{5}$  hluti vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —, en þegar svo er orðið, skal úthluta öllum vöxtum árlega samkvæmt 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

6. gr.

1. Skólastjóri skóla Ísaks Jónssonar, Reykjavík, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar.
  2. Skólanefnd skóla Ísaks Jónssonar skipar annan sjóðstjórnarmeðlim (karl eða konu) og skal sá maður eða kona vera einhver af ættingjum eða venzlamönnum gefendanna, ef völ er á.
  3. Þriðji meðlimur sjóðstjórnar skal vera fræðslumálastjóri, eða sá maður, er síðar kann að gegna því hlutverki, er fræðslumálastjóri nú gegnir.
- Skólastjóri skóla Ísaks Jónssonar skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins.
- Fari svo að skóli Ísaks Jónssonar verði lagður niður, ákveður síðasta löglega kosin stjórn sjóðsins í samráði við borgarstjóra Reykjavíkur, til hvaða líknarstarfsemi sjóðurinn skuli ganga, samkv. tilgangi gefendanna, og þannig að aðeins  $\frac{4}{5}$  af árlegum vöxtum hans sé úthlutað í styrktarfé, þar til sjóðurinn nemur kr. 50000.00. Jafnframt ákveður þessi síðasta löglega stjórn sjóðsins, hverjir skuli skipa hina nýju stjórn sjóðsins.

7. gr.

Sjóðstjórnin sér um reikningshald sjóðsins og skulu endurskoðendur vera hinir sömu og þeir, er kosnir eru til að endurskoða reikninga skóla Ísaks Jónssonar.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. júní ár hvert til jafnlengda næsta ár.

Verði skóli Ísaks Jónssonar lagður niður annast endurskoðendur bæjarreikninganna árlega endurskoðun sjóðsreikninga. Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

8. gr.

Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari og um leið fellur úr gildi skipulagsskrá Vöggustofusjóðs Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur.

Reykjavík, 30. október 1956.

Ísak Jónsson. Sigrún Sigurjónsdóttir.

66

24. apríl

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 87 15. júní 1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Starfsmenn ríkisins skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum.

Nú hefur starfsmaður verið í þjónustu ríkisins 10 ár eða lengur, og skal hann þá fá orlof sem hér segir:

- a. Í 21 virkan dag, ef hann á að baki 10—15 ára þjónustualdur.
- b. Í 27 virka daga, ef hann á að baki lengri þjónustualdur en 15 ár.

Orlofsárið telst frá 1. júní til 31. maí næsta ár á eftir.

## 2. gr.

66

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 14 1957, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1957.*

Eysteinn Jónsson.

*Sigtr. Klemenzson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóðs Pálma rektors Hannessonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1957.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Pálma rektors Hannessonar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Pálma rektors Hannessonar. Hann er stofnaður af kennurum og nemendum Menntaskólans í Reykjavík, Nemendasambandi Menntaskólans og fleiri aðilum.

## 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna nemendur Menntaskólans í Reykjavík eða aðra fyrir vel unnin störf á sviði íslenzkrar náttúrufræði, fræðum íslenzkrar tungu eða á sviði tónlistar svo og veita hæfileikamönnum styrk til framhaldsnáms í þessum greinum.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 50000.00, svo og það fé, er síðar kann að renna til hans, skal ávaxta, og ef unnt er, á þann hátt, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir sjóðsins.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: rektor Menntaskólans í Reykjavík, aðalnáttúrufræðikennari skólans, umsjónarmaður skólans (inspector scholae), einn maður, nefndur af eiginkonu og niðjum Pálma Hannessonar, og einn maður, nefndur af Nemendasambandi Menntaskólans.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins annast varðveislu eigna hans og ávöxtun þeirra í samræmi við ákvæði 3. gr.

Stjórnin ákveður, hver eða hverjir skuli hljóta verðlaun eða styrki úr sjóðnum. Í sambandi við úthlutun úr sjóðnum getur stjórnin efnt til samkeppni í greinum þeim, er getur í 2. gr., og síðar leitað álits sérfróðra manna um verk þau, er kunna að berast.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram, þegar sjóðstjórnin telur ástæðu til, þó ekki oft en einu sinni á ári, og eigi má verja meira en þrem fjórðu hlutum ársvaxta í þessu skyni. Hinn hluta vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.



67 Nú telur sjóðstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársvaxta, sem veita  
24. apríl má til verðlauna og styrkja samkvæmt næstu málsgrein á undan, og getur hún þá annað hvort lagt vextina við höfuðstólinn eða geymt þá til síðari úthlutunar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. febrúar 1957.

Kristinn Ármannsson.      Stefanía Guðnadóttir.      Jóhannes Áskelsson.  
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.      Ólafur B. Thors.

F. h. Nemendasambands Menntaskólans í Reykjavík

Árni Tryggvason.

68 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Björns-  
24. apríl dóttur frá Kornsó, Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Björnsdóttur frá Kornsó.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Sigurlaugar Björnsdóttur.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru nemendur Kvennaskólans á Blönduósi veturna 1937—1938 og 1938—1939, og er stofnfé hans gjöf frá þeim að upphæð kr. 7000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur frá Kvennaskólanum á Blönduósi til framhaldsnáms í húsmæðrafræðum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru áheit og aðrar gjafir, tekjur af hverri þeirri starfsemi, sem stofnað kann að verða til í þágu hans, vextir.

5. gr.

Allar tekjur sjóðsins skulu lagðar við höfuðstól hans, þar til hann nemur kr. 50000.00, þá má veita sem styrk helminginn af árlegum vaxtatekjum hans. Er sjóðurinn nemur kr. 100000.00, má veita sem styrk helming af árlegum tekjum hans, hverjar sem þær eru, og er hann hefur náð kr. 200000.00, má nota allar árlegar tekjur hans til styrkveitinga. Þau ár, sem ekki er veitt úr sjóðnum, leggjast allar tekjur hans við höfuðstólinn.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann geymdur í tryggum verðbréfum eða á annan hátt, er fullnægi fyrirmælum laga um örugga varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.

## 7. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram í septembermánuði og skulu umsóknir komnar fyrir 15. september í hendur sjóðstjórnarinnar. Heimilt er þó sjóðstjórn að veita styrk úr sjóðnum á öðrum tíma, ef ástæða þykir til.

68

24. apríl

## 8. gr.

Skólastjórn Kvennaskólans á Blönduósi sé jafnframt stjórn sjóðsins.

## 9. gr.

Hætti Kvennaskólinn á Blönduósi að starfa, skal sjóðurinn falinn varðveizlu fræðslumálaráðuneytisins, til þess að hann verði notaður í þeim tilgangi að mennta konur í húsmæðrafræðum.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa inn í hana skipulagskrána, samþykktir sjóðstjórnar, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Þá skal halda sérstaka bók yfir tekjur og gjöld sjóðsins og færa í hana ársreikninga hans.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Kvennaskólans á Blönduósi.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Guðmund og Björn Guðbrandssyni, Heydalsá, og Aðalbjörn Þórðarson, Klúku, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóðs um Guðmund og Björn Guðbrandssyni, Heydalsá, og  
Aðalbjörn Þórðarson, Klúku, sem stofnaður er 7. des. 1956  
af ættingjum þeirra og vinum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar, Björns og Aðalbjarnar og er gefinn til minningar um þá, er fórust í sjóslysi á Húnaflóa 7. des. 1950.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11150.00 — ellefu þúsund og eitt hundrað og fimmtíu krónum — og skal ávaxtast í Sparisjóði Kirkjubólshrepps og Fellshrepps.

## 3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Slysavarnadeildar Kirkjubólshrepps og 2 nánustu ættingja þeirra bræðra og Aðalbjarnar. Falli deildin niður skal hreppstjóri Kirkjubólshrepps taka sæti í stjórn sjóðsins.

69

29. apríl

4. gr.  
Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða,  $\frac{2}{3}$  vaxta skal leggja við sjóðinn þangað til sjóðurinn nemur kr. 15000.00, þá helming vaxta þar til sjóðurinn er kr. 20000.00, úr því  $\frac{1}{3}$  vaxta þar til sjóðurinn er kr. 100000.00. Eftir það skal leggja  $\frac{1}{10}$  vaxta við höfuðstólinn.

5. gr.

Þeim hluta vaxta, sem ekki leggjast við höfuðstólinn samkv. 4. gr., skal verja til björgunarstarfsemi við Steingrímsfjörð og Húnaflóa, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

6. gr.

Komi ekki til úthlutunar úr sjóðnum leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn.

7. gr.

Sjóðinn má efla með frjálsum framlögum og minningargjöfum.

8. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakt reikningshald og fer útborgun fram 7. des.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum Slysavarnadeildar Kirkjubólshrepps og lagður fram á aðalfundi deildarinnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

70

29. apríl

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurjóns Péturssonar á Álafossi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurjóns Péturssonar á Álafossi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurjóns Péturssonar á Álafossi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. febrúar 1957 með 150000.00 króna framlagi frá Félagi ísl. iðnrekenda og öðrum, til minningar um Sigurjón Pétursson, verksmiðju-eiganda, að Álafossi í Mosfellssveit.

Sigurjón Pétursson var fæddur 9. marz 1888 og lézt 3. maí 1955. Hann rak ullar- og klæðaverksmiðjuna Álafoss frá 1919 og stjórnaði henni af alkunnum dugnaði. Hann var aðalhvatamaður að stofnun Félags ísl. iðnrekenda hinn 6. febrúar 1933 og formaður félagsins frá stofnun þess til ársins 1945. Eftir það átti hann sæti í aðalstjórn félagsins í 2 ár eða til aðalfundar 1947 og tók því næst sæti um eins árs skeið í varastjórn félagsins, til aðalfundar 1948. Sigurjón Pétursson átti því sæti í stjórn Félags ísl. iðnrekenda í 15 ár og af því tímabili var hann formaður í 12 ár.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla framfarir í íslenskum iðnaði, einkum með því að veita styrki til rannsókna á hagnýtingu íslenskra náttúruauðlinda til iðnaðarframleiðslu og með því að styrkja efnilega Íslendinga til tæknilegs framhaldsnáms erlendis, með þarfir innlends iðnaðar fyrir augum.

70

29. apríl

## 4. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum, áheimum og öðrum slíkum gjöfum, sem einstaklingar, fyrirtæki og félög fyrr og síðar vilja leggja fram. Allt það gjafafé leggst við höfuðstólinn.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn nemur kr. 500000.00 má veita styrki skv. 3. gr., er nemi 75% af árstekjum sjóðsins, en þegar sjóðurinn er orðinn kr. 1000000.00 má veita styrki, er nema öllum árstekjum sjóðsins. Með árstekjum teljast eigi framlög til höfuðstóls skv. 4. gr., en höfuðstólinn má aldrei skerða.

## 6. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu jafnan fara fram á stofndegri Félags ísl. iðnrekenda, hinn 6. febrúar. Fyrsta styrkveiting má þó eigi fara fram fyrr en á 25. afmælisdegi félagsins, hinn 6. febr. 1958.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Þrír skulu kosnir á aðalfundi félagsins 1957 til næstu þriggja ára og síðan ávallt á aðalfundi þriðja hvert ár. Auk þess skal formaður Félags ísl. iðnrekenda ávallt eiga sæti í sjóðstjórninni, en fimmta stjórnarmanninn skal félagsstjórnin kjósa úr sínum hópi að afloknum aðalfundi ár hvert.

## 8. gr.

Sjóðstjórnin hefur reikningsábyrgð gagnvart stjórn Félags ísl. iðnrekenda og aðalfundi félagsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu ársreikningar sendast til stjórnar Félags ísl. iðnrekenda fyrir 1. febrúar ár hvert, en félagsstjórnin lætur endurskoða þá og leggja þá fram á aðalfundi með reikningum félagsins. Reikningarnir teljast afgreiddir, þegar aðalfundur Félags íslenskra iðnrekenda hefur samþykkt þá.

## 9. gr.

Allt fé sjóðsins skal ávaxtað í Iðnaðarbanka Íslands h.f., eftir því sem við verður komið.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af forseta Íslands.

- 71 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð vandamanna, útgefin 29. apríl á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð vandamanna.

#### 1. gr.

Sjóður þessi heitir Minningarsjóður vandamanna og er stofnaður í tilefni af 60 ára afmæli Bændafélagsins Vonin árið 1954. Stofnfé sjóðsins er þrjár minningargjafir, sem stofnandi félagsins, Hólmgeir Jensson á Þórustöðum, hefur gefið til minningar um foreldra sína, systkini sín og konu sína, samtals 9000 krónur.

#### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bera kostnað af skólagarði við heimavistarbarnaskólann í Holti í Öundurafirði. Í því sambandi má kosta fólk til náms í garðyrkjustörfum og verja sjóðnum að einum þriðja til þess.

#### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru auk vaxta minningargjafir og önnur framlög, er honum kunna að áskotnast.

#### 4. gr.

Allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum af tekjum sjóðsins má verja til framkvæmda við skólagarðinn jafnóðum, en hinn hluti teknanna geymist í fastasjóði, sem þó er heimilt að lána til framkvæmdanna gegn fullri tryggingu.

#### 5. gr.

Sjóðnum stjórna þrír menn, kosnir til fjögurra ára í senn á því ári, sem hreppsnefndarkosningar fara fram. Bændafélagið Vonin kýs tvo þeirra, en nýkosin skólanefnd einn.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins leitar samninga við skólanefnd um tilhögun skólagarðsins og framkvæmdir við hann.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal færa í gerðabækur allar fundargerðir sínar, skrá um allar gjafir, er sjóðnum berast, og annað, er varðar hag hans og rekstur, þar á meðal ársreikninga sjóðsins og yfirlit um framkvæmdir við skólagarðinn. Reikningana skal endurskoða með sveitarsjóðsreikningum Mosvallahrepps.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Holti, 6. desember 1956.

Jón Jónsson.

Halldór Kristjánsson.

Guðm. Ingi Kristjánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Teitssonar 72  
skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 29. apríl  
1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Teitssonar skólastjóra.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Teitssonar skólastjóra.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hreppsnefnd Miðneshrepps á dánardægri Aðalsteins heitins Teitssonar skólastjóra 14. jan. 1957, sem viðurkenningarvottur fyrir margháttuð störf hans í þágu hreppsfélagsins.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —. Sjóðurinn skal ávaxtaður í sparisjóðnum í Keflavík. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, sem honum kunna að áskotnast.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga úr Miðneshreppi, til framhaldsnáms í einhverjum hagnýtum fræðum.

### 5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd og skipa hana: Skólastjóri barna og unglíngaskólans í Sandgerði, á hverjum tíma, Guðný Björnsdóttir, ekkja Aðalsteins Teitssonar, meðan hennar nýtur við, síðan eitthvert barna hennar eða nánasti ættingi, eftir þeirra tilnefninu. Þriðji nefndarmaður skal kosinn af hreppsnefnd Miðneshrepps, eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, í hana skal rita skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins, umsóknir um styrki og skrá um úthlutanir úr sjóðnum.

### 6. gr.

Vexti og annað er sjóðnum kann að áskotnast skal leggja við höfuðstólinn þar til hann er orðinn að upphæð kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —. Eftir það má úthluta úr sjóðnum annað hvort ár, sem svarar hálfum vöxtum yfir það tímabil. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 75000.00 — sjötíu og fimm þúsund krónur — má úthluta úr sjóðnum á sama hátt, þrem fjórðu hlutum vaxtanna. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund — má árlega úthluta sjö áttunda hlutum vaxtanna, einn áttunda hluta vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

73 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Stofnendasjóð, útgefin á venjulegan 29. apríl hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stofnendasjóð.

### 1. gr.

Nafn sjóðsins er Stofnendasjóður.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. janúar 1956 á 80 ára afmæli stjórnarformanns og eina núlifandi stofnanda, séra Sigurbjörns Á. Gíslasonar, með kr. 50000.00 framlagi frá Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í virðingar- og þakklætisskyni fyrir ómetanlegt brautyrðjendastarf hans og samstarfsmanna og meðstofnenda, en þeir voru:

Flosi Sigurðsson trésmíðameistari,  
Haraldur Sigurðsson verzlunarstjóri,  
Júlíus Árnason kaupmaður,  
Páll Jónsson kaupmaður.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar og er stjórn þess einnig stjórn sjóðsins.

### 4. gr.

Þegar höfuðstóll er orðinn kr. 100000.00 má verja  $\frac{3}{4}$  af vöxtum hans árlega til styrkveitingar, sbr. 5. grein.

### 5. gr.

Styrk úr Stofnendasjóði má veita þeim til utanfarar, er starfa að líknar- og mannúðarmálum og vilja kynna sér þau mál nánar.

Einnig má styrkja á sama hátt áhugasamt fólk, sem ætlar sér að starfa að líknar-og mannúðarmálum.

### 6. gr.

Umsóknir um styrkveitingu skulu sendar sjóðstjórn ásamt skilríkjum fyrir 1. október, en styrkurinn veitist 29. okt. á stofndeggi heimilisins.

### 7. gr.

Reikningsár Stofnendasjóðs skulu endurskoðaðir ásamt reikningum stofnunarinnar.

## AUGLÝSING

74

29. apríl

### um niðurgreiðslu á fiski.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að greiða niður verð á nýjum þorski og ýsu, sem selt er til neyzlu innanlands.

Greiddur verði niður fiskur, sem fiskverzlanir selja. Niðurgreiðslan verður kr. 0.32 á kg af ýsu og kr. 0.25 á kg af þorski, hvort tveggja miðað við slægðan fisk með haus.

Fiskifélag Íslands mun annast niðurgreiðsluna og ber fiskverzlonum að senda kröfur sínar um niðurgreiðslu þangað. Kröfum ber að fylgja vottorð löggilts vigtarmanns um kaup viðkomandi verzlunar á nýjum þorski og ýsu til innanlandsneyzlu og önnur þau gögn, sem Fiskifélagið kann að krefjast.

Þá hefur verið ákveðið að hækka niðurgreiðslu á saltfiski þannig, að hún verði kr. 2.25 á kg af fullþurrkuðum 1. flokks fiski, ef fiskurinn er seldur til verzlana, en kr. 1.85 á kg, ef framleiðandi selur beint til neytenda. Mun Fiskifélagið einnig annast framvegis niðurgreiðslu á saltfiski.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1957.*

Lúðvík Jósepsson.

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUGERÐ

75

30. apríl

### um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Tölulíður 7, 8, 9, 10, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

7. svæði: Hafnarfjörður

1. janúar — 15. maí

1. september — 31. desember

8. svæði: Reykjavík

1. janúar — 15. maí

1. september — 31. desember

9. svæði: Akranes

1. janúar — 15. maí

1. september — 31. desember

10. svæði: a. Hellissandur

1. janúar — 15. maí

b. Rif

1. janúar — 15. maí

1. október — 31. desember

c. Ólafsvík

1. janúar — 15. maí

1. október — 31. desember



- 75 25. svæði: Ólafsfjörður  
 30. apríl 1. febrúar — 20. júní.  
 20. september — 30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík  
 1. apríl — 15. desember
30. svæði: Vopnafjörður  
 1. júní — 31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður  
 1. febrúar — 31. maí  
 1. júní — 30. nóvember

## 2. gr.

Töluliður 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík  
 15. febrúar — 11. maí  
 1. september — 31. desember
10. svæði: Hornafjörður  
 1. marz — 11. maí

## 3. gr.

Töluliður 22, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður  
 15. júlí — 31. október.
27. svæði: Ólafsfjörður  
 1. apríl — 30. nóvember
30. svæði: a. Húsavík  
 1. apríl — 15. nóvember  
 b. Flatey  
 1. apríl — 15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður  
 15. maí — 31. október
43. svæði: Þorlákshöfn  
 1. marz — 11. maí

## 4. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 17 4. febr. 1957, um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. apríl 1957.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um gildistöku nýs fasteignamats.

76

30. apríl

Fjármálaráðherra hefur ákveðið, skv. 8. gr. 2. málsg. l. nr. 33/1955 um samræmingu á mati fasteigna, að hið nýja fasteignamat sem ákveðið hefur verið skv. þeim lögum, skuli taka gildi frá og með 1. maí 1957.

*Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1957.*

Eysteinn Jónsson.

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

77

2. maí

Með heimild í athugasemdarákvæði við nr. 11 í 39A kafla tollskrár og sams konar heimild í upphafi XV. flokks tollskrárinnar, hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöldin af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörunum verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og þar segir:

Tollskrá:

Kafli	Nr.		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
39A	3—(a)	Umbúðablöð, ólituð, með áletrun, sem ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenskar afurðir .....	1 kg	7	8
	6—(a)	Vatnsleiðslupípur úr plasti .....	—	7	10
	— (b)	Þéttilistar úr plasti, til lokunar á þensluraufar .....	—	7	10
11—(a)		Netjakúlur úr plasti .....	—	1	2
	— (b)	Nótaflotholt úr plasti .....	—	2	2
	— (c)	Flöskur úr plasti .....	—	2	10
66	11—(a)	Túbur úr alúminíum og alúminíumlegeringum .....	—	7	8

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 98/1956, um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Netjakúlur úr plasti skulu bæði undanþegnar yfurfærslugjaldi og innflutningsgjaldi samkv. lögum nr. 86/1956 eins og netjakúlur úr gleri og úr alúminíum. Nótaflotholt úr plasti eru einnig undanþegin yfurfærslugjaldi og innflutningsgjaldi eins og sams konar vara úr korki. Greiða skal 38,5%, en ekki 60,5%, innflutningsgjald af flöskum úr plasti. Af framangreindum umbúðablöðum, vatnsleiðslupípum og þéttilistum úr plasti skal greiða 12,1% innflutningsgjald.

Auglýsing þessi kemur í stað 1. málsg. auglýsingar nr. 91/1954 og auglýsinga nr. 160/1954 og nr. 94/1955, um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

*Fjármálaráðuneytið, 2. maí 1957.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Björn Hermannsson.*

B 21

**78** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Ræktunarsjóð Kjalarnesþings, 30. apríl útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1957. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ræktunarsjóð Kjalarnesþings.

### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, samkvæmt 3. gr. laga, er samþykkt voru á fyrsta aðalfundi þess.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er í ársbyrjun 1944 kr. 11797.40. Skal ávallt leggja helming vaxta við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

### 3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings varðveitir eignir sjóðsins. Skal hann ávaxtast í Söfnunarsjóði.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að verðlauna þá menn í Kjalarnesþingi, sem skara fram úr í búnaðarframkvæmdum og búnaðarháttum, eða leysa af hendi sérstaklega heillaríkt starf í félags- og framfaramálum bænda. Ein verðlaun skulu veitt annað hvort ár.

### 5. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings hefur ein tillögurétt um verðlaunaveitingar úr sjóðnum. Skulu tillögurnar lagðar fyrir aðalfund Búnaðarsambands Kjalarnesþings, sem samþykkir þær eða hafnar þeim. Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings er skylt að afla sér sem beztra upplýsinga um hæfni þeirra manna, sem hún gerir tillögur um að verðlaun fái.

### 6. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skulu vera góðir gripir eða fjárupphæðir, og fylgi þeim verðlaunaskjöl undirrituð af stjórn sambandsins. Nú eru verðlaun ekki veitt fyrir eitt eða fleiri tímabil og skal þá geyma það fé, sem heimilt er að veita til verðlauna þar til næsta verðlaunaúthlutun fer fram, og má þá veita fleiri en ein verðlaun.

### 7. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings annast stjórn sjóðsins. Hún skal færa bók yfir eignir sjóðsins, svo og ársreikning hans, sem endurskoðast með reikningum Búnaðarsambands Kjalarnesþings. Þar skal og færa skýrslur um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum, og annað það, sem varðar starfrækslu hans.

### 8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á aðalfundi Búnaðarsambands Kjalarnesþings, enda samþykki  $\frac{3}{4}$  allra mætttra fulltrúa breytinguna.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Nemendasjóð Gagnfræðaskólans við 79 Vonarstræti, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. maí 1957. 8. maí  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Gagnfræðaskólans við Vonarstræti.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Gagnfræðaskólans við Vonarstræti.

### 2. gr.

Stofnfé hans er kr. 100.00, sem stjórn skólafélagsins hefur lagt fram. Í sjóðinn skal renna allur hagnaður, sem verða kanna af árshátíðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

### 3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Gagnfræðaskólans við Vonarstræti, ef veikindi og fjáskort ber að höndum eða þörf telst til styrkja af öðrum ástæðum, samkvæmt einróma áliti stjórnar sjóðsins.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til árs í senn, skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kosnir til árs í senn af nemendum skólans.

### 6. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, eftir að til hans hefur verið boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykka breytinguna.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

## AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1957.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

80

20. maí

## REGLUGERÐ

### um eyðingu svartbaks með eitri.

#### 1. gr.

Umráðendum friðlýsts æðarvarps er heimilt að eitra fyrir svartbak (veiðibjöllu) í varplöndum á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí ár hvert.

#### 2. gr.

Til eitrunar skal nota strýknín (*nitras strychnicus venalis*). Það eitur er banvænt mönnum sem skepnum, og ber að gæta sérstakrar varúðar um meðferð þess.

Eitur skal látið í æðaregg um gat, á að gizka 1 cm að þvermáli, er gera skal á hlið þess. Í hvert egg skal láta sem svarar ½ g af eitrunu og hræra því saman við innihald eggsins, t. d. með fjöðurstaf.

Mönnum ber að forðast að láta eitur koma við sig, en fari svo, skulu þeir þvo sér vandlega á eftir.

Stranglega er bannað að eitra annað en æðaregg.

#### 3. gr.

Eitruð egg skulu lögð þar í varplönd, sem svartbaks er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Svartbak eða aðra fugla, sem kunna að drepast af eitri, skal grafa tafarlaust, þar sem þeir finnast, og varast að snerta þá berum höndum.

#### 4. gr.

Staðir þeir, sem eitruð egg eru höfð á, skulu vel auðkenndir, svo að þeim, er um þá kunna að eiga leið, verði augljóst, að þar er von eitraðra eggja og fugla, sem drepizt hafa af eitri. Sérstaklega skal þess gætt, að fólki, sem hirðir æðarvörp, sé kunnugt, hvar eitruð egg eru höfð.

#### 5. gr.

Útlát eiturs til að eitra fyrir svartbak (sbr. 1. gr.) annast lyfsalar, en héraðslæknar, þar sem ekki verður auðveldlega náð til lyfsala, og fer um afgreiðslu samkvæmt gildandi reglum um sölu eiturefna til annarra afnota en lækninga, sbr. auglýsingu landlæknis 19. nóvember 1913 (Lögbirtingablað 1913, bls. 148—149).

#### 6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 500—5000 kr.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 63 1954. Öðlast hún þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 45/1942, um eyðingu svartbaks með eitri.

*Menntamálaráðuneytið, 10. maí 1957.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Boga Ólafssonar **82**  
yfirkennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. 10. maí  
maí 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Boga Ólafssonar yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Boga Ólafssonar yfirkennara.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Menntaskólans í Reykjavík. Rektor skólans hefur með höndum stjórn sjóðsins og ávaxtar hann. Reikning hans skal birta árlega í skýrslu skólans.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en  $\frac{3}{4}$  hlutum af ársvöxtum hans skal verja árlega til verðlauna, en leggja  $\frac{1}{4}$  hluta við höfuðstólinn.

4. gr.

Verðlaun skal veita þeim skólanemanda, er hæsta hlýtur samanlagða árs- og prófseinkunn í ensku við stúdentspróf máladeildar. Nú hljóta tveir eða fleiri nemendur sömu einkunn, og skiptast þá verðlaunin jafnt milli þeirra. Rektor afhendir verðlaunin við skólauppsögn.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

**83**

17. maí

um breyting á bráðabirgðagjaldskrá fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps  
nr. 227 10. des. 1952.

5. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt ofanskráðri bráðabirgðasþjaldskrá getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%, ef þurfa þykir, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

84  
20. maí

## AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu  
nr. 2 6. janúar 1938.

### 1. gr.

Aftan við 11. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skal hreppsnefnd Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps gefin heimild til að fresta leitum um 1 viku í Súðavíkurhreppi og ytri hluta Ögurhrepps, ef samkomulag verður um það þeirra í milli.

### 2. gr.

12. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhver fjáreigandi, sem ekki er hjú, og á 3 kindur framgengnar, skal fjallskil gera samkvæmt skipun hreppsnefndar. Nú vanrækir fjáreigandi að leggja til menn í leitir og skal hreppsnefnd sjá um, að hann greiði þau fjallskil, sem gerð eru á hans kostnað, sökum vanrækslu þessarar, með því almenna verðlagi sem gildir í sveitinni um aðra vinnu.

### 3. gr.

Í stað orðanna í upphafi 19. greinar: „Á vorhreppaskilum ákveður hreppsnefnd“, — komi: Hreppsnefnd ákveður o. s. frv.

### 4. gr.

Í 30. grein komi: í stað „10 aurar“ — kr. 1.00, og í stað „2 kr.“ — kr. 20.00.

Breyting þessi sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927, til að öðlast gildi 1. júlí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

85  
17. maí

## REGLUGERÐ

um löggæzlu á skemmtisamkomum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

### 1. gr.

Skemmtisamkomur má eigi halda á samkomustöðum Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtana skulu sækja um leyfi til skemmtanahaldsins eigi síðar en viku áður en skemmtun skal halda.

### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt minnst 6 löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtisamkomum.

Löggæzlusvæðið er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Heimilt er þó að skipta 85  
 héraðinu í þrjú svæði, þannig, að hrepparnir sunnanfjalls verði eitt svæði, Nes- 17. maí  
 hreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur annað, og Eyrarsveit, Helgafells-  
 sveit, Skógarströnd og Stykkishólmur hið þriðja. Verði tveir löggæzlumenn stað-  
 settir á hverju svæði.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtunin á að hefjast, og dvelja þar, þar til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum, fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann getur eigi mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan löggæzlumann til að annast fyrir sig löggæzlustarfið.

Löggæzlumönnum er heimilt að kveðja sér til aðstoðar tvo menn eða fleiri, úr hlutaðeigandi hreppi þar sem skemmtun er haldin, ef löggæzlumenn telja þess þörf, og skulu þeir jafnan vera löggiltir. Þeir einir geta orðið löggæzlumenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja á burt af skemmtistaðnum þá menn er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumenn skemmtunarinnar, þjónustulið þeirra og aðra borgara.

Ef löggæzlumönnum virðist ölvun á skemmtun ætla að keyra úr hófi, er þeim heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr samkomuhúsinu eða burt af samkomusvæðinu, ef um útiskemmtun er að ræða.

Ef rökstuddur grunur leikur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á samkomustað eða í námunda við hann, er löggæzlumönnum og aðstoðarmönnum þeirra heimilt að leita áfengis í bifreiðunum.

Að lokinni skemmtun skulu löggæzlumenn, ef þeir telja sig, vegna öläðis manna, eiga hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skulu þeir tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni og eigi hafa hlýtt fyrirmælum þeirra. Skulu þeir lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreisti, er þeir hafa gert og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf til handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum skal láta í té ókeypis einkennisbúning, en aðstoðarmönnum þeirra einkennishúfur eða merki. Sé gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna, er þeir sinna löggæzlustörfum, skal rikissjóður bæta þeim þann skaða, ef hann fæst eigi bættur á annan hátt.

### 5. gr.

Sýslumaður ákveður hverju sinni hvaða þóknun löggæzlumönnum og aðstoðarmönnum þeirra skuli greitt fyrir starf þeirra. Þeim skal og greiða ferðakostnað að og frá skemmtistað samkvæmt samkomulagi eða eftir reikningi.

### 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á fund í Stykkishólmi. Á fundinum skal rætt um á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu löggæzlumenn mæta.



85

17. maí

7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir í 6. gr., verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að því að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja skemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo menn úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanna samkvæmt 3. gr., kveðja tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 6. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim ákveða eftir að hafa kynnt sér skýrslur löggæzlumanna, hverjum skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda.

Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum og manni þeim, er bannið er beint gegn.

Meðan bannið gildir ber löggæzlumönnum, forstöðumönnum skemmtistaða og þjónustuliði þeirra að synja þeim mönnum, er banninu er beint gegn, um aðgang að skemmtunum, er haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis.

9. gr.

Kostnaður, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af sýslusjóði og hlutaðeigandi sveitar-sjóði.

Þó kostar ríkissjóður einn einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu og þjálfun löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra.

Laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, og getur sýslumaður sett það skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag skemmtun á samkomustað innan héraðs, skal sýslumaður krefjast þess, að hlutaðeigandi aðili greiði hluta sýslusjóðs og sveitar-sjóðs af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni.

Haldi utansveitarmaður eða félag, en þó úr héraðinu, skemmtun á samkomustað í héraðinu, skal sýslumaður krefjast þess að hlutaðeigandi aðili greiði hluta sveitarsjóðs af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni.

Reglugerð þess, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Dómsmálaráðuneytið, 17. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Baldur Möller.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1957.

*Lög um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaaptúnum*, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1957, nr. 40.

*Forsetabréf um þinglausnir*, undirskrifað af forsetanum 31. maí 1957, nr. 41.

*Lög um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 1. júní 1957, nr. 42.

*Lög um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar*, undirskrifuð af forsetanum 3. júní 1957, nr. 43.

*Lög um skatt á stóreignir*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

*Lög um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum*, undirskrifuð af forsetanum 4. júní 1957, nr. 45.

*Lög um breyting á lögum nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins*, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1957, nr. 46.

*Lög um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili*, undirskrifuð af forsetanum 5. júní 1957, nr. 47.

*Lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum*, undirskrifuð af forsetanum 28. maí 1957, nr. 48.

*Lög um Tunnuverksmiðjur ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1957, nr. 49.

*Lög um menningarsjóð og menntamálaráð*, undirskrifuð af forsetanum 5. júní 1957, nr. 50.

*Lög um vísindasjóð*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 51.

*Lög um eyðingu refa og minka*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 52.

*Lög um lax- og silungsvéiði*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

*Lög um búfjárrækt*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.

*Fjáraulög fyrir árið 1954*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 55.

*Lög um breyting á sjúkrahúsalögum nr. 93 31. des. 1953*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 56.

*Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 57.

*Lög um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 6. júní 1957, nr. 58.

*Lög um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 59.

*Lög um Háskóla Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 7. júní 1957, nr. 60.

*Lög um heilsuvernd í skólum*, undirskrifuð af forsetanum 8. júní 1957, nr. 61.

*Lög um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-mála, fjárfestingarmála o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 62.

*Lög um Landsbanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 21. júní 1957, nr. 63.

*Lög um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 29. maí 1957, nr. 64.

*Lög um breyting á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð*, undirskrifuð af forsetanum 13. marz 1957, nr. 65.

*Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum*, undirskrifuð af forsetanum 25. júní 1957, nr. 66.

## S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun  
á vinnutíma sendisveina í Ólafsvík.

## 1. gr.

Sölubúðum í Ólafsvík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendur varningur er hafður á boðstólum og hans ekki neytt á staðnum.

## 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 8.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársgangur skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 1 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölustöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 10 síðdegis einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en klukkan 12 á hádegi. Á tímabilinu 1. október til 30. apríl skal á laugardögum lokað eigi síðar en klukkan 1 síðdegis.

Alla föstudaga má hafa opið til klukkan 7 síðdegis.

## 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-mánuði mega engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnir.

Hinn 1. maí og 1. desember skal öllum sölubúðum og sölustöðum lokað klukkan 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

## 4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eingöngu til sölu á brauði, kökum og mjólk, rjóma og skyri, sem hér segir:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-mánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi. Þó skal loka páskadag, jóladag og nýjársgangur svo sem öðrum búðum.

Aðfangadag jóla og gamlársgangur til kl. 4 síðdegis.

Fyrsta sunnudag í sjövíknaföstu frá kl. 9 árdegis til kl. 4 síðdegis.

Laugardaga til kl. 4 síðdegis.

Almenna helgidaga, aðra en stórhátíðir, svo og almenna frídaga, má þó jafnan hafa aðalbúð hvers brauðgerðarhúss opna frá kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi.

## 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á strætum úti og torgum eða annars staðar utan sölustaða og sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkv. verzlunarleyfi.

## 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er heimilt að afgreiða eftir lokunartíma. 86

10. apríl

7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hvers konar verzlunar- eða iðnfyrirtækjum eða skrifstofum í Ólafsvík, skal eigi vera lengri á hverjum degi en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klst. á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri 9½ klst. á dag.

8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða, verkstæða eða skrifstofu, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

9. gr.

Hreppstjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnanirnar eða fyrirtæki, sem að dómi hreppstjóra horfa til almenningsheilla.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-reglumál.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. apríl 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 113 30. ágúst 1954, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsildar.

87

21. maí

1. gr.

b. liður 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

b. Hausuð og slógdregin síld (cut) og hreinsuð síld (split).

Síldin skal vera með öllu óskemmd og líta út fyrir að vera haldgóð, vel hreinsuð og vel unnin og snyrtilega lögð í tunnur. Síldinni hafi verið vel vöðlað í salti (ekki roðtærð eða samlímd) og hæfilega söltuð, með ekki óberandi óbráðnu salti. Hin venjulega vara af þessari tegund skal vera með minnst 23° þækli, en leyfilegt er að gefa matsvottorð fyrir síld með allt niður að 20° þækli, ef síldin er þá örugg. Síld með 20—30° þækli skal merkja á efri botn: LÉTT SÖLTUÐ (MILD CURE), eða með orðum á öðrum tungumálum sömu merk-ingar.

Sé síldin umpökkuð skal það gert í samráði við Síldarmat ríkisins, og skal þá kastað frá áberandi rýrum og gölluðum síldum.

Stykkjatölu skal merka á botn tunnu með umpakkaðri síld, þó svo að leiki á 25 stk., t. d. 375—400, 400—425 o. s. frv. Skal stykkjatalan prófuð í a. m. k. 5% af hverri söltunartölu.

87  
21. maí

Ef síldarmatsstjóri telur ástæðu til, vegna útlitsbreytinga á síldinni, skal merkja umpakkaða síld með orðinu: UMPÖKKUÐ, REPACKED, eða með orðum á öðrum tungumálum sömu merkingar.

Lágmarksþyngd þessarar tegundar skal vera 113 kg í ¼ tunnu, þó má lágmarksþyngd ½ tunnu, sem seld er til Norðurlanda, vera 100 kg, en leyfilegt er, sé þess óskað og matsmaður álítur það óhætt, að hafa meira innihald, skal þá merkt eins og við á og geta þess í matsvottorði.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að standast kostnað við matið, skal síldarsaltandi greiða til Síldarmats ríkisins tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu síldarsaltanda. Greiða skal matsmönnum sama kaupa og eftir sömu reglum og greitt er fiskmatsmönnum.

Til að standast kostnað við matið að öðru leyti, svo sem ferðakostnað matsmanna o. fl., skal síldarsaltandi greiða, auk tímakaups matsmanna, matsgjald kr. 0.50 af hverri útflutningsmetinni tunnu. Það gjald skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, sbr. lög frá 23. apríl 1957, um breyting á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 21. maí 1957.*

Lúðvík Jósepsson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

88  
25. maí

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar, nr. 113 29. júní 1951.

1. gr.

Stafliðir A, B og C orðist svo:

A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld um kwst.mæli á kr. 2.10 hvert kwst.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæla, annan til ljósa en hinn til heimilsvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn kr. 2.10, en hinn mælinn kr. 0.55 hver kwst.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst. til smáíðnaðar.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, skal orkan seld á kr. 0.45 hver kwst., enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn, þegar álag rafveitunnar er of mikið að dómi rafveitustjóra.

2. gr.

Í stað kr. 0.20 í D-lið gjaldskrárinnar komi: kr. 0.25.

3. gr.

Í stað kr. 0.50 í F-lið komi: kr. 0.60.

4. gr.

Stafliður H. orðist svo:

#### H. Heimtaugargjald.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald.

Skal það vera sem hér segir:

1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00.
2. Fyrir jarðlínuheimtaug kr. 800.00.

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 4.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða rafveitustjórn samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunn gjald heimtaugar um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sá lengd jarðlínuheimtaugar meira en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meira en 40 metrar og/eða gildleiki víra meira en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein taug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Hámark heimtaugargjalds fari þó ekki fram yfir kr. 5000.00 að viðbættu grunn gjaldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um framlengingu ökukennararéttinda.

Með skírskotun til þess að lög og reglugerðir um umferða- og bifreiðamál hafa verið í endurskoðun og nýtt umferðarlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir Alþingi, framlengjast hér með til 31. marz 1958, löggildingar manna til ökukennslu samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. bifreiðalaga og reglugerð nr. 178 13. des. 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðarstjóra, og reglugerð nr. 58 27. marz 1953, um breytingu á þeirri reglugerð, sbr. augl. nr. 45 11. marz 1955 og nr. 31 12. marz 1956.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 20. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Baldur Möller.*

90

28. maí

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948.

## 1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Bæjarráð getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- a. Verzlanir, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop, eða hafa sérstakt leyfi bæjarráðs og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda.
- b. Veitingastaðir, er samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs, selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi megin hluti rekstrarins, að dómi heilbrigðisnefndar.
- c. Biðskýli strætisvagna, byggð skv. sérstöku leyfi bæjarráðs.

Í verzlunarstöðum þessum má selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt háð samþykki lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala má þar fara fram á virkum dögum kl. 8.00—23.30 og á helgidögum, eingöngu blaðasala frá 8—11 og kl. 15.00—23.30. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og jóladag, skv. því sem segir í 4. gr.

Bæjarráð getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs skv. þessari grein og getur bundið hann öllum þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, m. a. greiðslu árlegs gjalds í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi, og má innheimta það með lögtaki.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 150 29. maí 1952, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUR

91

3. júní

um takmarkanir á sammerkingum á sauðfé vegna sauðfjárveikivarna.

### 1. gr.

Markadómsmenn (markaverðir) eða aðrir, sem starfa í umboði sýslunefnda við skrásetningu marka, skulu, hver í sínu umdæmi, kanna rækilega, hvaða sammerkingar við nærliggjandi héruð eða varnarsvæði geti talizt varhugaverðar vegna smit-hættu af sauðfjársjúkdómum. Skulu þeir hafa samstarf sín á milli um það, að koma í veg fyrir slíkar sammerkingar.

### 2. gr.

Verði ágreiningur um, hvaða fjáreigandi skulu halda sauðfjarmarki og hver eða hverir leggja það niður skulu hlutaðeigandi markadóms- eða markaskráningarmenn leita úrskurðar sauðfjársjúkdómanefndar. Skulu þeir láta fylgja úrskurðarbeiðni upplýsingar um, hvor eða hver fjáreigandi hafi notað markið lengst, eða annað er gefi bendingar um, hver eigi mestan rétt til að halda markinu.

Ber þá sauðfjársjúkdómanefnd að skera úr því, hvort einn eða fleiri af þeim, sem markið hafa notað skuli leggja það niður og hver eða hverjir skuli halda því.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, telji hún ástæðu til, bannað sammerkingar, þótt markadómsmenn hafi ekki leitað úrskurðar hennar.

### 3. gr.

Nú hefur sauðfjársjúkdómanefnd úrskurðað að fjáreigandi skuli leggja niður fjármark sitt og er honum þá óheimilt að nota markið lengur og bannað er að prenta það í markaskrá undir hans nafni. Breyta skal marki á því fé, sem með markinu er, eða auðkenna á öruggan hátt. Enginn annar á því varnarsvæði má taka markið upp. Sama gildir um brennimörk sem eyrnamörk.

Sé um gamalt mark að ræða, sem fengið er að erfðum, þarf bann við að réttur eigandi marksins noti það, þó eigi gilda lengur en nauðsyn krefur, vegna sýkingarhættu, að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

### 4. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og með samþykki landbúnaðarráðherra sett fastar reglur, er kveði á um það, milli hvaða héraða eða varnarsvæða sammerkingar séu bannaðar.

### 5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 50000.00 krónum eða fangelsi og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögglumál.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 23 frá 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestast hér með, til að taka gildi nú þegar, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 3. júní 1957.*

**Hermann Jónasson.**

**Árni G. Eylands.**



92

31. maí

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur um:

1. Thorvaldsensstræti og Vallarstræti með aksturstefnu frá Kirkjustræti að Pósthússtræti, en akstur úr Pósthússtræti bannaður.
2. Háaleitisveg frá norðri til suðurs milli Suðurlandsbrautar og Ármúla.

Bann við bifreiðastöðum í Templarastræti austan megin frá Vonarstræti að Kirkjustræti.

Bann við akstri úr Lækjargötu norðan Bankastrætis til hægri inn í Austurstræti með undanþágu fyrir Strætisvagna Reykjavíkur.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 31. maí 1957.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

93

15. júní

## AUGLÝSING

**um gjald samkvæmt heimild í samþykkt frá 28. maí 1957 um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar frá 28. maí 1957, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948, hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið, að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar, skuli vera kr. 20000.00 árlega og greiðast ársfjórðungslega fyrirfram.

Ofanrituð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**REGLUR**

94

25. júní

**um skipulag flugmála á Keflavíkurflugvelli.****1. gr.**

Flugráð fer með stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur með höndum daglegan rekstur og stjórnar skrifstofu flugmálanna þar undir eftirliti flugráðs.

**2. gr.**

Flugráð semur og sendir utanríkisráðuneytinu, að fengnum tillögum flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli, árlega, sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld flugmála Keflavíkurflugvallar til afnota við samningu fjárlaga.

**3. gr.**

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli skal gæta þess vandlega, að útgjöld á fjárhagsáætlun Keflavíkurflugvallar fari ekki fram úr fjárlögum.

**4. gr.**

Skrifstofa flugvallarins á Keflavíkurflugvelli hefur á hendi allt bókhald vegna Keflavíkurflugvallar undir yfirstjórn og eftirliti utanríkisráðuneytisins og samkvæmt nánari fyrirmælum þess.

**5. gr.**

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli skal a. m. k. hálfsmánaðarlega greiða í ríkissjóð innkomnar tekjur vallarins í innlendum gjaldeyri og bönkunum erlendum gjaldeyri.

Flugvallarstjóra er þó heimilt í samráði við utanríkisráðuneytið að halda eftir innlendum gjaldeyri til daglegs reksturs Keflavíkurflugvallar.

**6. gr.**

Flugráð heldur fundi á Keflavíkurflugvelli, þegar ástæða þykir til, vegna flugmálanna þar.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli gerir flugráði mánaðarlega grein fyrir fjármálum Keflavíkurflugvallar.

**7. gr.**

Allir samningar við varnarliðið samkvæmt varnarsamningnum frá 1951, varðandi almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli, skulu gerðar af utanríkisráðuneytinu.

Reglur þessar eru hér með settar í samræmi við og samkvæmt lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, sbr. lög nr. 24 12. febrúar 1945 um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Utanríkisráðuneytið, 25. júní 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

B 23

95  
28. júní

## REGLUGERÐ

### um skatt á stóreignir.

#### 1. gr.

Á árinu 1957 skal leggja sérstakan skatt á alla þá einstaklinga, sem eru eignar-skattskyldir samkvæmt lögum nr. 46/1954, þar með talin dánarbú, sbr. þó 12. gr., ef þeir eiga yfir 1 milljón krónur í hreinum eignum, eins og þær eru ákveðnar í lögum nr. 44/1957 og reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Skattur á stóreignir miðast við eignir gjaldanda eins og þær voru 31. desember 1956 og skulu skattskyldar eignir ákveðnar eftir fyrirmælum II. og III. kafla laga nr. 46/1954 og VI. kafla reglugerðar nr. 147/1955 eftir því sem við á og með þeim breytingum, sem greinir í lögum nr. 44/1957 og reglugerð þessari.

#### 3. gr.

Fasteignir skulu metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu samkvæmt lögum nr. 33/1955, er gekk í gildi 1. maí 1957. Þó skal landsnefndin, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 33/1955, endurskoða mat á lóðum og hækka matsverð á þeim lóðum, sem hún telur nauðsynlegt að hækka í mati, til þess að það sé í samræmi við matsverð á öðrum fasteignum, miðað við áætlað söluverð. Er nefndin þá ekki bundin af hámarksákvæði 6. gr. laga nr. 33/1955, og heimilt er að ákveða misjafnlega mikla hækkun á matsverðinu, eftir því sem rétt þykir.

Landsnefndin skal leggja fram skrá yfir mat þeirra lóða, sem hækkaðar hafa verið, og skal hún liggja frammi almenningi til sýnis í 15 daga á þingstað, bæjarþingsstofu eða öðrum hentugum stað, er nefndin auglýsir, í viðkomandi sveitar- eða bæjarfélagi. Nú vill eigandi lóðar ekki una við mat landsnefndarinnar, og skal hann þá senda skriflega kærú til nefndarinnar, innan 15 daga frá því skráin er framlögð. Úrskurður landsnefndar skal tilkynntur kæranda skriflega. Úrskurði landsnefndar má skjóta til yfirnefndar, skv. ákvæðum 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 44/1957, innan 20 daga frá því er tilkynning um úrskurð landsnefndar var póstlögð.

Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, skal draga 20% — tuttugu af hundraði.

Við matsverð fasteignanna, eins og það er ákveðið samkv. framansögðu, skal bæta 200% álagi.

Nú hvílir sú kvöð á fasteign, að eigi megi selja hana nema fyrir verð, sem er innan ákveðinna takmarka, og skal þá eignin talin með því hámarksverði, ef það er lægra en matsverð samkv. reglugerð þessari.

#### 4. gr.

Fasteignir, sem ekki eru komnar í fasteignamatið, sem gekk í gildi 1. maí 1957, skulu taldar með kostnaðarverði og gildir það jafnt um nýbyggingar og hús í smíðum, sem um sumarbústaði, verksmiðjuhús eða önnur mannvirki, sem ekki hafa verið metin til fasteignamats.

Frá kostnaðarverði vinnslustöðva þeirra, sem um ræðir í 3. mgr. 3. gr. og ekki eru komnar í fasteignamatið, skal þó draga 20% — tuttugu af hundraði.

## 5. gr.

Fiskiskip skulu reiknuð með váttryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði. Önnur skip skulu talin með váttryggingarverði að frádregnum 25% — tuttugu og fimm af hundraði. Nú telur skipseigandi eða fjármálaráðuneytið, að matsverð skips sé í ósamræmi við mat á öðrum skipum, miðað við áætlað söluverð, og getur þá hvor framangreindra aðila krafizt endurmats til samræmingar. Mat þetta skal framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð, að fjármálaráðherra tilnefni einn nefndarmann, Fiskifélag Íslands annan og hæstiréttur hinn þriðja.

Flugvélar teljast með váttryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði.

## 6. gr.

Um matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, skulu settar sérstakar reglur. Er heimilt að ákveða þar álag á bókfært verð þeirra eigna (þ. e. kostnaðarverð að frádregnum lögleyfðum afskriftum), þó þannig, að matsverðið verði ekki hærra en það verð, sem ætla má að eignirnar séu seljanlegar fyrir.

## 7. gr.

Ákvæði III. kafla laga nr. 46/1954 um skattfrelsi sparifjár gilda við álagningu skatts samkvæmt reglugerð þessari og ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð eru undanþegin skattinum eftir sömu reglum.

## 8. gr.

Frá eignum félaga, sem skiptast skv. ákvæðum 13. gr., skal draga innstæðufé í sameignarsjóðum, sem skv. landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagslit, en á þá að afhendast því opinbera til varðveislu, sbr. lög nr. 46/1937.

## 9. gr.

Ógreiddur söluskattur vegna viðskipta 1956 og ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaíðgjöld vegna ársins 1956, samkv. lögum um almannatryggingar, teljast með skuldum til frádráttar eignum. Sömuleiðis ógreidd gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs vegna ársins 1956. Hins vegar skal eigi tekið tillit til neinna annarra opinberra gjalda, sem álögd eru eftir 31. desember 1956.

Yfirfærslugjald, samkv. lögum nr. 86/1956 um útflutningssjóð o. fl., sem leggst á erlendar skuldir, er stofnað var til fyrir árslok 1956 telst með skuldum.

## 10. gr.

Við eignarmat og ákvörðun á öðrum eignum og skuldum en þeim, sem sérstaklega ræðir um í reglugerð þessari, og ekki verða settar reglur um samkv. 6. gr., skal fylgja ákvörðun skattanefnda og skattstjóra við samningu skattskrár 1957, sbr. þó 11.—13. gr., og ákvæði 20. gr. reglugerðar þessarar, um samræmingu á mati og eignákvörðun milli einstakra skattumdæma samkv. endurskoðun skattstjórans í Reykjavík.

## 11. gr.

Fyrirframgreiðsla upp í arf á árinu 1956, að frádregnum greiddum erfðafjárskatti, leggst við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, en dregst frá eign viðtakanda. Skal sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá arfleifanda, en viðtakandi eignar ber einnig ábyrgð á greiðslu hans. Ef eignarhluti í félagi hefur verið afhentur sem fyrirframleiðsla upp í arf, skal þó sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá félaginu, sbr. 14. gr.

28. júní Eignum dánarbúa skal skipt niður á erfingja, samkvæmt reglum erfðalaga, við útreikning á skattskyldri eign. Nú skortir fullnægjandi greinargerð um, hvernig búi skuli skipt, og skal það þá skattlagt sem einstaklingur.

## 13. gr.

Eignir félaga skulu ákveðnar samkvæmt reglum 2.—10 gr. á sama hátt og eignir einstaklinga. Í þessu sambandi telst til félaga hvers konar félög, félagasambönd, samlög eða stofnanir, sem fallið geta undir ákvæði 3. gr. laga nr. 46/1954, þar með talin félög og stofnanir, sem veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

Hreinum eignum félaga, þannig ákveðnum ásamt eignahlutdeildum þeirra í öðrum félögum, skal skipt á eigendur þeirra í réttu hlutfalli við hlutfjár- og stofnfjäreign þeirra hvers um sig, og sá hluti heildareignar félags, sem þannig kemur í hlut hvers félagsseiganda, telst með öðrum eignum hans, þegar heildareignin er ákveðin. Félagseigandi telst hér hver sá, sem á einhvern hátt er þáttandi eða meðlimur í einhverjum slíkum félagsskap, sem hér um ræðir, og félög jafnt og einstaklingar.

## 14. gr.

Þegar ákveðin hefur verið heildareign hvers einstaklings til skatts á stóreignir að meðfalinn eignarhlutdeild hans í eignum félaga samkv. 13. gr., skal annars vegar reikna út grunnskatt hans, þ. e. af skattskyldri eign annarri en eign í félögum og hins vegar heildarskatt, þ. e. af eign einstaklings að viðbættri eignarhlutdeild hans í félögum. Í þessu sambandi telst hlutfé eða stofnfé ekki með grunnskattseigninni heldur telst það til eignarhlutdeildar í félögum.

Mismunur á grunnskatti og heildarskatti skal innheimtur hjá hlutaðeigandi félagi eða félögum. Þetta nær þó eingöngu til hlutafélaga og samvinnufélaga. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Nú á félag eignarhluta í öðru félagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutfé eða stofnfé meðtöldu.

Dánarbú skal annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á eign arftaka í búinu samkv. 12. gr., nema að því leyti, sem um er að ræða skatt af eignarhluta í félagi, sem innheimtur er hjá því. Skattur, sem dánarbú borgar vegna arftaka, dregst frá arfahluta hans.

## 15. gr.

Þær skattupphæðir, sem félögum ber að annast greiðslu á, samkv. 14. gr., vegna félagsmanna eða hluthafa, teljast ekki til skattskyldra tekna, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði. Félögin hafa rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum, en eigi sæti þeir lakari greiðslukjörum en ákveðin eru samkv. 24. gr. Samvinnufélögum er þó aðeins heimilt að endurkrefja félagsmenn um þann hluta af skatti, sem lagður hefur verið á séreignir þeirra í félögunum, þ. e. stofnsjóðsinnstæður þeirra. Ákvörðun félags um það, hvort nota skuli endurkröfuhæimild samkv. þessari grein, skal tekin á aðalfundi þess. Nú krefur hlutafélag hluthafa um endurgreiðslu á þeim skatti, sem það varð að greiða hans vegna, og er honum þá heimilt að greiða félaginu með hlutfjäreign sinni í því, á verði, sem svarar til mats á eignum félagsins til þessa skatts. Nú eignast hlutafélag af þessum ástæðum meira en 10% af greiddu hlutfé, og er því það þá heimilt, án þess að hafa áður fengið leyfi atvinnuáráðherra samkv. ákvæðum 2. málsg. 28. gr. laga nr. 77/1921.

## 16. gr.

Nú er heildarskattur hækkaður eftir á, eftir að lokið hefur verið skiptingu skatts, sem félagi ber að standa skil á, eða hlutföllin breytast milli hinna einstöku skatthluta og breytingin stafar af undandrætti, vanrækslu eða skökkum upplýsingum einhvers þess aðila, sem hér á hlut að máli, hvort sem er greiðandi grunnskatts eða einhvers hluta þess skatts, er félög greiða, eða einhvers á þeirra vegum, og kemur þá slík hækkun heildarskattsins eða á skatthlutum til viðbótar skatthluta þess aðila, sem undandrátturinn hefur orðið hjá eða talinn verður að öðru leyti bera ábyrgð á skattbreytingunni.

Hið sama gildir, ef einstaklingur eða félag hefur eigi talið fram til skatts og síðar kemur í ljós, að eignir hafa verið of lágt ákveðnar.

## 17. gr.

Skattur á stóreignir einstaklinga, ákveðnar samkvæmt framansögðu skal nema sem hér segir:

Af hreinni eign, sem nemur:

kr. 1 000 000.00 og þar undir skal engan skatt greiða,  
 — 1 000 000.00 til 1 500 000.00 — greiða 15% af því sem er umfram 1 000 000.00,  
 — 1 500 000.00 — 3 000.000.00 — — 75 000.00 af 1 500 000.00 og 20% af afg.,  
 — 3 000 000.00 — og þar yfir — — 375 000.00 — 3 000 000.00 — 25% — —

Skatturinn skal ákveðinn í heilum krónum.

## 18. gr.

Skattur samkvæmt reglugerð þessari er ekki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun tekjuskatts samkv. lögum nr. 46/1954.

## 19. gr.

Fjármálaráðuneytið tilkynnir yfirskattanefndum og skattstjórum, hverjar ráðstafanir og aðgerðir fram skuli fara í hverju umdæmi til sannprófunar réttu eignarframtali einstaklinga og félaga og til undirbúnings álagningar skattsins.

## 20. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast um lokaákvörðun og samræmingu á mati á eignum einstaklinga og félaga, skiptingu á eignarhlutdeildum félaga, álagningu skattsins og hlutfallsskiptingu á skatti vegna félaga. Hefur skattstjórinn rétt til að krefjast allra gagna í þessu sambandi, af skattyfirvöldum og öðrum aðilum, eftir því sem nauðsyn krefur, og innan þess tíma, sem hann ákveður.

## 21. gr.

Nú telur einstaklingur eða félag ekki fram til skatts og eignir eru því áætlaðar, en síðar kemur í ljós við kæru, að þær hafa verið áætlaðar meira en fjórðungi hærrí en í raun og veru var. Sé mismunurinn  $\frac{1}{4}$  eða meiri, skal greiða skatt af hinum raunverulegu upphæðum að viðbættum  $\frac{1}{4}$ . Sé mismunurinn minni en  $\frac{1}{4}$ , skal greiða skatt af þeirri upphæð, sem áætluð var. Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldandi færir gildar ástæður sér til afsökunar.

## 22. gr.

Álagningu skattsins skal lokið í síðasta lagi 31. des. 1957. Tilkynna skal hverjum gjaldanda í ábyrgðarbréfi um grunnskatt hans, ásamt skatti, sem félagi eða félagum ber að standa skil á hans vegna og hvernig skattgreiðslan skiptist milli hlut-

95 aðeigandi félaga. Jafnframt skal tilkynna hverju félagi um þær skattupphæðir, er 28. júní því ber að greiða og vegna hverra.

## 23. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu skatts á stóreignir og má áfrýja úrskurði hans til ríkisskattanevndar.

Kærufrestur til skattstjóra og ríkisskattanevndar skal vera 20 dagar í Reykjavík, en annars staðar á landinu 30 dagar, frá því tilkynning um skattákvörðun eða kæruúrskurðun er póstlögð.

Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta hvor um sig skotið úrskurði ríkisskattanevndar til dómstólanna, enda sé málið höfðað innan þriggja mánaða frá því ríkisskattanevnd kvað upp úrskurð sinn.

## 24. gr.

Skattur á stóreignir skal greiddur í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda og skal hann innheimtur af sömu aðilum og annast um innheimtu tekju- og eignarskatt.

Sé skattur hærrí en kr. 10 000.00, þ. e. grunnskattur einstaklings eða dánarbús eða heildarskattgreiðsla einhvers félags, er gjaldanda heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir með skuldabréfum, er hann gefur út, í því formi og með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin ákveður. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 10 árum og séu ársvextir af þeim 6%.

Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í eign gjaldanda, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, sem samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Hlutabréf eru ekki veðhæf.

Fjármálaráðherra getur falið ákveðnum aðila að hafa á hendi framkvæmd við útgáfu skuldabréfa samkv. þessari grein, í samráði við innheimtumenn ríkissjóðs, og að hafa á hendi eftirlit með því að hinar veðbundnu eignir rýrni ekki að verðmæti.

Skipa skal nefnd, eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur að veðsetning muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda.

Um innheimtu skattsins og lögtaksrétt gilda að öðru leyti sömu reglur og um tekju- og eignarskatt eftir því, sem við á.

## 25. gr.

Brot gegn reglugerð þessari sæta viðurlögum samkvæmt VI. kafla laga nr. 46/1954, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum heimildum.

## 26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, sbr. og lög nr. 46/1954, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGÉRD

96

29. júní

### um námskeið fyrir hið minna fiskimannapróf.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 17. maí 1957, um breytingu á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um námskeið, er veita þá fræðslu, sem þarf til þess að standast hið minna fiskimannapróf.

#### I. KAFLI

#### Ákvæði ýmislegs efnis.

##### 1. gr.

Til ársloka 1962 skal árlega halda á vegum stýrimannaskólans í Reykjavík, ef næg þátttaka fæst, eitt námskeið við stýrimannaskólann og tvö námskeið utan Reykjavíkur til undirbúnings prófi, er nefnist hið minna fiskimannapróf. Próf skal haldið á hverjum stað að námskeiði loknu.

Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum, annað hvort ár á hverjum stað.

Námskeið öll og próf skulu að jafnaði haldin á tímabilinu frá byrjun októbermánaðar til loka janúar. Heimilt er að halda námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Það árið, þegar ártalið er jöfn tala, skal halda námskeið á Ísafirði og í Neskaupstað, en hitt árið, oddatöluárið, á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

##### 2. gr.

Ekkert námskeið verður haldið með færri nemendum en 10.

##### 3. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík ræður siglingafræðikennara námskeiðanna, sem jafnframt eru forstöðumenn þeirra. Skal heimilt að ráða þá frá byrjun til ársloka 1962. Skólastjóri auglýsir störf þessi eigi síðar en í júnímánuði og skulu umsóknir um þau vera komin honum í hendur eigi síðar en í júlilok. Forstöðu námskeiðs ræður sérstakan kennara í sjóvinnu, sé þess þörf. Aðra kennara við námskeiðið ræður bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar, í samráði við forstöðumann námskeiðsins. Hún skal og útvega hæfilegt og gott húsnæði fyrir námskeiðið.

##### 4. gr.

Nú sækja svo margir námskeið að siglingakennari þarf aðstoðarkennara, og úrskurðar þá skólastjóri stýrimannaskólans, hverjum skuli falin aðstoðarkennslan.

Fari fjöldi nemenda fram úr 20, má í samráði við skólastjóra stýrimannaskólans skipta þeim í tvær deildir, að nokkru leyti eða öllu.

##### 5. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði á námskeiðin:

1. Að hafa eftir 15 ára aldur verið háseti í 24 mánuði eða stýrimaður í 6 mánuði á skipi yfir 15 rúmlestir eða skipstjóri á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, sem orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.



96 5. Að hafa óflekkað mannorð.

29. júní Vottorð um þau atriði, er um getur í þessari grein, skal afhenda forstöðumanni námskeiðsins eigi síðar en 15. september.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorðum skráningarstjóra, og skal á slíku vottorði tiltaka skipsheiti, skráningardag og hvenær skráð var úr skiprúmi.

## II. KAFLI

### Kennsla og próf.

#### 6. gr.

Kennslustundir skulu vera þessar á viku:

Siglingafræði og stærðfræði .....	18 stundir.
Siglingareglur .....	2 —
Íslenzka .....	6 —
Sjóréttur .....	2 —
Heilsufræði .....	2 —
Sjóvinna .....	3 —

Samtals á viku 33 stundir.

Auk þess skal nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku. Færa má til stundafjölda í námsgreinum, ef þess er þörf.

Forstöðumaður námskeiðs semur stundatöflu, er farið skal eftir.

#### 7. gr.

Námskeið endar með burtfararprófi.

Prófdómendur við það skulu vera 3, forstöðumaður námskeiðsins og tveir siglingafróðir menn aðrir, er samgöngumálaráðuneytið skipar, samkvæmt tillögu skólastjóra stýrimannaskólans. Skal annar þeirra vera formaður prófnefndar.

Skrifleg prófverkefni skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík, en önnur prófverkefni tiltaka prófdómendur.

Reynist nauðsynlegt, getur formaður prófnefndar kvatt til sérstaka eftirlitsmenn við skriflega prófið.

#### 8. gr.

Prófið er skriflegt, verklegt og munnlegt.

Við skriflega prófið mega ekki aðrir vera viðstaddir en prófsveinar, hinir 2 skipuðu prófdómendur og eftirlitsmenn, ef tilkvaddir eru.

#### 9. gr.

Við skrifleg próf fá allir prófsveinar sömu verkefni. Eigi má rita fleiri en eitt verkefni á sama blað, en vera má verkefnið í fleiri liðum en einum.

Tekið skal fram, hve margar einkunnir séu gefnar og hve langur tími veitist til úrlausnar. Lengri úrlausnartíma má enginn fá.

#### 10. gr.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp, láti hjálpa sér eða hjálpi öðrum, skal honum þegar vikið frá prófi, og skal svo álitíð, að hann hafi eigi staðizt prófið.

## 11. gr.

Nú gengur prófsveinn frá prófi og kennir sjúkleika um, en sannar með læknisvottorði, að hann hafi verið veikur, og má þá prófa hann í því, sem hann var óprófaður í, jafn skjótt og því verður við komið, í sama prófi.

## 12. gr.

Sannist það, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófi, getur formaður prófnefndar vikið honum frá prófinu.

## 13. gr.

Prófsveinar skulu prófaðir eftir starfrófsröð. Ef tveir eða fleiri hafa sömu nöfn og feðraheiti, skal aldur ráða, og skal sá eldri prófaður fyrr.

Við munnlegt og verklegt próf dregur hver prófsveinn sínar spurningar. Þær skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar, og má aðeins eitt verkefni vera á hverjum seðli.

## 14. gr.

Prófnefndin semur próftöflu og undirritar hana og skal hún fest upp á prófstað, áður en próf hefst.

Skulu prófsveinar mæta stundvíslega eftir þessari töflu.

## 15. gr.

Fyrir svör við hverri spurningu um sig skulu prófdómendur gefa einhverja af tölum þeim, sem hér segir: 8,  $7\frac{2}{3}$ ,  $7\frac{1}{3}$ , 7,  $6\frac{2}{3}$ ,  $6\frac{1}{3}$ , 6,  $5\frac{2}{3}$ ,  $5\frac{1}{3}$ , 5,  $4\frac{2}{3}$ ,  $4\frac{1}{3}$ , 4,  $3\frac{2}{3}$ ,  $3\frac{1}{3}$ , 3,  $2\frac{2}{3}$ ,  $2\frac{1}{3}$ , 2,  $1\frac{2}{3}$ ,  $1\frac{1}{3}$ , 1, 0.

## III. KAFLI

## Prófkröfur.

## 16. gr.

Til hins minna fiskimannaprófs útheimtist:

**Stærðfræði** (skrifleg):

Tugakerfið, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum. Að finna eina óþekkta stærð í jöfnum. Þekking á beinum og bjúgum línunum, á hringum og línunum þeirra, flatarmál hringa, þríhyrnings og ferhyrnings. Þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að nota þá.

**Siglingafræði** (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, á breidd og lengd, breiddarmun og lengdarmun, kompáslínum og kompásstrikum.
2. Þekking á kompásun og notkun hans, á hinum ýmsu hlutum kompása og vökva-kompása og meðferð þeirra. Grein á jarðarsegulumagni og skipssegulumagni, á misvísun og misvísunarlínunum, á segulskekkju og helztu orsökum hennar, hvernig hún verður fundin með samanburði á stefnum og miðunum, á segulskekkjutöflunum og stýristöflum og notkun þeirra.
3. Skyn á helztu gerðum vegmæla, miðunartækja og djúpmælitækja og þekking á notkun þeirra. Upp á radiómiðanir skal heimfæra rammaleiðréttingar og finna með þeim staðarlínur fyrir skipið.
4. Grein á aðalreglum um gerð sjókorta eftir Merkatorsaðferð, mælikvörðum þeirra og línunum, innihaldi þeirra og notkun.
5. Að kunna að finna stefnu og hraða straumsins með athugun jarðlægra hluta; að geta fundið þann stað, sem komið er til, þegar sá staður, sem siglt er frá, er kunnur og stefnur þær og vegalengdir, sem farnar hafa verið ásamt straumi

96  
29. júní

- og drift. Að kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með miði, miðun, fjarlægð og hornmælingu og marka hana á sjókortið. Að kunna að finna á kortinu þá stefnu, sem halda á frá einum stað til annars og leiðréttta þá stefnu fyrir straumi, drift og öðrum áhrifum á hana, svo að fundin verði sú stefna, sem stýra á eftir áttavitanum milli þessara staða. Að finna þá vegalengd, er halda skal og hve langt um líði, unz komið verði til tiltekens staðar.
6. Skyn á sjávarföllum og að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara með notkun taflna um flóð.
  7. Grein á helztu hlutum sextantsins, skiptingu mælibogans og brotmælisins, á stöðu speglanna og hvernig hún er athuguð og lagfærð, á markleiðréttingu og hvernig hún verður fundin og á mælingu sextantshorna milli jarðlægra punkta.
  8. Þekking á tilgangi skipsdagbókar og hvað og hversu skuli í hana ritað.
  9. Þekking á notkun helztu raf- og radiótækja, sem notuð eru í fiskiskipum.

#### Sjómennska (munnleg og verkleg):

1. Þekking á reglum þeim, sem fylgja ber til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þar á meðal á ljósum þeim og öðrum bendingum, sem skipum er skylt að beita undir ýmsum kringumstæðum.
2. Að kunna að nota almenn bjargtæki við björgun úr sjávarháska þar á meðal fluglínutæki og gúmbáta.
3. Skyn á, hve þýðingarmikil er góð hirðing og meðferð á skipum og öllu sem þar að lýtur, og hvernig hún er framkvæmd. Samsetning kaðla og víra, vafning kaðla og víra, skyn á ýmiss konar talium og hve margfaldan kraft þær gefa, á ýmiss konar nauðsynlegum hnútum, vafningum og brögðum. Þekking á notkun rekakera, olíu og öryggislína, neyðarstýris, á bráðabirgðaviðgerð á leka úti á sjó, á umbúnaði lestaropa, á legufærum og hvernig leggja beri skipi fyrir tveimur akkerum og í vetrarlægi (mooring), notkun bjargbelta og bjarghringa, útsetningu og inntöku báta, og á björgun manns, er fellur útbyrðis. Skyn á helztu grundvallaratriðum í seglasaumi og að geta annazt smáviðgerðir á seglum.

Skyn á, hvernig fara eigi yfirleitt með ýmiss konar veiðarfæri bæði í notkun og þegar þau eru ekki í notkun, og hvaða þýðingu litun, börkun eða tjörgun hefur á endingu þeirra.

#### Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku líta. Þeir skulu geta farið sémilega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er til stöðu þeirra heyra.

#### Sjóréttur (skriflegur):

Þekking á helztu íslenzkum lagaákvæðum um skip, um hafið og á skilyrðum til að vera skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri, og á réttindum og skyldum þeirra á skipinu. Þekking á valdi og ábyrgð skipstjóra á eigin gerðum og gerðum skipverja, réttindum og skyldum þeirra á skipinu og á ráðningu skipverja.

#### Heilsufræði (munnleg):

Að geta veitt algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og við algengustu kvillum. Að kynnast sóttvarnarreglum, sem skipum er skylt að hlýða. Nauðsynleg þekking á að nota lyf þau og tæki, sem í lyfjakistu skipsins ber að hafa.

## IV. KAFLI

Einkunnir og skilyrði til að standast prófið. Fyrirmynd prófvottorðs o. fl.

96

29. júní

## 17. gr.

Við minna fiskimannaprófið skulu gefnar 13 einkunnir, sem eru:

- Í stærðfræði: 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.
- siglingafræði: 4 einkunnir fyrir 1 munnlega og 3 skriflegar úrlausnir.
- siglingareglum: 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
- íslenzku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn.
- sjórétti: 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.
- heilsufræði: 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.
- sjómennsku: 2 einkunnir fyrir 1 munnlega og eina verklega úrlausn.
- ritleikni: 1 einkunn fyrir frágang skriflegra verkefna.

## 18. gr.

Til þess að standast prófið útheimtist:

Í siglingareglum ekki lægra en einkunnin 5.

Í íslenzku og skriflegri siglingafræði ekki lægra en meðaleinkunnin 4 í hvoru Meðaleinkunn í siglingafræði minnst 4.

Meðaleinkunn minnst 4.

Hæsta aðaleinkunn verður því 104 stig, en til þess að standast prófið þarf 52 stig.

Ágætiseinkunn telst einkunnin 7.25–8.

1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7.25

2. — — — 5—6

3. — — — 4—5

## 19. gr.

Hver prófsveinn, er próf hefur staðizt, fær prófskírteini, er sýnir séreinkunnir hans og aðaleinkunn. Skal það gefið út eftir þessari fyrirmynd:

N.N. (fullt nafn)

fæddur (fæðingarstaður, fæðingardagur og ár)

hefur staðizt

hið minna fiskimannapróf,  
og hlotið eftirtaldar einkunnir:

Í stærðfræði .....	ein einkunn .....	stig.
– siglingafræði .....	fjórar einkunnir .....	—
– siglingareglum .....	ein einkunn .....	—
– sjómennsku .....	tvær einkunnir .....	—
– íslenzku .....	tvær einkunnir .....	—
– sjórétti .....	ein einkunn .....	—
– heilsufræði .....	ein einkunn .....	—
– ritleikni .....	ein einkunn .....	—

Aðaleinkunn stig.

sem verður meðaleinkunnin .... og hefur hann því staðizt prófið með .... einkunn.

(Hæsta aðaleinkunn er 104 stig, til að standast prófið þarf 52 stig.)

Staður, dagsetning og undirskrift prófnefndar.

## 20. gr.

Nöfn þeirra, er undir prófið ganga, skal rita í bók, er ráðuneytið löggildir, og skal sú bók geymd hjá bæjarfógeta kaupstaðarins, þar sem prófið er haldið. Skal

96 í henni skýrt frá fullu nafni hvers þeirra, sem prófaðir voru, fæðingarstað, fæð-  
29. júní ingardegi og fæðingarári, og frá einkunnum þeim og aðaleinkunnum, sem gefnar voru við prófið. Inn í prófbókina skal færa öll skrifleg verkefni og ýtarlega skýrslu um prófið. Skal formaður prófnefndar sjá um, að prófbókin sé rétt færð. Bók þessi skal undirrituð af öllum þeim, sem einkunnir gáfu í prófinu.

## 21. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur skulu færa inn í sérstaka bók, sem ráðuneytið löggildir til þess, eftirrit af öllum prófverkefnum og einkunnum úr prófum, sem þeir halda utan Reykjavíkur. Bók þessi skal vera í vörzlum skólustjóra stýrimannaskólans.

## 22. gr.

Að námskeiði loknu, skal forstöðumaður senda stýrimannaskólanum í tvíriti greinilega skýrslu um námskeiðið, kennslu í hverri grein, nemendafjölda og annað, er máli skiptir. Skólustjóri stýrimannaskólans sendir ráðuneytinu annað eintak skýrslunnar.

## 23. gr.

Öll nauðsynleg áhöld til notkunar við kennslu í siglingafræði greiðir ríkissjóður, svo og allan kostnað við námskeiðin, þar með talið nauðsynlegt efni til notkunar við kennslu í sjóvinnu.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1957.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Páll Pálmason.*

97

27. júní

## AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta  
samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda, 7. febrúar 1957.

	Staðfest:
8. Nefnd Verkakvennafélagsins Framsókn, Reykjavík .....	4. apríl 1957.
9. — Verkalýðsfélags Dalvíkur, Dalvík .....	21. maí 1957.
10. — Verkamannafélagsins Fram og Verkakvennafélagsins Aldan, Sauðárkróki .....	23. — 1957.
11. — Verkalýðsfélags Vopnafjarðar, Vopnafirði, N.-Múl. ....	24. — 1957.
12. — Verkalýðsfélags Skagastrandar, Höfðahreppi, A.-Hún. .	25. júní 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

98

7. júní

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupþúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
97. Landmannahrepps, Rangárvallasýslu .....	3. maí 1957.
98. Djúpárhrepps, Rangárvallasýslu .....	3. — 1957.
99. Ölfushrepps, Árnessýslu .....	3. — 1957.
100. Grindavíkurhrepps, Gullbringusýslu .....	3. — 1957.
101. Skorradalshrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	3. — 1957.
102. Álftaneshrepps, Mýrasýslu .....	3. — 1957.
103. Mosvallahrepps, Vestur-Ísafjarðarsýslu .....	3. — 1957.
104. Auðkúluhrepps, Vestur-Ísafjarðarsýslu .....	3. — 1957.
105. Snæfjallahrepps, Norður-Ísafjarðarsýslu .....	3. — 1957.
106. Árneshrepps, Strandasýslu .....	3. — 1957.
107. Fellshrepps, Strandasýslu .....	3. — 1957.
108. Kirkjubólshrepps, Strandasýslu .....	3. — 1957.
109. Svínavatnshrepps, A.-Húnavatnssýslu .....	3. — 1957.
110. Sveinsstaðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu .....	3. — 1957.
111. Hólahrepps, Skagafjarðarsýslu .....	3. — 1957.
112. Sauðaneshrepps, Norður-Þingeyjarsýslu .....	3. — 1957.
113. Geithellnahrepps, Suður-Múlasýslu .....	3. — 1957.
114. Búðakaupþúns, Suður-Múlasýslu .....	3. — 1957.
115. Bæjarhrepps, Austur-Skaftafellssýslu .....	3. — 1957.
116. Hveragerðis, Árnessýslu .....	23. — 1957.
117. Vestur-Eyjafjallahrepps, Rangárvallasýslu .....	23. — 1957.
118. Saurbæinga, Dalasýslu .....	23. — 1957.
119. Rauðasandshrepps, Vestur-Barðastrandarsýslu .....	23. — 1957.
120. Presthólahrepps, Norður-Þingeyjarsýslu .....	23. — 1957.
121. Reyðarfjarðahrepps, Suður-Múlasýslu .....	23. — 1957.
122. Egilsstaðahrepps, Suður-Múlasýslu .....	23. — 1957.
123. Fljótsdalshrepps, Norður-Múlasýslu .....	23. — 1957.
124. Helgustaðahrepps, Suður-Múlasýslu .....	23. — 1957.
125. Leiðvallahrepps, Vestur-Skaftafellssýslu .....	23. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. júní 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

99

27. júní

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
126. Skeiðahrepps, Árnessýslu .....	20. júní 1957.
127. Hraunhrepps, Mýrasýslu .....	20. — 1957.
128. Eyrarhrepps, N.-Ísafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
129. Súðavíkurrepps, N.-Ísafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
130. Grunnavíkurrepps, N.-Ísafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
131. Staðarhrepps, V.-Húnavatnssýslu .....	20. — 1957.
132. Rípurhrepps, Skagafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
133. Hríseyjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
134. Grimseyjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	20. — 1957.
135. Mjóafjarðarhrepps, S.-Múlasýslu .....	20. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

100

29. júní

## REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

## 1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Hafnarfjarðar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 200 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga í Hafnarfirði skv. nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 200 íbúa, skal ekki veita ný leyfi.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

## 2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 15. apríl 1957 höfðu afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, halda leyfi sínu, ef þeir eru meðlimir Bifreiðastjórafélagsins Neista, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar Bifreiðastjórafélagsins Neista innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

## 3. gr.

100

29. júní

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðarstöð í Hafnarfirði, nema hann hafi öðlzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Hafnarfirði. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa.

Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi, þó skulu þeir er höfðu tvö afgreiðsluleyfi hjá bifreiðastöð 15. apríl 1957, fá tvö atvinnuleyfi, ef þeir óska þess innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar.

Þeim leyfishöfum, sem hafa að staðaldri látið aðra aka bifreið sinni sem leigubifreið til mannflutninga frá því fyrir 15. apríl 1957, skal, ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt áfram.

## 4. gr.

Leigubifreiðarstjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

## 5. gr.

Í Hafnarfirði skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin til kl. 2 eftir miðnætti.

## 6. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um það, á þar til gerðum eyðublöðum, til Bifreiðastjórafélagsins Neista. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Hafnarfirði, um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerð þessari sé fylgt.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir þær um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðastjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Hafnarfirði eða Garðahreppi.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.

## 7. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð, er hann getur fengið afgreiðslu hjá í Hafnarfirði, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en viðkomandi bifreiðastjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Skal leyfið vera í vörzlum bifreiðastöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra stöð og skal hann þá afhenda bifreiðastöð þeirri, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, er hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Skal síðar sú bifreiðastöð, er leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Neista flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.



100

29. júní

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt nema til Bifreiðastjórafélagsins Neista, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess. Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri tíma eða skemmri, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi í tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn Bifreiðastjórafélagsins Neista, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

## 9. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bifreiðastjórafélagsins Neista samdægurs, eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlu félagsins á meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins, og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

## 10. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt, skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lúandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hefur afgreiðslu hjá, síðan afhenda það formanni Bifreiðastjórafélagsins Neista samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Neista atvinnuleyfum, sem losna af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

## 11. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreið, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

## 12. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan en þann, sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 13. gr.

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Neista, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Neisti á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

## 13. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu skv. 12. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Neista.

Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þó heimilt að veita undanþágu og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess. **100**  
29. júní

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

## 14. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir allar þær bifreiðar sem hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest þar upp sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

## 15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundasakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
9. Ólafsfjarðar .....	3. maí 1957.
10. Kópavogs .....	20. júní 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

102

29. júní

## AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu frá 27. des. 1956 um notkun heimildar í lögum frá 27. des. 1956 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að lækka gildandi viðauka á stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, sbr. b-lið 1. gr. 1. nr. 93/1956, úr 140% niður í 100%.

Lækkun þessi kemur til framkvæmda frá og með 10. júlí 1957.

*Fjármálaráðuneytið, 29. júní 1957.*

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzzson.

103

1. júlí

## REGLUGERÐ

um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

1. gr.

Tollstjóranum í Reykjavík og lögreglustjórum er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda upp í skatta yfirstandandi árs með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, fjárhæð jafnháa helmingi þeirra þinggjalda, er honum bar að greiða næstliðið ár.

Eftirstöðvar þinggjalda hinn 1. ágúst ár hvert er heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

2. gr.

Nú hafa tekjur gjaldanda á skattárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á fyrirframgreiðslunni samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi innheimtumenn ríkissjóðs ákveða lækkunina, enda sanni gjaldandi fyrir þeim með vottorði skattýfirvalda, að tekjur sínar á skattárinu séu minnst 30% lægri en árið áður.

3. gr.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta er lokið, að gjaldandi hafi þegar greitt meira en álögðum skatti nemur, skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt er ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlu innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Um fyrirframgreiðsluna gilda ákvæði tekju- og eignarskattslaga um dráttarvexti, skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupri launtaka upp í skattana, svo og önnur ákvæði eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsluna má taka lögtaki.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar koma til framkvæmda frá og með þinggjöldum ársins 1958.

## 6. gr.

103

Að því er varðar þinggjöld ársins 1957 þá er heimilt að innheimta þau hjá hverjum gjaldanda með sex jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember 1957, svo og 2. janúar og 1. febrúar 1958.

Nú hafa skattar þessa árs ekki verið ákveðnir hinn 1. ágúst 1957 og er þá heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda hinn 1. ágúst 1957  $\frac{1}{4}$  hluta þess þinggjalds, er honum bar að greiða á árinu 1956.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. 1. nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. málsgr. 102. gr. reglugerðar nr. 147/1955, um tekju- og eignarskatt.

*Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Jón Skaftason.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Stefánssonar og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. júlí 1957.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Stefánssonar  
og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Sigurðar Stefánssonar og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur og er stofnaður til minningar um þau hjón af niðjum þeirra og fósturbörnum.

Stofnfé sjóðsins er kr. 21500.00.

## 2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal ávaxta hann í aðaldeild Söfnunar-sjóðs Íslands, í rikistryggðum skuldabréfum eða á annan hátt eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

Höfuðstólinn skal auka með því að leggja við hann árlega hluta af vöxtunum, svo sem greint verður hér á eftir, svo og með gjöfum og áheitum og á annan hátt eftir því, sem sjóðstjórnin ákveður.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna afrek búenda innan Norður-Ísafjarðar-sýslu eins og hér greinir:

- a. Fagra og hagfellda húsaskipun og húsagerð á býlum búenda, gott viðhald húsa og vel hirt umhverfi þeirra, svo og snyrtilega umgengi utan húss og innan.
- b. Góða gerð og hirðingu matjurtagarða og skrudgarða.
- c. Vel gerð skjólbelti af trjám og runnum um tún og akra búenda svo og vel gróðursettan og varin nytjaskóg.

Má verðlauna afrek, sem lýst er í einhverjum ofangreindra stafliða a—c., ef það þykir þess vert að dómi sjóðstjórnarinnar.

104

2. júlí

Stjórn sjóðsins skal árlega kynna sér hverjir maklegir eru verðlauna úr sjóðnum og neyta til þess atbeina kunnáttumanna ef nauðsynlegt þykir.

Þegar ástæða er fyrir hendi, að dómi sjóðstjórnar, að veita verðlaun úr sjóðnum skal farið eftir þeim reglum, er hér greinir:

Verja skal til verðlauna og nauðsynlegs stjórnarkostnaðar  $\frac{3}{5}$  — þremur fimmtu hlutum — síðustu ársvaxta unz höfuðstóll sjóðsins er orðinn 50 þúsund krónur, en síðan  $\frac{3}{4}$  — þremur fjórðu hlutum — síðustu ársvaxta unz höfuðstóllinn er orðinn 100 þúsund krónur. Upp frá því má verja allt að  $\frac{1}{10}$  — níu tíundu hlutum — síðustu ársvaxta úr sjóðnum í framangreindu skyni. Mismunurinn leggst við höfuðstólinn á hverjum tíma.

Nú hafa eigi verið veitt verðlaun eitt að fleiri ár og er sjóðstjórninni þá heimilt, ef henni þykir sérstök ástæða til bera, að draga saman handbært verðlaunafé tveggja ára í senn og verja því til verðlauna í einu lagi.

Ekki skulu veitt nema ein verðlaun á sama ári.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum eins og hér segir:

Prófastinum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, manni kosnum af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og manni tilnefndum af niðjum framannefndra hjóna og skal hann vera búsettur innan Norður-Ísafjarðarsýslu meðan þess er kostur. Hver þessara aðalmanna kys sjálfum sér varamann. Kjörtímabil kjörinna aðalmanna og varamanna er fjögur ár. Sjóðstjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Stjórnin annast ávöxtun sjóðsins og setur sér að öðru leyti starfsreglur eftir því sem þurfa þykir. Enn fremur annast hún um úthlutun verðlauna úr sjóðnum eftir þeim reglum, er hér á undan greinir. Skal úthlutun úr sjóðnum vera miðuð við afmælisdag séra Sigurðar Stefánssonar í Vigur 30. ágúst.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun verðlauna og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur skal stjórnin halda sérstaka bók yfir hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið ársreikningi hverju sinni eigi síðar en 1. marz. Sendir hún síðan reikninginn til sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar, er endurskoðendur sýslureikninga framkvæma.

Stjórnin ákveður hvernig reikningar sjóðsins skulu birtir.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún því næst prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

Vigur, 30. ágúst 1954.

Sigurður Sigurðsson.	Bjarni Sigurðsson.	Stefán Sigurðsson.
Margrét Hermannsson.	Þórður Þorsteinsson.	Sigurður Bjarnason.
Arnór Sigurðsson.	Stefanía Sigurðardóttir.	Guðrún Sigurðardóttir.
Stefán Sigurðsson.	Árni Sigurðsson.	Snorri Sigurðsson.
Þórunn Ásgeirsdóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Þórunn Einarsdóttir Clemenz.
Þorbjörg Bjarnadóttir.	Baldur Bjarnason.	Björn Bjarnason.
Þórunn Bjarnadóttir.	Sigurður Sigurðsson.	Hrólfur Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Veðramótshjóna, Þor- **105**  
bjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar, hreppstjóra og dbrm., útgefin á venju- 3. júlí  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júlí 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Veðramótshjóna, Þorbjargar Stefánsdóttur  
og Björns Jónssonar hreppstjóra og dbrm., til verðlauna-  
veitinga fyrir skólabörn á Sauðárkróki og umhverfi.

### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður í minningu um Þorbjörgu Stefánsdóttur frá Heiði í Gönguskörðum, Skagafirði (f. 28. sept. 1855) og Björn Jónsson frá Háagerði á Skagaströnd í Húnavatnssýslu (f. 14. júní 1848). Er í fyrstu mynd til sjóðsins stofnað með kr. 3000.00 af Jóni skólastjóra á Sauðárkróki, syni þeirra hjóna, árið 1952, er hann lét af störfum að lögum eftir 50 ára starf við barna- og ungmennakennslu. Var sjóðurinn síðan aukinn að mun af öðrum systkinanna á 100 ára ártíð Þorbjargar móður þeirra.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu skólabörnum á Sauðárkróki og annars staðar á svæði Sauðárhrepps forna fyrir auðsýnda háttvísni og góðleik, og vinna þannig að því að örva börn til siðferðislegrar þroskaviðleitni með þrúðmannlegri framkomu og allri kurteisi í skóla og utan.

### 3. gr.

Sjóðurinn var í árslok 1955 kr. 5409.62. Það skólaár var byrjað að veita viðurkenningar úr sjóðnum (samkv. 6. gr.). Skal síðan að jafnaði, þar til sjóðurinn er 12 þús. kr., veita árlega allt að hálfum vöxtum hans til skólabarna í Sauðárkróki. Síðan, þar til hann er 30 þús. kr., allt að  $\frac{2}{3}$  ársvaxtanna og þá einnig einu barni úr öðrum skóla, ef til er á svæði Sauðárhrepps forna utan Sauðárkróks. Eftir að sjóðurinn er orðinn 30 þús. krónur má veita allt að  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna hverju sinni, og þá má rýmka þannig verksvið hans, að styrk megi veita efnilegum og háttþrúðum nemanda á nefndu svæði alls Sauðárhrepps forna, einum eða fleirum, til frekari menntaframkvæmda. Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þús. kr. má veita allt að  $\frac{1}{10}$  ársvaxtanna.

### 4. gr.

Sá hluti ársvaxta, er ekki kemur til notkunar samkv. þessu, fellur til höfuðstólsinnstæðu. Sömuléiðis það sem sjóðnum kann að áskotnast í gjöfum, áheitung eða á annan hátt, nema sérstök ráðstöfun fylgi. Finni stjórn sjóðsins eitthvert ár eigi ástæðu til að veita neitt úr sjóðnum til viðurkenninga, eða færri bekkjum en þrem (sbr. 6. gr.), fellur sá hluti vaxta, sem þannig er ónotaður, einnig til höfuðstólsins.

### 5. gr.

Innstæðu sjóðsins má aldrei skerða.

### 6. gr.

Úr sjóðnum má hverju sinni aðeins veita þeim börnum viðurkenningu, er skólastjóri og kennarar telja að skari fram úr öðrum að auðsýndum góðleik og óeigin-

**105** girni, ástundun og reglusemi, kurteisi og allri þrúðmennsku í sambúð og framkomu, í leik og starfi utan skólahúss og innan. Veita má þá einu barni úr hverjum bekk hinna 3 elztu bekkja. — Ef mjög virðist erfitt, eftir kynningu á skólaárinu, að gera upp á milli einhverra barna í þessu efni, má þá varpa hlut á milli 2—3 barna í hverjum bekk. — Þau börn, hverra hlutur ekki kemur upp við slíkt hlutkesti, skulu þó nefnd við úthlutun allt að einu. Fer úthlutun jafnaðarlega fram við skólaslit og af skólastjóra.

7. gr.

Eigi skal barni veita viðurkenningu eða verðlaun úr sjóðnum nema einu sinni.

8. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skulu einkum veitt í vel völdum bókum, við hæfi barna eftir aldri þeirra og þroska. Skal þá bók hver vera í smekklegu bandi og með vandaðri áletrun: Nafn barns og aldur og ártal, verðleikar þess og nafn skólans.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. — Skal ársreikningur hverju sinni lagður fram í tíma til endurskoðunar fyrir sóknarprest Sauðárkrókssóknar, sem er sama svæði nú, er áður var Sauðárhreppur forni (þar sem ofan nefnd hjón störfuðu lengst af að barnauppeldi, búskap og opinberum störfum, og stofnandi sjóðsins einnig). Fylgir svo ársreikningur, endurskoðaður, reikningum sóknarinnar til héraðsfundar til samþykkis ár hvert.

10. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af skólastjóra Sauðárkróksbarnaskóla, aðalkennara hvers af þrem þeim elztu bekkjum skólans og formanni fræðsluráðs. Er skólastjóri jafnframt formaður stjórnar og reikningshaldari sjóðsins. Sér stjórnin um að eign sjóðsins sé ávallt ávöxtuð sem tryggast og bezt. — Er ætlað til þess að störf fyrir sjóðinn séu af hendi innt endurgjaldslaust.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 14. júní 1957.

Jón P. Björnsson  
(fyrrv. skólastjóri).

## AUGLÝSING

106

15. júní

um gjald samkvæmt heimild í samþykkt frá 28. maí 1957 um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar frá 28. maí 1957, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948 hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið, að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar, skuli vera kr. 20000.00 árlega og greiðast ársfjórðungslega fyrirfram.

Ofanskráð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

107

29. júní

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. júlí 1957 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 29. júní 1957. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. júní 1956.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. júní 1957.*

Hannibal Valdimarsson.

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

108

1. júlí

um kjötskoðun í Reykjavík.

Samkvæmt 11. grein laga nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., skal, frá 1. júlí 1957, dýralæknisskoðun á öllu kjöti, sem skoða ber í Reykjavík, fara fram í húsa- kynnum Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu.

Gjald fyrir kjötskoðunina er ákveðið:

Fyrir hvern skrokk af stórgripum .....	kr. 35.00
Fyrir hvern svinsskrokk .....	— 35.00
Fyrir hvern kálfsskrokk .....	— 15.00
Fyrir hvern kindarskrokk .....	— 3.00

Í ofangreindu gjaldi er innifalið hið lögboðna mats- og skoðunargjald.



**109** Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum 1. júlí 14. greinar nefndra laga.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

**110**  
18. júlí

## REGLUGERÐ

**um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki (neurotrop virus) og kýlapestar (bact. purificiens) í sauðfé.**

### 1. gr.

Skylt er sauðfjäreigendum, og þeim, sem hafa sauðfé undir höndum, hvar sem er á landinu, að tilkynna hlutaðeigandi oddvita (bæjarstjóra), ef riðuveiki eða kýlapest gerir vart við sig í fjárstofni þeirra, eða ef líkur eru til, að þessir sauðfjársjúkdómar séu til staðar.

Skulu oddvitar hlutast til um að fengin sé staðfesting Tilraunastöðvarinnar á Keldum um, að hér sé um sjúkdóma þessa að ræða. Skal fylgja fyrirmælum Tilraunastöðvarinnar um sendingar á sýnishornum og e. t. v. lifandi kindum, ef þurfa þykir, ásamt nákvæmri skýrslu um sjúkdóminn í hjörðinni.

Tilraunastöðin skal gefa sauðfjársjúkdómanefnd skýrslu um sýkingarstaði svo oft sem þurfa þykir.

### 2. gr.

Óheimilt er að selja eða flytja sauðfé til lífs eða dvalar frá bæjum, þar sem riðuveiki eða kýlapest hefur verið staðfest. Sama gildir um flutning á fullorðnu fé frá bæjum, sem lausir eru við fjárpestir þessar til þeirra býla eða staða, þar sem sjúkdómar þessir hafa verið staðfestir.

Undanþágur frá þessu banni getur sauðfjársjúkdómanefnd þó gefið að fengnu álitni yfirdýralæknis.

### 3. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa að sauðfé sé haft í sóttkví um lengri eða skemmri tíma, þar sem riðuveiki eða kýlapest gera vart við sig.

Nefndin getur einnig fyrirskipað sérstakar litarmerkingar á sauðfé, þar sem sýking hefur fundizt, eða grunur leikur á um sýkingu.

Enn fremur er nefndinni heimilt að fyrirskipa varnarráðstafanir, svo sem sótt-hreinsun fjárhúsa og rétta, böðun sauðfjár, ónæmisaðgerðir o. fl., eftir því sem þörf krefur og við á hverju sinni.

### 4. gr.

Á bæjum, þar sem riðuveiki eða kýlapest gerir verulegt tjón, getur sauðfjársjúkdómanefnd heimilað hlutaðeigandi fjäreigendum niðurskurð á öllu sauðfé á bænnum gegn hliðstæðum styrk á lömb, sem þeir kaupa í stað fellda fjárins og greiddur hefur verið vegna tjóns af völdum garnaveiki, enda sé fyrirmælum nefndarinnar eða fulltrúa hennar um sótt-hreinsun og aðrar varúðarráðstafanir fylgt í hvívetna. Óheimilt er að flytja lömb á heimilið fyrr en sótt-hreinsun er að fullu lokið.

## 5. gr.

Ef riðuveiki verður vart í héraði, þar sem hún hefur ekki verið kunn áður, eða veldur sérstaklega stórfelldu tjóni á einstöku bæ eða bæjum, getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað niðurskurð alls sauðfjár á heimilum þessum, í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu veikinnar.

## 6. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta fara fram skoðun á sauðfé til þess að kanna útbreiðslu riðuveiki og kylapestar og fyrirskipa slátrun á sjúkum eða grunuðum kindum á hvaða tíma árs sem er.

Fyrir kindur þær, sem slátrað er í þessum tilgangi, skal ríkissjóður greiða sannaðgjarnar bætur.

Fjáreigendum er skylt að greiða fyrir slíkum skoðunum og rannsóknum og veita nauðsynlega aðstoð.

## 7. gr.

Þegar niðurskurður á sauðfé fer fram vegna riðuveiki eða kylapestar, samantar 4. og 5. gr., skal gæta þess að slátra því fé sér, og má ekki hefja slátrun á öðru fé, fyrr en lokið er sóttþreinsun á sláturhúsi eða sláturstað svo og flutningavögnum.

Sömu varúðar skal gæta við slátrun á einstöku sýktum eða grunuðum kindum.

Um sóttþreinsun af þessum tilefnum skal hlíta fyrir mælum sauðfjársjúkdómanefndar, fulltrúa hennar eða kjötskoðunarlæknis.

## 8. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa að eytt skuli að fullu hræjum af sjúkum kindum, með því að brenna þau eða grafa. Einnig getur hún fyrirskipað eyðingu hausa og innnyfla af fé frá bæjum, þar sem sjúkdómar þessir hafa verið staðfestir.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 50000.00, eða fangelsi og skal með mál út slíkum brotum farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 frá 10. marz 1956, 1. gr., um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. júlí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

fyrir íbúðalán veðdeildar Landsbanka Íslands.

## 1. gr.

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismála- stjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands. Skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar. Hlutverk veðlána- kerfisins er að veita lán gegn veði í nýjum íbúðum.

## 111

20. júlí

## 2. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf) til handhafa, sem nafnskrá má í bókum hennar. Vaxtabréf þessi skulu vera tvenns konar, þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og venjulegum afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, með föstum vöxtum, en afborganir háðar vísitölu framfærslukostnaðar. Heimilt skal að gefa út bankavaxtabréf að upphæð 100 millj. kr. á ári í næstu 10 ár í A- og B-flokkum samanlagt, þó mega B-flokkar ekki fara fram úr 50 millj. kr. árlega. Upphæð vaxtabréfanna skal tilgreind á hverju bréfi og bréfin samin eftir fyrirmynd og í stærðum, sem stjórn veðdeildarinnar ákveður. Skal stjórn Seðlabankans undirrita bréfin. Vaxtabréf þessi (og vextir af þeim) eru undanþeginn framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé samkvæmt III. kafla laga nr. 46/1954 og 1. gr. laga nr. 48/1954. Í vaxtabréfunum skal vera útdráttur úr gildandi reglugerð fyrir bréfin.

## 3. gr.

Veðdeildarflokkar þessir skulu undanþegnir tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Einnig skal veðdeildin þeirra vegna eiga rétt á að fá ókeypis eignarheimildar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálfa sig. Vaxtabréf A-flokka skulu nefnd íbúðalánabréf Veðdeildar Landsbanka Íslands og skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að skipta þeim í flokka eftir því, sem hún telur best henta, og einkenna þá þannig, að 1. flokkur nefnist A-flokkur nr. 1 o. s. frv. í áframhaldandi töluröð.

Af íbúðalánabréfum þessum skal á ári hverju greiða 7% vexti, og skulu bréfunum fylgja vaxtamiðar til minnst 25 ára. Vaxtabréfin skulu innleyst á 25 árum í hlutfalli við afborganir og endurgreiðslur, sbr. ákvæði 23. greinar hér á eftir.

## 4. gr.

Vaxtabréf B-flokka skulu nefnd vísitölubréf Veðdeildar Landsbanka Íslands, og skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að skipta þeim í flokka, eftir því sem hún telur best henta, og einkenna þá þannig, að 1. flokkur nefnist B-flokkur nr. 1 o. s. frv. í áframhaldandi töluröð.

Af vísitölubréfunum skal árlega greiða 5½% vexti, og skulu bréfunum fylgja vaxtamiðar til minnst 15 ára.

Þegar hafin er útgáfa nýs flokks vísitölubréfa, skal sú vísitala framfærslukostnaðar, sem þá er í gildi, skráð á bréfin sem grunnvísitala þeirra. Bréfin skulu innleyst á 15 árum í hlutfalli við endurgreiðslur og afborganir samsvarandi lána, sbr. 23. gr., og skulu þau innleyst með nafnverði að viðbætti þeirri framfærsluvísitöluhækkun, sem orðið hefur frá grunnvísitölu þeirra til vísitölu næsta októbermánaðar á undan útdrætti. Lækki vísitalan, skal þó aldrei endurgreiða lægri upphæð en nafnverð bréfanna.

## 5. gr.

Verði breytingar gerðar á grundvelli framfærsluvísitölu kauplagsnefndar, á meðan vísitölubréfin eru útistandandi, skal skipuð þriggja manna nefnd til að úrskurða, hvernig reikna skal milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Einnig skal nefndin úrskurða öll vafaatriði, er rísa kunna vegna breytinga á útreikningi framfærsluvísitalna. Í nefndinni skulu sitja þrjú menn, einn tilnefndur af hæstarétti, annar af Landsbanka Íslands og hagstofustjóri hinn þriðji, sem skal vera formaður nefndarinnar.

## 6. gr.

Vextir af vaxtabréfum A- og B-flokka skulu greiðast einu sinni á ári, hinn 1. marz, gegn afhendingu tilsvarende vaxtamiða. Vaxtamiðar, sem gjaldfallnir eru, skulu innleystir skv. ákvæðum 16. greinar.

Sú vísitöluhækkun, sem greidd kann að verða á vísitöluþréf veðdeildarinnar, **III** skal reiknað til skatts eftir sömu reglum og um vexti væri að ræða, hvort heldur 20. júl um vaxtabréfseiganda eða skuldara er að ræða.

## 7. gr.

Auk veðskuldabréfa viðkomandi veðdeildarflokka skal trygging fyrir vaxtabréfunum vera:

1. Eignir Byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1957.
2. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—2, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan greinir.

## 8. gr.

Leggja skal í Byggingarsjóð ríkisins það, sem hér skal greint:

- a. Árlegan tekjuafgang ofangreindra veðdeildarflokka, svo og tekjuafgang af erlendum lánnum, sem veðdeildin kann að taka til íbúðalána.
- b. Lántökugjald af lánnum þeim, er veðdeildin kann að veita samkvæmt lögum nr. 42/1957.
- c. Höfuðstól og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

Byggingarsjóður ríkisins skal vera í vörzlum veðdeildarinnar.

## 9. gr.

Til útlána á vegum veðdeildarflokka þessara kemur fé það, sem aflast með sölu greindra vaxtabréfa.

## 10. gr.

Úr veðdeildarflokkum þessum má hvorki veita A- né B-lán nema eftir útlutun húsnæðismálastjórnar.

## 11. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána eftirtöldum aðilum:

- a. Byggingarsjóði Búnaðarbankans með samþykki ríkisstjórnarinnar, þó aðeins á þann hátt, að viðkomandi lán sé tekið í samræmi við 16. gr. laga nr. 35/1946 eða tilsvarendi lagaákvæði, er síðar kunna að verða sett um þetta efni.
- b. Byggingarsjóði verkamanna með samþykki ríkisstjórnarinnar, þó aðeins á þann hátt, að viðkomandi lán sé tekið í samræmi við 4. tölul. 3. gr. laga nr. 36 frá 1952 eða tilsvarendi lagaákvæði, er síðar kunna að verða sett um þetta efni.
- c. Öðrum aðilum gegn veði í íbúðarhúsum, einstökum íbúðum og meiri háttar viðbyggingum, enda fylgi þá í hverju einstöku veði örugg lóðarréttindi.

Byggingarsjóði Búnaðarbankans og Byggingarsjóði verkamanna skulu veitt A- og B-lán í sömu hlutföllum og öðrum aðilum á sama tíma. Tilskilið er, að veð fyrir láni sé nýbygging. Í þessu sambandi skal húsnæði því aðeins talið íbúð, að það geti talizt sjálfstæð íbúð, þ. e. hafi sérstakt eldhús, aðgang að þvottahúsi, salerni o. s. frv., svo og hlutfallsleg afnot og umráð af tilheyrandi lóðarréttindum.

Meiri háttar viðbyggingar skulu í þessu sambandi í fyrsta lagi taldar byggingar, er skapa nýja sjálfstæða íbúð eða íbúðir, enda þótt nokkur hluti af þeim myndist af hinni eldri byggingu, og í öðru lagi viðbyggingar, sem auka um að minnsta kosti 20 m<sup>2</sup> gólfplöt eldri íbúðar, enda hafi íbúðin fyrir stækkun verið talin ófullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar og ekki stærri en 80 m<sup>2</sup>.

Ávallt skal það tilskilið, að veðið fullnægi gildandi byggingarsamþykkt viðkomandi sveitarfélags, þar sem hún er fyrir hendi, og sé á stað, þar sem auðvelt er að sækja til almennrar atvinnu.

## 111

20. júlí

## 12. gr.

Samanlögð A- og B-lán mega aldrei nema meiru en  $\frac{2}{3}$  hlutum af virðingarverði veðsins og þó aldrei meira en sem nemur 100 þús. kr. áhverja íbúð, sbr. þó III. kafla laga nr. 42/1957. Verðmæti veðs í þessu sambandi skal aðeins talið nýbyggingin sjálf án lóðar eða eldri byggingar.

Hvert einstak B-lán má vera allt að jafnhátt A-láni til sömu íbúðar. Hlutfallið á milli A-lána og B-lána skal innan þessara marka ákveðið af húsnæðismálastjórn að fengnu álitu veðdeildarinnar, og skal það vera hið sama gagnvart öllum lán-takendum á sama tíma.

## 13. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkar þessir taka að veði, skulu metnar af virðingarmönnum veðdeildarinnar, þar sem þeir eru starfandi. Ella skulu tveir óvilhallir dómkvaddir menn eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra meta, en þó skal veðdeildinni heimilt, er henni finnst ástæða til, að tilnefna menn þessa eða láta matsmenn sína endurskoða mötin. Eignir skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund hafa í kaupum og sölum, þó aldrei hærra en áætla má, að raunverulegur byggingarkostnaður þeirra hafi verið. Skal hverju einstöku veði lýst nákvæmlega, tilgreind stærð, flatarmál og rúmmál, hversu mörg herbergi, hvað veðinu fylgir og á hvaða tíma það hefur verið tekið til notkunar, svo og stærð lóðar og afnot af henni.

## 14. gr.

Eigi má veita A-lán nema gegn 1. eða 1. samhliða veðrétti, samhliða samsvarandi B-láni, er deildin veitir, en hins vegar skal heimilt að veita B-lán, gegn 1. samhliða veðrétti samhliða A-láni úr deildinni eða 1. veðréttar láni, sem veitt er á sama hátt og A-lán deildarinnar.

## 15. gr.

A-lán má veita til allt að 25 ára, og skal það vera jafngreiðslulán (annuitetslán) með 7% vöxtum. B-lán má veita til allt að 15 ára, og skal það endurgreitt með jöfnum árlægum afborgunum, að viðbættri vísitöluhækkun, en vextir af því skulu vera  $5\frac{1}{2}\%$  af grunnupphæð lánsins.

Tillag til rekstrarkostnaðar er  $\frac{1}{4}\%$  á ári af upphæð lánsins, eins og það er fyrir hvern gjalddaga, og skal í þessu efni gilda sama regla um A-lán og B-lán.

## 16. gr.

Lán þau, sem veitt eru úr veðdeildarflokkum þessum skulu greidd í peningum á nafnverði, allt að frádregnum gjöldum við lántökuna samkvæmt reglum deildarinnar. Lántaki getur ef hann óskar þess, fengið að undirrita skuldabréf fyrir lánunum og fengið andvirði þeirra útborgað í þeim sparisjóði eða bankaútibúi, sem hann skiptir við og ber honum þá að tilkynna veðdeildinni það. Enn fremur er honum heimilt að greiða vexti og afborganir af lánunum á sama stað.

## 17. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að afgreiða A- og B-lán til nýbyggingar húsnæðis, þegar byggingin er komin það langt áleiðis, að hún samkvæmt mati geti talizt öruggt veð fyrir láninu.

## 18. gr.

Til þess að fá lán úr veðdeildarflokkum þessum, verður að fullnægja þeim skilyrðum, sem nú skal grein:

- a. Skriflega úthlutun á A- og B-láni frá húsnæðismálastjórn.
- b. B-lán skulu þeir hafa rétt til að fá, sem fengið hafa A-lán, er uppfylla skilyrði þau, sem greint er frá í 19. gr.

- c. Útvega virðingargerð í samráði við veðdeildina, samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar. **111**  
20. júlí
- d. Leggja fram veðbókarvottorð og lóðarsamning.
- e. Leggja fram byggingarvottorð frá byggingarfulltrúa eða hreppstjóra um, að húsið sé byggt samkvæmt gildandi byggingarreglum á staðnum.
- f. Leggja fram brunabótaskirteini.
- g. Samþykki maka, ef um giftan aðila er að ræða.
- h. Útvega önnur gögn, sem veðdeildin kann að álíta nauðsynleg hverju sinni.

## 19. gr.

Til þess að A-lán, veitt af öðrum aðilum en veðdeildinni, verði talið veita rétt til B-láns, skal það uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Skuldabréfið skal vera í sama formi og skuldabréf fyrir A-lán veðdeildarinnar og staðfest af húsnæðismálastjórn.
- Vextir skulu hinir sömu og af íbúðalánum veðdeildarinnar á sama tíma.
- Lánstími skal að jafnaði vera 25 ár. Veðdeildinni skal þó heimilt, að fengnu samþykki húsnæðismálastjórnar, að viðurkenna A-lán veitt til skemmri tíma, en þó skal lánstími aldrei skemmri en 15 ár.
- Lánsupphæð skal ekki lægri en 35 þús. krónur, nema samþykki húsnæðismálastjórnar komi til.
- Hámarkslánsupphæð og önnur atriði séu í samræmi við 11. og 12. gr. hér að framan.

## 20. gr.

Hver lántakandi skal við lántöku greiða 1% af lánsupphæðinni í Byggingarsjóð ríkisins. Verði eigendaskipti að veði, sem veðsett er deildinni, fyrstu 3 árin eftir að lán er tekið, skal kaupandi strax og kaup eru gerð tilkynna það húsnæðismálastjórn og leita samþykkis hennar til yfirtöku lánsins, en húsnæðismálastjórn skal síðan tilkynna veðdeildinni þetta og á hvaða hátt hún hefur tekið ákvörðun um yfirtöku hins nýja eiganda veðsins á láninu.

## 21. gr.

Lánnum þeim, sem veitt eru úr veðdeildarflokkum þessum, má veðdeildin eigi segja upp, meðan lántaki gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefur undirgengið. En hins vegar skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að segja fyrirvaralaust upp láni, verði um verulegar vanefndir að ræða á lánsamningnum, en í þessu sambandi skal sala á eign, þar sem kaupandi tekur að sér greiðslu lána án samþykkis húsnæðismálastjórnar, talið til verulegra vanefnda.

## 22. gr.

Hinn 1.—15. nóvember ár hvert falla vextir, afborganir og tillög til rekstrar-kostnaðar af lánum veðdeildarinnar í gjalddaga í einu lagi.

Um lán, sem tekin eru á fyrra misserinu frá gjalddaga, skal gilda sú regla, að af láninu skal greiða á fyrsta gjalddaga fullt tillag til rekstrarkostnaðar, fulla afborgun og vexti frá lántökudegi, en sé lánið hins vegar tekið á seinna misserinu fyrir gjalddaga, skal greiða við lántökuna auk hins venjulega lántökugjalds vexti fyrir fram frá lántökudegi til 1. nóvember næst á eftir, svo og helming tillags til rekstrarkostnaðar, en enga afborgun, fyrr en á hinum ákveðna gjalddaga næsta ár á eftir.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum svo og vaxtabréfum veðdeildarinnar að fengnu samþykki ríkisstjórnar.

## 111

20. júlí

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir, sem þó standi á 1000 krónum, eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslum þessum má hann lúka með vaxtabréfum tilsvareandi lánaflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef stjórn veðdeildarinnar samþykkir, og þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

## 23. gr.

## 24. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur innan 1. des. greitt árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1% fyrir hvern mánuð frá 1. nóv. til greiðsludags, og skal hver byrjaður mánuður talinn sem heill í þessu sambandi.

## 25. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf samsvarandi veðdeildarflokka eftir hlutkesti, er notarius publicus framkvæmir. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal með sex vikna fyrirvara auglýsa tölurnar á vaxtabréfum þeim, sem út hafa verið dregin og verði innleyst 1. marz næstan á eftir. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabréfin í stærri stíl.

## 26. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim ber að fylgja, fengið þau greidd á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða neina vexti af höfuðstólnum eða visitöluppbót frá því.

## 27. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin krafizt þess með auglýsingu að handhafi bréfsins gefi sig fram innan 4 mánaða. Auglýsingin skal birt þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtinga- blaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildinguna annarra glataðra bankavaxtabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum reglum.

## 28. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki framfar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra á þann hátt, að þau með því móti verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

## 29. gr.

Þegar lán er gjaldfallið, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð til fullnustu á láninu, allt án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, sbr. lög um uppboð, nr. 57 frá 1947 og lögum um veð frá 4. nóv. 1887, 3. gr.

Veðdeildin þarf ekki að láta neinn mæta fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunautar til greina, nema þau séu á fyllistum rökum reist.

og eigi er heldur hægt með neins konar dómskoti að ónýta uppboðið eða stöðva það **111**  
 án samþykkis veðdeildarinnar. Veðdeildin ber aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin **20. júlí**  
 sé rétt og gjaldfallin og er skuldunaut frjálst að hefja mál til endurgjalds á öllu  
 því, sem hann hefur skaðazt á uppboðinu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veð-  
 settum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

30. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar breyta að engu fyrri reglugerðum veðdeildarinnar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um  
 húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting  
 á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni  
 öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir íbúða-  
 lán veðdeildar Landsbanka Íslands nr. 98 9. ágúst 1955.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**Bréf forsætisráðherra til hagstofustjóra, um að hagstofan sé **112****  
**ráðuneyti hliðstæð öðrum stjórnardeildum.** <sup>15/10 '56</sup>

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 24/1913, um Hagstofu Íslands, stendur sú stofnun  
 beint undir ráðherra, og er hún því í raun rétttri ráðuneyti hliðstæð öðrum stjórnar-  
 deildum undir fjármálaráðherra, þ. e. fjármálaráðuneytinu og endurskoðunar-  
 deild þess. Þó að svo sé, hefur hingað til skort nokkuð á, að Hagstofan væri skoðuð  
 sem ráðuneyti í framkvæmd, en nú vill ríkisstjórnin koma þessu í rétt horf og lýsir  
 hér með yfir því, að héðan í frá skal staða Hagstofunnar vera í einu og öllu hin  
 sama og staða annarra ráðuneyti, bæði gagnvart ríkisstjórninni sjálfri, öðrum  
 ráðuneytum og öllum öðrum aðilum, sem Hagstofan á skipti við.

Af þessu leiðir meðal annars, að úrskurður og ákvarðanir Hagstofunnar í verka-  
 hring hennar hafa sama gildi og úrskurðir og ákvarðanir ráðuneytis, svo og að  
 starfsmenn Hagstofunnar hafa að öllu leyti sömu stöðu og starfskjör og hliðstæðir  
 starfsmenn annarra ráðuneyta hafa.

Viðurkenning þess, að Hagstofan sé ráðuneyti, gefur ekki tilefni til breyttrar  
 tilhögunar á meðferð og afgreiðslu mála í verkahring hennar frá því, sem verið  
 hefur.



113

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	4301.32	
			kr. 4501.32
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	10.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	215.42	
			— 225.42
			Kr. 4726.74

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	4526.74	
			kr. 4726.74
			Kr. 4726.74

*Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Ásmundur Guðmundsson.

114

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf .....	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	5929.01	
			kr. 6929.01
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	50.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	357.97	
			— 407.97
			Kr. 7336.98

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Verðbréf .....	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	6336.98	
			kr. 7336.98
			Kr. 7336.98

*Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Ásmundur Guðmundsson.

**REGLUGERÐ**

115

30. júlí

um breyting á reglugerð nr. 103 1957, um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

## 1. gr.

Aftan við 2. málsg. 1. gr. komi ný málsg. svo hljóðandi:

Nú hefur gjaldandi ekki lokið greiðslu þess hluta þinggjaldsins, sem honum bar að ljúka, áður en 15 dagar eru liðnir frá gjalddaga hans, og er þá allt þinggjaldið þegar fallið í gjalddaga.

## 2. gr.

4. gr. orðist svo:

Um greiðslu samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði tekju- og eignarskattlaga svo og reglugerðar nr. 147/1955, um dráttarvexti, skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupum launtaka upp í skattana, svo og önnur ákvæði eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsluna má taka lögtaki.

## 3. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Að því er varðar þinggjöld ársins 1957 þá er heimilt að innheimta þau hjá hverjum gjaldanda með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Fastir starfsmenn, sem greiða skatta reglulega af kaupum samkvæmt kröfu innheimtumanns, mega þó ljúka greiðslu gjaldanna með 6 jöfnum greiðslum, þannig að auk fyrrnefndra gjalddaga komi 2. janúar og 1. febrúar 1958. Nú hefur kaupgreiðandi ekki verið krafinn um skatta launþega fyrr en eftir 1. ágúst 1957, og skal þá haga greiðslum þannig, að innheimtu skatta hlutaðeigandi launþega verði með jöfnum greiðslum að fullu lokið 1. febrúar 1958. Um vanskil samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 30. júlí 1957.***Eysteinn Jónsson.**

---

*Sigtr. Klemenzson.*

116

1. ágúst

## REGLUR

## um stöðumæla í Reykjavík.

## I. KAFLI

## 1. gr.

Veitingastaðir er hafa fengið tilskilið veitingaleyfi mega vera opnir til kl.  
11.30 síðdegis, enda sé söluvörum þeirra neytt á veitingastað. Þó skal þeim vera  
lokað páskadag, jóladag og nýársdag svo sem öðrum sölustöðum.

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal loka kl. 4 síðdegis.

#### 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða skal óheimilt að selja á strætum úti  
og torgum eða annars staðar utan sölubúða og sölustaða, nokkurn þann varning,  
sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

#### 6. gr.

Menn sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma er heimilt  
að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er heimilt að afgreiða eftir lok-  
unartíma.

#### 7. gr.

Lyfjasala er undanþegin reglugerð þessari.

#### 8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá  
samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni  
eða til ágóða fyrir stofnanir eða félagasamtök, er vinna að líknar- eða mannúðar-  
málum.

#### 9. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Patrekshrepps, samkvæmt lögum  
nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem  
hlut eiga að máli. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og  
renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka  
sem almenn lögreglumál.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

143

9. ágúst

## AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur og reglum um stöðumæla frá 1. ágúst 1957, verða settir upp stöðumælur á eftirtöldum stöðum í Reykjavík:

Austurstræti, Vallarstræti meðfram Austurvelli, Thorvaldsensstræti, vestan megin, Hafnarstræti, Lækjargötu, vestan megin götunnar, svo og austan megin að Bóckhlöðustíg, lóðinni Austurstræti 2, Kirkjutorgi, Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Kalkofnsvegi, Bankastræti, Hverfisgötu, Laugavegi, Skólavörðustíg og lóðinni á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis.

Samkvæmt 8. gr. reglna um stöðumæla, er skylt að greiða fyrir afnot stöðumælareits á virkum dögum frá kl. 9—19. Á laugardögum er gjaldskyldan þó aðeins frá kl. 9—13.

Á götum hefur stöðugjald verið ákveðið kr. 1.00 fyrir 15 mínútur og kr. 2.00 fyrir 30 mínútur, og er það hámarkstími.

Á Kirkjutorgi og lóðunum nr. 2 við Austurstræti og á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu er gjaldið kr. 1.00 fyrir hverjar 30 mínútur.

Skyllt er að greiða fyrir afnot af stöðumælareit fyrir hvers konar vélknúin ökutæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega og hleypta þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum.

Nokkrir af framangreindum mælum verða teknir í notkun 12. ágúst n. k.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. ágúst 1957.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

144

29. ágúst

## AUGLÝSING

um merkingu á dilkakjöti.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 5, um kjöt og fleira, frá 22. febr. 1949, ásamt 71. gr. reglugerðar nr. 155 um kjötmat og fleira, frá 8. sept. 1949, heimilast útflytjendum að merkja dilkakjöt I. flokk til útflutnings á brezkan markað með merki-  
miðum, sem á er prentað

PRIME  
ICELAND  
LAMB

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Þor- **145**  
bjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar hreppstjóra á Veðramóti í Skarðshreppi, 30. ágúst  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. ágúst 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorbjargar Stefánsdóttur og Björns Jónssonar  
hreppstjóra á Veðramóti í Skarðshreppi.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þorbjargar Stefánsdóttur og Björns  
Jónssonar hreppstjóra á Veðramóti. Sjóðurinn er stofnaður af börnum þeirra hjóna til  
minningar um þau á 100 ára afmæli Þorbjargar Stefánsdóttur, 28. september 1955.

### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja skógrækt í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu,  
þegar hafin verður, á þann hátt er nánar getur í skipulagsskrá þessari.

Nú verður ekki hafin skógrækt innan Skarðshrepps áður en á að koma styrk-  
veiting úr sjóðnum, og skulu styrkir úr honum þá veittir til skógræktar annars  
staðar innan Skagafjarðarsýslu, þar sem stjórn sjóðsins álitur best henta.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15350.00 — fimmtán þúsund þrjú hundruð og fimmtíu  
krónur.

Gjafir og áheiti, er sjóðnum berast, skal leggja við höfuðstól sjóðsins, en hann  
skal ávaxtaður í sparisjóði Sauðárkróks og leggjast allir vextir við höfuðstólinn unz  
hann nemur 25 þúsund krónum.

### 4. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur náð framangreindri upphæð, má árlega verja  
úr honum  $\frac{2}{3}$  hlutum ársvaxta til þess að styrkja skógrækt innan Skarðshrepps.  
Þegar höfuðstóllinn er orðinn 50 þúsund krónur má verja allt að  $\frac{1}{2}$  hlutum árs-  
vaxtanna til framangreindrar styrktarstarfsemi. Afgangur ársvaxta skal lagður  
við höfuðstólinn þar til stjórn sjóðsins álitur tímabært að öllum árlegum vöxtum  
skuli varið til styrktarstarfseminnar. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, þ. e. sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, hrepps-  
nefndaroddviti Skarðshrepps og sá afkomandi framangreindra hjóna, búsettur innan  
Skagafjarðarsýslu eða Sauðárkróksskaupstaðar, er sýslunefnd tilnefni og á afkom-  
andi heimilisfastur innan Skarðshrepps forgangsrétt til tilnefningar.

Nú er enginn afkomandi hjónanna innan framangreindra takmarka og kýs þá  
sýslunefnd þriðja stjórnarnefndarmanninn.

Sýslumaður skal vera formaður stjórnarinnar, sem skiptir störfum með sér að  
öðru leyti.

**145** Sjóðstjórn gerir tillögur til styrkveitinga úr sjóðnum, en sýslunefnd tekur end-  
30. ágúst anlega ályktun um þær á aðalfundi sínum.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórnin hefur með höndum reikningshald sjóðsins og er ábyrg fyrir eignum hans. Skulu ársreikningar sjóðsins lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar til yfirskoðunar og úrskurðar. Sjóðstjórnin heldur gerðabók og ritar í hana fundargerðir sínar og ársreikninga sjóðsins og annað, er henni þykir henta.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki og Reykjavík í júlímánuði 1957.

Sig. Á. Björnsson.      Jón Þ. Björnsson.      Björg Björnsdóttir.  
Heiðbjört Björnsdóttir.      Sigurlaug Björnsd.  
Har. Björnsson.      Guðm. M. Björnsson.

146

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	9718.58	
			kr. 10918.58
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	60.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	585.76	
			kr. 645.76
			Kr. 11564.34

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	10364.34	
			kr. 11564.34
			Kr. 11564.34

Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.

Ásmundur Guðmundsson.

## REIKNINGUR

147

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	33117.65	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	7987.00	
			kr. 41104.65
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr.	1738.67	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	479.22	
			— 2217.89
			Kr. 43322.54

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	34856.32	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	8466.22	
			kr. 43322.54
			Kr. 43322.54

*Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Ásmundur Guðmundsson.

## REIKNINGUR

148

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf .....	kr.	1100.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	10164.61	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	4090.40	
d. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	843.54	
e. Eignin Ytra-Vallholt .....	—	7100.00	
			kr. 23298.55
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	60.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	533.64	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	204.48	
d. — innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	52.46	
			— 850.58
3. Afgjald Ytra-Vallholts .....	—	411.00	
			Kr. 24560.13

148

## Gjöld:

1. Úthlutað .....	kr.	500.00
2. Eign í árslok:		
a. Verðbréf .....	kr.	100.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	10698.25
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	5354.88
d. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	807.00
e. Eignin Ytra-Vallholt .....	—	7100.00
		<hr/>
		— 24060.13

Kr. 24560.13

*Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.***Ásmundur Guðmundsson.**

149

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Kirkjubýggingasjóðs árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Í lánum kirkna .....	kr.	450000.00
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	8124.54
		<hr/>
	kr.	458124.54
2. Framlag ríkissjóðs, 2. greiðsla .....	—	500000.00
3. Lán tekið á árinu .....	—	500000.00
4. Afborganir lána .....	—	9300.00
5. Til jafnaðar við gjaldið 1 .....	—	942800.00
6. Vextir .....	—	12207.57
		<hr/>
	kr.	2422432.11

## Gjöld:

1. Lán veitt á árinu .....	kr.	942800.00
2. Greiddir vextir af lánum kirkna .....	—	38557.18
3. Kostnaður .....	—	1000.00
4. Til jafnaðar við tekjulið 4 .....	—	9300.00
5. Eign í árslok:		
a. Í lánum kirkna .....	kr.	1383500.00
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	47049.93
c. Í vörzlu féhirðis .....	—	225.00
		<hr/>
	—	1430774.93

Kr. 2422432.11

*Stjórn Kirkjubýggingasjóðs, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Sveinbjörn Högnason.

Ásmundur Guðmundsson.

Gunnar Árnason.

## REIKNINGUR

150

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur  
og Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	50406.04	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	539.63	
			kr. 50945.67
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr.	2646.31	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	26.95	
			— 2673.26
			Kr. 53618.93

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	53052.35	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	566.58	
			kr. 53618.93
			Kr. 53618.93

*Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Ásmundur Guðmundsson.

## REIKNINGUR

151

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun .....			kr. 264621.00
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	1807.10	
b. — skuldabréfum .....	—	1837.50	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	7466.64	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	1047.75	
			— 12158.99
3. Gjafir .....	—	2050.00	
4. Greitt af Ísafoldarprentsmiðju v. Sálmaþókar .....	—	4117.50	
5. Endurgreidd lán .....	—	6500.00	
6. Óinnleystar og fyrndar ávisanir .....	—	902.00	
7. Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....	—	25000.00	
			Kr. 315349.49



151

## Gjöld:

1. Úthlutað .....	kr.	9000.00	
2. Keypt visitölubréf .....	—	25000.00	
3. Til jafnaðar við tekjulið 5 .....	—	6500.00	
4. Eign í árslok:			
a. Verðbréf .....	kr.	26100.00	
b. Skuldabréf .....	—	48500.00	
c. Visitölubréf .....	—	25000.00	
d. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	149688.36	
e. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	25561.13	
			— 274849.49

Kr. 315349.49

*Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Ásmundur Guðmundsson.

152

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1956.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Verðbréf .....	kr.	28600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	24742.07	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	6897.25	
			kr. 60239.32
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	1905.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	1298.95	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	463.70	
			— 3667.65
			kr. 63906.97

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Verðbréf .....	kr.	27600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	26041.02	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	10265.95	
			kr. 63906.97
			kr. 63906.97

*Biskups Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1957.*

Ásmundur Guðmundsson.

## AUGLÝSING

153

11. sept.

um greiðslu yfirfærslugjalds af greiðslum vegna leigu á erlendum skipum.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 67 11. sept. 1957, um breytingu á lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., tilkynnist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að gjaldeyrisgreiðslur fyrir leigu erlendra skipa, sem flytja eingöngu oliur, benzín, kol, salt og íslenskar útflutningsafurðir skuli undanþegnar yfirfærslugjaldi. Allar aðrar gjaldeyrisgreiðslur fyrir skipaleigu skulu háðar 8% yfirfærslugjaldi. Ef erlent skip er notað jafnframt til flutninga, sem undanþegnar eru yfirfærslugjaldi, skal greiðsla yfirfærslugjalds miðuð að eins við þá flutninga, sem gjaldskyldir eru.

*Forsætisráðuneytið, 11. september 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Birgir Thorlacius.*

Stjórnartíðindi 1957, B. 11.

## REGLUR

154

17. ágúst

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1957.

## 1. gr.

Árið 1957 skal heimilt að veiða allt að 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin fara fram á tímabilinu 17. ágúst til 20. september. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með lenging veiðitímans.

## 2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoðarmanna, er hann kann að kveðja til.

## 3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

(1) Fljótshreppur .....	150 hreindýr
(2) Jökulshreppur .....	130 —
(3) Fellahreppur .....	80 —
(4) Tungahreppur .....	70 —
(5) Hlíðahreppur .....	25 —
(6) Hjaltastaðahreppur .....	15 —
(7) Skriðdalshreppur .....	43 —
(8) Vallahreppur .....	25 —
(9) Egilsstaðahreppur .....	7 —
(10) Eiðahreppur .....	15 —
(11) Breiðdalshreppur .....	10 —
(12) Beruneshreppur .....	15 —
(13) Geithellnahreppur .....	15 —

Samtals 600 hreindýr

B 34

154

17. ágúst

4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa sófnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Þá getur ráðuneytið til reynslu veitt veiðifélagi, er stofnað kynni að verða, leyfi til að veiða allt að 50 hreindýr, gegn 250 króna gjaldi fyrir hvert veiðidýr. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns. Andvirði veiðileyfa þessara renni í sjóð þeirra hreppa, sem um getur í 3. gr., að frádreginni þóknun til hreindýraeftirlitsmanns fyrir eftirlit með veiðinni. Tekjur þessar skulu skiptast milli hreppssjóða í hlutfalli við fjölda þeirra dýra, sem hreppunum er leyft að veiða. Hreindýraeftirlitsmaður annast innheimtu veiðileyfagjalds og stendur hreppunum skil á því, sem þeim ber.

5. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, sem að framan eru nefndir, sjá um veiði þeirra hreindýra, sem þeim eru ætluð samkvæmt 3. gr. Skulu hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi, fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð.

6. gr.

Komi í ljós í lok aðalveiðitímans, að eigi hafi verið veidd sú tala hreindýra, sem gert er ráð fyrir hér að framan, skal hreindýraeftirlitsmanni heimilt að veiða á kostnað ríkissjóðs svo mörg dýr, að alls verði felld 600 hreindýr, og þá þau, sem ólífvænlegust eru. Andvirði þessara dýra gangi til greiðslu kostnaðar við veiði þeirra.

7. gr.

Þá eina má fá til þess að veiða hreindýr, er eftirlitsmaður hreindýra samþykkir. Skulu þeir fá sérstakt, skriflegt leyfi frá eftirlitsmanni. Ber þar að greina, auk nafns og heimilis leyfishafa, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) megi nota, á hvaða svæði leyfið gildi, hve mörg dýr leyfishafi megi veiða og fyrir hvern hann veiði.

Leyfishafi skal bera leyfið á sér, þegar hann er við veiðar og sýna, ef krafizt er.

Hreindýraeftirlitsmaður skal tilkynna sýslumönnum Norður- og Suður-Múla-sýslu nöfn leyfishafa jafnóðum og leyfin eru gefin út, svo og ráðuneytinu.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal gæta þess vandlega að leyfa eigi að veiða hreindýr á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagenjist, heldur á stöðvum aðalhjarðarinnar eða þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal sjá um, eftir því sem unnt er, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir vöxt og viðgang hjarðarinnar.

10. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður annast eftirlit með veiði hreindýranna, sbr. 2. gr. Skal greiða honum 40.00 krónur fyrir hvert dýr, sem leyft er að veiða, og gengur gjaldið til greiðslu kostnaðar við veiðieftirlitið.

Hreindýraeftirlitsmanni skal heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar við eftir- **154**  
litið á tilteknum svæðum fjarlægum heimili hans. Kostnaður vegna slíkrar aðstoðar 17. ágúst  
greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 72/1954, um  
breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar  
allt að 10 000.00 króna sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 17. ágúst 1957.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

**155**

5. sept.

um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

1. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til  
útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskalar, og hafa um það sam-  
vinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því að sveitarfélög safni sem ýtar-  
legustum skýrslum um það, hversu mikið heilsuspillandi húsnæði sé notað til  
íbúðar, og á hve löngum tíma hlutaðeigandi sveitarfélög telja auðið að útrýma því.

3. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspill-  
andi íbúðum og óska eftir að njóta aðstoðar ríkisvaldsins, skulu sækja um slíka  
aðstoð til húsnæðismálastjórnar, áður en hafizt er handa um byggingarfram-  
kvæmdir.

Með umsóknum þessum skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Teikningar af fyrirhuguðum íbúðum í 2 eintökum.
- b. Nákvæm smíðalýsing (útboðslýsing).
- c. Greinilega sundurliðuð kostnaðaráætlun.
- d. Greinargerð um skilmála og kjör þau, sem væntanlegum eigendum eða leigj-  
endum íbúðanna eru ætluð.
- e. Upplýsingar um, hvenær byggingarframkvæmdir skulu hefjast, og hvenær þeim  
verði lokið.

- 155 f. Upplýsingar um, hvaða húsnæði á að útrýma, lýsing á því, svo og hversu margt  
5. sept. fólk býr í því húsnæði.  
g. Ef um annað húsnæði er að ræða en herskála, vottorð viðkomandi héraðslæknis, í Reykjavík borgarlæknis, um að húsnæði það, sem útrýma á, sé heilsuspillandi.

## 4. gr.

Nú samþykkir húsnæðismálastjórn áætlanir sveitarfélags um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og getur hún þá veitt lán af því fé, sem rikissjóður leggur fram í þessu skyni, þó eigi hærra en nemur samanlögðu framlagi og láni frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Slík lán skulu veitt til allt að 50 ára með 4% ársvöxtum og skulu vera jafngreiðslulán. Afborganir og vextir af lánnum þessum skulu renna í byggingarsjóð ríkisins. Skal veðdeild Landsbanka Íslands sjá um afgreiðslu lánanna, innheimtu og reikningshald.

## 5. gr.

Lán, sem veitt eru samkvæmt reglugerð þessari, skulu veitt sveitarfélögum, og er þeim heimilt að verja þeim:

- A. Til byggingar íbúða, eða síðan verði seldar einstaklingum, fullgerðar eða ófullgerðar þó eigi skemmra á veg komnar en fokheldar, með hitunartækjum og að fullu frágengnar utanhúss.  
B. Til byggingar leiguhúsnæðis.  
Ef um fyrra tilvikið er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um íbúðina, unz lán rikissjóðs er greitt að fullu:

- a. Ef eigendaskipti verða að íbúðum þessum, skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt að hinni seldu íbúð og er því skylt að leysa íbúðina til sín og selja hana eða leigja eftir ákvæðum 6. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 3. mgr. þessarar greinar. Söluverð slíkar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbætti verðhækkun, sem orðið hefur samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjaldþaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Greiðsla umfram skyldu samkv. skuldabréfi, skapar ekki rétt til verðhækkunar. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið meðan íbúðin var í eigu seljanda, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Fyrir endurbætur skal þó ekki greiða meira en kostað hefur að fullgera samsvarandi íbúð. Ekki má leigja slíka íbúð eða hluta hennar, án samþykkis sveitarstjórnar, sem hefur forleigurétt.  
b. Íbúðir þessar má aðeins selja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði, enda hafi þær áður verið auglýstar til umsóknar og séu hinar heilsuspillandi íbúðir jafnfram teknar úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Umsóknir um íbúðirnar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er gerð séu eftir fyrirmynd frá húsnæðismálastjórn.

Ef um byggingu leiguhúsnæðis er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um það, unz lán rikissjóðs er að fullu greitt:

- a. Leiga eftir húsnæði má ekki vera hærri en sem nemur afborgunum og vöxtum af upphaflegum byggingarkostnaði, svo og kostnaði vegna eðlilegs viðhalds.  
b. Leiguhúsnæði skal ávallt auglýst og má aðeins leigja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði. Hið heilsuspillandi húsnæði, sem þannig losnar, skal jafnframt tekið úr notkun, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Umsóknir um leiguhúsnæði skulu vera á sérstökum eyðublöðum, sem gerð séu eftir fyrirmynd frá húsnæðismálastjórn.

## 6. gr.

155

Við úthlutun þess húsnæðis, sem byggt er samkvæmt reglugerð þessari, er sveitarstjórn skylt að láta þær fjölskyldur sitja fyrir, sem í lökustu húsnæði búa og mesta ómegð hafa eða eiga samkvæmt vottorði læknis við verulega vanheilsu að stríða.

Verði ágreiningur í sveitarstjórn um úthlutun íbúðanna, má skjóta honum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

## 7. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. koma ekki til útborgunar fyrr en viðkomandi ónothæft húsnæði hefur verið tekið úr notkun samkvæmt vottorði hlutaðeigandi lögreglustjóra, enda sé húsnæði það, sem lánað er til, orðið íbúðarhæft samkvæmt vottorði trúnaðarmanns húsnæðismálastjórnar.

Óheimilt er að taka aftur til íbúðar húsnæði, sem tekið hefur verið úr notkun samkvæmt reglugerð þessari, nema fyrir liggja vottorð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) um, að það hafi hlotið þær endurbætur, að það sé eigi lengur heilsuspillandi, enda fullnægi íbúðin einnig skilyrðum byggingarsamþykktar um íbúðarhúsnæði.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

## AUGLÝSING

156

6. sept.

til lækna og lyfsala í tilefni löggildingar viðauka við lyfjaskrá,  
sbr. auglýsingu frá 6. sept. 1957 í A-deild Stjórnartíðinda.

Með forsetaúrskurði 13. júlí 1950 var hin danska lyfjaskrá, Pharmacopoea Danica 1948, Editio IX, ásamt þá þegar útkomnum fyrsta viðauka við lyfjaskrána, Pharmacopoea Danica 1948, Addendum 1950, löggilt hér á landi frá 1. janúar 1951, sbr. augl. nr. 72 (A) 14. júlí 1950 og reglur nr. 196 19. sept. 1950 um nokkrar nafnbreytingar lyfja samkvæmt nýrri lyfjaskrá, gerð, geymslu, áritun og afhendingu lyfja o. fl.

Frá því að lyfjaskráin kom út, hafa viðaukar og breytingar við skrána í venjulegu bókarformi verið gefnar út sem hér segir:

Pharmacopoea Danica 1948,	Addendum 1950,	Kh. 1950,
—	—	—
—	—	—
		1951, Kh. 1951,
		1952, Kh. 1952.

Útgáfa viðauka þessara var í upphafi með þeim hætti, að þegar nýr viðauki kom út, var í honum að finna allt, er fyrri viðauki hafði að geyma, auk þeirra breytinga og viðbóta, er orðið höfðu á lyfjaskránni frá því að næsti viðauki á undan var gefinn út. Varð þ. a. l. eldri viðauki úreltur, er nýr kom út.

**156** Þegar þrjú ofangreindir viðaukar höfðu verið gefnir út, var horfið frá þessu 6. sept. fyrirkomulagi um útgáfu nýrra viðauka, enda meginhluti viðaukanna jafnan óbreyttur frá ári til árs og óþarfa kostnaður við að gefa út bókina í heild árlega.

Var í þess stað tekið að gefa út í lausblaðabókarformi viðauka við lyfjaskrána. Fyrsti viðaukinn með þessu sniði kom út seint á ári 1953:

**Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 12 — 1953.** Hafði hann að geyma síðasta viðauka lyfjaskrárinnar, Addendum 1952, svo og breytingar og viðbætur, er gerðar höfðu verið á lyfjaskránni frá útgáfu viðauka ársins 1952.

Viðaukar og breytingar við téðan lausblaðaviðauka hafa svo verið gefnar út sem hér segir:

**Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 12 — 1954 (Udsendelse nr. 1).**

**Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 6 — 1956 (Udsendelse nr. 2).**

**Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1 — 12 — 1956 (Udsendelse nr. 3).**

Þessir lausblaðaviðaukar hafa nú verið löggiltir hér á landi ásamt áður nefndum lausblaðaviðauka.

Þess skal getið, að árið 1950 kom út í Danmörku dýralyfjaskrá, Pharmacopoea Danica 1948, Addendum Veterinarium, Kh. 1950, sem einnig er viðauki við dönsku lyfjaskrána. Skrá þessi er sjálfstætt hefti, sem ekki er tekið upp í fyrrgreindan lausblaðaviðauka lyfjaskrárinnar. Leiðréttingar á dýralyfjaskránni og viðaukar við hana, sem eingöngu ná til ósamsettra dýralyfja (simplicia), eru þó hvort tveggja jafnan gefið út á lausblöðum ásamt öðrum leiðréttingum og viðaukum við lyfjaskrána. Dýralyfjaskráin, Pharmacopoea Danica 1948, Addendum Veterinarium, Kh. 1950, er ekki löggilt til notkunar hér á landi með ofangreindum forsetaúrskurði.

Um útgáfu hinnar dönsku lyfjaskrár og viðauka við hana sér lyfjaskrárnefnd (Farmakopékommissionen), sem kosin er til nokkurra ára í senn.

Til þess að koma í veg fyrir misskilning er rétt að geta þess, að í Danmörku hefur einnig verið gefið út sérstakt dýralyfseðlasafn, Dispensatorium Veterinarium 1950, Kh. 1950. Skrá þessi, sem tekur til samsettra dýralyfja (composita), er gefin út af dýralæknaráði Danmerkur (Det veterinære Sundhedsråd) og ber þ. a. l. ekki að skoða lyfseðlasafn þetta sem hluta hinnar dönsku lyfjaskrár, Pharmacopoea Danica.

Læknar eru áminntir um að kynna sér nákvæmlega löggilta lyfjaskrá og löggilta viðauka og gera sér far um að rita lyfjaávisanir sínar í sem fyllstu samræmi við gildandi reglur um skráð lyf.

Ef um deyfilyf eða önnur mikilvirk lyf er að ræða, ættu þeir að gera sér að reglu að vitna til lyfjaskrárinnar í lyfjaávisunum sínum ella geta styrkleika greinilega.

Jafnan skulu lyfsalar, þegar um slík lyf er að ræða, gæta þess að bera sig saman við hlutaðeigandi lækni, þá er nokkur vafi getur leikið á því, hver styrkleiki lyfsins skuli vera.

Læknum til leiðbeiningar er vakin athygli á breytingum, er gerðar hafa verið á fyrirmælum gildandi lyfjaskrár um styrkleika neðangreindra lyfja:

**Guttæ adetamini fortiores:**

Innihéldu 14.000 a.e. af A-vítamíni í g, Ph. Dan. 1948.

Innihalda nú 10.000 a.e. í g, Add. 1 — 12 — 1953.

**Injectabile atropini:**

Innihélt 2 mg af atrópínsúlfati í ml, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 1 mg í ml, Add. 1 — 12 — 1953.

**Injectabile morphini:**

Innihélt 3 sg af morfinhýdróklóríði í ml, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 2 sg í ml, Add. 1 — 12 — 1953.

**Injectabile g-strophanthini:**

Innihélt 0.5 mg af g-strófantíni í ml, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 0.1 mg í ml, Add. 1 — 12 — 1956.

**Pasta pyrolei betulae:**

Innihélt 1% af birkitjöru, Ph. Dan. 1948.

Inniheldur nú 2%, Add. 1 — 12 — 1953.

**Tablettae dicumaroli:**

Innihéldu 100 mg af díkúmaróli í töflu, Add. 1950.

Innihalda nú 20 mg í töflu, Add. 1 — 12 — 1953.

**Tablettae sulfacombini, Ph. Dan. 1948:**

Smávægileg styrkleikabreyting, Add. 1 — 6 — 1956.

156

6. sept.

Þetta er hlutaðeigendum hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 6. september 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

157

6. sept.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún nr. 130 12. júlí 1939.

### 1. gr.

14. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

- I. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem til eru við höfnina eða gerð kunna að verða, skal ákveðið með sérstökum samningi við málsaðilja.
- II. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Þórshafnarhöfn, og farmi þeirra, greiðist:
  - a. Lestagjald: Öll skip, sem mæld eru 5 rúmlestir og þar yfir, skulu greiða í lestagjald 80 aura af hverri nettó rúmlest, í hvert skipti er þau leggjast á Þórshafnarhöfn eða hafa sambandi við land á Þórshöfn, eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef um innlend skip er að ræða, þá í fyrsta sinn, er þau leita hafnar á Þórshöfn á árinu. Liggja skipið lengur en 14 daga á höfninni, tvöfaldast gjaldið. Hafni skipið sig oftast en einu sinni á árinu á Þórshafnarhöfn, og hafi á þeim tíma ekki komið til annarra landa, greiðist lestagjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti og síðar að hálfu. Skip, sem ganga á milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda, eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta sinn á árinu koma á Þórshafnarhöfn, greiða lestagjald, en síðar ekki þótt þau hafni sig oftast á sama ári.
 

Skip, sem heimilisfast er í þorpínu eða stunda útgerð þaðan lengri tíma en 3 mánuði ársins, skulu greiða 5 krónur fyrir hvern opinn vélbát, 10 krónur fyrir hvern þiljaðan vélbát og 10 krónur fyrir hvern uppskipunarbat á ári.
  - b. Vitagjald: Öll skip, sem hafnargjald eiga að greiða og hafna sig á tímabilinu 1. ágúst—14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 25 krónur, í hvert skipti er þau koma til hafnar á þessu tímabili. Séu skipin meira en 300 rúmlestir greiða þau 50 krónur í hvert skipti. Skip sem heimilisföst eru á Þórshöfn eru undanþegin þessu gjaldi.
  - c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru á milli skipa í höfninni, skal greiða gjald sem hér segir:



157

6. sept.

1. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Kol, koks, sement, salt saltfiskur, freðfiskur, isvarinn fiskur, fiski-  
mjöl, síldarmjöl, skreið.
  2. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:  
Kornvara, áburður, fódurbætur, garðáveitir, þakjárn, steypustyrktar-  
járn, freðkjöt, gærur, húðir, ull, kaðlar, veiðarfæri, eldfastur leir, vegg-  
flísar, þakhellur og veggsteinar, fiskumbúðir, þokar, tólg, mör, smjör,  
smjörlíki, sykur, hessian.
  3. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Olía og benzín.
  4. Gjald kr. 0.30 fyrir hvert teningsfet:  
Timbur.
  5. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert teningsfet:  
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
  6. Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, og ekki eru annarstaðar  
taldar.
  7. Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg:  
Vélar og vélahlutar, saumur, gler, málningavörur og efni í þær,  
kork, og annað einangrunarefni.
  8. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert:  
Kindur, stórgripir, loðdýr.
  9. Gjald kr. 3.50 fyrir hverja tunnu:  
Síld, hrogn, kjöt, garnir, flutt í tunnum.
  10. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:  
Lýsi og olíur á tunnum.
  11. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert:  
Tómar tunnur og kútar.
  12. Gjald kr. 0.50 fyrir hvern:  
Tómir kassar o. þ. l.
- d. Bryggjugjald: Skip og bátar, sem nota bryggjur hafnarinnar, greiða í  
bryggjugjald 25 aura fyrir hverja nettó rúmlest fyrir hvern sólarhring,  
sem þau liggja við bryggjur hafnarinnar, þó ekki minna en 10 krónur  
fyrir skip eða báta sem mældir eru til lestatals og ekki minna en 5 krónur  
fyrir smærri báta.  
Bátar heimilisfastir á Þórshöfn skulu greiða 50 aura á sólarhring, þó  
ekki yfir 20 krónur á ári.
- e. Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land á Þórshöfn, greiða 1% af heildar-  
afla skipsins. Heimilt er hafnarnefnd að lækka þetta gjald með sérstökum  
samningi.

Reglugerð þess staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um  
hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni  
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. september 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um slátrun búfjár o. fl.

158  
23. sept.

#### 1. gr.

Við slátrun skal þess ávallt gætt, að skepnan sé meðvitundarlaus, áður en henni er látið blæða með skurði eða hjartastungu.

Enga skepnu má því deyða með hálsskurði, mænustungu né hjartastungu, hvorki við heimaslátrun eða í sláturhúsi.

#### 2. gr.

Hross, nautgripi og svín skal deyða með skotvopni, sauðfé og geitfé annað hvort með skotvopni eða helgrímu.

Hunda, ketti og loðdýr skal deyða með skoti eða svæfingu samkvæmt fyrir-sögn dýralæknis.

Alifugla skal deyða með því að hálshöggva þá með beittri öxi eða með skotvopni.

#### 3. gr.

Ef lóga verður skepnu án tafar vegna banvænna lemstra eða sjúkdóms, er þó heimilt að víkja frá ofangreindum ákvæðum, ef eigi er annars kostur.

#### 4. gr.

Þegar búfé er slátrað skal þess gætt, að ein skepnan horfi eigi á slátrun annarrar og að þær skepnur, sem til slátrunar eru leiddar, sjái ekki þær, sem þegar hefur verið slátrað.

Skal í sláturhúsum vera sérstakur banaklefi.

#### 5. gr.

Eigi mega aðrir deyða búfé en fullveðja og samvirkusamir menn, sem kunna að fara með þau áhöld, sem heimilt er að nota við deyðingu.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki vera við eða aðstoða við deyðingu búfjár, t. d. hræra í blóði, blóðga o. þ. h.

#### 6. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 21. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 21 13. apríl 1957, öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 63 frá 31. ágúst 1923, um aflífun húsdýra, slátrun búpenings og fleira.

*Menntamálaráðuneytið, 23. september 1957.*

F. h. r.  
**Birgir Thorlacius.**

*Ásgeir Pétursson.*

159

25. sept.

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64  
21. apríl 1948, sbr. reglugerð nr. 272 30. desember 1950.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimtast með 50% viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 6  
7. janúar 1955, um sama efni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-  
ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut  
eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið 25. september 1957.*

Eysteinn Jónsson.

*Brynjólfur Ingólfsson.*

160

26. sept.

## REGLUGERÐ

um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánunum.

1. gr.

Á vegum húsnæðismálastjórnar er til útlána eða framkvæmda það fé, sem hér  
greinir:

- a. Fé Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 3. gr. laga nr. 42/1957.
- b. Fé það, sem safnast fyrir í frjálsum sparnaði samkvæmt 9. gr. og skyldusparna-  
aði samkvæmt 10. gr. sömu laga og ekki er lánað út á vegum Búnaðarbanka  
Íslands, sbr. lög nr. 42/1957.
- c. Fé það, sem aflast með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr. sömu laga.
- d. Fé það, sem bankar, sparisjóðir, tryggingafélög, opinberir tryggingasjóðir og  
lífeyrissjóðir lána beint til lántakenda samkvæmt útlánareglum þessum í lánunum,  
sem staðfest eru af húsnæðismálastjórn.
- e. Fé það, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna  
að fá lánað erlendis til íbúðabygginga.

2. gr.

Lán á vegum húsnæðismálastjórnar veitast aðeins til bygginga nýrra íbúða,  
meiri háttar viðbygginga, sbr. 15. gr., eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd  
lántakendum í peningum og vera affallalaus. Lánin koma til útborgunar í hlutfalli  
við það, hversu langt er komið byggingu íbúðar, eftir því sem nánar er ákveðið í  
16. gr. þessarar reglugerðar.

Lán til hvernar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. A-lánið skal vera  
jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára. B-lánið skal vera með 5½%  
ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en vísitölubundið, þannig að  
greiðslur afborgana skulu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar með hliðstæðum

kjörum og þau vísitölubundnu bankavaxtabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands gefur út.

B-lán skal jafnan vera jafnhátt A-láni og má aldrei vera hærra, þegar lokið er að fullu afgreiðslu lána til umsækjenda..

Auk þeirra vaxta, sem áður greinir, skulu lántakendur greiða  $\frac{1}{4}\%$  ársvexti af þeim A-lánnum, sem veitt eru af andvirði seldra bankavaxtabréfa, lánnum Byggingarsjóðs ríkisins og B-lánnum, eins og lán þessu eru á hverjum gjalddaga, til greiðslu kostnaðar við starfrækslu veðdeildar Landsbanka Íslands í þágu Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánnum, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

### 3. gr.

A-lán skulu vera tryggð með 1. veðrétti eða 1. samhliða veðrétti, samhliða samsvarandi B-láni, en B-lán skulu tryggð með 1. veðrétti eða 1. samhliða veðrétti, samhliða samsvarandi A-láni á hlutaðeigandi íbúð.

Samanlögð upphæð A- og B-lána má nema allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum verðmætis íbúðar, samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands eða matsmanna, sem dómkvaddir eru samkvæmt ósk hennar. Þó má heildarlánsupphæð ekki vera hærrí en 100 þúsund krónur á hverja einstaka íbúð, nema ef um er að ræða umsækjanda, sem veita má allt að 25% hærra lán en almennt gerist á þeim tíma, sem lánið er veitt, vegna þátttöku í skyldusparnaði eða frjálsum sparnaði samkvæmt III. kafla laga nr. 42/1957.

### 4. gr.

Þeir, sem óska að fá lán til nýrrar íbúðar hjá húsnæðismálastjórn eða öðrum aðila, sem hefur rétt til að veita A-lán, sbr. 6. gr., skulu sækja um ákveðna lánsupphæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té, þar sem umsækjanda ber meðal annars að fylla út kostnaðaráætlun og efnislista, sem og áætlun um smíðatíma. Umsóknin er ógild, ef vísitandi rangar upplýsingar eru gefnar á eyðublaðinu, og verður þá umsókn frá þeim umsækjanda ekki tekin til greina næstu 12 mánuði. Ef lán hefur verið veitt á grundvelli vísitandi ósannra upplýsinga, getur húsnæðismálastjórn sagt því upp fyrirvaralaust.

Heimilt er húsnæðismálastjórn og þeim aðilum, sem hafa rétt til veitingu A-lána, að krefjast frekari upplýsinga um einstök atriði varðandi ástæður umsækjenda eða íbúðarsmíði þeirra, og skulu umsækjendur þá leysa úr þeim fyrirspurnum, áður en umsókn er tekin til afgreiðslu. Til þess að rannsaka sannleiksgildi umsókna er húsnæðismálastjórn rétt að koma fyrirvaralaust á heimili umsækjanda eða senda fulltrúa sinn þangað þeirra erinda.

### 5. gr.

Lánsúmsókn skulu fylgja eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamningur eða staðfest afrit af honum, sé um leigulóð að ræða. Hafi lóðarsamningur ekki verið gerður, skal í hans stað koma yfirlýsing landeiganda um leiguréttindi og leigutíma. Sé um eignarlóð að ræða, skulu fylgja full sönnunargögn um eignarrétt.
2. Teikning í 2 eintökum af fyrirhuguðu húsi eða viðbyggingu, ef um hana er að ræða, en þá skal teikning eða uppdráttur einnig sýna stærð og gerð þess húss, sem byggja á við. Sé sótt um lán út á íbúð í sambyggingu eða fjölbýlishúsi, skal tilgreina í umsókn, hvar íbúðin er staðsett í húsinu. Teikning skal vera árituð af byggingarnefnd, ef hús er byggt á skipulagsskyldum stað, en þar sem ekkert skipulag er ákveðið, skal hún árituð af hlutaðeigandi sveitarstjórn, sem þar með staðfestir, að fengið sé fullgilt leyfi fyrir staðsetningu hússins.

- 160 3. Yfirlýsing um efnahag og tekjur umsækjanda á þar til gerðu eyðublaði, þar  
26. sept. sem m. a. eru upplýsingar um, hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð s. l. 2 ár, staðfest af undirskattanefnd eða skattstjóra.
4. Vottorð héraðslæknis eða borgarlæknis um íbúð umsækjanda, ef hún er heilusspillandi eða mjög gölluð og hann óskar að styðja umsókn sína með slíku vottorði.
5. Vottorð heimilislæknis um heilsufar umsækjanda eða fjölskyldumeðlima hans, ef hann óskar að styðja umsóknina með því að tilgreina erfiðar heilsufarsástæður.
6. Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð, aldur fjölskyldumeðlima og húsnæðisástæður.
7. Önnur þau skilríki, sem húsnæðismálastjórn kann að telja nauðsynleg.

## 6. gr.

Heimilt skal bönkum, sparisjóðum, tryggingafélögum, opinberum tryggingasjóðum og lifeyrissjóðum að veita A-lán, sbr. d-lið 1. greinar, enda séu þau að öllu leyti veitt í samræmi við útlánareglur húsnæðismálastjórnar og staðfest af henni.

Skulu þeir, sem fengið hafa A-lán hjá slíkum aðilum, eiga rétt á B-láni frá húsnæðismálastjórn, ef fé er fyrir hendi, og má það vera allt að því jafnhátt, enda hafi hún áður staðfest veitingu A-lánsins.

## 7. gr.

Fjórir stjórnarmeðlimir húsnæðismálastjórnar taka ákvarðanir um veitingu lána af því fé, sem tilgreint er í a, b, c og e-liðum 1. gr. þessarar reglugerðar, og úrskurða um staðfestingu þeirra A-lána, sem veitt eru samkvæmt 6. gr.

## 8. gr.

Áður en úthlutað er lánnum til einstaklinga, skal húsnæðismálastjórn skipta heildarlánsfé, samkvæmt II. og III. kafla laga nr. 42 frá 1957, milli hinna ýmsu kaupstaða og kauptúna í landinu í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra. Ef ekki er fyrir hendi lánsþörf í kaupstað eða kauptúni, skal því lánsfé, sem í þess hlut kemur, úthlutað til annarra kaupstaða eða kauptúna, einkum til þeirra byggðarlaga, sem eru í örustum vexti.

## 9. gr.

Við úthlutun lána til einstaklinga í hverjum kaupstað eða kauptúni skal meta lánsþörf þeirra eftir stigakerfi því, sem nánar er lýst í 10.—11. gr.

Að jafnaði skal sá ganga fyrir um úthlutun láns, sem flest stig fær í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptúni, samkvæmt reglum 10.—11. gr.

Eftirtaldir umsækjendur skulu þó eigi hljóta lán á meðan fjármagn er ekki fullnægjandi til að veita öðrum:

- a. Þeir, sem byggja stærri íbúð en 360 m<sup>3</sup>, ef fjölskyldan er 7 manns eða minni.
- b. Þeir, sem byggja fleiri en eina íbúð.

Hver einstakur stjórnarmeðlimur, þeirra er með úthlutun fara, getur krafizt endurskoðunar á stigafjölda umsækjanda.

Þegar teknar eru ákvarðanir um úthlutun lána til einstakra umsækjanda, skulu þær teknar á fundi með samhljóða atkvæðum. Þó getur enginn einn stjórnarmeðlimur stöðvað einstakar lánveitingar lengur en 3 mánuði, ef þrír eru sammála.

## 10. gr.

Lánsþörf umsækjanda skal metin í stigum, samkvæmt þeim reglum sem hér segir:

- a. Vegna þröngbýlis skulu gefin mest 65 stig. Stigatala finnst með því að deila **160** með fjölda íbúa í fermetratölu íbúðar, að frátöldum göngum og stigahúsi. 26. sept.

Fyrir meira en 15 m <sup>2</sup> á mann veitast .....	0 stig.
— 11—15 — — — .....	15 —
— 5—10 — — — .....	30 —
— minna en 5 — — — .....	50 —
Ef engin eldunarskilyrði eru, veitast .....	15 —
Ef aðeins er aðgangur að eldhúsi, veitast .....	10 —

Ef umsækjandi er húsnæðislaus, en hefur athvarf hjá venzlafólki eða öðrum, skal reikna þröngbýlisstig samkvæmt framansögðu, en með tölu allra, sem í íbúðinni búa. Síðan skulu veitt 15 stig til viðbótar. Sé um að ræða heimilisstofnun, má veita allt að 30 viðbótarstigum.

- b. Vegna ástands íbúðar, þægindaskorts hennar og umhverfis skal gefa mest 70 stig og skulu stigin þannig reiknuð:

1. Fyrir íbúð, sem er heilsuspillandi samkvæmt vottorði héraðs- eða borgarlæknis skal gefa .....	50 stig.
2. Ef íbúð er óhæf til íbúðar fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu samkvæmt læknisvottorði, veitast .....	30 —
3. Ef íbúðin er áberandi gölluð (fúi, leki, raki o. s. frv.), veitast ..	15 —
4. Ef ekki er vatn eða frárennsli innanhúss, veitast .....	10 —
5. Ef umhverfi er mjög slæmt fyrir börn, veitast .....	10 —

- c. Vegna heilsufarsástandna, samkvæmt vottorði heimilislæknis, skal gefa mest 35 stig, sem reiknast þannig:

1. Ef umsækjandi eða einhver, sem hjá honum býr, er haldinn alvarlegum langvarandi sjúkdómi, svo sem berklaveiki, skal gefa ....	25 stig.
2. Ef yfir hlutaðeiganda vofir hætta á alvarlegum veikindum (t. d. fyrrverandi berklasjúklingur í fjölskyldu), skal gefa .....	20 —
3. Ef íbúð er mjög erfið, t. d. vegna bæklunar eða ellihrumleika hlutaðeigandi, skal gefa .....	10 —
4. Ef hlutaðeigendur eiga við að stríða önnur veikindi eða aðrar erfiðar aðstæður vegna heilsubilunar, skal gefa .....	10 —

- d. Vegna aldurs umsóknar um lán skal gefa mest 60 stig, er reiknast þannig:

1. Gefa skal 1 stig fyrir hvern mánuð, allt að 2 árum.
2. Gefa skal 2 stig fyrir hvern mánuð, sem umsókn er eldri en tveggja ára.

Ef umsækjandi endurnýjar umsókn, sem neitað hefur verið áður vegna skorts á lánsfé, hlýtur hann stig fyrir biðtímann, samkvæmt ákvæðum d-liðar.

### 11. gr.

Frá stigafjölda þeim, sem umsækjandi fær samkvæmt 10. gr., skal draga þann stigafjölda, sem honum ber samkvæmt reglum þeim, er hér fara á eftir:

- a. Eigi umsækjandi íbúð eða hafi hann átt íbúð á s. l. tveim árum, sem nothæf er og fullnægjandi, sbr. 10. gr. a—c, fær hann 100 stig.
- b. Vegna tekna síðasta ár hlýtur umsækjandi stig eins og hér segir:

Nettótekjur samkvæmt skattskrá:

100—130 þúsund krónur .....	40 stig.
131—150 — — .....	60 —
Yfir 150 — — .....	100 —

- c. Eigi umsækjandi meira en 300 þús. króna skuldlaus eign, samkvæmt skattskrá, fær hann 60 stig.

160 26. sept.	d. Vegna annarra lánsmöguleika fær umsækjandi stig eins og hér segir:	
	1. Lán að upphæð 50— 80 þúsund krónur .....	20 stig.
	2. — — — 81—120 — — .....	40 —
	3. — yfir 120 þúsund krónur .....	60 —

## 12. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að setja eftirfarandi skilyrði fyrir lánnum, sem hún veitir eða staðfestir:

- a. Að ekki sé hafin bygging áður en lánsúmsókn er afgreidd.
- b. Að nauðsynlegur undirbúningur hafi farið fram áður en bygging sé hafin.
- c. Að bygging sé hafin á tilteknum tíma.
- d. Að fullnægjandi úmsóknum sé skilað fyrir tiltekinn tíma.

Ákveði húsnæðismálastjórn að nota að öllu eða einhverju leyti heimildir þessar, skal hún auglýsa þá ákvörðun sína með hæfilegum fyrirvara.

## 13. gr.

Heimilt er byggingarfélögum og einstaklingum að sækja um sameiginlegt lán til byggingar fjölbýlishúsa eða margra íbúða, sem hafðar eru í smíðum í einu. Slíkum úmsóknum skulu fylgja, auk lóðarsamnings og allra vinnuteikninga, smíðalýsing, sundurliðuð kostnaðar- og efnisáætlun og áætlun um byggingartíma eins nákvæmar og um útboðslýsingu væri að ræða, enn fremur áætlun um rekstur íbúðanna og greinargerð um skilmála og kjör þau, sem væntanlegum eigendum íbúðanna eru ætluð.

Húsnæðismálastjórn getur veitt loforð fyrir slíku sameiginlegu láni, er skiptist síðar á einstakar íbúðir eftir ákvörðun hennar. Slíkt lán skal þó ekki afgreitt fyrr en fyrir liggur, hverjir verði eigendur hinna einstöku íbúða, enda hafi þeir hver um sig sótt um lán á venjulegan hátt og verið samþykktir af húsnæðismálastjórn.

Húsnæðismálastjórn er þó heimilt að samþykkja slíkt lán, sem að ofan greinir, og greiða þau út eftir því sem framkvæmdinni miðar áfram, ef þess er óskað og hún telur að um álitlega framkvæmd sé að ræða, enda hafi hún sjálf ráðstöfunarrétt á þeim íbúðum, sem þannig eru byggðar.

## 14. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur hlutast til um, að íbúðarbyggingar verði framkvæmdar að undangenginni samkeppni um byggingu hagkvæmra og ódýrra íbúða, skulu þær ásamt íbúðum byggingarféлага, er njóta ríkisábyrgðar, sitja fyrir lánnum að öðru jöfnu, enda ráðstafi húsnæðismálastjórn íbúðunum eða sé samþykk úthlutun þeirra til einstaklinga, er áður hafa hver um sig sótt um lán á venjulegan hátt.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita bráðabirgðalán úr Byggingarsjóði ríkisins til bygginga, sem átt er við í þessari grein, meðan þær eru í smíðum, enda sé þess gætt, að örugg trygging sé fyrir láninu. Þegar íbúðirnar eru orðnar veðhafar samkvæmt reglum veðeildarinnar og Byggingarsjóðs ríkisins, skal bráðabirgðalánnum þessum skipt á þær og breytt í A- og B-lán eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

## 15. gr.

Meiri háttar viðbyggingar, sbr. 2. gr., skulu í fyrsta lagi taldar byggingar, er skapa nýja sjálfstæða íbúð eða íbúðir, enda þótt hluti af þeim myndist af hinni eldri byggingu, og í öðru lagi viðbyggingar, sem auka um að minnsta kosti 20 m<sup>2</sup> gólfplöt eldri íbúðar, enda hafi íbúðin fyrir stækkun verið talin ófullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar og ekki stærri en 80 m<sup>2</sup>.

## 16. gr.

160

Veðdeild Landsbanka Íslands skal sjá um afgreiðslu þeirra lána, sem veitt eru af húsnæðismálastjórn, svo og innheimtu afborgana og vaxta. 26. sept.

Veðdeildinni er heimilt að afgreiða A- og B-lán til nýbyggingar húsnæðis, þegar íbúð er komin það langt áleiðis, að hún samkvæmt mati geti talizt öruggt veð fyrir láninu, þó ekki fyrr en íbúðin er fokheld.

Heimilt er veðdeildinni að halda eftir hluta af lánum, þar til frágangur byggingar er orðinn eins og húsnæðismálastjórn og veðdeild gera kröfu um. Enn fremur getur húsnæðismálastjórn látið halda eftir hluta af lánum, þar til umsækjandi hefur skilað kostnaðaryfirliti yfir byggingu íbúðarinnar.

## Bráðabirgðaákvæði.

Umsóknir um lán, sem borizt hafa húsnæðismálastjórn og enn hafa ekki verið afgreiddar, skulu nú þegar metnar, samkvæmt ákvæðum 10.—11. gr. reglugerðar þessarar og hljóta afgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Ef umsóknir þessar hafa ekki að geyma einhverjar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna ákvæða 10.—11. gr., skal umsækjendum gefinn kostur á að bæta úr því með viðbótarupplýsingum eða nýrri umsókn, en stig samkvæmt 10. gr. d skulu þá metin eftir aldri hinnar óafgreiddu umsóknar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðarbygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í félagsmálaráðuneytinu, 26. september 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjalmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

161

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 174 25. ágúst 1952. 27. sept.

## 1. gr.

Í stað orðanna „sbr. þó 13. gr.“, í lok fyrstu málsgreinar í 8. grein reglugerðarinnar komi: sbr. þó 11. og 13. gr.

## 2. gr.

Orðin „og nágrannar“, í fyrstu málsgrein 9. greinar falli niður.

Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein: Hreppsnefnd má ákveða hvað skemmst megi reka.

## 3. gr.

Aftan við aðra málsgrein 11. greinar komi ný málsgrein:

Hreppstjóri og forðagæzlumaður skulu hver í sínu lagi gera skrá um alla framteljendur og fjölda sauðfjár og hrossa hjá hverjum einum eins og það er framtalið eða þeir telja rétt vera. Skulu þessar skrár vera komnar til oddvita hreppsnefndar fyrir 1. ágúst ár hvert.



- 161** Aftan við síðustu málgrein greinarinnar komi ný málgrein:  
 27. sept. Nú er afréttur of þröngur fyrir allt sauðfé og stóðhross hreppsþúa að mati hreppsnefndar, og má nefndin þá semja við þá, er teljast eiga rúmgóð heimalönd, að þeir láti fénað sinn ganga heima, gegn niðurfellingu fjallskila að einhverju leyti, þó aldrei meira en að helmingi.

## 4. gr.

Aftan við orðin: „— — og eitt hross 5 einingar“ í 15. grein komi:

Þó má, ef hreppsnefnd telur heppilegra, breyta þessum hlutföllum þannig, að allt að tífallt herra fjallskilagjald greiðist af hrossi en kind.

## 5. gr.

22. grein fjallskilareglugerðarinnar hljóði svo:

**Réttir, leitarsvæði, réttardagar.**

Þessar skulu vera skilaréttir í sýslunni:

1. Rauðgilsrétt. Leitarsvæði: Hálsahreppur og Reykholtisdalshreppur.  
 Fyrri Rauðgilsrétt skal vera föstudaginn í 23. viku sumars, en hin síðari föstudaginn í 25. viku sumars. Sundurdráttur skal vera í Húsafelli og rekist úrtíningur þaðan til Rauðgilsréttar.
2. Oddsstaðarétt. Leitarsvæði: Lundarreykjadalur, Andakílhreppur suður að Andakílsá og lönd jarða í norðanverðum Skorradal frá Stálpastöðum og niður að Hálsun, að báðum þeim jörðum meðtöldum.  
 Fyrri Oddsstaðarétt skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, en hin síðari laugardaginn í 25. sumarviku. Heimilt er að rétta stóði í Oddsstaðarétt þriðjudaginn í 22. sumarviku.  
 Sundurdráttarétt skal vera á Reykjum og rekist úrtíningur þaðan til Oddsstaðaréttar.
3. Bakkakotsrétt. Leitarsvæði: Lönd Háafells, Fitja, Sarps, Efstabæjar, Bakkakots, Vatnshorns og Haga.  
 Fyrri Bakkakotsrétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, en hin síðari fimmtudaginn í 25. viku sumars.
4. HrafNSEYRRÉTT. Leitarsvæði: Hvalfjarðarstrandarhreppur, þar með talið land Stóra-Botns, sunnan Botnsár og Fitjakirkjuland í Botnsheiði.  
 Fyrri HrafNSEYRRÉTT skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars en hin síðari laugardaginn í 25. viku sumars.
5. Hreppsrétt. Leitarsvæði: Lönd allra jarða í sunnanverðum Skorradal frá Stóru-Drageyri og að Neðra-Hreppi, að báðum meðtöldum, og allra jarða í Andakílhreppi sunnan Andakílsár.  
 Fyrri Hreppsrétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, en hin síðari fimmtudaginn í 25. sumarviku.
6. Hafnarrétt. Leitarsvæði: Leirár- og Melahreppur.  
 Fyrri Hafnarrétt skal vera þriðjudag í 22. viku sumars, en hin síðari föstudag í 25. sumarviku.
7. Grafarrétt. Leitarsvæði: Skilmannahreppur. Innri-Akraneshreppur og Akraneskaupstaður.  
 Fyrri Grafarrétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, en hin síðari fimmtudaginn í 25. sumarviku.  
 Hreppsnefndir ákveða réttardaga sundurdráttarrétta.

## 6. gr.

Aftan við næstsiðustu málgrein 27. greinar komi:

Liggi tvær skilaréttir innan sama hrepps, og beri réttarhald í báðum upp á sama dag, skal hreppstjóri ráða mann til að gegna störfum fyrir sig í annarri réttinni, enda samþykki sýslumaður ráðningu staðgöngumanns.

## 7. gr.

Önnur málgrein, 41. greinar hljóði svo:

Markasöfnun skal fara fram í októbermánuði árið áður en prenta skal skrá. Hreppstjórar safna mörkum hver í sínum hreppi. Fyrir þann starfa sinn fá þeir  $\frac{1}{10}$  — einn tíunda hluta — markagjalda.

## 8. gr.

Önnur málgrein 42. greinar orðist svo:

Vilji einhver taka upp nýtt mark eða hafi einhver flutzt inn á markaskrársvæðið og vilji fá að nota það mark, er hann áður átti, þarf að fá til þess samþykki markaskrárhöfundar, er lætur síðan prenta það á kostnað markeiganda. Er markið þá fyrst heimilt til notkunar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1957.*

**Hermann Jónasson.**

Árni G. Eylands.

## REGLUGERÐ

### um sparnað til íbúðabygginga.

#### I. KAFLI

#### Innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

##### 1. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum Byggingarsjóðs ríkisins undir stjórn húsnæðismálastjórnar.

##### 2. gr.

Innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins skal heimilt að gera sérstaka sparnaðarsamninga við þá, sem óska að safna fé til íbúðabygginga skv. 9. gr. laga nr. 42/1957. Allir slíkir samningar skulu háðir eftirtöldum reglum:

- a) Fé, sem sparandi leggur í innlánsdeild samkvæmt samningi, skal bundið a. m. k. 5 ár frá því innlög hófust.
- b) Sparnaðurinn skal fara fram með reglulegum innlögum mánaðarlega, ársfjórðungslega eða missirislega. Skyld er að leggja inn a. m. k. kr. 5000.00 á ári hverju, ella missa menn þeirra forréttindi, sem samningurinn veitir um lánveitingar (sbr. 3. gr.).
- c. Af innlánsfé þessu skulu greiddir venjulegir innlánsvextir, skulu þeir færðir árlega, en ekki greiddir reikningseiganda fyrr en í lok samningstímans.

162

3. gr.

1. okt. Standi reikningseigandi við samninginn, skal hann í lok samningstímabilsins fá allt féð endurgreitt ásamt áföllnum vöxtum. Enn fremur skal húsnæðismálastjórn láta hann að öðru jöfnu sitja fyrir láni til íbúðarbyggingar, er má vera allt að 25% hærra en almennt gerist, þó aldrei yfir  $\frac{2}{3}$  hluta af matsverði viðkomandi íbúðar.

4. gr.

Brjóti reikningseigandi samninginn eða geti ekki staðið við hann þannig, að innlögð upphæð á ári verði undir kr. 5000.00, getur innlánsdeildin sagt samningnum upp, og gengur hann þá úr gildi, svo að féð er laust til útborgunar eftir eitt ár frá uppsögn að telja.

5. gr.

Heimilt skal að veita þeim fyrirvaralaust lausn undan ákvæðum samningsins, sem á samningstímanum eiga við langvinnna vanheilsu að stríða, þurfa á fé að halda vegna langs skólanáms, eiga fyrir fjölskyldu eða öðrum skylduómögum að sjá, eða lenda í efnahagsörðugleikum, sem geri þeim nauðsynlegt að fá sparifé sitt endurgreitt.

## II. KAFLI

### Skyldusparnaður.

6. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára er skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabyggingar eða bústofnunar í sveit.

Sparnaðarskyldan hefst við næstu áramót eftir að 16 ára aldri er náð og lýkur næstu áramót eftir að 26 ára aldri er náð.

7. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a) gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
- b) skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám.
- c. þeir sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. „hreinar tekjur“, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Skattanefndir og skattstjórar geta veitt tímabundna undanþágu frá skyldusparnaði þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skal í því efni farið eftir vottorði heimilislækna eða trúnaðarlækna, sem stofnunin kann að ráða eða þeim upplýsingum um fjárhag, sem skattyfirvöld taka gildar.

8. gr.

Sérhverjum er heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 6%, byrja sparnaðinn fyrr en tiltekið er og halda honum áfram lengur.

9. gr.

Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxta í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

10. gr.

Fé það, sem skylt er að spara samkv. 6. gr., er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

## 11. gr.

Pegar þeir, er safnað hafa fé í sjóð samkv. 6. og 7. gr., hafa náð 26 ára aldri eða ganga í hjónaband og stofna heimili, skulu þeir eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum, sem greiddir eru af vísitölubundnum verðbréfum veðdeildar Landsbanka Íslands á innlánstímanum. Enn fremur að viðbætti uppbót vegna vísitöluhækkunar á það fé, sem safnast hefur samkv. 6. gr. Þá skulu þeir að öðru jöfn sitja fyrir um lán til íbúðarbyggingar frá húsnæðismálastjórn og mega þau vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir  $\frac{1}{2}$  hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjáröfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samantlagt að minnsta kosti kr. 25 000.00.

162

1. okt.

## 12. gr.

Fé það, sem lagt er til hliðar samkv. 2., 6. og 7. gr., er sem eign undanþegið skatti og útsvari og ekki framtalsskylt. Vextir af því fé eru undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

## 13. gr.

Skattstjórar og skattanefndir skulu hafa á hendi ákvörðun skyldusparnaðar. Ákvörðun skattayfirvalda skal byggð á skattframtölum og öðrum þeim upplýsingum, sem skattayfirvaldið hefur aflað sér um tekjur manna á skyldusparnaðaraldri.

## 14. gr.

Skrá um skyldusparnað með tilgreindri upphæð hvers einstaklings skal lögð fram samhliða skrá yfir tekju- og eignarskatt og kærufrestur veittur eins og um almenna skatta. Á skrána skal taka alla þá, sem eru á skyldusparnaðaraldri, en geta skal þess á skránni um þá, sem undanþegnir eru skyldusparnaði, af hvaða ástæðum þeir séu undanþegnir.

## 15. gr.

Nú vill gjaldandi ekki hlíta ákvörðun skattanefndar eða skattstjóra um undanþágu frá sparnaðarskyldu og getur hann þá áfrýjað málinu til félagsmálaráðherra.

## 16. gr.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

## 17. gr.

Skrá um skyldusparnað skal skattayfirvald senda Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hefur eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerðar um sparnað til íbúðabygginga sé framfylgt.

## 18. gr.

Nú telur maður, sem fellur undir lög um skyldusparnað, ekki fram eða gefur ófullnægjandi upplýsingar um tekjur sínar, svo að skattayfirvöld áætla tekjur eða beita viðurlögum, og skal þá reikna 6% af þeirri tekjuupphæð, sem ákvörðuð kann að verða í hverju tilfelli.

## 19. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík, bæjarfógetar og sýslumenn skulu annast innheimtu á skyldusparifé. Gilda um það sömu reglur og um innheimtu þinggjalda, þar á meðal ákvæði 1. gr. laga nr. 29 16, des. 1885 um lögtaksrétt.

162

**Bráðabirgðaákvæði.**

1. okt. Skyldusparnaður á árinu 1957 miðast við tekjur, sem aflað er eftir 1. júní það ár.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um Húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í félagsmálaráðuneytinu, 1. október 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

163

**AUGLÝSING**

1. okt.

um friðun vatnasilungs.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og samkvæmt tillögum veiðimálastjóra hefur ráðuneytið ákveðið að vatnasilungur, annar en murta, skuli vera friðaður fyrir allri veiði frá 27. september til 31. janúar ár hvert, þar til annað verður ákveðið.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. október 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

164

**AUGLÝSING**

8. okt.

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi nr. 111 23. ágúst 1954.

6. gr. orðist svo:

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og bera að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Willardssjóðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. okt. 1957. Skipulagsskráin er þannig:

165  
15. okt.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Willardssjóð.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Willardssjóður og er stofnaður til minningar um Willard Matthías Kristjánsson frá Austurgörðum, móður hans, Guðrúnu Þóreyju Jóhannesdóttur, frá Krossdal og Kristjönu Haraldsdóttur, fósturu hans, frá Austurgörðum.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10 þúsund kr., enn fremur bókasafn um 400 bindi. Heimili sjóðsins og safnsins skal vera skóla- og félagsheimilið í Kelduhverfi og starfssvæðið Kelduhverfi.

### 3. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera: a) vextir, b) söfnunarfé og gjafafé og bækur.

### 4. gr.

Helmingur árlegra vaxta skal leggjast við höfuðstól þar til sjóðurinn er orðinn að upphæð 50 þús. kr. Eftir það leggst aðeins fjórðungur vaxta við höfuðstól. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 100 þús. kr., skal stjórn sjóðsins ákveða, með tilliti til starfssviðs sjóðsins og með hliðsjón af þáverandi verðgildi peninga, hvort lengur skuli leggja vexti við höfuðstól sjóðsins.

Tekjur samkvæmt b.-lið 3. gr. skulu ætíð bætast við höfuðstól.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn: Þjónandi sóknarprestur í Kelduhverfi formaður, skólastjórinn í Kelduhverfi bókaforður og þrjú menn eða konur í Kelduhverfi, sem kjósa skal á almennum sveitarfundi til fjögurra ára, fyrsta sinn árið 1958.

### 6. gr.

Verksvið sjóðsins er tvíþætt, og skiptist stofnfé hans í tvo jafna hluta, er reikningsfærast og starfi hvor fyrir sig:

A. Bókasafnsdeild: Starfsfé þeirrar deildar sé varið til aukningar og viðhalds bókasafni því, sem um getur í 2. gr., og ætlað er nemendum skólans og öðrum er á skóla og félagsheimilinu dveljast en ekki til útlána.

B. Verðlaunadeild: Starfsfé þeirrar deildar sé varið til verðlauna tíunda hvert ár, fyrst árið 1965 handa þeim lærisveini skólans eða öðrum Keldhverfingi, karli eða konu, er að dómi sjóðstjórnar hefur til viðurkenningar unnið, samanber nánari fyrirmæli í gjafabréfi.

Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur má veita verðlaun á fimm ára fresti en þriggja ára fresti er hann hefur náð 100 þús. krónum. Verðlaun geta fallið niður eitt sitt í einu ef stjórnin er sammála um, að svo skuli vera.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins sér um rekstur, viðhald og aukningu bókasafnsins, sbr. 5. og 6. gr. Enn fremur úthlutar stjórnin verðlaunum samkvæmt 6. gr.

**165** Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega með reikningum sveitarsjóðs  
15. okt. Kelduneshrepps.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skipulags-  
skráin síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**166**

15. okt.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 147 30. des. 1955 um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

B-liður 39. gr. verði þannig:

Sjómenn á fiskiskipum njóta frádráttar skv. eftirfarandi reglum:

a. Á togurum:

Hásetar, bátsmaður og 2. stýrimaður mega draga frá tekjum sínum vegna hlífðarfatakostnaðar kr. 500.00 fyrir hvern mánuð er viðkomandi hefur verið lögskráður á skattárinu. Aðrir skipverjar á togurum mega af sömu ástæðu draga frá tekjum sínum kr. 200.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

b. Á öðrum fiskiskipum, þar meðtöldum sel- og hvalveiðiskipum, má hver skipverji, hvaða starf sem hann stundar á skipinu, draga frá tekjum sínum vegna hlífðarfatakostnaðar kr. 500.00 fyrir hvern mánuð, sem viðkomandi hefur verið lögskráður á skattárinu. Sé um að ræða fiskiskip undir 12 smálestum brúttó skal í stað lögskráningarmánaðar miða við þann tíma sem viðkomandi var slysa-tryggður á skipinu á skattárinu.

c. Öllum skipverjum, sem taldir eru í a- og b-lið hér á undan, skal veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Til að tryggja rétta framkvæmd þessa frádráttar er nauðsynlegt, að skattanefndir og skattstjórar krefjist þess af lögskráningaryfirvaldi, hver í sínu umdæmi, að það láti í té skrá yfir alla, sem lögskráðir hafa verið í umdæminu, og hve lengi hver sjómaður hafi verið skráður á hvert skip.

2. gr.

Við 1. mgr. 1. tl. 110. gr. komi nýr málslíður þannig:

Að jafnaði skal skattsekt eigi vera undir tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 frá 14. apríl 1954, lögum nr. 22 frá 9. marz 1956 og lögum nr. 37 frá 10. maí 1957 og öðlast gildi nú þegar.

*Fjármálaráðuneytið, 15. október 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

167

16. okt.

### um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Austur-Húnavatnssýslu.

#### 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Austur-Húnavatnssýslu nema að fengnu leyfi sýslumanns Húnavatnssýslu. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka löggæzlmenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlusvæði. En löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Skaga-, Höfða- og Vindhælishreppar.
2. Blönduós-, Engihlíðar- og Torfalækjarhreppar.
3. Bólstaðarhlíðar- og Svinavatnshreppar.
4. Sveinsstaða- og Áshreppar.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um að að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtunin á að hefjast og dvelja þar, þar til henni er lokið og mega þeir eigi fara af staðnum fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað. Áður en löggæzlumenn yfirgefa skemmtistaðinn, skulu þeir líta eftir hvort nokkur maður eða menn, sem líkur eru til að valda muni óspektum, séu ófarnir af staðnum. Ef svo er, þá skulu þeir flytja mennina burt, ef húsráðandi telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum. Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann eigi getur mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að annast löggæzlustarfið.

Löggæzlumanni til aðstoðar á hverju löggæzlusvæði, skulu tveir menn löggiltir vera, og getur hann kvatt þá til að mæta sér til aðstoðar, er hann telur þess þörf. Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur er aðalmenn eða aðstoðarmenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

#### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda upp reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burtu af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna, hinna löggiltu, geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumenn skemmtunarinnar og þjónustumenn hans og aðra borgara. Ef löggæzlumanni virðist ölvun á dansskemmtun ætli að verða lítt þolandi, er honum heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í, og skal þeim húsum lokað. Leiki rökstuddur grunur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á staðnum eða á annan hátt, eða í nánd við staðinn, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að leita áfengis í bifreiðum þeim, og rannsaka svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig sakir ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtistaðnum, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölváðir á skemmtuninni, og sem eigi hafa hlýtt fyrirmælum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreisti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.



167

16. okt.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum öllum skal láta ókvepsis í té einkennishúninga og einkennishúfur.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanns eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna lögreglustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, ef hann eigi fæst bættur á annan hátt. Ríkissjóður annist slysatryggingu allra þessara löggæzlumanna.

5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra kr. 400.00 fyrir skemmtun hverja, er þeir hafa eftirlit með. Aðstoðarmönnum þeirra skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja skemmtun. Þeim skal öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða reikningi.

6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert, á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn skemmtistaða Austur-Húnavatnssýslu á fund á Blönduósi. Á fundi þeim skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og lögreglumenn mæta.

7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er frá greinir í 6. gr., verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglu um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanns samkv. 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 7. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanna og skýrslur fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða hvort mönnum þeim, er gæzlumaður telur, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda.

Bann nefndarinnar skal tilkynna skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim eða mönnum, er hanninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði en að  $\frac{1}{4}$  úr sýslusjóði, að því er laun aðallöggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennishúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, **167**  
getur sýslumaður krafizt þess, að sá aðili greiði hluta sýslusjóðs af kostnaði við **16. okt.**  
eftirlitið með skemmtuninni. Og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir  
skemmtanaleyfi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglu-  
menn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 16. október 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**168**

16. okt.

**um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Eyjafjarðarsýslu.**

### 1. gr.

Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu hefur yfirumsjón með löggæzlu á almennum  
skemmtisamkomum í sýslunni. Getur hann, ef svo ber undir, falið hreppstjórum  
framkvæmd löggæzlunnar.

Eigi má halda almenna skemmtisamkomu í sveitum eða kaupúnum, nema að  
fengnu leyfi sýslumanns sem jafnframt ákveður í hvert sinn, hvort löggæzla skuli  
vera á samkomunni. Sækja skal um slíkt leyfi með hæfilegum fyrirvara.

### 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt einstaka  
löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtisamkomum, hver á sínu lög-  
gæzlusvæði.

Löggæzlusvæðin eru þessi:

1. Grímsey.
2. Svarfaðardals- og Dalvíkurhreppar.
3. Árskógs- og Hríseyjarhreppar.
4. Arnarnes- og Skriðuhreppar.
5. Öxnadals- og Glæsibæjarhreppar.
6. Hrafnagilshreppur.
7. Saurbæjarhreppur.
8. Öngulstaðahreppur.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni eða hrepp-  
stjóra um, að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlusvæði, mæta  
á skemmtistaðnum er skemmtun á að hefjast, og dvelja þar unz henni er lokið, eða  
lengur, ef þörf gerist. Mega þeir eigi hverfa af staðnum fyrr en húsum þeim, er  
skemmtunin var haldin í, hefur verið lokað. Hafi löggæzlumaður forföll, svo að  
hann geti eigi annazt löggæzlu á skemmtun, er honum heimilt að fá annan til að  
gegna starfinu.

Til aðstoðar löggæzlumanni á hverju löggæzlusvæði skulu vera tveir menn, og  
getur hann kvatt þá sér til hjálpar, er hann telur þess þörf.

Þeir einir geta verið löggæzlumenn, hvort heldur aðalmenn eða aðstoðarmenn,  
er fengið hafa fræðslu og þjálfun til slíks og löggiltir hafa verið til starfsins.

168

3. gr.

16. okt. Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja burt af skemmtistaðnum þá menn, er óspektum valda, ef einhverjir eru.

Auk aðstoðarmanna sinna geta þeir kvatt sér til fulltingis forstöðumenn skemmtunarinnar, þjónustumenn hans og aðra borgara.

Sé ekki unnt að halda uppi reglu að dómi löggæzlumanns, má löggæzlumaður slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr húsum þeim, sem skemmtunin er haldin í.

Leiki rökstuddur grunur á að áfengi sé selt úr bifreiðum eða á annan hátt á samkomustað eða í nánd við samkomustað, er löggæzlumanni og aðstoðarmönnum hans heimilt að hefja þegar leit og rannsókn, svo sem nauðsyn krefur.

Að lokinni skemmtun skal löggæzlumaður, ef hann telur sig vegna ölæðis manna eigi hafa getað haldið uppi fullkominni reglu, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skal hann tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni, og sem ekki hafa hlýtt fyrirætlum hans. Skal hann lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreysti og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir hagi störfum sínum.

Löggæzlumönnum öllum skal láta ókeypis í té einkennisbúninga og einkennis-húfur.

Sýslumaður ákveður annan búnað löggæzlumanna.

Séu gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlumanna eða aðstoðarmanna hans, er þeir sinna löggæzlustörfum, skal ríkissjóður bæta þann skaða, fáist hann eigi bættur á annan hátt.

Löggæzlumenn teljast starfsmenn ríkisins, er þeir vinna löggæzlustörf, og skulu þeir slysatryggðir á kostnað ríkissjóðs.

5. gr.

Löggæzlumönnum skal greiða þóknun fyrir starf þeirra, kr. 400.00 — fjögur hundruð — fyrir hverja skemmtun, er þeir hafa eftirlit með, en aðstoðarmönnum þeirra kr. 300.00 — þrjú hundruð —.

Þeim skal og öllum greiddur ferðakostnaður að og frá skemmtistað, eftir samkomulagi eða reikningi.

6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða í Eyjafjarðarsýslu á fund á Akureyri. Á fundinum skal rætt um, á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og löggæzlumenn mæta.

7. gr.

Líti fundur svo á, er um getur í 6. gr., að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að sök um, að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja dansskemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sitja, tilnefna tvo úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveði með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að dansskemmtunum innan héraðs og hve langan tíma.

## 8. gr.

168

Pá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanna samkvæmt 3. gr., kveðja þá tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 6. gr., á fund og skal hann þá ásamt þeim, eftir að þeir hafa kynnt sér skýrslu eftirlitsmanns, og sakadómsskýrslur séu þær fyrir hendi, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtun, verði bannaður aðgangur að dansskemmtun innan héraðsins og hve langan tíma.

Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim er banninu er beint gegn.

Meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra að vera samhent löggæzlumönnum, um það að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

## 9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{1}{4}$  úr sjóði viðkomandi hreppa að því er laun löggæzlumanna snertir. En laun aðstoðarmanna greiði sá að hálfu, er skemmtunina heldur, en ríkissjóður að hálfu.

Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna og einkennis-húfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra, einnig ferðakostnað allan samkvæmt 5. gr.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag dansskemmtun á samkomustað innan héraðs, má setja það að skilyrði fyrir skemmtanaleyfi, að sá aðili greiði hluta sveitar-sjóðs af kostnaði við eftirlitið með samkomunni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglu-menn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Dómsmálaráðuneytið, 16. október 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

169

um umferð í Reykjavík.

18. okt.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn *ein-stefnuakstur um Lindargötu* frá vestri til austurs milli Klappastígs og Frakkastígs.

Enn fremur hefur bæjarstjórn samþykkt að banna bifreiðastöður vestan megin í *Óðinsgötu*.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 18. október 1957.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

- 170** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Valgerðar Jónsdóttur  
 17. okt. og Kristjáns Þorlákssonar frá Múla í Nauteyrarhreppi, útgefin á venjulegan hátt  
 að mandatum af dómsmálaráðherra 17. október 1957.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Valgerðar Jónsdóttur og Kristjáns Þorlákssonar  
 frá Múla í Nauteyrarhreppi.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1957 af Guðrúnu Kristjánsdóttur, Sturlaugi Einarssyni og Magnúsi Kristjánssyni frá Múla, með 12169.14 kr. framlagi.

### 2. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í banka eða verðbréfum og er óheimilt, að skerða höfuðstólinn. Árlega skal leggja  $\frac{1}{4}$  vaxta við höfuðstólinn.

### 3. gr.

Árlega eða eftir atvikum á ára fresti má verja  $\frac{3}{4}$  vaxta af höfuðstól sjóðsins til kaupa á nýtizku lækningatækjum handa sjúkrahúsi Ísafjarðar.

### 4. gr.

Afla skal sjóðnum tekna á þann hátt, er stjórn hans telur tiltækilegt.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: 1 kosinn af bæjarstjórn Ísafjarðar, 1 kosinn af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og yfirlæknir sjúkrahúss Ísafjarðar.

Stjórnin skipti með sér störfum. Hún skal árlega gera reikning sjóðsins og leggja hann fyrir bæjarstjórn og sýslunefnd.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, 10. sept. 1957.

F.h. stofnenda.

Sturl. Einarsson.

## REGLUGERÐ

171

19. okt.

### um skemmtanaskatt í Öngulsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Öngulsstaðahreppi og aðgangur er seldur að og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:
  - a. Fyrirlestrar og upplestur.
  - b. Söngskemmtanir og hljómléikar.
  - c. Sjónleikir.
  - d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
  - e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
2. flokkur:
  - a. Dansleikir.
  - b. Loddara- og fjölleikasýningar.
  - c. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru hér taldar sérstaklega.

#### 3. gr.

Af þeim skemmtunum, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgönguyri, og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

#### 4. gr.

Undanþága frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, til fræðslu eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

#### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði auðveldlega rifnir í tvennt.

Eigi síðar en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, svo og stofna af seldum miðum, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. Oddviti eða eftirlitsmaður getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

171

19. okt.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður færir inn í sérstaka skemmtanaskattbók nafn forstöðumanns, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina, tölu óseldra miða og seldra, og útreikning skattsins. Falli skemmtun niður, skal þess getið í bókinni.

Nú sannar forstöðumaður fyrir oddvita eða eftirlitsmanni, að einhverjum miðum hafi verið útbýtt ókeypis, og er þá rétt, að eigi sé greiddur skattur af þeim miðum, enda teljist þeir þá í skemmtanaskattsbókinni meðal skilaðra miða.

9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðskildu frá öðrum tekjum hreppsins og verja því til hvers konar menningar- og framfaramála í Öngulsstaðahreppi eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00. Mál út af brotum á reglugerð þessari sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 19. október 1957.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

172

24. okt.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
145. Árskógshrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	11. okt. 1957.
146. Bólstaðarhlíðarhrepps, Austur-Húnavatnssýslu .....	11. — 1957.
147. Eyrabakkahrepps, Árnessýslu .....	11. — 1957.
148. Gnúpverja, Árnessýslu .....	11. — 1957.
149. Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	11. — 1957.
150. Lýtingsstaðahrepps, Skagafjarðarsýslu .....	11. — 1957.
151. Skarðshrepps, Dalasýslu .....	11. — 1957.
152. Skriðdalshrepps, Suður-Múlasýslu .....	11. — 1957.
153. Fremri-Torfustaðahrepps, Vestur-Húnavatnssýslu .....	11. — 1957.

	Staðfest:	172
154. Eiðapinghár, Suður-Múlasýslu .....	21. okt. 1957.	24. okt.
155. Grafningshrepps, Árnassýslu .....	21. — 1957.	
156. Grýtubakkahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	
157. Hálshrepps, Suður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	
158. Hofshrepps, Austur-Skaftafellssýslu .....	21. — 1957.	
159. Hrafnagilshrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	21. — 1957.	
160. Hvammshrepps, Vestur-Skaftafellssýslu .....	21. — 1957.	
161. Laxdæla, Dalasýslu .....	21. — 1957.	
162. Raufarhafnarhrepps, Norður-Þingeyjarsýslu .....	21. — 1957.	

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

173

um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

24. okt.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind héraðssamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 23 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
15. Í Borgarfjarðarsýslu .....	11. okt. 1957.
16. Í Mýrasýslu .....	11. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Rit- 174**  
símafélagsins útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. 25. okt.  
október 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Mikla Norræna Ritsímafélagsins.

1. gr.

Styrktarsjóður Mikla Norræna Ritsímafélagsins er stofnaður með gjafabréfi, sem póst- og símamálastjóra var afhent af Mikla Norræna Ritsímafélagsinu í til-efni af 50 ára afmæli landssímans 29. september 1956. Höfuðstóll sjóðsins er ísl. kr. 150 000.00 eða tilsvarendi upphæð í dönskum gjaldeyri.



174

25. okt.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja einstaka starfsmenn landssímans til þess að afla sér frekari þekkingar í einhverri sérgrein símarekstrar og til þess að skoða og kynnast einstökum þáttum símarekstrar erlendis.

2. gr.

3. gr.

Stjórn landssímans hefur með höndum vörzlu sjóðsins og úthlutun styrkja.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggilegan hátt annað hvort á Íslandi eða í Danmörku, annað hvort í sparisjóði ríkistryggðs banka eða í auðseljanlegum fulltryggðum skuldabréfum, sem eru keypt á gangverði.

5. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið til styrkveitinga. Þegar sérstaklega stendur á, má einnig úthluta hluta af höfuðstólnum, en þó ekki svo miklu, að hann tæmist á skemmri tíma en 15 árum.

6. gr.

Stjórn landssímans auglýsir eftir umsóknum um styrkveitingar, athugar umsóknir og dæmir um þær, ákveður hverjir fá styrk og hve mikinn og setur önnur skilyrði fyrir styrkveitingu.

7. gr.

Úthlutun styrkja fer að jafnaði fram á hverju ári, en þó má fresta styrkveitingum til næsta árs, enda komi þá tilsvarandi hærrí upphæð til úthlutunar.

8. gr.

Skilyrði til þess að koma til greina við styrkveitingu er að umsækjandi hafi verið starfsmaður landssímans í 2 ár og hafi sýnt námsáhuga og árvekni í starfi sínu og skuldbindi sig til þess að gefa símamálastjórninni skýrslu um námsferð sína innan 3 mánaða eftir að henni er lokið, og enn fremur að starfa áfram hjá landssímanum að minnsta kosti í 2 ár. Geti hann ekki haldið þessi skilyrði, endurgreiði hann styrkinn.

9. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega endurskoðaður af endurskoðanda landssímans, og síðan sendur fjármálaráðuneytinu með ársreikningi stofnunarinnar.

10. gr.

Stjórn landssímans getur síðar látið gera breytingar á orðalagi þessarar skipulagsskrá, ef breyttar aðstæður gera það nauðsynlegt, en þó má ekki víkja frá þeirri hugsun, sem upphaflega lá á bak við stofnun sjóðsins um tilgang hans.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. sept. 1957.

G. Briem.

*Einar Pálsson.*

## AUGLÝSING

175

um breytingu á kærufresti ríkisskattanevndar.

30. sept.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti, álögdum utan Reykjavíkur, vera til 20. okt. 1957.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

*Fjármálaráðuneytið, 30. september 1957.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

## AUGLÝSING

176

um breytingu á kærufresti ríkisskattanevndar.

19. okt.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti, álögdum í Reykjavík, vera 14 dagar frá dags. úrskurðar yfirsattanevndar Reykjavíkur.

*Fjármálaráðuneytið, 19. október 1957.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

## AUGLÝSING

177

um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

29. okt.

Samkvæmt lögum nr. 24. 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykkt fyrir eftirgreint héraðssamlag, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

Staðfest:

17. Í Norður-Þingeyjarsýslu ..... 29. okt. 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

**178** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Einars Einarssonar, 12. nóv. bónda á Egilsstöðum, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómismálaráðherra 12. nóvember 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Einars Einarssonar, bónda á Egilsstöðum.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Einars Einarssonar, bónda á Egilsstöðum.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Helgu Hannesdóttur á Egilsstöðum, að upphæð kr. 500.00, til minningar um mann hennar, Einar Einarsson, bónda á Egilsstöðum í Villingaholtshreppi.

### 3. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Til 10. október árið 1980 skulu vextir lagðir við höfuðstól, en eftir þann tíma  $\frac{1}{4}$  vaxtanna, þar til vextirnir nægja til lýsingar Villingaholtskirkju.

### 4. gr.

Frá og með 10. október 1980 skal þrem fjórðu vaxtanna varið til lýsingar Villingaholtskirkju, þar til vextirnir nægja til lýsingar, en þaðan af má verja þeim öllum til lýsingar kirkjunnar. Verði afgangur af vöxtunum skal leggja þá við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins hafa með höndum sóknarprestur og sóknarnefnd Villingaholtskirkju. Skulu þeir gera reikning sjóðsins og senda hann með kirkjureikningum til prófests til endurskoðunar.

### 6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á tryggum stað.

### 7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar forseta Íslands.

## REGLUGERÐ

179

9. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluttryggingasjóðs bátaútvegsins.

### 1. gr.

Töluliður 15 og 25 í b-lið reglugerðarinnar orðist svo:

15. svæði: Arnarfjörður  
1. janúar — 31. maí  
1. október — 15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður  
1. marz — 30. nóvember

### 2. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi töluliður 25 í 1. gr. reglugerðar nr. 75 30. apríl 1957, um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953.

Reglugerðarbreyting þess er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluttryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1957.*

Lúðvík Jóseppson.

---

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

180

14. nóv.

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda, 7. febrúar 1957:

- |  |                             |
|--|-----------------------------|
| 13. Nefnd Verkamannafélagsins Fram og Verkakvennafélagsins Brynja, Seyðisfirði ..... | Staðfest:<br>24. júní 1957. |
| 14. Nefnd Verkalýðsfélagsins Bjarmi, Stokkseyri .....                                | 18. júlí 1957.              |
| 15. Nefnd Verkamannafélagsins Baldurs, Ísafirði .....                                | 8. nóv. 1957.               |
| 16. Nefnd Verkamannafélags Raufarhafnar, Raufarhöfn .....                            | 8. — 1957.                  |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Gunnlaugur Þórðarson.*

181

15. nóv.

## AUGLÝSING

## um vinnumiðlun í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Hallgrimur Dalberg.*

182

18. nóv.

## AUGLÝSING

## um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupþúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
163. Reykholtisdalshrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	15. nóv. 1957.
164. Leirár- og Melahrepps, Borgarfjarðarsýslu .....	15. — 1957.
165. Kolbeinsstaðahrepps, Hnappadalssýslu .....	15 — 1957.
166. Miklaholishrepps, Hnappadalssýslu .....	15 — 1957.
167. Hörðudalshrepps, Dalasýslu .....	15. — 1957.
168. Hofsóshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	15. — 1957.
169. Skarðshrepps, Skagafjarðarsýslu .....	15. — 1957.
170. Fáskrúðsfjarðarhrepps, Suður-Múlasýslu .....	15. — 1957.
171. Borgarhafnarhrepps, Austur-Skaftafellssýslu .....	15. — 1957.
172. Nesjahrepps, Austur-Skaftafellssýslu .....	15. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

183

15. nóv.

um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1957.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

184

27. nóv.

um skyldusparnað.

### 1. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16 til 25 ára er skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabyggingar eða bústofnunar í sveit.

### 2. gr.

Sparifé, samkv. 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Sparifé vegna sambærilegra atvinnutekna við laun leggur hlutaðeigandi sjálfur til hliðar með því að kaupa sparimerki mánaðarlega, þó eigi síðan en 31. des. ár hvert, vegna slíkra tekna á því ári. Sama gildir, ef kaup er greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum þó skattfrjálst sé. Verðgildi slíkra hlunninda skal miðað við mat skattanefndar til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Sparimerki, samkvæmt grein þessari, skulu límd í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns.

### 3. gr.

Póststjórnin gefur út sparimerki og sparimerkjabækur. Félagsmálaráðuneytið ákveður verðgildi sparimerkja. Þar til gerð hafa verið sérstök sparimerki, skal nota orlofsmerki, sem yfirprentuð eru með orðinu: Sparimerki, og skal verðgildi þeirra óbreytt.

Sparimerkjabók skal vera í líku formi og tékkhefti, þannig að hverju blaði bókarrinnar, sem vera skal með riflinu, fylgi fastur stofn. Á stofni hvers blaðs, skal vera kvittana- og vottorðseyðublað, en sparimerki skal líma á hinn hluta blaðsins í áframhaldandi láréttar raðir og skal jafnan nota sem fæst merki. Á þeim hluta blaðsins, sem sparimerki skal líma á, skal vera eyðublað fyrir vottorð póstmanns, sbr. 7. og 8. gr. Í vottorði þessu skal greina nr. sparimerkjabókar, nafn bókareiganda, heimilisfang hans, hvort sparimerki hafi verið greidd, samkvæmt undanþágu og heimildar þá getið. Loks skal vera yfirlýsing póstmanns um, að hann hafi sjálfur rifið sparimerkjablaðið úr bókinni.

**184** Á titilblað bókarinnar skal eigandi hennar rita nafn sitt, heimili, fæðingardag og 27. nóv. ár, þegar hann fær bókina hjá póstmanni og í viðurvist hans. Í sparimerkjabók skulu vera leiðbeiningar varðandi notkun hennar, svo og eyðublað fyrir vottorð um undanþágu frá sparnaðarskyldu. Sparimerkjabækur skulu vera tölusettar í áframhaldandi töluröð.

## 4. gr.

Sparimerki skulu vera til sölu og sparimerkjabækur til afhendingar ókeypis í öllum póststofum og póstaftgreiðslum.

Pósthús skulu gefa ókeypis kvittun fyrir sparimerkjakaupum, stílaða á nafn kaupanda. Kvittun skal vera í þríriti. Skal póststjórninni sent eitt afrit og einu heldur pósthúsið eftir. Pósthús þessi skulu halda skrá í tvíriti yfir þá, sem fengið hafa sparimerkjabækur og skal sá, sem fengið hefur slíka bók, kvitta fyrir móttöku hennar á skrána. Á skrána skal færa nafn bókareiganda, heimili hans, fæðingardag og ár, svo og tölusetningu bókarinnar.

## 5. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

- a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
- b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám;
- c. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Úrskurði undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Sá, sem er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt þessari grein, skal þó fá tilskilinn hluta launa sinna greiddan í sparimerkjum, sbr. 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, en sparimerkia fær hann greidd hjá næsta pósthúsi, sem selur sparimerki, sbr. 8. gr.

## 6. gr.

Sá, sem er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr., getur snúið sér til lögreglustjóra eða hreppstjóra í heimilissveit sinni og fengið vottorð hans um, að hann sé um lengri eða skemmri tíma undanþeginn skyldusparnaði. Vottorðið skal fært á þar til gert eyðublað í sparimerkjabók, sbr. 3. gr. 2. mgr.

Ef bókareigandi er giftur og hefur stofnað heimili, skal hann framvísa giftingarvottorði sínu. Sé hann námsmaður skal hann leggja fram vottorð skólastjóra um, að hann hafi stundað skólanám í 6 mánuði eða lengur á því almanaksári, sem tekjurnar falla til á. Iðnnemar skulu framvísa námssamningi, staðfestum af lögreglustjóra. Þeir, sem hafa á framfæri sínu börn eða aðra skylduómaga, sbr. c-lið 5. gr., skulu framvísa vottorði undirskattanefndar eða skattstjóra. Sama gildir, er um er að ræða undanþágu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. nema ákvörðun undirskattanefndar eða skattstjóra hafa verið áfrýjað, þá skal framvísa ráðuneytisbréfi um undanþáguna. Eftir að hafa athugað, hvort hlutaðeigandi bókareigandi á rétt til undanþágu frá skyldusparnaði, samkvæmt framlögðum gögnum, ritar lögreglustjóri eða hreppstjóri vottorð um undanþáguna í sparimerkjabókina. Jafnframt skal hann auðkenna þau sparimerki, sem vera kunna í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns, og undanþágan tekur ekki til, með stimpli sínum eða með upphafsstofum sínum, ef stimpill er ekki fyrir hendi.

## 7. gr.

Hver sá, sem skyldaður er til sparnaðar, samkvæmt reglugerð þessari, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði og fram-

vísað þar sparimerkjabók sinni og óskað þess, að póstaðgreiðslumaður rífi úr bókinni blöð þau, sem eru með álimdum sparimerkjum. **184**

27. nóv.

Póstmaður sá, er við bókinni tekur skal rífa umrædd sparimerkjablöð úr bókinni og rita á stofn blaðanna kvittun fyrir móttöku merkjanna. Jafnframt skal hann útfylla vottorðseyðublað á sparimerkjablaðinu, sbr. 3. gr. 3. mgr. og undirrita það. Póstmaður lætur síðan sparimerkjablöðin í þar til gert umslag áritað til póststjórnarinnar og póstleggur það samstundis bókareiganda að kostnaðarlausu.

Vextir af sparifé teljast sparifjäreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er póstlagt.

Bréf með sparimerkjum, samkvæmt þessari grein, sendir póststjórnin, jafnóðum og þau berast henni, til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

#### 8. gr.

Sá, sem er undanþeginn skyldusparnaði, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði hverjum og fengið þar greidd sparimerki sín.

Eftir að hafa athugað vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra, um undanþágu frá skyldusparnaði, sbr. 6. gr., og talið sparimerki bókareiganda, rífur póstmaður blað það eða blöð úr sparimerkjabókinni, sem eru með álimdum sparimerkjum, sem ekki hafa verið auðkennd, sbr. 6. gr., og greiðir bókareiganda andvirði merkjanna. Síðan ritar hann vottorð sitt um viðtöku merkjanna á stofn eða stofna bókarinnar og útfyllir vottorðseyðublað það á sparimerkjablaði, sem um ræðir í 3. gr. 3. mgr., og undirritar það. Um sparimerkjabókarblöð með álimdum auðkenndum merkjum, fer samkvæmt 7. gr.

Umrædd greidd sparimerkjablöð skulu síðan send póststjórninni með mánaðarskilagrein, sbr. 10. gr.

#### 9. gr.

Nú hefur blað með álimdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar og er þá pósthúsi óheimilt að veita slíku blaði móttöku.

Heimilt er Húsnæðismálastofnun ríkisins að taka gild sparimerki á slíku lausu sparimerkjablaði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

#### 10. gr.

Póstmenn skulu eigi síðar en 3. dag hvers mánuðar póstleggja skilagrein til póststjórnarinnar um sölu sparimerkja í síðasta mánuði ásamt andvirði merkjanna. Frá andvirði merkjanna skal draga greidd sparimerki, sbr. 8. gr., og skulu umrædd sparimerkjablöð fylgja skilagreininni. Póststjórnin lætur gera eyðublöð fyrir skilagreinar samkvæmt grein þessari.

Frumrit af skrá um afhendingu sparimerkjabóka, sbr. 4. gr., skal fylgja skilagreininni.

#### 11. gr.

Póststjórnin gerir yfirlit um sölu sparimerkja í landinu í hverjum mánuði og skal afhenda það Húsnæðismálastofnun ríkisins eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á eftir. Andvirði seldra merkja svo og sparimerkjablöð greiddra merkja skal fylgja yfirliti þessu, svo og skrár þær um afhendingu sparimerkjabóka, sem um ræðir í 10. gr. 2. mgr.

#### 12. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 11. gr., fyrst í stað í Landsbanka Íslands (seðlabankanum), en jafnskjótt og henni berast sparimerkjabréf, sbr. 7. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru



**184** búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru á jörðum, ávaxtast í veðdeild Búnaðar-  
27. nóv. banka Íslands, en sparifé annarra skal ávaxta í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins. Sérhver sparifjäreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda, eftir því hvar hann er búsettur.

## 13. gr.

Hver sá, sem eignast hefur fé á sérreikningi samkvæmt 12. gr. og hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánsstímanum.

Rétt er sparifjäreiganda samkvæmt 1. mgr. að snúa sér til Húsnaðismálastofnunar ríkisins eða Búnaðarbanka Íslands með beiðni um greiðslu sparifjárins, en leggja skal hann fram fæðingarvottorð sitt eða giftingarvottorð.

Húsnaðismálastofnun ríkisins eða Búnaðarbanki Íslands skulu hlutast til um greiðslu sparifjárins, ef fullnægt er ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

Enn fremur skulu umræddir sparifjäreigendur að öðru jöfnu sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá Húsnaðismálastofnun ríkisins og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist um lán Húsnaðismálastofnunarinnar, þó eigi yfir  $\frac{2}{3}$  hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, enda sé íbúðin og smíði hennar í samræmi við útlánareglur Húsnaðismálastofnunarinnar og samþykkt af henni áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjáröfnun þeirra, sem að smíði hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi að minnsta kosti kr. 25000.00.

Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbanka Íslands og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans, sbr. 4. mgr. þessarar greinar.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og Húsnaðismálastofnun ríkisins að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

## 14. gr.

Sérhverjum er heimilt að leggja til hliðar með sparimerkjakaupum hærri hlut launa sinna en 6%, byrja slíkan sparnað yngri en 16 ára og halda honum áfram eftir 26 ára aldur.

Hver sá, sem notar heimild þessa, skal njóta sömu réttinda og heimiluð eru samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar.

## 15. gr.

Fé það, sem skylt er að spara samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skal undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Fé þetta er einnig skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Vextir af fé þessu eru undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

Um fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt 14. gr. þessarar reglugerðar, gilda ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

## 16. gr.

Póststjórnin skal láta skattstofunni í Reykjavík í té fyrir 1. febrúar ár hvert upplýsingar um öll sparimerkjakaup á síðastliðnu almanaksári. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða. Á skýrslum þessum skulu vera upplýsingar um nafn sparimerkjakaupanda, heimilisfang hans svo og upphæð þá, sem hann hefur keypt sparimerki fyrir á síðastliðnu ári, sbr. 4. gr.

Samkvæmt þessum gögnum skulu skattanefndir og skattstjórar sannprófa hvort kaupgreiðendur og aðrir, sem skylt er að kaupa sparimerki samkvæmt 2. gr., hafi keypt sparimerki svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari. 184 27. nóv.

#### 17. gr.

Hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessarar reglugerðar um skyldusparnað skal skylt að mæta eða láta mæta hjá skattanefnd eða skattstjóra með sparimerkjabók sína eða senda hana skattayfirvaldi með öðrum hætti, til þess að sannprófað verði hvort hann hefur eignast sparimerki, svo sem vera ber, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Skattanefndir og skattstjórar ákveða hvenær hlutaðeigendur skulu mæta, láta mæta eða senda sparimerkjabækur sínar, samkvæmt grein þessari, og skal birta þá ákvörðun með þeim hætti, sem venjulegt er að birta opinberar auglýsingar á hverjum stað.

Sparimerkjabækur, sem berast skattayfirvaldi, samkvæmt grein þessari, skal yfirvald endursenda bókareiganda, honum að kostnaðarlausu, að lokinni sannprófun, samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

#### 18. gr.

Nú kemur í ljós, sbr. 16. og 17. gr., að sparimerkjakaup hafa verið vanrækt, og skal þá skattayfirvald úrskurða gjald á hendur þeim, sem sekur er um vanrækslu, sem nema skal allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir.

Þeim, sem vanrækir að mæta, láta mæta eða senda sparimerkjabók sína, samkv. 17. gr., án lögmætra forfalla, skal gert að greiða 200 króna gjald.

Skattayfirvöld skulu semja skrár í tvennu lagi yfir gjöld samkvæmt þessari grein og skulu skrár þessar vera tvíritaðar. Annars vegar skal semja skrá yfir gjaldendur, sem ekki eru búsettir á jörðum. Samrit af þeirri skrá skal senda Húsnaðismálastofnun ríkisins og gjöld samkvæmt henni skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins. Hins vegar skal semja skrá yfir þá gjaldendur, sem búsettir eru á jörðum. Samrit af þeirri skrá skal sent Búnaðarbanka Íslands og gjöld samkvæmt henni renna til veðdeildar Búnaðarbankans. Hitt eintak skráanna skal afhent innheimtumönnum gjaldanna, sbr. 19. gr.

#### 19. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 18. grein skulu liggja frammi almenningi til sýnis á sama stað og tíma og skrár um tekju- og einarskatt. Kæra má til skattanefndar eða skattstjóra út af gjaldi samkvæmt 18. gr. með sama hætti og kæra má út af álögðum tekju- og eignarskatti.

Áfrýja má úrskurði skattayfirvalds til félagsmálaráðherra innan 6 vikna frá því, að hlutaðeigandi gjaldanda var kunnugt um úrskurðinn.

Gjöld, samkvæmt 18. gr. falla í gjalddaga á sama tíma og tekju- og eignarskattur og má innheimta þau með lögtaki.

Innheimtu gjalda, samkvæmt 18. gr., annast sömu aðilar og þeir, sem annast innheimtu tekju- og eignarskatts.

#### 20. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mála.

184

21. gr.

27. nóv.

Um álagningu og innheimtu skyldusparifjár vegna launa, sem greidd eru á tímabilinu 1. júní—31. desember 1957 fer samkvæmt reglugerð nr. 162 1. okt 1957, en sú reglugerð fellur úr gildi þegar lokið er álagningu og innheimtu skyldusparifjár umrætt tímabil.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um hús-næðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast gildi 1. janúar 1958, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í félagsmálaráðuneytinu, 27. nóvember 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

Hjálmar Vilhjálmsson.

185

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Thorkelliisjóðs fyrir árið 1945.

		T e k j u r :	
1.	Sjóður frá fyrra ári:		
	a. Veðskuldabréf .....	kr. 65967.50	
	b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00	
	c. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 3980.49	
	d. Ríkisskuldabréf .....	— 5000.00	
	e. Önnur verðbréf .....	— 60290.00	
	f. Bankainnstæða .....	— 39254.36	
	g. Í sjóði .....	— 415.00	
			kr. 179907.35
2.	Vextir:		
	a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 2688.66	
	b. — láni Laugardalshrepps .....	— 250.00	
	c. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 191.04	
	d. — ríkisskuldabréfum .....	— 175.00	
	e. — öðrum verðbréfum .....	— 2132.30	
	f. — bankainnstæðu .....	— 938.82	
			— 6375.82
			Kr. 186283.17
		G j ö l d :	
	Eignir til næsta árs:		
1.	Veðskuldabréf .....	kr. 54667.50	
2.	Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00	
3.	Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 4171.53	
4.	Ríkisskuldabréf .....	— 5000.00	
5.	Önnur verðbréf .....	— 52920.00	
6.	Bankainnstæða og sjóður .....	— 64524.14	
			Kr. 186283.17

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 1946.*

F. h. r.

**Friðgeir Bjarnarson.**

## REIKNINGUR

186

yfir tekjur og gjöld Thorkelli sjóðs fyrir árið 1946.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf .....	kr. 54667.50		
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00		
c. Söfnunarsjóður .....	— 4171.53		
d. Ríkisskuldabréf .....	— 5000.00		
e. Önnur verðbréf .....	— 52920.00		
f. Bankainnstæða og sjóður .....	— 64524.14		
			kr. 186283.17
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 2623.38		
b. — láni Laugardalshrepps .....	— 250.00		
c. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1292.50		
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 975.00		
e. — öðrum verðbréfum .....	— 1960.00		
f. — bankainnstæðu .....	— 494.59		
g. — uppbót á verðbréfum .....	— 20.00		
			— 7615.47
			kr. 193898.64

## Gjöld:

1. Kostnaður við verðbréfa kaup .....	kr. 242.20		
2. Eignir til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf .....	kr. 54517.50		
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00		
c. Söfnunarsjóður .....	— 35464.03		
d. Ríkisskuldabréf .....	— 25000.00		
e. Önnur verðbréf .....	— 49000.00		
f. Bankainnstæða og sjóður .....	— 24674.91		
			— 193656.44
			kr. 193898.64

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. maí 1947.

F. h. r.

Friðgeir Bjarnarson.

187

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Thorkelliisjóðs fyrir árið 1947.

**Tekjur:**

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf .....	kr. 54517.50		
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00		
c. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 35464.03		
d. Ríkisskuldabréf .....	— 25000.00		
e. Önnur verðbréf .....	— 49000.00		
f. Sparisjóðsinnstæða og sjóður .....	— 24674.91		
			kr. 193656.44
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 2615.88		
b. — láni Laugardalshrepps .....	— 250.00		
c. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1702.27		
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 940.00		
e. — öðrum verðbréfum .....	— 2 240.00		
f. — sparisjóðsinnstæðu .....	— 337.82		
			8085.97
			<b>Kr. 201742.41</b>

**Gjöld:**

1. Kostnaður við verðbréfakaup .....	kr. 45.33		
2. Eignir til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf .....	kr. 54367.50		
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00		
c. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 37166.30		
d. Ríkisskuldabréf .....	— 24000.00		
e. Önnur verðbréf .....	— 70000.00		
f. Sparisjóðsinnstæða og sjóður .....	— 11163.28		
			201697.08
			<b>Kr. 201742.41</b>

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 1948.*

F. h. r.

**Friðgeir Bjarnarson.**

## REIKNINGUR

188

yfir tekjur og gjöld Thorkelliisjóðs fyrir árið 1948.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:		
a. Veðskuldabréf .....	kr. 54367.50	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 37166.30	
c. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00	
d. Ríkisskuldabréf .....	— 24000.00	
e. Önnur verðbréf .....	— 70000.00	
f. Sparisjóðsinnstæða og sjóður .....	— 11163.28	
		kr. 201697.08
2. Vextir:		
a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 2585.88	
b. — láni Laugardalshrepps .....	— 250.00	
c. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1783.96	
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 905.00	
e. — öðrum verðbréfum .....	— 3040.00	
f. — sparisjóðsinnstæðu .....	— 283.10	
		— 8847.94
		Kr. 210545.02

## Gjöld:

1. Kostnaður við verðbréfa kaup .....	kr. 106.25
2. Eignir til næsta árs:	
a. Veðskuldabréf .....	kr. 61717.50
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00
c. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 38950.26
d. Ríkisskuldabréf .....	— 23000.00
e. Önnur verðbréf .....	— 73000.00
f. Peningar .....	— 8771.01
	— 210438.77
	Kr. 210545.02

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. maí 1949.

F. h. r.

Friðgeir Bjarnarson.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Thorkelliisjóðs fyrir árið 1949.

## T e k j u r :

## 1. Sjóður frá fyrra ári:

a. Veðskuldabréf .....	kr. 61717.50
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00
c. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 38950.26
d. Ríkisskuldabréf .....	— 23000.00
e. Önnur verðbréf .....	— 73000.00
f. Peningar .....	— 8771.01

---

 kr. 210438.77

## 2. Vextir:

a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 3164.63
b. — láni Laugardalshrepps .....	— 250.00
c. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1869.60
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 835.00
e. — öðrum verðbréfum .....	— 3000.00
f. — sparisjóðsinnstæðu .....	— 404.64

---

 — 9523.87

---

 Kr. 219962.64

## G j ö l d :

## Eignir til næsta árs:

1. Veðskuldabréf .....	kr. 68067.50
2. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00
3. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 40819.86
4. Ríkisskuldabréf .....	— 21000.00
5. Önnur verðbréf .....	— 68000.00
6. Peningar .....	— 17075.28

---

 Kr. 219962.64

*I dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. maí 1950.*

F. h. r.

Friðgeir Bjarnarson.

## REIKNINGUR

190

yfir tekjur og gjöld Thorkelliisjóðs fyrir árið 1950.

## T e k j u r :

## 1. Sjóður frá fyrra ári:

a. Veðskuldabréf .....	kr. 68067.50
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00
c. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 40819.86
d. Ríkisskuldabréf .....	— 21000.00
e. Önnur verðbréf .....	— 68000.00
f. Peningar .....	— 17075.28

kr. 219962.64

## 2. Vextir:

a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 3283.38
b. — láni Laugardalshrepps .....	— 250.00
c. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1959.31
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 835.00
e. — öðrum verðbréfum .....	— 2660.00
f. — sparissjóðsinnstæðu .....	— 744.18

— 9731.87

Kr. 229694.51

## G j ö l d :

## Eign til næsta árs:

1. Veðskuldabréf .....	kr. 66917.50
2. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00
3. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 42779.17
4. Ríkisskuldabréf .....	— 21000.00
5. Önnur verðbréf .....	— 64000.00
6. Peningar .....	— 29997.84

Kr. 229694.51

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júlí 1951.*

F. h. r.

Friðgeir Bjarnarson.



**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Thorkelliisjóðs fyrir árið 1951.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf .....	kr. 66917.50		
b. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00		
c. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 42779.17		
d. Ríkisskuldabréf .....	— 21000.00		
e. Önnur verðbréf .....	— 64000.00		
f. Peningar .....	— 29997.84		
			kr. 229694.51
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum .....	kr. 3292.54		
b. — láni Laugardalshrepps .....	— 250.00		
c. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 2053.39		
d. — ríkisskuldabréfum .....	— 800.00		
e. — öðrum verðbréfum .....	— 3120.00		
f. — sparisjóðsinnstæðu .....	— 858.53		
			— 10374.46
			Kr. 240068.97

## Gjöld:

Eign til næsta árs:			
1. Veðskuldabréf .....	kr. 61917.50		
2. Lán Laugardalshrepps .....	— 5000.00		
3. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 44832.56		
4. Ríkisskuldabréf .....	— 20000.00		
5. Önnur verðbréf .....	— 69333.33		
6. Peningar .....	— 38985.58		
			Kr. 240068.97

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júlí 1952.*

F. h. r.

**Friðgeir Bjarnarson.**

**REGLUGERÐ****192****24. des.****fyrir Seðlabanka Íslands.****I. KAFLI****Skipulag Seðlabankans.****1. gr.**

Seðlabankinn er önnur aðaldeild Landsbanka Íslands, er lýtur sérstakri stjórn samkvæmt l. nr. 63 21. júní 1957, um Landsbanka Íslands, og eftir því sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

**2. gr.**

Undir Seðlabankann falla veðdeild Landsbankans og stofnlánadeild sjávarútvegsins. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hvorrar deildar um sig.

**II. KAFLI****Stjórn bankans.****3. gr.**

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum ráðherra þess, er fer með bankamál, og bankaráðs Landsbanka Íslands að því leyti, sem 36. gr. laganna segir fyrir um, sbr. og 44. og 45. gr. reglugerðar þessarar. Að öðru leyti hefur stjórn Seðlabankans á hendi æðstu stjórn hans, eftir því sem nánar segir í lögum og reglugerð þessari. Framkvæmdastjórn hefur á hendi yfirstjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

**4. gr.**

Stjórn Seðlabankans heldur fundi reglulega tvisvar í hverjum mánuði á þeim dögum, er stjórnin ákveður, en annars eftir þörfum. Enn fremur skal tafarlaust kveðja saman fund, ef einhver úr stjórninni óskar þess. Aðalbankastjóri boðar fundi og stjórnar þeim. Fundur er lögmættur, ef meiri hluti stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Það, sem gerist á fundum stjórnar Seðlabankans, skal bókað í sérstaka gerðabók. Getur hver stjórnarmanna krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit.

Peir stjórnarmenn, sem ekki eru bankastjórar, skul jafnan fylgjast með allri starfsemi bankans og eiga aðgang að bókum og skjölum hans, enda hvílir á þeim fullkomin þagnarskylda.

Á hverjum reglulegum stjórnarfundum skal framkvæmdastjórn leggja fram skýrslu um seðlaveltu, gullforða, gjaldeyrisstöðu, skuldir og inneignir viðskiptabanka Seðlabankans og um annað það, er stjórn Seðlabankans þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fulla yfirsýn yfir hag bankans og eftirlit með bankastarfsemi í landinu.

**5. gr.**

Stjórn Seðlabankans ber, auk þess sem síðar er sérstaklega tekið fram:

- a. Að koma fram fyrir hönd Seðlabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni.
- b. Að úrskurða öll meiri háttar mál, er bankann varða.
- c. Að gera tillögur um reglugerð um stjórn og starfrækslu bankans.

**B 40**

- 192 d. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum Seðlabankans og starfsemi hans, þar  
 24. des. á meðal því, að fé bankans, skjöl og bækur sé tryggilega geymt, að húsum  
 bankans sé vel við haldið og að vel sé farið með eignir hans að öðru leyti.
- e. Að hafa eftirlit með bankastarfsemi í landinu, eftir því sem lög og reglu-  
 gerðir ákveða.
- f. Að hafa yfirstjórn á gjaldeyrisverzlun landsins samkvæmt því, sem nánar er  
 ákveðið í reglugerð þessari.
- g. Að ráða aðalféhirði Seðlabankans og ákveða, hve hátt veð hann skuli setja.
- h. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaun þeirra og  
 úrskurða um þau.
- i. Að ákveða innláns- og útlánsvexti bankans.
- j. Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum, ef slíkt reynist óhjákvæmilegt.
- k. Að ákveða að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar, hverjir starfsmenn bank-  
 ans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni,  
 svo og að ákveða að fengnum tillögum bankastjóranna, hverjir starfsmenn  
 bankans skuli geta skuldbundið hann með undirskrift sinni í tileknum málum.
- l. Að úrskurða í deilum, er upp kunna að koma á milli starfsmanna bankans og  
 bankastjóra.
- m. Að gera ályktanir um þau mál, sem framkvæmdastjórnin leggur fyrir.

#### 6. gr.

Framkvæmdastjórnin (aðalbankastjóri og bankastjóri) hefur á hendi hina dag-  
 legu stjórn málefna bankans. Hún ræður starfsmenn bankans og segir þeim fyrir  
 hverjum um sig um skyldur þær, sem á þeim hvíla, og störf þau, sem þeir eiga að  
 annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

#### 7. gr.

Framkvæmdastjórnin annast um vörzlu á eignum bankans, sér um bókfærslu  
 hans og reikningshald, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð þessari, og annast  
 að öðru leyti um allan rekstur bankans undir yfirumsjón stjórnar Seðlabankans.

#### 8. gr.

Allir embættismenn og starfsmenn Seðlabankans skulu undirskrifa drengskapar-  
 heit um það, að þeir með árvekni og samvirkusemi skuli gegna störfum þeim, sem  
 þeim eru á hendur falin, og ekki gera neinum út í frá kunnugt um málefni bankans  
 né segja þeim um viðskipti aðila við hann.

### III. KAFLI

#### Um seðlaútgáfu.

#### 9. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil,  
 sem komið geti í stað mótaðra peninga og gengið manna á milli í stað bankaseðla.  
 Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður útlit seðlanna og lögum og fjárhæð  
 þeirra eftir tillögum stjórnar Seðlabankans.

#### 10. gr.

Á hvern seðil skal prenta númer á tveim stöðum, svo og nafn aðalbankastjóra  
 og bankastjóra eftir eigin handskrift.

## 11. gr.

Frankvæmdastjórn Seðlabankans lætur ganga úr skugga um, að seðlar, sem koma úr prentun, séu rétt taldir. Að öðru leyti skal búa um seðla í böggjum og rita í bók, þannig að ætíð megi sjá, hver síðast taldi í hvern seðlaböggul.

192

24. des.

## 12. gr.

Frankvæmdastjórn Seðlabankans skal sjá um, að ætíð sé til nægur forði seðla.

## 13. gr.

Seðlarnir og það, er seðlagerðinni viðvikur og er ekki falið til öruggrar geymslu erlendis, skal geymt í hirzlu, sem eigi verður opnuð nema með tveim mismunandi lykllum, og skal annar bankastjóranna eða trúnaðarmaður, er þeir velja, geyma annan lykilinn, en aðalféhirðir hinn.

Í hvert skipti, sem seðlar eru settir í umferð eða teknir úr umferð til ónýtingar, skal það ritað í bók, og skulu bæði bankastjóri eða trúnaðarmaður hans og aðalféhirðir undirrita í hvert sinn.

## 14. gr.

Minnst einu sinni á hverjum ársfjórðungi skulu endurskoðendur rannsaka seðlafúlguna ásamt bankastjóra eða trúnaðarmanni hans og gefa stjórn Seðlabankans skýrslu um skoðunina.

## 15. gr.

Seðlabankinn innleysir skemmda seðla eftir þeim reglum, að sjáist bæði númer seðilsins, greiðist hann að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, greiðist hálf tveir hans, enda fylgi að minnsta kosti fjórðungur seðilsins.

Seðlar, sem eru svo skaddaðir, að hvorugt númer sjáist verða ekki innleystir.

## 16. gr.

Ónýting seðla fer fram eftir reglum, sem stjórn Seðlabankans setur.

## IV. KAFLI

## Um verzlun með gull og gjaldeyri.

## 17. gr.

Seðlabankinn kaupir og selur gull eftir reglum, sem stjórn Seðlabankans ákveður, enda sé kaupverð og söluverð í samræmi við skráð gengi íslensku krónunnar.

## 18. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum kaup á erlendum gjaldeyri eða aðrir bankar í umboði hans. Enn fremur sölu gjaldeyris til viðskiptabanka, sem stjórn Seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs. Þær peningastofnanir, sem fá réttindi til gjald-eyrisviðskipta, skulu fara í einu og öllu eftir reglum þeim, sem settar verða um slík viðskipti. Enn fremur skulu þær láta í té skýrslur um þessi efni í því formi, sem óskað er. Misbrestur í þessum efnum getur varðað missi réttinda til gjaldeyrisviðskipta, eftir ákvörðun stjórnar Seðlabankans.

## 19. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum alla framkvæmd greiðslusamninga, sem Ísland gerir við önnur ríki.

192

24. des.

Seðlabankinn er ríkisstjórninni til ráðuneytis um gjaldeyris- og peningamál, þar á meðal um erlendar lántökur, samninga við erlend ríki, er varða gjaldeyrismál, og viðskipti við alþjóða-peningastofnanir.

20. gr.

## V. KAFLI

## Um vald Seðlabankans gagnvart bönkum og sparisjóðum.

21. gr.

Stjórn Seðlabankans er heimilt að höfðu samráði við ríkisstjórn að kveða á um vexti banka og sparisjóða, þar á meðal um hámarksvexti fyrir hverja einstaka tegund inn- og útlána, sem og dráttarvexti og aðra þóknun.

22. gr.

Bönkum og sparisjóðum er skylt að láta Seðlabankanum í té efnahags- og rekstrarreikninga sína í því formi og á þeim tíma sem framkvæmdastjórn Seðlabankans ákveður. Enn fremur skal þeim skylt að láta í té upplýsingar um einstaka liði reikninganna, svo sem um skiptingu innlána eftir kjaraflokkum, skiptingu útlána eftir flokkum og veltu inn- og útlána, sem og skiptingu hennar.

23. gr.

Þegar stjórn Seðlabankans telur þess þörf vegna efnahagsástands í landinu, getur hún að höfðu samráði við ríkisstjórnina ákveðið, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í Seðlabankanum um lengri eða skemmri tíma.

Upphæð innstæðnanna getur hún ákveðið sem hlutfall af heildarinnlánum á hlaupareikningi og sparisjóði hjá innlánsstofnunum eða öðru hvoru þessu eða sem hlutfall af aukningu þessara innlána á ákveðnu tímabili.

Sé miðað við aukningu innlána á ákveðnu tímabili, skal heimilt að ákveða, að innlög í Seðlabankann skuli vera stighækkandi eftir því, hve mikil hin hlutfallslega hækkun er hjá hverjum banka eða sparisjóði. Slik stighækkun má þó ekki hefjast fyrir en hlutfallsleg hækkun hjá banka eða sparisjóði nemur meira en tvöföldu meðalhækkunarhlutfalli hjá öllum bönkum og sparisjóðum til samans á sama tímabili.

Heimilt er að hafa hlutföll þau, sem hér um ræðir, mishá eftir tegundum og kjörum innstæðnanna hjá bönkum og sparisjóðum.

24. gr.

Innstæður, sem lagðar eru í Seðlabankann samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, geymast á sérstökum bundnum reikningum eins lengi og stjórn Seðlabankans ákveður. Vexti af innstæðunum ákveður stjórn Seðlabankans, að höfðu samráði við ríkisstjórnina. Við ákvörðun vaxtanna skal hliðsjón höfð af vöxtum af bundnum innstæðum í bönkum og sparisjóðum, svo og af þeim vöxtum, sem telja má, að Seðlabankinn hafi af samsvarandi útlánum eða erlendum innstæðum.

Eigi er hægt að skylda banka eða sparisjóði til að binda meira fé samkvæmt ákvörðun þessarar reglugerðar en sem svarar  $\frac{1}{5}$  af heildarinnstæðum.

25. gr.

Seðlabankinn skal veit bönkum og sparisjóðum hæfilegan frest til að inna af hendi innlagsskyldur sínar og aldrei skemmri tíma en fjórar vikur. Eigi skal hann heldur krefja banka eða sparisjóði um hærri innlög á mánuði hverjum en 1.5 milljón króna, ef innlagsskyldan er miðuð við heildarinnstæðu.

Bregðist banki eða sparisjóður þeirri skyldu að leggja á tilsettum tíma þá fjárhæð, sem úrskurðuð hefur verið, á reikning í Seðlabankanum, skal stjórn Seðla-

bankans heimilt að krefjast 1%—2% á mánuði sem sektargjalds af þeirri upphæð, sem á vantar. **192**

24. des.

Vanræki banki eða sparisjóður að láta í té þær upplýsingar, sem um ræðir í 22. gr. eða fara eftir fyrirmælum 21. greinar, er stjórn Seðlabankans heimilt með viku fyrirvara að krefjast dagssekta allt að 5000 kr., unz úr hefur verið bætt.

## VI. KAFLI

### Um hlaupareikningsviðskipti og geymslufé.

#### 26. gr.

Seðlabankinn tekur við fé á hlaupareikning frá bönkum og sparisjóðum, ríkissjóði og ríkisstofnunum, svo og öðrum aðilum eftir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

#### 27. gr.

Bankinn selur innstæðueigendum tékkávisanabækur til afnota við ávisanir á innstæðu og fær samtímis sýnishorn af undirskrift hlutaðeiganda til samanburðar. Komi það fyrir, að fölsk ávisun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem féð á, nema um sé að kenna gáleysi af hálfu starfsmanna bankans.

#### 28. gr.

Seðlabankinn getur tekið á móti fé til geymslu um lengri eða skemmri tíma.

## VII. KAFLI

### Lánveitingar Seðlabankans o. fl.

#### 29. gr.

Útlánastarfsemi Seðlabankans og öðrum störfum hans skal hagað svo, að sem bezt samrýmist höfuðtilgangi hans, að halda gjaldeyri landsins í stöðugu verði og koma í veg fyrir eða draga úr truflunum í peningamálunum. Skal fé hans því, að svo miklu leyti sem því er varið til útlána, komið fyrir í stuttum lánnum, enda sé þess vandlega gætt, að öll slík lán séu trygg. Jafnframt skal leggja áherzlu á, að útlánastarfsemi Seðlabankans verði framleiðslunni að sem mestum notum.

#### 30. gr.

Stjórn Seðlabankans ákveður að höfðu samráði við ríkisstjórnina, eftir hvaða reglum Seðlabankinn endurkaupir afurðavíxla af peningastofnunum.

#### 31. gr.

Seðlabankinn getur rekið útlánastarfsemi með því:

- a) að kaupa innlenda víxla og ávisanir,
- b) að kaupa innlend verðbréf,
- c) að veita yfirdrátt á hlaupareikningi,
- d) að veita reikningslán,
- e) að veita lán gegn handveði.

Stjórn Seðlabankans setur nánari reglur um slíkar lánveitingar, þar á meðal um þær tryggingar, er setja skuli.

#### 32. gr.

Enginn víxill, sem er keyptur, má vera með lengri gjaldfresti en 6 mánuðum, og eigi má endurnýja víxil um meir en 6 mánuði samtals. Þó má kaupa víxla með 12 mánaða gjaldfresti, séu þeir tryggðir með nægu handveði eða fasteignaveði.

192

des. 24.

33. gr.

Seðlabankinn getur tekizt á hendur ábyrgðir um stuttan tíma utan lands og innan gegn tryggingum, jafnóðum og um lán væri að ræða.

34. gr.

Seðlabankinn kaupir og selur trygga víxla, tékka og ávísanir á útlönd. Kaup- og sölugengi ákveður framkvæmdastjórn bankans, en stjórn Seðlabankans setur nánari reglur um slíka verzlun.

35. gr.

Seðlabankinn lánar bönkum og sparisjóðum fé gegn arðberandi, tryggum verðbréfum, sem framkvæmdastjórnin tekur gild.

Enn fremur má veita lán, þegar framkvæmdastjórnin telur alveg sérstakar ástæður mæla með, um stuttan tíma gegn tryggingu í váttryggðum verzlunarvörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskirteini eða geymsluskirteini, sem bankanum er afhent og framselt.

36. gr.

Seðlabankinn skal, eins fljótt og aðstæður leyfa, koma á verðbréfavíðskiptum og skráningu verðbréfa eftir nánari reglum, sem stjórn Seðlabankans setur.

37. gr.

Hlutabréf má Seðlabankinn ekki kaupa nema í umboði annarra.

38. gr.

Stjórn Seðlabankans ákveður í hvaða erlendum bönkum Seðlabankinn hefur inneignir og gætir þess að velja aðeins til þess þær bankastofnanir, sem njóta almenns trausts og telja má vafalaust tryggar og áreiðanlegar. Auk þess þarf samþykki ráðherra að koma til, ef inneignirnar eiga að teljast hluti af gullforðanum.

39. gr.

Seðlabankinn má annast alls konar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hérlendis og erlendis.

## VIII. KAFLI

### Reikningsskil og endurskoðun.

40. gr.

Ársreikningur Seðlabankans, sem miðast við almanaksárið, skal saminn og birtur í Stjórnartíðindum í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok, en stutt yfirlit yfir hag bankans skal auk þess birt við hver mánaðamót. Skal reikningurinn vera svo sundurliðaður, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

41. gr.

Sameinað Alþingi kys 2 bókhaldsfróða endurskoðendur til tveggja ára í senn, og skulu þeir rannsaka reikninga Seðlabankans og bera saman við þækurnar og sjóð bankans og eignir, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Ef endurskoðendur verða þess varir að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda stjórn bankans á það og gera tillögur um endurbætur.

## 42. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gerðar, að glöggst sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega

192

24. des.

## 43. gr.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma og að minnsta kosti einu sinni í mánuði rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörzlu.

## 44. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun í bankanum.

Reglur um endurskoðunardeild skulu settar af bankaráði Landsbankans í samráði við stjórn Seðlabankans.

## 45. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af bankaráði Landsbankans og stjórn Seðlabankans.

## IX. KAFLI

## Veðdeild bankans.

## 46. gr.

Veðdeild annast útlánastarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi samkvæmt sérstökum lögum og reglugerðum.

## X. KAFLI

## Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

## 47. gr.

Stofnlánadeild annast útlánastarfsemi gegn veði í fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum samkvæmt lögum og reglugerð um Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

## XI. KAFLI

## Áætlanir um gjaldeyris- og peningamál.

## 48. gr.

Seðlabankinn starfrækir hagfræðideild, er annast skýrslugerðir og áætlanir um peninga- og gjaldeyrismál landsins og þau mál önnur, sem stjórn Seðlabankans akveður. Stjórn Seðlabankans setur nánari reglur um starfsemi hagfræðideildarinnar.

## 49. gr.

Seðlabankinn skal fyrir byrjun hvers árs semja áætlanir um greiðsluþöfnuð landsins fyrir næsta ár og um útlánastarfsemi banka og sparisjóða á árinu. Jafnframt skal bankinn gera tillögur um þær ráðstafanir, er séu nauðsynlegar til þess að ná markmiðum þessara áætlana. Áætlanirnar og tillögurnar skulu ræddar við ríkisstjórnina og við stjórnir viðskiptabankanna. Skulu þær við það miðaðar, að framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, jafnframt því, að stefnt sé að því, að verðlag innanlands haldist sem stöðugast og landið eigi nægilegan gjaldeyrisforða.



XII. KAFLI  
Ýmis ákvæði.

## 50. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins gildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er fengið hafa umboð stjórnar Seðlabankans til slíkra undirskrifa.

## 51. gr.

Aðalféhirðir bankans skal setja tryggingu, er stjórn bankans tekur gilda, fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir.

Aðalféhirðir ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans annast störfin, ef eigi er séð fyrir að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji tryggingu meðan þeir gegna störfum aðalféhirðis.

## 52. gr.

Á aðalpeningahirzlu bankans skal læsing vera þannig gerð, að ekki verði henni lokið upp nema með tveimur lykllum, sem ekki eru eins. Hefur framkvæmdastjórnin eða trúnaðarmaður hennar annan lykilinn, en aðalféhirðir hinn, og verða þeir ávallt að vera tveir við meðan féhirzlan er opin.

Þegar eitthvað er tekið úr aðalpeningahirzlu eða í hana látið, skal það jafnan ritað í þar til ætlaða bók og skal bókin undirrituð af þeim, sem lykllana hafa.

## 53. gr.

Allir varalyklar skulu annaðhvort geymdir í hirzlum, sem tveir mismunandi lyklar ganga að eða tveim hirzlum með mismunandi læsingum, svo að aldrei geti einn maður haft aðgang að varalyklunum.

## 54. gr.

Eigi er bankastjórum Seðlabankans eða öðrum í stjórn hans heimilt að vera í stjórn annarra peningastofnana.

## 55. gr.

Allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um öll atriði þau, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

## 56. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

## 57. gr.

Starfsmenn mega ekki án leyfis framkvæmdastjórnarinnar taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

## 58. gr.

Embættismönnum og starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

## 59. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld, að því er varðar Seðlabankann, reglugerð nr. 83/1928, um Landsbanka Íslands.

*Forsætisráðuneytið, 24. desember 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

193

24. des.

### um notkun heimildar í lögum frá 20. desember 1957 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 20. desember 1957 og innheimta á árinu 1958 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, lestagjald og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1957.*

Eysteinn Jónsson.

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

194

23. des.

### um innheimtu skemmtanaskatts árið 1958.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 23. desember 1957 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1958. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 23. desember 1957.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Sigurður J. Briem.*

## AUGLÝSING

195

24. des.

### um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum frá 20. desember 1957, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1958 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.

- 195** c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.  
 24. des. Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

*Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

**196**  
 5. des.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs hátaútvegsins.

### 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:  
 XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.  
 XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

### 2. gr.

Töluliðir 7, 8, 9, 10, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

7. svæði: Hafnarfjörður  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
9. svæði: Akranes  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
10. svæði: a. Hellissandur  
 1. janúar—15. maí  
 b. Rif  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—31. desember  
 c. Ólafsvík  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—31. desember
15. svæði: Arnarfjörður  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður  
 1. marz—30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík  
 1. apríl—15. desember
30. svæði: Vopnafjörður  
 1. júní—31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður  
 1. febrúar—31. maí  
 1. júní—30. nóvember

## 3. gr.

196

5. des.

Töluliðir 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík:  
15. febrúar—11. maí  
1. september—31. desember
10. svæði: Hornafjörður  
1. marz—11. maí

## 4. gr.

Tölu liðir 22, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður  
15. júlí—31. október
27. svæði: Ólafsfjörður  
1. apríl—30. nóvember
30. svæði: a. Húsavík  
1. apríl—15. nóvember  
b. Flatey  
1. apríl—15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður  
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn  
1. marz—11. maí

## 5. gr.

Staflaður g. í 3. gr. færast aftur og verði stafliður h., en nýr stafliður g. orðist svo:  
g. Fyrir skip í XVI. og XVIII. flokki.

1. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg  
1. marz—31. maí

## 6. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 75 30. apríl 1957 og reglugerð nr. 179 frá 9. nóvember 1957, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 5. desember 1957.*

Lúðvík Jósepsson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

197

20. des.

## um stærð, þunga og málmblöndu innlendrar skiptimyntar.

Peningar innlendrar skiptimyntar skulu að stærð, þunga og málmblöndu vera sem hér segir:

	Þvermál Þyngd	
	mm	alls g

- |                                 |      |      |   |
|---------------------------------|------|------|---|
| a. Peningar, sem gildi 2 krónur | 28   | 9.5  | } |
| b. Peningar, sem gildi 1 krónu  | 22.5 | 4.75 |   |

Málmblanda

}	92 þyngdarhlutar af eiri, 6 þyngdarhlutar af alúmíni og 2 þyngdarhlutar af nikkeli eða 79 þyngdarhlutar af kopar, 20 þyngdarhlutar af zinki og 1 þyngdarhluti af nikkeli
---	--

		Þvermál Þyngd		
		mm	alls g	Málmblanda
20. des.	c. Peningar, sem gildi 25 aura	17	$\left. \begin{array}{l} 2.4 \\ \text{eða} \\ 2 \end{array} \right\}$	$\left\{ \begin{array}{l} 75 \text{ þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngd-} \\ \text{arhlutar af nikkeli} \\ \text{zink} \end{array} \right\}$
	d. Peningar, sem gildi 10 aura	15	$\left\{ \begin{array}{l} 1.5 \\ \text{eða} \\ 1.25 \end{array} \right\}$	$\left\{ \begin{array}{l} 75 \text{ þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngd-} \\ \text{arhlutar af nikkeli} \\ \text{zink} \end{array} \right\}$
	e. Peningar, sem gildi 5 aura	24	6	$\left\{ \begin{array}{l} 95 \text{ þyngdarhlutar af eiri, 4 þyngdar-} \\ \text{hlutar af tini og 1 þyngdarhluti af} \\ \text{zinki eða 97 þyngdarhlutar af eiri,} \\ 2\frac{1}{2} \text{ þyngdarhluti af zinki og } \frac{1}{2} \\ \text{þyngdarhluti af tini} \end{array} \right\}$
	f. Peningar, sem gildi 2 aura	19	3	
	g. Peningar, sem gildi 1 eyri	15	1.6	

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 89 15. sept. 1942, um breytingar á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, öðlast þegar gildi, og er þá úr gildi numin reglugerð nr. 144 12. ágúst 1942.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1957.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Björn Hermannsson.*

198

5. sept.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
136. Borgarhrepps, Mýrasýslu .....	4. sept. 1957.
137. Fellsstrandarhrepps, Dalasýslu .....	4. — 1957.
138. Hraungerðishrepps, Árnassýslu .....	4. — 1957.
139. Hrunamannahrepps, Árnassýslu .....	4. — 1957.
140. Miðdalahrepps, Dalasýslu .....	4. — 1957.
141. Mosfellshrepps, Kjósarsýslu .....	4. — 1957.
142. Mývetninga, Suður-Þingeyjarsýslu .....	4. — 1957.
143. Skriðuhrepps, Eyjafjarðarsýslu .....	4. — 1957.
144. Svalbarðsstrandarhrepps, Suður-Þingeyjarsýslu .....	4. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

199

30. des.

## um söluskatt.

## 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1958, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1958, eins og nánar er tiltekið í 5.—11 gr. hér á eftir.

## Söluskattur af innfluttum vörum.

## 2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnis-horna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

## 3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

## Tollskrá:

## Kafli. Nr.

2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Sildarkrydd, blandað.
10	1	Hveiti, ómalað.
	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	4	Mjöl úr byggi.
	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
	23	Glútín.
12	5	Alfaalfa (lucernemjöl).
17	9	Melassi.
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	3—10	Oliukökur og mjöl úr þeim.
	11	Melassifóður.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.

B 42

199 Tollskrá:  
30. des. Kafli. Nr.

25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
	25	Krit, þvegin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	14	Steinolía, óhreinsuð (hráolía).
	15	Flugvélabenzín.
	17	Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.
	18	Smurningsolíur.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
	58a	Netjatjara og netjalitur.
30	2	Barkarlitur.
32	6	Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—10	Tilbúinn áburður.
36	1	Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
39 A	2	Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenskar afurðir til útflutnings.
	6a	Plastflot til netjagerðar.
	11a	Netjakúlur úr plasti.
39 B	19b	Gúmmíbjörgunarbátar.
40	7	Ósagaður trjáviður í fisktrönur.
	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Sildartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	1	Korkplötur, óunnar.
	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámoftur til umbúða.
44	11	Dagblaðapappír.
	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m <sup>2</sup> .
45	3	Erlendar bækur, blöð og tímarit.
	6	Frimerki íslensk, ónotuð.
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvilík verðbréf.
46 B	1	Óspunnir nylonþræðir til netjagerðar.
	5	Netjagarn úr nylon, einlitt.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.

## Tollskrá:

199

Kafli. Nr.

30. des.

- 50 12 Færi og linur til fiskveiða.  
 13 Öngultaumar.  
 17 Grastóg.  
 18 Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.  
 19 Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr nylon og öðrum gerviþráðum.  
 19a Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum vefjarefnum.  
 21 Netjateinungar með blýi eða korki.  
 22 Lóðarbelgir.
- 52 30 Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl, ull o. þ. h.
- 60 15 Netjakúlur úr gleri.
- 62 1 Mynt.  
 2 Heiðursmerki.
- 63 11 Gjarðajárn.  
 26a Fiskkörfur úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.  
 27 Virkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.  
 92 Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járn, ót. a.  
 97 Netjakúlur úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
- 64 13 Veifarferalásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
- 66 6 Netjakúlur úr alúminíum eða alúminíumlegeringum.  
 10 Fiskkassar úr alúminíum eða alúminíumlegeringum.
- 67 5 Blýlóð (sökku), svo og nótablý.
- 71 25 Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir.
- 73 78 Röntgentæki og hlutar til þeirra.
- 75 3 Snjóþreifreiðar.
- 76 1 Flugvélar og hlutar til þeirra.  
 1a Fallhlífar og tilheyrandi.
- 2—3 Skip og bátar 10 tonn og stærri.  
 4 Herpinótabátar.
- 77 16 Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.  
 35 Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.
- 81 6 Hvalveiðiskutlar.
- 84 9 Fiskiönglar.
- 87 1 Listaverk.  
 2 Frímerki, ót. a., og önnur slík merki.  
 3 Safnmunir til opinberra safna.

## 4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollstjórnans — tollstjórnans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaupsýslum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæðilaga nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., laga nr. 86/1956, um tollheimtu og tollefirlit, reglugerðar nr. 41/1957, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.



## Söluskattur af sölu og annarri veltu.

## 5. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 46/1954, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.

Rekstur kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða.

Landssmiðjan.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Ríkisútvarpið.

Útgerð skipa.

Viðgerðarstofa útvarpsins.

Viðtækjasmíðjan.

Viðtækjaverzlunin.

## 6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

## A.

1. Heildsala, en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðsviðskipti (umboðssala) eru að öðru leyti skattskyld og greiðist skattur í þeim viðskiptum ekki aðeins af heildarandvirði því, sem gengur til umbjóðandans (framleiðanda eða iðnaðarmanns), heldur og af öllu því andvirði (heildarandvirði því), sem umboðsmaðurinn (smásali eða smásölufyrirtæki) tekur við. Af sölu eða afhendingu bóksala (bókabúða eða annarra smásölufyrirtækja á bókum) í umboðsviðskiptum, skal þó aðeins greiða af umboðspóknun hans, og einnig skal umboðsmaður, sem framleiðandi eða iðnaðarmaður notar sem millilið milli sín og smásala eða smásölufyrirtækja á sama hátt aðeins greiða af umboðspóknun (milliliðaþóknun) sinni.
3. Smásala, en þar til telst ekki sala sú, afhending eða útvegum, sem um getur í síðari málslið 2. málsgr. 7. gr. þessarar reglugerðar.

## B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum, sala trékassa og pappaumbúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskútflýjenda og sala tímarita, sem gefin eru út í ágóðaskyni og seld eru í umboðssölu, svo og umboðssala á erlendum bókum.

## C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Akstur vörubifreiða og fólksbifreiða.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum, kolum, koxi, salti, olíum og benzíni.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnæðis.
6. Iðgjaldatekjur váttryggingarféлага.
7. Netjagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkrahúsa.
10. Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.

11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna. 199
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00. 30. des.
- Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanevndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanevndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
13. Skóviðgerðir.
14. Smíði á skipum og bátum.
15. Tannlækning og tannsmíði.
16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.
18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
19. Slátrun búfjár.
20. Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

#### 7. gr.

Af sölu og annarri veltu þeirra aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða 3% — þrjú af hundraði — í söluskatt.

Skattskyldan nær til hvers konar framleiðslu, iðnaðar og þjónustu, þar með talin umboðssala (umboðsviðskipti), sölu eða afhendingar, vinnu og þjónustu látinnar í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gisti húsum, sýninga í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleigu og annarrar sölu, veltu eða viðskipta en þeirra, sem eru undanþegin samkvæmt 6. gr. reglugerðar þessarar. Tekur skattskyldan þannig til þess, ef framleiðendur, verksalar, viðgerðarmenn og aðrir slíkir aðilar láta í té vörur af eigin birgðum, frá fyrirtækjum í sambandi eða félagi við þá eða ef þeir útvega og láta í té vörur frá öðrum með eða án álagningar, enda vinni þeir, starfsmenn þeirra eða fyrirtæki að vörunum á einhvern hátt og tekur það til hvers konar viðgerða eða annarrar aðvinnslu.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru eða heildarveltu (sjá þó 6. gr. A 2) án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams

199 konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í við-  
30. des. skiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkis-  
skattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskyllt lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

#### 8. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júni, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísu greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

#### 9. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lökkuninni nemur.

#### 10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattaefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

#### 11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 35/1950, um verðlagseftirlit o. fl.

#### 12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

#### 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112/1950 og lögum nr. 82/1957, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1957.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Jón Skaftason.*

## REGLUGERÐ

um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

200

24. des.

#### 1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 0,4% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitan þá skattinn.

#### 2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkvæmt 1. mgr. skal innheimta samkvæmt mæli með 80 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Bæjarstjórn getur ákveðið lægra verð þegar sérstaklega stendur á, t. d. fyrir næturnotkun vatns til iðnaðar.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, og skal vatnsveitan þá ákveða aukavatnsskattinn, eftir ætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld

**200** um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess 24. des. árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

Þegar vatn er selt samkv. mælingum, er heimilt að gera þá kröfu, að vatnsrennsli til hvers notanda megi mæla um einn mæli, og er viðkomandi notanda þá skylt að breyta vatnslögnum í því skyni.

### 3. gr.

Hafnarstjórn ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til vatnsveitunnar, þó ekki undir einni krónu fyrir hvern teningsmetra.

### 4. gr.

Nú er vatni úr Vatnsveitu Reykjavíkur veitt í húsi, eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

Ef vatninu er veitt um vatnsæðar vatnsveitufélags utan Reykjavíkur, skal ákveða vatnsskattinn til Vatnsveitu Reykjavíkur með samkomulagi aðila, eða eftir mati.

### 5. gr.

Stjórn vatnsveitunnar er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa og almenningsþörf krefur,

að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar,

að gera kröfu um að vatnsfrek fyrirtæki láti setja upp geyma til vatnssöfnunar (að næurlagi), eða afli sér vatnssparneytnari véla,

að loka fyrir vatnsrennsli til þeirra, sem vanrækja eð gera við bilanir á vatnsæðum og tækjum, eyða vatni að þörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

### 6. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkv. mælingu, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum í loks hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þess, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1958.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, nr. 213 23. des. 1947, með breytingu nr. 7 10. jan. 1955.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1957.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum 11. september 1957, nr. 67.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör, undirskrifuð af forsetanum 26. september 1957, nr. 68.*

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. júlí 1957, nr. 69.*

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 70.*

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísraels, undirskrifuð af utanríkisráðherra 8. ágúst 1957, nr. 71.*

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 72.*

*Auglýsing um löggilding viðauka við lyfjaskrá, undirskrifuð af heilbrigðisráðgjafmálaráðherra 6. september 1957, nr. 73.*

*Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á reglugerð um nám í lyfjafræði lyfsala við læknadeild Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 19. september 1957, nr. 74.*

*Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1957, undirskrifað af forsetanum 24. september 1957, nr. 75.*

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í farveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 29. september 1957, nr. 76.*

*Bréf handhafa valds forseta Íslands um setningu Alþingis, undirskrifað af handhöfum forsetavaldsins 9. október 1957, nr. 77.*

*Auglýsing um fullgildingu á stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. október 1957, nr. 78.*

*Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra sama daga, nr. 79.*

*Lög um skattfrelsi vinninga í simahappdrætti Styrktarfélagsskattgæta og fatlaðra 1957, undirskrifuð af forsetanum 7. nóvember 1957, nr. 80.*

*Lög um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt, undirskrifuð af forsetanum 9. desember 1957, nr. 81.*

*Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 14. desember 1957, nr. 82.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1957, nr. 83.*

*Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum sama dag, nr. 84.*

*Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1953, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 85.*

*Fjárlög fyrir árið 1958, undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1957, nr. 86.*

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. nóvember 1957, nr. 87.*

*Lög um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1957, nr. 88.*

*Lög um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1957, nr. 89.*

*Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarskriftir, undirskrifuð af forsetanum 20. desember 1957, nr. 90.*

*Lög um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1957, nr. 91.*

*Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1957, nr. 92.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1957, nr. 93.*

*Lög um breyting á lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1957, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1957, nr. 94.*

*Lög um breyting á lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1957, nr. 95.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 3. júní 1957 um skatt á stóreignir, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1957, nr. 96.*

201

31. des.

## REGLUGERÐ

### um varnar gegn sullaveiki.

#### 1. gr.

Þeir, sem annast heilbrigðisfræðslu í skólum, skulu fræða nemendur rækilega um orsakir og eðli sullaveiki í mönnum og fénaði. Ein grein þeirrar fræðslu er að kynna nemendum lög og reglur um varnir gegn sullaveiki.

Læknar og dýralæknar skulu kappkosta að brýna fyrir almenningi og leiðbeina um varúð í umgengni við hunda og um hreinlæti við sláturstörf og aðra meðferð matar til varnar gegn hvoru tveggja, að hundar sýkist af bandormum og nái að sýkja menn eða fénað af sullaveiki.

#### 2. gr.

Eigi má fóðra hunda á hráum innmat úr sauðfé eða nautgripum. Þess skal vandlega gætt, að hundar komi ekki á blóðvöll, í sláturhús eða á aðra þá staði, þar sem hætta er á, að þeir nái að éta hráan innmat.

Ef fénaður deyr í haga eða annars staðar nær eða fjær byggð, skal kostað kapps um að hirða hræið eða husla, áður en hundar ná að komast í það.

Ef sulla verður vart við slátrun, hvort heldur er í sláturhúsi eða við heimaslátrun, skulu þeir, sem sláturstörf annast, fara varlega með sullina, varast að rifa eða skera á þá gat, safna þeim saman í lagarhelt ílát og brenna þá að slátrun lokinni, en sóthreinsa ílátið með suðu eða á annan tryggilegan hátt.

Ef innýfli (lifur eða lungu) eru sollin, skal líffærið allt brennt, sem og hausar af höfuðsóttarkindum.

#### 3. gr.

Læknishérað er hundahreinsunarumdæmi, nema sérstök ástæða þyki til að skipta læknishéraði í fleiri slík umdæmi. Í hvert hundahreinsunarumdæmi skal skipa hæfan mann til að hafa með höndum hreinsun hunda af bandormum. Hundahreinsunarmann í umdæmi skipar hlutaðeigandi sýslumaður (bæjarfógeti, lögreglustjóri) eftir tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, sem velja manninn í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni og héraðsdýralækni.

Nú eru sveitarfélög, sem aðilar eru að hundahreinsunarumdæmi, í tveimur eða fleirum lögsagnarumdæmum, og skipar þá hundahreinsunarmann í umdæmið sýslumaður (bæjarfógeti, lögreglustjóri) þess lögsagnarumdæmis, sem fleiri eða flestir hreinsunarskyldir hundar í hundahreinsunarumdæminu heyra til, en hafa skal

hann um það samráð við aðra hlutaðeigandi sýslumenn (bæjarfógeta, lögreglustjóra).

201

31. des.

## 4. gr.

Í skipunarbréfi hundahreinsunarmanns, sem leitast skal við að ráða til nokkurra ára í senn, skal greina umsamda þóknun fyrir starfið, er greiðist úr hlutaðeigandi sýslusjóði (bæjarsjóði) ásamt öðrum kostnaði af hundahreinsuninni. Ef fleiri lögsagnarumdæmi en eitt eru aðilar að hundahreinsunarmumdæmi, skiptist kostnaður af hundahreinsun í umdæminu í samræmi við fjölda hreinsunaraskyldra hunda hvers lögsagnarumdæmis.

Þóknun til hundahreinsunarmanns má miða að einhverju eða öllu leyti við fjölda hreinsaðra hunda hverju sinni. Hafa má þann hátt á um þóknun hundahreinsunarmanns, að hann taki hana að meira eða minna leyti sem greiðslu fyrir hvern hreinsaðan hund frá hlutaðeigandi eiganda eða umráðamanni. Slíkt hundahreinsunargjald skal ákveðið af hlutaðeigandi sýslunefnd (bæjarstjórn).

## 5. gr.

Skyldir eru allir þeir, sem eiga hunda eldri en misserisgamla eða hafa þá undir höndum, að láta hreinsa þá af bandormum einu sinni á ári, að liðinni aðalsláturtíð, í október- eða nóvembermánuði. Hundar skulu hreinsaðir a. m. k. á einum stað í hverjum hreppi (kaupstað), nema henta þyki, að tvö eða fleiri sveitarfélög sameinist um einn hundahreinsunarstað. Hreppstjóri (bæjarfógeti, lögreglustjóri) skal tilkynna eigendum (umráðamönnum) hunda í tæka tíð, að jafnaði með viku fyrirvara, hvar og hvenær hundahreinsun fari fram í hreppnum (kaupstaðnum). Eigendum (umráðamönnum) er skylt að flytja hunda sína á hreinsunarstað og aðstoða við hreinsun og böðun, eftir því sem hundahreinsunarmaður telur þörf á. Vitja skulu menn hunda sinna að hreinsun lokinni.

Reynist eigi unnt vegna gildra forfalla að koma hundi á hreinsunarstað á tilskildum tíma, skal hlutaðeigandi tilkynna það hundahreinsunarmanni og láta hreinsa hundinn, svo fljótt sem við verður komið, eftir því sem hundahreinsunarmaður segir fyrir um. Skal hreinsun slíkra hunda lokið innan mánaðar frá þeim tíma, er almenn hundahreinsun fór fram í hreppnum (kaupstaðnum).

Nú gengur hundafár eða önnur næm sótt í hundum í hreppi (kaupstað) eða næsta nágrenni hans, þegar hundahreinsun á að fara fram, og má þá fresta hreinsuninni í samráði við héraðsdýralækni, unz faraldurinn er um garð genginn.

Ef bandorma verður vart í hundi milli hundahreinsana, eða ef vitað er, að hundur hafi étið sollin líffæri, eftir að hreinsun fór fram, skal eigandi (umráðamaður) hundsins færa hann til hreinsunar hundahreinsunarmanni eða héraðsdýralækni, svo fljótt sem við verður komið.

## 6. gr.

Skylt er hverjum eiganda hunds að auðkenna hund sinn annað hvort með auglýstu fjármarki sínu eða öruggu hálsbandi (leðuról) með nafni eiganda, bæjarnafni (heimili) eða auglýstu brennimarki eiganda á.

Nú verður vart ómerktts flækingshunds, sem eigandi finnst ekki þegar að, og er þá þeim, sem hundurinn kemur fyrir hjá, skylt að annast um hann, enda gera hreppstjóra (bæjarfógeta, lögreglustjóra) viðvart um hann tafarlaust. Skal hreppstjóri (bæjarfógeti, lögreglustjóri) gera gangskör að því að hafa uppi á eiganda hundsins. Ef eigandi hefur ekki fundið eða gefið sig fram 10 dögum eftir að auglýst hefur verið eftir honum og greitt áfallinn kostnað, skal hreppstjóri (bæjarfógeti, lögreglustjóri) hlutast til um, að hundinum sé fenginn nýr ábyrgur eigandi, en ella sé hundinum lógað tafarlaust.



## 7. gr.

Hundahreinsunarmaður skal halda bók, löggilta af sýslumanni (bæjarfógeta, lögreglustjóra). Í bók þessa skal skrá alla hreinsunarskylda hunda í umdæmi ásamt eigendum þeirra og umráðamönnum. Enn fremur skal skrá í bók þessa greinargerð um hverja hundahreinsun með athugasemdum um það, er máli skiptir, svo sem hvort hundi hefur orðið meint af inntöku og þá á hvern hátt, hvort hundur hafi kastað upp lyfinu, hvort bandormar hafi sýnilega gengið niður af hundi o. s. frv. Sýslumaður (bæjarfógeti, lögreglustjóri) skal fullvissa sig um, að bók þessi sé tilhlýðilega og reglulega færð, áður en greiðsla er innt af hendi til hundahreinsunarmanns.

## 8. gr.

Hundahreinsun skal fara fram í húsi, þar sem gólf og veggir eru steinsteyptir eða gerðir úr öðru þéttu efni, sem auðvelt er að hreinsa. Aðstaða skal og vera þar til þess að tjóðra hund, meðan á hreinsun stendur. Skal hlutaðeigandi hreppsnefnd sjá um, að til sé hentugt húsnæði til hundahreinsunar í hreppnum og bera kostnað af því.

## 9. gr.

Til hreinsunar hunda skal nota bandormalyfið arekolhydróbrómið (Arecolini hydrobromidum, Ph. D., Add. Vet.) og til böðunar hundanna eftir hreinsun kresól-sápulög (Kresolum saponatum, Ph. D.).

Hundahreinsunarmaður skal annast útvegum fyrirskipaðs bandormalyfs og baðlyfs til hundahreinsunar úr lyfjabúð eða hjá héraðsdýralækni eða héraðslækni og sjá um að hafa ávallt tiltækar nægar birgðir lyfjanna. Arekolhydróbrómiðið skulu lyf-salar (héraðsdýralæknar, héraðslæknar) láta úti í 10 millígramma töflum og kresól-sápulöginn í 4—5 lítra dunkum, hvort tveggja greinilega áletrað íslenzku og skráðu heiti, tilhlýðilega eiturmerkt og að öðru leyti úti látið í samræmi við ákvæði gildandi lyfjaskrár og reglur um afgreiðslu lyfja og útlát eiturefna. Hvort tveggja lyfið skal áletra aukreitit: Til hundahreinsunar og enn fremur þar á eftir arekolhydróbrómiðið: **Bandormalyf**, en kresólsápulöginn: **Hundabaðlyf (sótthreinsunarlyf)**.

## 10. gr.

Þá er hundahreinsunarmaður er að starfi, skal hann búast sem til vosverka og klæðast síðum olíustakki (eða treyju og buxum) vaðstígvélum eða öðrum hlifarfatnaði samsvarandi.

Svelta skal hund í sólarhring fyrir inngjöf bandormalyfs, og vatn má hundurinn ekki fá síðustu 4—6 klukkustundirnar fyrir inngjöf. Hæfilegur skammtur fyrirskipaðs bandormalyfs (arekolhydróbrómiðs) er 2 millígrömm á hvert kílógramm líkamsþunga hunds. Meðalþungur fullvaxinn íslenzkur hundur vegur um 15 kílógrömm, og er því hæfilegur skammtur handa honum um 30 millígrömm (3 töflur). Hentast er að leysa töflurnar í vatni og nota sem minnst magn af vatni. Bezt er að hella lyfinu úr glasi inn um kjaftvik hundsins niður með kinninni, án þess að glenna skoltana í sundur. Sé lyfið gefið á þennan hátt, má mýla grimma hunda, meðan lyfið er gefið. Töflurnar má einnig gefa í litlum skammti matar, sem hundinum þykir lostæti (t. d. kjöti), en ekki er sú aðferð eins heppileg.

Eftir inntöku fá margir hundar kligju. Til þess að koma í veg fyrir, að hundur kasti upp, þarf að hafa ofan af fyrir honum, vekja áhuga hans á einhverju, gæla við hann, sneypa hann, halda honum í stöðugri hreyfingu með því að leiða hann í bandi o. s. frv. Ef hundurinn kastar samt sem áður upp, er inngjöf endurtekin með hálfum skammti.

Lyfið verkar venjulegast niðurreinsandi  $\frac{1}{2}$ —3 klukkustundum eftir inntöku, en farist það fyrir, má endurtaka inngjöfina 6 klukkustundum eftir fyrri inngjöf. Gera má ráð fyrir, að bandormar og bandormsegg gangi niður af hundinum með

saurnum. Saurinn þarf að hreinsa jafnóðum burtu, svo að hann berist sem minnst 201 á hundinn sjálfan og á aðra hunda. Hentast er að láta saurinn til bráðabirgða í 31. des. lagarhelt ílát. Eftir hreinsun, sem skjótt er lokið, eftir að hún hefst, skal baða hundinn rækilega í hæfilega stórum stampi upp úr veiku kresólvatni, sem þannig er blandað, að pela (250 grömmum) af kresólsápulegi er hrært út í 10 lítra vatns, sem svarar til miðlungsstórrar vatnsfötu. Baðið skal vera volgt og hundinum haldið svo lengi niðri í því, að hann bjórvökni vel. Þegar margir hundar eru baðaðir, hver á eftir öðrum, skal bæta við baðlöginn, eftir því sem hann ódrýgist, og skipta um baðlög, ef hann óhreinkast að ráði. Ef ekki er unnt að sleppa hundi lausum, jafn skjótt sem hann hefur verið baðaður, skal færa hann úr baðinu til geymslu í aðra vistarveru en þá, sem hreinsunin fór fram í.

Verki skal ljúka með vandlegri ræstingu húss, íláta og hlífarfata. Saur er öruggast að eyða í eldi, en sóthreinsa má hann með því að hella yfir hann í ílátinu sterku kresólvatni (helmingi sterkara en baðlögurinn) og láta standa í nokkrar klukkustundir, en grafa síðan í jörð. Gólf og veggir skal þvo rækilega með stinnum strákústi upp úr sterku kresólvatni. Á sama hátt skal ræsta ílát utan og innan. Hlífarföt (þar með talinn fótabúnaður) skulu látin liggja í sterku kresólvatni í nokkrar klukkustundir og síðan hreinþvegin. Að sjálfsgöðu þrífur hundahreinsunarmaður sig sjálfan vel að verki loknu, þvær sér nosturslega um hendur úr veiku kresólvatni og gengur í bað, ef þess er kostur.

#### 11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, 500—1000 krónum. Með mál, er rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðarinnar, skal farið að hætti opinberra mála.

#### 12. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, öðlast gildi 1. janúar 1958 og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir um þetta efni, sem settar hafa verið fyrir einstakar sýslur og kaupstaði samkvæmt lögum nr. 8 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 31. desember 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Baldur Möller.*

#### Viðbætur.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur fyrir tilmæli heilbrigðisstjórnarinnar athugað um hentuga gerð á hundahreinsunarkofum og hundahúsum á bæjum. Niðurstaða þeirra athugana eru uppdættir þeir, sem hér fara á eftir.




#### I. Hundahreinsunarkofi.

Gert er ráð fyrir, að hundi sé gefið inn ormalyfið í fordyri. Jafn skjótt er honum hleypt inn í hreinsunarklefan. Þá er hreinsun er lokið, er hundurinn tekinn um hleragat upp í þróna. Innan við gatið er hentugt að hafa lokaða stíu, svo að auðvelt sé að ná til hundsins utan frá. Að lokinni böðun er hundinum hleypt um annað hleragat inn í hundageymsluna. Út er honum sleppt um bakdyr.

Hundahreinsunarkofi er bezt settur á afviknum stað utantúns, fjarri gripahúsum og helst á ógrónum bletti, sem ekki er líklegt, að fénaður sæki mjög að, en ella vel afgirtur.

201

31. des.





## II. Hundahús.

Útihurð er í tvennu lagi, neðri hluti á venjulegum lömum, en efri hlutinn léttur hangandi hlemmur, sem opnast kviklega út og inn. Slagbrandur er þannig gerður, að hundinum sé til léttis, er hann hleypur inn og út. Innan við hurðina má hvolfá kassa eða öðru þvilíku. Innri hurð nær ekki lengra niður en svo, að hundurinn fái skriðið undir hana. Hundurinn liggur þannig við opið og er frjáls ferða sinna, en dyraumbúnaður þannig, að komizt verður að til eftirlits og ræstingar eftir þörfum. Loðdýr eru ekki kulvís, og mun ekki þurfa að óttast kulda í hundahúsinu. Ef vill, má auka þar hlýindi með því að hafa aðeins þunna járnplötu eða járngrind (refanet) á milli hundahúss og þvottahúss (miðstöðvar).

201

31. des.



## REGLUGERÐ

202

31. des.

um iðgjöld til slysatryggingadeildar almannatrygginga og skiptingu starfa og starfsgreina í áhættuflokka.

### I.

Um áhættuiðgjöld og útreikning starfstíma.

#### 1. gr.

Við ákvörðun iðgjalda skal starfstími talinn í vikum, sbr. 3.—6. gr. Iðgjöld vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal þó reikna fyrir hverja kvaðningu, og enn fremur skal reikna fast ársiðjald vegna bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisafkvéla, en þær teljast rafstöðvar, súgþurrkunartæki og saxblásarar. Vegna trillubáta skal greiða lágmarks-iðgjald á ári, sbr. 14. gr.

#### 2. gr.

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

**202**  
31. des.

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1. ....	1.00
2. ....	1.50
3. ....	2.50
4. ....	4.00
5. ....	5.50
6. ....	8.00
7. ....	10.00
8. ....	12.00
9. ....	15.00
10. ....	22.00
11. ....	25.00

### 3. gr.

Sé um fastráðna starfsmenn að ræða, er taka árslaun eða mánaðarlaun, reiknast iðgjaldið af 52 vikum.

Ef um ákvæðisvinnu, dagkaup eða tímakaup er að ræða, reiknast 6 dagar eða 48 vinnustundir sem ein tryggingarvika.

Tryggingarvika ökumanns bifreiðar og sjómanns telst þó 7 dagar, enda reiknast iðgjöld ökumanns samkvæmt skrásetningartíma ökutækis og iðgjöld sjómanns eftir tíma þeim, sem hann er lögskráður eða ráðinn, að meðtöldum lögskráningardegi eða komudegi í skiprúm, — sé eigi skylt að lögskrá, — og afskráningardegi eða brottfarardegi úr skiprúmi.

### 4. gr.

Störf barna og fósturbarna á aldrinum 16—20 ára, sem dvelja og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna og unglinga yngri en 16 ára, fólks, sem nýtur ellilífeyris og öryrkja með 75% örorku eða meira, sem dvelja og starfa hjá vandalausum, skulu metin til vinnuvikna samkv. 29. og 43. gr., þannig að ársdvölin jafngildi 13 vinnuvikum, og skemmri vinna á sama hátt  $\frac{1}{4}$  dvalartímans.

Sé um kaupgreiðslu að ræða í peningum eða fríðindum umfram fæði og dvalarkostnað, skulu hverjar fullar kr. 400.00, sem greiddar eru, teljast jafngilda einni vinnuviku til viðbótar, unz fullu iðgjaldi er náð.

### 5. gr.

Heimilt er að telja fjórar sjóferðir (róðra) sem eina tryggingarviku, sé um að ræða skipshafnir á róðrabátum eða vélbátum undir 12 smálestir, sem ekki stunda veiðar að staðaldri, enda séu þá jafnan greidd iðgjöld fyrir fram fyrir minnst 4 vikur.

### 6. gr.

Telja skal saman starfstíma allra tryggingaskyldra launþega hjá hverjum atvinnurekanda eftir áhættuflokkum. Komi þá fram brot úr viku, skal það hækkað upp og teljast sem heil vika í hverjum áhættuflokki.

## II.

### Um skiptingu starfa og starfsgreina í áhættuflokka.

(Iðgjaldaskrá.)

### 7. gr.

Í 1. áhættuflokki (vikugjald kr. 1.00) teljast:

Hjúkrun.

Innanbúðarstörf, matargerð í verzlunum, rjóma- og mjólkurísgerð.

Kennimenn þjóðkirkjunnar og annarra trúarflokka.  
 Kennarar við skóla.  
 Ljósmaður.  
 Lyfjagerð.  
 Læknar, dýralæknar, aðstoðarfólk í lækningastofum.  
 Póstafgreiðsla, símaafgreiðsla.  
 Prjónastofuvinna.  
 Rannsóknarstörf í rannsóknarstofum.  
 Saumavinna, vefnaður.  
 Skrifstofustörf, blaðamennska, dómstörf og önnur hliðstæð störf.  
 Veðurfræðingar og aðstoðarfólk á veðurstofu.

202

31. des.

## 8. gr.

Í 2. áhættuflokki (vikugjald kr. 1.50) teljast:

Benzínafgreiðsla til ökutækja.  
 Bókband.  
 Bréfberar (bæjarpóstar).  
 Bursta- og körfugerð.  
 Dúklagning.  
 Dyravarzla og þjónsstörf í samkomu- og veitingahúsum.  
 Eldfæraeftirlit.  
 Eldhússtörf, matsveinar meðtaldir.  
 Fangavarzla.  
 Fatahreinsun, pressun og litun.  
 Færaspuni.  
 Gull- og silfursmíði, úrsmíði, skartgripagerð.  
 Hárgreiðslu- og snyrtistörf.  
 Hljóðfæraleikarar.  
 Hljóðfæraviðgerðir.  
 Hreppstjórar, oddvitar.  
 Húsgagnafróðrun (bólstrun).  
 Húsvarzla, húsaþynging.  
 Innheimtustörf.  
 Innrömmun.  
 Kvikmyndasýningarmenn.  
 Landbúnaðarstörf, önnur en aflvélastjórn (3. áhfl.) og jarðsprengingar.  
 Leðuriðnaður, annar en skó- og fatagerð (tösku- og hanzkagerð o. fl.).  
 Leikarar.  
 Ljósmyndagerð.  
 Loftskýtastörf á landi, símritun, flugumsjón.  
 Lyftuverðir.  
 Magnaraverðir.  
 Málun í vinnustofum.  
 Matsmenn afurða.  
 Netagerð og bætingar (án véla).  
 Prentiðn, þar með talin ljósprentun.  
 Prentmyndagerð.  
 Raflampa- og skermagerð.  
 Rakarastörf.  
 Sandgræðsla.  
 Sendistörf, önnur en vörusendla, blaðaútburður meðtalinn.

202  
31. des.

Símvirkjun, útvarpsvirkjun.  
Skógarvarzla og skógrækt.  
Skósmiðir.  
Starfsstúlkur í heimilum, barnaheimilum, elliheimilum, samkomuhúsum,  
leikvöllum, sjúkrahúsum, skólum og veitingahúsum.  
Sundhalla-, baðhúsa- og náðhúsavarzla.  
Sútun (rotun skinna).  
Söðlasmiðar.  
Sölumenn.  
Teppagerð og teppahreinsun.  
Veggfóðrun.  
Viðgerðir heimilis- og skrifstofuvéla, löggilding voga og mælitækja.

### 9. gr.

Í 3. áhættuflokki (vikugjald kr. 2.50) teljast:

Acetylangasgerð, súrefnisframleiðsla.  
Aflvélastjórn, önnur en heimilisaflvéla.  
Áfengisgerð (eiming og blöndun sterkra drykkja).  
Belgjagerð.  
Beykisstörf.  
Bifreiðaeftirlit.  
Bifreiðasmurning.  
Bifreiðastjórn.  
Bifvélavirkjun, viðgerðir bifreiða, bifhjóla og vinnuvéla, bifreiðayfirbygg-  
ingar.  
Blikksmiðar.  
Brauða-og kökugerð.  
Efnisvarzla.  
Erindrekstur. ráðunauts- og eftirlitsstörf, sem krefjast ferðalaga.  
Fiskaðgerð.  
Fiskiðnaður (herzla, þökkun, söltun, þvottur, þurrkun, niðursuða, reyking).  
Flugvélavirkjun.  
Frystihúsavinna (meðaltalsiðgjald).  
Gasgerð (kolagas).  
Gleriðnaður (glerslípun, speglagerð, annar gleriðnaður).  
Gúmiðnaður (hjólbarðaviðgerðir, svampgúmframleiðsla, gúmskógerð og  
viðgerðir).  
Hampiðja.  
Kaffibrennsla og kaffibætisgerð.  
Kexgerð.  
Kjötiðnaður (reyking, söltun, niðursuða, pylsugerð, garnahreinsun, sviðning).  
Klæðaverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald).  
Korkiðja.  
Kornmölun.  
Land- og vatnsmælingar.  
Leikfangagerð.  
Leirbrennsla og leirsmíði.  
Líkmenn.  
Lóðabeiting.  
Lýsisbræðsla.  
Lögreglustörf.

Matarefnagerð (niðursuða, sultugerð, súpugerð, framleiðsla bökunar-**202**  
efnis o. fl.). 31. des.

Málmhúðun.

Málningargerð, lakkgerð.

Mjólkuriðnaður (gerilsneyðing, rjóma-, smjör-, skyr- og ostagerð) í mjólkur-  
og rjómaúum.

Netagerð með vélum.

Pappírsgerð og pappírsvörugerð (pappagerð, pappírsumbúðagerð).

Pípulagningar innanhúss (gas, rafmagn, vatn og skólp, miðstöðvar).

Plastiðnaður.

Raftækjagerð.

Rafvirkjar.

Reiðhjólaviðgerðir.

Ræsting í skrifstofum, skólum, samkomuhúsum, veitingastofum, skipum,  
gluggahreinsun.

Sendistörf (vörusendlar).

Síldarverkun.

Skógerð, önnur en gúm- og inniskógerð.

Smjörlikisgerð.

Snyrti- og hreinlætisvöruframleiðsla (sápa, þvottaefni, snyrtivörur, kerti,  
skóáburður, bón o. fl.).

Stálofnagerð, stálvaskagerð.

Steinasteypa (vikurplötur, götuhellur, steinpípur o. fl.).

Sælgætisgerð (súkkulaði, brjótsykur, lakkris, konfekt o. fl.).

Tollgæzla.

Tóbaksiðnaður (neftóbaksgerð).

Ullarverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald).

Varðstaða, hreinsun skipa til undirbúnings veiðiferða.

Vátryggingamenn.

Vegagerð.

Vélgæzla.

Vikurvinnsla, vikursteypa meðtalin.

Vitavarzla.

Vöruflutningar á landi.

Þangtaka.

Þangvinnsla.

Þvottahúsastörf.

Öl- og gosdrykkjagerð, maltgerð.

## 10. gr.

## Í 4. áhættuflokki (vikugjald kr. 4.00) teljast:

Bátaviðgerðir og bátasmíðar (báta 5 smálesta og minni).

Bæjarvinna, ótalin annars staðar.

Flugvallagerð.

Grjótvinna, önnur en grjótsprenging.

Götugerð og lagningar í götu (pípur, jarðstrengir o. þ. h.).

Húsagerð (nýsmíði, endurbætur, breytingar).

Ístaka.

Jarðborun.

Jarðsprengingar, aðrar en grjótsprengingar.

Málarastörf, önnur en málun í vinnustofum.



202  
31. des.

Sand- og malartaka.  
Síma- og rafmagnslagnir (jarðstrengir).  
Sorphreinsun, sótarastörf.  
Steinsmiði, steinullarframleiðsla, bikmulningsgerð.  
Vöruhúsavinna.

11. gr.

- Í 5. áhættuflokki (vikugjald kr. 5.50) teljast:
- Áburðarverksmiðjuvinna (köfnunarefnisáburður).
  - Bryggjugerð.
  - Dósasmiði með vélum.
  - Hafnargerð.
  - Harðfiskbarning með vélum.
  - Hvalskurður.
  - Járnsteypa og logsuða, járnsmiði með eða án véla.
  - Loftlínulagnir, rafmags- og símalagnir.
  - Málbræðsla.
  - Sementsverksmiðjuvinna.
  - Skipasmiðar, viðgerðir og viðhald, uppsátur.
  - Stáltunnugerð.
  - Trésmiði með eða án véla.
  - Vatnsvirkjun (stíflugerð).

12. gr.

- Í 6. áhættuflokki (vikugjald kr. 8.00) teljast:
- Brúargerð.
  - Fiskimjölsverksmiðjuvinna.
  - Grjótsprenging (meðaltalsiðgjald).
  - Karfabræðsla.
  - Landpóstastörf.
  - Lestavinna í skipum og upp- og útskipun við bryggju.
  - Síldarbræðsla.
  - Slátrun.
  - Slökkviliðsstörf.

13. gr.

- Í 7. áhættuflokki (vikugjald kr. 10.00) teljast:
- Eldfjalla- og jöklarannsóknir.
  - Hafnsaga.
  - Námugróftur.
  - Upp- og útskipun á bátum og prömmum.

14. gr.

- Í 8. áhættuflokki (vikugjald kr. 12.00) teljast:
- Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum. Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei lægra vera en kr. 200.00 á ári.

15. gr.

- Í 9. áhættuflokki (vikugjald kr. 15.00) teljast:
- Áhafnir flugvéla.
  - Bjargsig, fuglaveiðar og eggjataka.
  - Köfun.
  - Refaveiðar.

Sjómælingar og hafrannsóknastörf um borð í skipum.  
Skipströnd (björgun varnings og skipa).

202

31. des.

16. gr.

Í 10. áhættuflokki (vikugjald kr. 22.00) teljast:  
Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri.

17. gr.

Í 11. áhættuflokki (vikugjald kr. 25.00) teljast:  
Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri.  
Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum, en ekki undir 12 lestum.

18. gr.

Áhættuðgjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 3.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingar eða slökkvistarf.

19. gr.

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar .....	kr. 50.00
— rafstöðvar .....	— 25.00
— súgþurrkunartækis .....	— 25.00
— saxblásara .....	— 25.00
— bifhjóls .....	— 120.00
— reiðhjóls með hjálparvél .....	— 120.00

III.

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Ef erfitt er að skipa starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin ákveðið meðaltalsiðgjald fyrir allt fyrirtækið.

21. gr.

Sé um að ræða tryggingu við önnur störf eða starfsgreinar en talin eru hér að framan, heimilist Tryggingastofnuninni að skipa þeim í áhættuflokk.

22. gr.

Óski atvinnurekendur eða einyrkjar að tryggja sér slysabætur samkv. 41. gr. almannatryggingalaganna, skulu þeir tilkynna það Tryggingastofnuninni eða umboðsmanni hennar fyrirfram og tilgreina tegund starfseminnar og fyrir hvaða tímabil tryggingin skuli gilda. Skal þá skipa þeim í áhættuflokk með hljóðsjón af flokkun starfa í reglugerð þessari. Sé um að ræða óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem óskað er tryggingar við, má ákveða meðaltalsiðgjald.

23. gr.

Tryggingastofnunin skal gera stafrófsskrá um störf og starfsgreinar samkv. reglugerð þessari, og telst skráin fylgiskjal með henni.

**202** Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 43. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um  
 31. des. almannatryggingar, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1958, og birtist til eftirbreytni  
 öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr starfi felld reglugerð nr. 167 21. des. 1946 um áhættuiðgjöld og  
 flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50 1946, um almannatrygg-  
 ingar, ásamt síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**Fylgiskjal.**

**Stafrófsskrá um störf og starfsgreinar.**

**Áhættufl.**

- 3 Acetylngasgerð.
- 3 Aflvélastjórn, önnur en heimilisafvéla.
- 5 Áburðarverksmiðjuvinna (köfnunarefnisáburður).
- 3 Áfengisgerð (eiming og blöndun sterkra drykkja).
- 9 Áhafnir flugvéla.
- 11 Áhafnir fiskiskipa, 12 lesta og stærri.
- 10 Áhafnir flutningaskipa, 100 lesta og stærri.
- 11 Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum, en ekki undir 12 lestum.
- 8 Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum.  
Sjá og 14. gr. (lágmarksiðgjald af trillubátum).
- 2 Baðhúsavarzla, sjá sundhallavörzlu.
- 4 Bátaviðgerðir og bátasmíðar (báta 5 smálesta og minni).
- 3 Belgjagerð.
- 2 Benzínafgreiðsla til ökutækja.
- 3 Beykisstörf.  
Bifhjólstjórn, sjá 19. gr.
- 3 Bifreiðaeftirlit.
- 3 Bifreiðasmurning.
- 3 Bifreiðastjórn.
- 3 Bifvélavirkjun, viðgerðir bifreiða, bifhjóla og vinnuvéla, bifreiðayfirbyggingar.
- 4 Bikmulningsgerð, sjá steinsmíði.
- 9 Bjargsig, fuglaveiðar og eggjataka.
- 1 Blaðamennska, sjá skrifstofustörf.
- 3 Blikksmíðar.
- 2 Bókband.
- 3 Brauða- og kökugerð.
- 2 Bréfberar (bæjarpóstar).
- 6 Brúargerð.
- 5 Bryggjugerð.
- 2 Bursta- og körfugerð.
- 4 Bæjarvinna, ótalin annars staðar.
### Um varðhaldsvist.

#### 30. gr.

Ákvæði I. kafla reglugerðar þessarar taka til varðhaldsfanga, en þó með takmörkunum þeim, sem hér á eftir greinir:

#### 31. gr.

Varðhaldsvist skal að jafnaði taka út í einrúmi, nema annað sé nauðsynlegt vegna aldurs og heilsu fangans. Þó má láta fanga, sem dæmdir eru í varðhaldsvist, taka refsingu út að öllu eða nokkru leyti í félagi. Halda skal varðhaldsföngum aðgreindum frá öðrum föngum, eftir því sem kostur er á.

#### 32. gr.

Varðhaldsfangar þurfa ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir fæði eða taka við fæði, er þeim er sent, eftir því sem samrímist hófsemi og góðri reglu í fangelsinu. Ákvæði 25. gr. taka til varðhaldsfanga.

Fangavörður ákveður, á hvaða tímum dags fæði er veitt viðtaka. Honum er ekki skylt að annast innkaup, sókn né sérstaka matreiðslu á aukafæði varðhaldsfanga.

#### 33. gr.

Varðhaldsföngum er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við húsmunum, bókum og öðrum persónulegum nauðsynjum, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við öryggi og góða reglu í fangelsinu.

## 34. gr.

260

Varðhaldsfangi má sjálfur útvega sér vinnu, sem samrímist öryggi og góðri reglu. 9. sept.

Arðinn af vinnunni á fanginn sjálfur.

Sjái fangi sér ekki sjálfur fyrir vinnu, sem fangelsisstjóri samþykkir, skal honum skylt að vinna það, er hann leggur honum til. Skal þá vinnan miðuð svo sem unnt er við undangengna atvinnu fangans og þekkingu.

Vinnutími varðhaldsfanga, að fráskildum matartíma og útigöngutíma, skal ekki fara fram úr 8 klukkustundum daglega, nema fangi óski þess sjálfur og fangelsisstjóri samþykki.

## 35. gr.

Varðhaldsfangi hefur að jafnaði heimild til að senda bréf og taka við bréfi einu sinni á viku. Fangelsisstjóri getur leyft frekari bréfaskipti. Að öðru leyti gildi ákvæði 19. gr. um bréfaskipti varðhaldsfanga.

## 36. gr.

Varðhaldsfangi á rétt til að þiggja heimsóknir vandamanna sinna eða vina einu sinni á viku. Að öðru leyti taka ákvæði 20. gr. til varðhaldsfanga.

## 37. gr.

Auk refsiviðurlaga þeirra, sem í 27. gr. getur, má svipta varðhaldsfanga, sem sekur gerist um brot á reglum fangelsisins, rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru fæði en því, sem fangelsið lætur í té.

Ekki má refsa varðhaldsfanga með innilokun í einangrunarklefa lengur en 60 daga.

## III. KAFLI

## Um gæzlufanga.

## 38. gr.

Gæzlufangar skulu sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til þess að gæzlan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal að beita þá hörku eða harðýðgi, og þeir skulu ekki háðir frekari takmörkunum um hag sinn en nauðsyn krefur.

## 39. gr.

Gæzlufangar skulu látnir vera í einrúmi, nema dómari ákveði eða leyfi annað, og ekki skulu þeir gegn vilja sínum hafðir með refsiföngum. Eigi skulu gæzlufangar yngri en 18 ára hafðir með eldri föngum.

## 40. gr.

Gæzlufangar skulu ekki hafa lakara viðurværi en varðhaldsfangar. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þ. á m. fatnaði, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu, en skylt er fangaverði að rannsaka sendingar til gæzlufanga, áður en þær eru afhentar þeim. Ef fangavörður er í vafa um, hvort sending skuli afhent gæzlufanga, skal hann leita ákvörðunar dómara.

## 41. gr.

Gæzlufangar mega ekki þiggja heimsóknir né hafa samband við aðra menn en fangaverði nema með leyfi dómara, sem ákveður, hvernig eftirliti skuli haga, ef slíkt leyfi er veitt, en strax skal einangra gæzlufanga, ef hann eða sá, er sam-



**260** band hefur við hann, fer eigi eftir fyrirætlum eftirlitsmanns. Óski verjandi 9. sept. gæzlufanga eftir að fá að tala einslega við hann eða óski gæzlufangi eftir að fá að tala einslega við verjanda sinn, er fangaverði skylt að leita ákvörðunar dómara um, hvort heimila skuli slíkt samtal. Hið sama ber fangaverði að gera, ef gæzlufangi óskar eftir að fá að hafa samband við lækni eða prest.

## 42. gr.

Eigi má afhenda gæzlufanga bréf, skeyti eða önnur skjöl, né senda frá honum, nema dómari leyfi, enda hafi þau áður verið athuguð. Ákveði dómari kyrrsetningu slíkra gagna, skal sendanda gert viðvart.

## 43. gr.

Gæzluföngum er heimilt að útvega sér vinnu, sem samrímist öryggi og góðri reglu í varðhaldinu. Skal fangelsisstjóri aðstoða þá við útvegum verkefna, ef þeir óska þess. Arð af slíkri vinnu eiga gæzlufangar sjálfir. Bóka mega þeir og afla sér með samþykki fangavarðar, sem skylt er að athuga þær sem aðrar sendingar til gæzlufanga.

## 44. gr.

Gæzlufanga má skylda til að ræsta og hirða klefa sinn eftir fyrirætlum dómara.

## 45. gr.

Gæzlufangi getur borið fram kvörtun við dómara undan meðferð fangavarðar á sér, sbr. og 26. gr.

## 46. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar þessarar um gæzlufanga, sbr. einkum 7., 8., 11., 16., 21. 23., 25. og 28. gr., eftir því sem við á og með þeim tilslökunum, sem fangelsisstjóri telur æskilegar og dómari samþykkir.

## IV. KAFLI

## Niðurlagsákvæði.

## 47. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að gera þær tilslakanir á framkvæmd I. og II. kafla reglugerðar þessarar, sem hann telur nauðsynlegar eða heppilegar vegna sérstakra ástæðna, enda brjóti þær ekki í bága við grundvallarreglur reglugerðarinnar um fullnustu refsingar.

## 48. gr.

Fangelsisstjóri skal gæta þess, að fangar eigi kost á því að kynna sér reglugerð þessa og reglur þær, er settar kunna að verða samkvæmt henni.

## 49. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 33. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi tilskipun 28. febr. 1874 um hvernig tekin skuli út hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík.

*Dómsmálaráðuneytið, 9. september 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

261

9. sept.

### um vinnuhælið á Litla-Hrauni.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Mannheld girðing skal vera umhverfis vinnuhælið með traustlega læstum hliðgrindum.

##### 2. gr.

Í vinnuhælinu skulu allir klefar vera með traustum hurðum og dyraumbúnaði, sem sé örugglega mannheldur. Læsingar á klefadyrum skulu vera á þann veg, að þær verði ekki opnaðar innan frá. Járngrindur séu fyrir öllum gluggum og úti-dyrum vinnuhælisins.

##### 3. gr.

Í vinnuhælinu skal vera varðstofa fyrir fangaverði. Þar sé hringingarmiðstöð frá öllum fangaklefum, þar sé útvarpsviðtæki fangahússins, með leiðslum í alla fangaklefa, Einnig séu þar rafmagnsrofar fyrir öll ljós í fangaklefum.

##### 4. gr.

Í vinnuhælinu skal vera eitt herbergi til reiðu sem sjúkrastofa. Þar skal lækni-skoðun fanga fara fram.

##### 5. gr.

Í hverjum fangaklefa skal vera hringingarbjalla til varðstofu. Þar skal einnig vera heyrnartól eða hátalari frá útvarps-viðtæki vinnuhælisins. Í klefanum skal vera rúmstæði með góðri dýnu og ábreiðu, ásamt kotta og ullarteppum, lítið borð og stóll og emileruð fata skal vera í hverjum klefa.

##### 6. gr.

Í hverjum klefa skal hafður einn fangi nema nauðsyn brjóti þá reglu.

##### 7. gr.

Allir fangar skulu lokaðir inni í klefum sínum frá kl. 21 (9 að kveldi) til kl. 8 að morgni.

##### 8. gr.

Fangaklefar skulu opnaðir kl. 8 að morgni og fangarnir vaktir. Hringt skal til morgunverðar kl. 8.20.

##### 9. gr.

Hringt skal til vinnu kl. 9 að morgni. Þá mæti allir fangar vinnuklæddir í forstofu vinnuhælisins.

##### 10. gr.

Fangar, sem ekki mæta til vinnu við hringingu kl. 9 að morgni, skulu lokaðir inni í klefum sínum allan daginn, hvort sem þeir eru veikir eða heilbrigðir.

##### 11. gr.

Fangar, sem neita að vinna án gildra ástæðna, skulu lokaðir inni í einangrunar-klefum. Þeir séu sviptir tóbaki og útvarpi.

261

9. sept.

Hagi fangi sér ósæmilega í borðstofu eða vinnustað, sætir það innlokun samkvæmt 10. gr.

12. gr.

13. gr.

Öll bréf til fanga og frá, skulu ganga í gegnum skrifstofu fangelsisstjóra, sem rannsakar innihald þeirra. Símtöl til fanga og frá eru bönnuð, nema sérstaklega standi á. Komi þá samþykki fangelsisstjóra til.

14. gr.

Fangar hafa rétt til að þiggja heimsókn af nánnum vandamönnum sínum eða vinum á tilteknum viðtalstímum, einu sinni á mánuði, þó ekki fyrsta mánuð refsitímans. Fangelsisstjóri getur leyft frekari heimsóknir, hann getur og ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, einnig vandamönnum hans. Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir manna nema þeirra sem eiga við hann opinber erindi, eða heimsækja hann að tilmælum fangelsisstjóra. Fangavörður eða annar gæzlumaður vinnuhælisins, skal jafnan vera viðstaddur heimsóknina, og ræður hann lengd viðtalstíma.

Víska skal burt heimsóknargestum, sem eru undir áhrifum áfengis, eða hafa í frammi móðganir eða ósvífni við starfsmenn vinnuhælisins.

Heimsóknartími til fanganna er aðeins á helgum dögum kl. 13--15.

15. gr.

Fangaverðir skulu rannsaka nákvæmlega hvað heimsóknargestir hafa meðferðis til fanganna. Heimsóknargestum, sem koma með áfengi eða deyfilyf, skal vikið burt.

16. gr.

Ef fangelsisstjóra verður kunnugt um eitthvað, sem varðar einkahag fanga og mikilvægt er fyrir hann að fá vitneskju um, skal fangelsisstjóri hlutast til um að fanginn fái að vita það.

17. gr.

Fangar eiga rétt á því að útvega sér eða fá sér sendar hollar og fræðandi bækur, til lesturs í tómstundum sínum. Á vinnuhælinu skal jafnan vera nokkuð til af slíkum bókum til útláns handa föngunum.

Fangar eiga ekki rétt til að kaupa dagblöð eða vikublöð, en fangelsisstjóri getur leyft þeim lestur slíkra blaða, eftir því sem aðstæður leyfa og henta þykir. Skal það einkum vera á helgidögum svo og síðasta hálfu mánuð refsitímans.

18. gr.

Fangi hefur rétt til þess að hafa hjá sér ljósmyndir af eiginkonu sinni, foreldrum, börnum eða unnustu, og fá sér sendar myndir af þessum vandamönnum sínum eftir því sem hæfilegt þykir.

Hann má og taka við hæfilegum blómasendingum. Vasaúr má fanginn hafa aðeins með leyfi fangavarðar. Föngum er stranglega bannað að líma myndir eða annað á klefaveggina.

Fangi má fá af vinnulaunum sínum, ef ástæður leyfa, til að afla sér ritfanga, almanaka, verkefni til tómstundaiðju og því um líkt, þó aðeins með samþykki fangelsisstjóra hverju sinni, og samkvæmt hreinlætisreglum vinnuhælisins.

19. gr.

Fangi má ekki afla sér neins fyrir peninga þá, sem hann hefur haft með sér er hann kom á vinnuhælið eða fengið senda síðan. Muni, sem hann hefur eða fengið senda síðar, getur hann ekki fengið afhenta nema með leyfi fangelsisstjóra.

## 20. gr.

Fangar eiga rétt á ókeypis lækniþjálpi frá lækni vinnuhælisins, ásamt umbúðum og sóttþreinsunarlyfjum, vegna meiðsla eða útvortis ákomu.

En allar inntökur, pillur og mixtúrur, sem þeir fá þó aðeins að læknisráði, séu færðar með réttu verði á viðskiptareikninga þeirra.

## 21. gr.

Óski fangi eftir að fá viðtal við dómara, verjanda sinn, lækni eða prest, skal hann tjá það fangaverði, sem sinnir því í samræmi við þær reglur, sem honum eru um það settar.

## 22. gr.

Kvartanir vegna meðferðar á vinnuhælinu getur fangi fengið að senda skriflega til dómsmálaráðherra. Ef fangi misnotar heimild þessa verulega, svo sem með því að bera fram rangar kærur, má láta hann sæta ábyrgð fyrir.

## 23. gr.

Vinnuhælinu stýrir fangelsisstjóri undir umsjón þriggja manna stjórnarnefndar og yfirumsjón dómsmálaráðuneytisins. Í nefndinni eru sýslumaðurinn í Árnessýslu, héraðslæknirinn í Eyrarbakkaþénaði og þriðji maður, er dómsmálaráðherra tilnefni. Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefur umsjón með fullnustu refsídóma í vinnuhælinu. Héraðslæknir Eyrarbakkaþénaðs er læknir vinnuhælisins.

## II. KAFLI

## 24. gr.

Fangelsisstjóri hefur á hendi:

1. Umsjón og yfirstjórn á daglegum störfum í vinnuhælinu.
2. Fjárreiður og reikningshald fyrir reksturinn.
3. Ræður starfsmenn og vikur þeim úr starfi, ef honum þykir ástæða til. Þó þarf samþykki dómsmálaráðuneytisins til. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda starfsmanna.

## 25. gr.

Fangaverðir séu á vöktum í vinnuhælinu eftir fyrirmælum og skipulagi fangelsisstjóra. Þeir mega aldrei yfirgefa vinnuhælið á vakt sinni, án vitundar og samþykkis hans.

Fangaverðir sjái um að settar reglur vinnuhælisins séu haldnar í hvívetna. Þeir skulu færa dagbók vinnuhælisins, eftir nánari fyrirmælum fangelsisstjóra, en þar skal skráð daglega:

- A. Nöfn fanga, sem eru í starfi, og við hvað er unnið.
  - B. Nöfn fanga, sem eru ekki í starfi, og hvers vegna.
  - C. Nöfn fanga sem koma, og fanga sem fara af vinnuhælinu.
  - D. Vaktir fangavarða.
  - E. Ef eitthvað kemur fyrir á heimilinu, sem máli skiptir.
- Öll bókun sé nákvæm og örugg heimild.

## 26. gr.

Verkstjórar vinnuhælisins eru jafnframt fangaverðir á vinnustað, og mega aldrei yfirgefa fanga eða senda einstaka fanga úr auglýni.

Þeir skulu daglega gefa fangelsisstjóra skýrslu, ef einhver fangi sýnir leti við vinnu eða ósæmilega framkomu á vinnustað.

261

9. sept.

27. gr.

Almennur vinnudagur fanga skal vera 8 stundir 6 daga í viku. Unnið skal frá kl. 9 að morgni til kl. 6 að kvöldi. Matartími skal vera kl. 12—13, en kaffihlé kl. 15.30—16. Ef nauðsyn krefur að unnið sé lengur einstaka daga en 8 stundir, skulu fangar fá aukagreiðslu fyrir hverja klukkustund, sem fram yfir er.

28. gr.

Máltíðum skal haga þannig:

Kl. 8.20 morgunverður.

Kl. 12 miðdagsmatur.

Kl. 15.30 eftirmiðdagskaffi.

Kl. 19 kveldverður

Ef aðstæður við vinnu krefjast, skal færa matmálstíma til. Sé unnið allt að 10 sundir á dag eða lengur, skulu fangar fá aukakaffi með brauði.

29. gr.

Í morgunverð skal vera brauð með áleggji, ásamt hafragraut og mjólk eða skyrhræring og mjólk.

Á hverjum degi skal vera heitur matur í miðdagsmat og kveldverð. Kjöt skal vera þrjá daga í viku. Brauð með áleggji sé með eftirmiðdagskaffi. Allir fangar skulu fá matarskammt eftir þörfum.

30. gr.

Dagkaup fullvinnandi fanga (8 stunda vinnudagur) skal jafnan vera sama og klukkustundarkaup við almenna verkamannavinnu, samkvæmt taxta verkamannafélags á staðnum. En yfirvinna fanga skal jafnan borguð um klukkustund hverja sama verði og dagkaup fangans er. Fangi sem ekki telst fullgildur verkmaður að dómi verkstjóra, fær kaup eftir mati fangelsisstjóra.

31. gr.

Vinnuhælið skal jafnan hafa búrekstur, garðrækt, grasrækt og búfénað. Skal fyrst og fremst stefnt að því að fullnægja þörfum vinnuhælisins um matjurtir og aðrar landbúnaðarvörur. Þá skal framleidd söluvara eftir því, sem vinnukraftur leyfir. Einnig skal hafður iðnaður, sem geri mögulegt að láta fanga hafa innivinnu á veturna.

32. gr.

Vinnuhælið skal jafnan hafa fyrirbyggjandi, allan nauðsynlegan fatnað handa föngunum, svo sem: nærklæðnað, vinnuföt, sokka, vettlinga, skó og gúmmístígvél, og hlífðarföt við útivinnu. Tóbak og eldspýtur, og nauðsynlegar hreinlætisvörur.

33. gr.

Efnisvörur þær, sem um getur í 32. gr., skulu vera á sérstökum reikningi, sem nefnist efnisreikningur. Á efnisreikning skulu færð öll innkaup til hans, og úttekt fanga á þessum efnisvörum. Gæta skal þess jafnan að efnisreikningur sé ekki rekinn með halla.

34. gr.

Hver fangi skal hafa sinn viðskiptareikning, þar sem vinnulaun hans eru færð honum til tekna, en úttekt úr efnisreikningi til gjalda.

Hemil skal jafnan hafa á úttekt fanga og áherzla lögð á, að fangar eigi jafnan inni á viðskiptareikningi sínum fyrir nauðsynlegri úttekt.

## 35. gr.

261

9. sept.

Þegar fangi hefur lokið refsingu eða fengið náðun, og fer í burt af vinnuhælinu, skal fangelsisstjóri færa inn í fangabók stutta greinargerð um hegðun fangans á vinnuhælinu, þyngd hans og niðurstöður viðskiptareiknings hans. Við burtför skal fanginn fá staðfest afrit af viðskiptareikningi sínum. Ef reikningurinn sýnir inn-eign fangans, skal hún greidd honum með peningum, en skuldi fanginn, skal reikningurinn gerður upp samkvæmt 47. gr. III. kafla.

## III. KAFLI

## 36. gr.

Allir fangar skulu einangraðir við komu sína á vinnuhælið í þrjá sólarhringa (sóttkví). Að þeim tíma liðnum skal læknir vinnuhælisins skoða þá, og leggja fram á varðstofu vinnuhælisins skriflega umsögn um heilbrigðisástand þeirra, og hvort hann telur þá vinnufæra.

## 37. gr.

Hafi fangi við komu sína á vinnuhælið peninga í fórum sínum eða önnur verðmæti, skal það tekið og innsiglað og geymt þar til fanginn fer í burt af vinnuhælinu. Allt slíkt skal fært inn í þar til gerða bók, sem fanginn kvittar fyrir í, er hann tekur aftur við fjármunum sínum.

## 38. gr.

Enginn fangi má koma í borðstofu vinnuhælisins eða hafa samneyti við aðra fanga, fyrr en hann hefur gengið í gegnum sóttkví og læknisskoðun.

## 39. gr.

Nú hefur læknisskoðun leitt í ljós, að fangi er með óþrif, lús eða annað, sem smitað getur samfanga hans, þá skal hann einangraður þar til hann hefur verið læknaður. Sama gildir um fanga, sem læknir telur óvinnufæra, þeir skulu lokaðir inni í klefum sínum, þar til þeir hefja vinnu eða verða fluttir burt af vinnuhælinu.

## 40. gr.

Þegar fangi hefur gengið í gegnum sóttkví og læknisskoðun, skal fangelsisstjóri taka af honum æviferilsskýrslu, og færa hana inn í þar til gerða fangabók. Fangi skal veginn við skrásetningu, og þyngd hans færð inn í fangabók. Óvinnufærir eða sjúkir fangar skulu ekki teknir á vinnuhælið.

## 41. gr.

Þegar fangi hefur fengið læknisskoðun, og er talinn heilbrigður og vinnufær, samkvæmt dómi læknis, skal hann settur í starf, og skal þá leitast við að finna honum verkefni, sem hæfir bezt verkkunnáttu hans og starfsmöguleikum.

## 42. gr.

Ef fangi hefur ekki með sér vinnufatnað og annan nauðsynlegan útbúnað, skal vinnuhælið láta honum í té það, sem með þarf, til þess að fanginn verði vinnufær, og nær það einnig til hlífðarfata við útivinnu.

## 43. gr.

Allt það, sem vinnuhælið lætur föngum í té, annað en fæði og húsnæði, skal fært á viðskiptareikning viðkomandi fanga.

## 261

9. sept.

Gæta skal þess, sem auðið er, að fangar fái ekki meiri úttekt, en þeir eiga inni fyrir á viðskiptareikningum sínum.

## 44. gr.

## 45. gr.

Færast skal föngum til gjalda á viðskiptareikninga þeirra:

1. Allur fatnaður sem vinnuhælið lætur þeim í té.
2. Tóbak og eldfæri.
3. Handþurrkur og sápur.
4. Tannburstar, tannkrem, raktæki og aðrar hreinlætisvörur.
5. Öll lyf, sbr. þó 20. grein.

## 46. gr.

Ef fangi, við burtför af vinnuhælinu, óskar eftir því að mega skila aftur einhverju af vinnufatnaði eða öðrum efnisvörum, sem hann hefur fengið hjá vinnuhælinu í viðskiptareikning sinn, er skylt að taka það aftur, og er þá verðlagt eftir mati fangavarðar.

## 47. gr.

Ef fangi er ekki skuldlaus samkvæmt viðskiptareikningi sínum, við burtför af vinnuhælinu, skal hann leggja inn á reikning sinn, það af nothæfum plöggum sínum, sem hann hefur áður fengið hjá vinnuhælinu, að hann slétti reikning sinn ef mögulegt er. Verð á slíkum notuðum fatnaði fer eftir mati fangavarðar.

## 48. gr.

Valdi fangi skemmdum á hlutum eða verkfærum vinnuhælisins, skal tjónið bætt með vinnulaunum fangans, svo og til annarra útgjalda, sem fangi hefur orðið ábyrgur fyrir, meðan hann var að taka út refsingu, þar á meðal kostnaður vegna stroks.

## 49. gr.

Fangar skulu tryggðir fyrir slyshættu við vinnu, eftir því sem lög um slysa-tryggingar mæla, þegar þeir vinna verk, sem tryggingarskyld eru eftir þeim lögum.

## 50. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar og lögboðnum frídögum verkamanna, skulu fangar ekki vinna annað en nauðsynleg bústörf, og hreinlætisstörf fyrir heimilið.

## 51. gr.

Hverjum fanga skal gefinn kostur á að fá Nýja testamentið og sálmabók þjóðkirkjunnar. Ef fangi er utan þjóðkirkjunnar, skal honum heimilt að útvega sér samsvarandi helgirit trúfélags þess, sem hann telst til.

Þegar guðspjónusta fer fram í vinnuhælinu, skal gefa föngum kost á að vera viðstaddir, enda hagi þeir sér tilhlýðilega við guðspjónustuna.

Fari það í bág við trúarbrögð fanga að vinna tiltekinn dag, getur fangelsisstjóri leyst þá frá vinnuskyldu þá daga, gegn því að þeir fullnægi henni á annan hátt.

## 52. gr.

Fangi, sem ekki vinnur úti við, skal, ef heilsa hans, veðráttu og aðrar ástæður leyfa, vera að minnsta kosti eina klukkustund daglega á göngu úti.

Nær það einnig til fanga, sem hafðir eru í refsiklefa samkv. 3. tölulið 47. gr. alm. hegningarlaga.

Þó nær það ekki til þeirra fanga, sem fangelsisstjóri telur hættulegt að hafa lausa.

## 53. gr.

261

Þegar fangi verður sjúkur, skal fara með hann að ráði lækni vinnuhælisins, og er fanganum skylt að haga sér nákvæmlega eftir fyrirmælum hans.

Sé sjúkdómur fanga hættulegur skal gera nánustu vandamönnum hans aðvart, ef unnt er. Hafi fangi næman sjúkdóm, skal þess gætt eftir ýrtruðu möguleikum, að aðrir fangar smitist ekki af honum.

## 54. gr.

Ef kennsla, verkleg eða bókleg, fer fram í vinnuhælinu, er föngum undir 24 ára aldri skylt að taka þátt í því námi, sem þeir verða settir til.

Eldri föngum má og veita kost á námi, eftir því sem ástæður leyfa.

Fangelsisstjóri getur leyst fanga undan námsskyldu, ef námið telst honum ekki nauðsynlegt vegna menntunar hans eða öðrum ástæðum. Kennslutíminn telst til vinnutíma fangans.

## 55. gr.

Fangi, sem er í starfi og vinnur fyrir launum, á rétt á nokkrum tóbaksskammti einu sinni í viku. Fangelsisstjóri ákveður hvað sá skammtur er stór.

Reykningar við vinnu eru stranglega bannaðar.

## 56. gr.

Ef fangi gerist brotlegur við reglur vinnuhælisins og broti er ekki þannig háttað, að það sé látið sæta opinberri ákæru, getur fangelsisstjóri ákveðið fanganum eftirgreind refsiviðurlög eftir málavöxtum hverju sinni:

1. Svipting ívilnana, sem í samræmi við reglur vinnuhælisins eru veittar föngum, sem hegða sér vel, svo sem notkun starfstækja, bóka, bréfaskiptarétti, heimsóknarrétti, útigöngurétti, ef brotið hefur verið framið í sambandi við útigöngu hans.
2. Svipting vinnulauna að öllu eða nokkru leyti.
3. Einangrun í refsiklefa allt að 90 daga.

Einangrun í refsiklefa má ekki lengja refsitíma fanga um meira en þriðjung dæmnds refsitíma, nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið, og aldrei um meira en helming dæmnds refsitíma. Áður en fangelsisstjóri ákveður refsiviðurlög, skal hann ganga úr skugga um, hvernig broti sé háttað, með því að yfirheyra fangann og annarri rannsókn eftir ástæðum. Jafnan skal hann bóka ákvarðanir sínar um refsiviðurlög. Beita má fleiri en eins konar viðurlögum samtímis.

## 57. gr.

Fangavörður getur beitt nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við fanga, ef afstýra þarf yfirvofandi ofbeldi, bæla niður ofbeldisfullan mótþróa eða koma í veg fyrir stök. Í því skyni má meðal annars nota járn, spenniból og einangrun í öryggisklefa. Ekki má nema með samþykki dómsmálaráðherra halda fanga í öryggisklefa lengur en einn mánuð.

## 58. gr.

Fangelsisstjóri skal festa upp í hverjum fangaklefa skýrar og ákveðnar reglur fyrir fangana að fara eftir, í dvöl sinni á vinnuhælinu.

Í þeim reglum skal tilgreina refsivert athæfi.

## 59. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytið, 9. september 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*



262

**REIKNINGUR**

Bjargráðasjóðs Íslands 1956.

**I. Rekstursreikningur.****Tekjur:**

1. Bjargráðasjóður sveitarfélaga fyrir árið 1955:			
a. Til séreignarsjóða .....	kr.	55796.00	
b. — sameignarsjóðs .....	—	55796.00	
			kr. 111592.00
2. Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfélaga fyrir árið 1956:			
a. Til séreignarsjóða .....	kr.	84750.00	
b. — sameignarsjóðs .....	—	84750.00	
			— 169500.00
3. Bjargráðasjóðsgjald ríkissjóðs .....			— 310500.00
4. Vaxtatekjur:			
a. Af innstæðum séreignarsjóða .....	kr.	136997.16	
b. — eignum sameignarsjóðs .....	—	127016.22	
			— 264013.38
			Kr. 855605.38

**Gjöld:**

1. Kostnaðarreikningur .....	kr.	142565.27	
2. Styrkir .....	—	40000.00	
			Kr. 182565.27
Tekjuafgangur .....	—	673040.11	
			Kr. 855605.38

**II. Efnahagsreikningur:****Eignir:**

1. Séreignarsjóðir sveitarfélaga:			
a. Bankainnstæður frá f. á. ....	kr.	2715692.12	
b. Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfélaga frá 1955 .....	—	55796.00	
c. Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfélaga frá 1956 .....	—	84750.00	
d. Vextir .....	—	136997.16	
			kr. 2993235.28
2. Eignir sameignarsjóðs:			
a. Ríkistryggð skuldabréf .....	kr.	1670222.21	
b. Skuldabréf sveitarfélaga og skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	—	546400.00	
c. Bráðabirgðalán .....	—	20000.00	
d. Ópurrralán .....	—	12500000.00	
			— 14736622.21
e. Innbú og lausafé .....	—	89393.43	
f. Bankainnstæður .....	kr.	600009.97	
g. Peningar í sjóði .....	—	23532.76	
			— 623542.73
			Kr. 18442793.65

## Skuldir:

262

1. Skuldabréf ríkissjóðs vegna ópurrkalána .....	kr. 10500000.00
2. Skuldabréf Búnaðarbanka Íslands .....	— 1500000.00
Skuldlaus eign .....	— 6442793.65

Kr. 18442793.65

Reykjavík, í janúar 1957.

Jónas Guðmundsson.

## AUGLÝSING

263

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær,  
sem gerðar hafa verið árið 1957.

## I.

Skrás. 1957, nr. 1. Tilkynt 10. apríl 1956, kl. 10 f. h., af E. I. Du Pont De Nemours And Company, iðjurekstri, Wilmington, Delaware, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. janúar 1957.

Orðið:

**LUCITE**

Samkvæmt tilkynningu 22. desember 1955 er merkið skrásett í Washington 13. nóvember 1956, 16. flokki, fyrir gervilökk (synthetic finishes) aðallega til notkunar á bifreiðar og í iðju, sem sé akryliska lakkfernisa, þynnira, undirmálningar og grunnmálningar.

Skrás. 1957, nr. 2. Tilkynt 13. apríl 1954, kl. 4 e. h., af R. J. Reynolds Tobacco Company, iðjurekstri, Winston-Salem, North Carolina, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. janúar 1957.

Orðið:

**Winston**

Samkvæmt tilkynningu 17. febrúar 1954 er merkið skrásett í Washington 30. október 1956, 17. flokki, fyrir cigarettur.

Skrás. 1957, nr. 3. Tilkynt 25. maí 1956, kl. 10 f. h., af Kentile, Inc., iðjurekstri New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. janúar 1957.

Orðið KENTILE, og undir því með smáu letri orðin: The Asphalt Tile of Enduring Beauty með hringmynduðum fleti aftan við þau.

**KENTILE**

The Asphalt Tile of  
Enduring Beauty 

Samkvæmt tilkynningu 8. desember 1952, er merkið skrásett í Washington 30. marz 1954, 12. flokki, fyrir asfalt tígulþekjur á gólf.

- 163** **Skrás. 1957, nr. 4.** Tilkynnt 4. október 1956, kl. 11 f. h., af Lamson Paragon, Limited, iðjurekstri og verzlun, London, Englandi, og skrásett 19. janúar 1957.  
Orðið:

## P A R A G O N

Merkið er skrásett í London 27. ágúst 1886, 39. flokki, fyrir: Ritvélar, pappír (nema veggfóður), pappírshluti, pappahluti, pappa, prentað mál og prentaðar útgáfur, bækur, bókbandsefni, ritföng, efni til að líma (í sambandi við ritföng), skrifstofuáhöld (nema húsgögn), efni til að nota við kennslu (nema tæki), skrifstofu-, búðar- og verksmiðjutæki til að skrá viðskipti sjálfkrafa; svo og útbúnað til að setja eyðublöð í ritvélar, fjölrítunartæki, samlagningar- og reiknivélar eða til að nota í sambandi við þær; pappírs- og pappavafninga og umbúðaefni.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 27. ágúst 1956.

- Skrás. 1957, nr. 5.** Tilkynnt 16. júlí 1956, kl. 4 e. h., af Merck & Co., Inc., iðjurekstri, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. janúar 1957.

Orðið:

## CATHOMYCIN

Samkvæmt tilkynningu 10. febrúar 1956 er merkið skrásett í Washington 13. nóvember 1956, 18. flokki, fyrir fúkalýf (antibiotics).

- Skrás. 1957, nr. 6.** Tilkynnt 31. júlí 1956, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 19. janúar 1957.

Orðið:

## CO-HYDELTRA

Samkvæmt tilkynningu 8. marz 1956 er merkið skrásett í Washington 27. nóvember 1956, 18. flokki, fyrir steroid efnasambönd, sem fela í sér lækningaefni til hvata lækninganota.

- Skrás. 1957, nr. 7.** Tilkynnt 25. september 1956, kl. 11 f. h., af Zimmer Bofors N. V., verzlun, Amsterdam W, Hollandi, og skrásett 19. janúar 1957.

Orðið:

## N O B E D E R M

Samkvæmt tilkynningu 13. janúar 1956 er merkið skrásett í Hague 24. janúar 1956, fyrir lyf og lyfjafraðilegar vörur.

- Skrás. 1957, nr. 8.** Tilkynnt 25. september 1956, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 19. janúar 1957.

Orðið:

## N O B E P Y R O L

Samkvæmt tilkynningu 9. júlí 1956 er merkið skrásett í Hague 21. júlí 1956 fyrir lyf og lyfjafraðilegar vörur.

**Skrás. 1957, nr. 9.** Tilkynt 26. september 1955, kl. 3 e. h., af American Cyanamid **163** Company, iðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 19. janúar 1957.


Orðið:

## ACRO-SPRAY

Samkvæmt tilkynningu 16. maí 1955 er merkið skrásett í Washington 21. ágúst 1956, 6. flokki, fyrir efnasamsetningar til úðunar á nýlega veiddan fisk til að verja hann skemmdum.

**Skrás. 1957, nr. 10.** Tilkynt 2. desember 1956, kl. 11 f. h., af Þórði Sveinssyni & Co. h.f., innflutningsverzlun, Reykjavík, og skrásett 2. febrúar 1957.

Í merkinu er rós vinstra megin, en fyrir neðan hana er ritað með skriflettri Red Rose.




*Red Rose*

Merkið er skrásett fyrir kvensokka og kvenfatnað.

**Skrás. 1957, nr. 11.** Tilkynt 2. desember 1956, kl. 4 e. h., af A. & R. Scott Limited, iðnaður og verzlun, Colinton, Midlothian, Skotlandi, og skrásett 2. febrúar 1957.


Ferstendur einkennismiði. Á miðanum er mynd af manni í skoðum íþróttabúningi, sem er að varpa kúlu. Á miðjum einkennismiðanum eru lettruð á dökkum fleti orðin: Scott's Porage QUICK COOKING OATS. Vinstra megin á miðanum standa orðin: Scott's Porage OATS.



Merkið er skrásett í London 23. apríl 1956, 30. flokki, fyrir haframjöl.

Skrás. 1957, nr. 12. Tilkynt 5 desember 1956, kl. 4 e. h., af Kovosvit národni podnik, verksmiðjurekstur og verzlun, Sezimovo Útsí, Tékkóslóvakíu, og skrásett 2. febrúar 1957.

Orðið MAS í svartri umgerð í hring.



Samkvæmt tilkynningu 3. júlí 1956 er merkið skrásett í Praha 14. júlí 1956 fyrir: Vélaverkfæri, einkum véltæki til málmsmiða, meitlunar og annars, verkfæri, tæki og verkfæri til að fræsa, deila og bora, klambra (patrónur), áhaldagreipar, tæki til að skera og pressa málma, vökvaprýstivélar og kerfi, vefnaðarvélar, vélar til að vinna gúm, dælur, sjálfvirk tæki, vökvaprýstítæki og raftæki til þess að stjórna eða fjarstýra með mannshönd eða sjálfvirkum hætti hreyfingum vélahluta eða samstæðum þeirra, efni til lásasmíða, mælitæki til að prófa stærð og gæði vélarhluta,

tæki og klambra (patrónur) til borunar, fræsingar, fágunar, heflunar og svipuð **163**  
tæki til þess að létta afköst vélknúinna málmsmiðatækja, steypar, smiðaðar og  
slegnar málmvörur.

**Skrás. 1957, nr. 13.** Tilkynt 8. desember 1956, kl. 11 f. h., af Philip Morris Incorporated, iðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 2. febrúar 1957.

Orðið:

## SPUD

Samkvæmt tilkynningu 4. ágúst 1945 er merkið skrásett í Washington 30. apríl 1946, 17. flokki, fyrir cigarettur.

**Skrás. 1957, nr. 14.** Tilkynt 8. desember 1956, kl. 11 f. h., af Chas. Pfizer & Co., Inc., iðjurekstur, Brooklyn, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 2. febrúar 1957.

Á sporöskjulöguðum fleti stendur orðið: Pfizer.



Samkvæmt tilkynningu 27. apríl 1953 er merkið skrásett í Washington 1. maí 1956, 18. flokki, fyrir lyfjafræðilegar efnasamsetningar handa mönnum og til dýralækninga, sem sé viðbótar fæðu handa dýrum, fúkalyf, afleiðslufni úr því og vítamín, annaðhvort ein eða í samsetningu.

**Skrás. 1957, nr. 15.** Tilkynt 8. desember 1956, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 2. febrúar 1957.

Orðið:

## Tetracyn

Samkvæmt tilkynningu 26. október 1953 er merkið skrásett í Washington 23. nóvember 1954, 18. flokki, fyrir fúkalyfs efnasamsetningu.

**Skrás. 1957, nr. 16.** Tilkynt 8. desember 1956, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 2. febrúar 1957.

Orðið:

## TERRAMYCIN

Samkvæmt tilkynningu 20. janúar 1950 er merkið skrásett í Washington 21. júlí 1953, 18. flokki, fyrir fúkalyfs efnasamsetningu, sem inniheldur oxytetracycline eða afleiðslufni úr því.

**Skrás. 1957, nr. 17.** Tilkynt 5. október 1956, kl. 11 f. h., af American Home Products Corporation, iðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

## SPARINE

Samkvæmt tilkynningu 24. janúar 1956 er merkið skrásett í Washington 11. desember 1956, 18. flokki, fyrir róandi efni (tranquillizing agent).

**163** Skrás. 1957, nr. 18. Tilkynt 20. október 1956, kl. 2 e. h., af Mogens Fin Stelling, verzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 11. febrúar 1957.


Orðið:

# VIDAPAN

Samkvæmt tilkynningu 11. október 1956 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. desember 1956 fyrir lýstar og ólýstar filmur og plötur, ljósmyndapappír, kemiskar afurðir til ljósmyndagerðar, ljósmyndaþeki og vörur til notkunar í því sambandi, sem sé lýsingartöflur, ljósmyndaáhöld og verkfæri, allt frá VEB Fotochemische Werke Berlin, Berlin—Köpenick.

Skrás. 1957, nr. 19. Tilkynt 29. nóvember 1956, kl. 11 f. h., af Farbenfabriken Bayer Aktiengesellschaft, iðjurekstur, Leverkusen-Bayerwerk, Þýzkalandi, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið LEWATIT undir dökkum borða með tveim hringum og frádráttar- og samlagningarmerkjum.



Samkvæmt tilkynningu 28. apríl 1955 er merkið skrásett í München 19. júní 1956, 6. flokki, fyrir efnafræðilegar afurðir til iðjunotkunar.

Skrás. 1957, nr. 20. Tilkynt 13. nóvember 1956, kl. 4 e. h., af Le Page's Inc., iðjurekstur og verzlun, Gloucester, Massachusetts, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

LE PAGE'S

Samkvæmt tilkynningu 16. maí 1907 er merkið skrásett í Washington 5. janúar 1909, 5. flokki, fyrir fljótandi lím, gúmmilím (mucilage) og límandi klístur.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 5. janúar 1949.

Skrás. 1957, nr. 21. Tilkynt 20. nóvember 1956, kl. 2 e. h., af J. H. Clarke & Co. Limited, iðjurekstur, Leicester, Englandi, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

DURAFLEX

Merkið er skrásett í London 20. september 1930, 38. flokki, fyrir stígvél, kven- 163 skó (booteé), skó, morgunskó og sandala.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins 19. september 1950.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 20. september 1944.

Skrás. 1957, nr. 22. Tilkynnt 20. nóvember 1956, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

G R O V E N A

Merkið er skrásett í London 12. október 1917, 38. flokki, fyrir stígvél, kvenskó (booteé), skó, morgunskó og sandala.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins 19. september 1950.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 12. október 1945.

Skrás. 1957, nr. 23. Tilkynnt 21. nóvember 1956, kl. 3 e. h., af Mogens Fin Stelling verzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

# Diavidox

Samkvæmt tilkynningu 15. nóvember 1956 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. desember 1956 fyrir ólýstar röntgenfilmur til lækninga, sem eru frá VEB Fotochemische Werke Berlin, Berlin—Köpenick.

Skrás. 1957, nr. 24. Tilkynnt 21. nóvember 1956, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

# Diasinex

Samkvæmt tilkynningu 15. nóvember 1956 er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 31. desember 1956 fyrir ólýstar röntgenfilmur án gljáblaðs (folie), sem eru frá VEB Fotochemische Werke Berlin, Berlin—Köpenick.

Skrás. 1957, nr. 25. Tilkynnt 29. nóv. 1956, kl. 4 e. h., af Lenthalic Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

L E N T H E R I C

Merkið er skrásett í London 28. júní 1939, 3. flokki, fyrir sápur, ilmefni, fegurðarlyf, snyrti-krem, hörundsduft, hörundsáburð, áburð í sambandi við böð og brillantine.

Tilkynnandi er skráður eigandi merkisins 19. marz 1946.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 28. júní 1946.



- 163** Skrás. 1957, nr. 26. Tilkynt 29. nóvember 1956, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1957.

Orðið:

**T W E E D**

Merkið er skrásett í London 14. september 1951, 3. flokki, fyrir ilmvoðn, hörundsduft, andlitsduft, óhreinsuð baðsölt og baðoliur, ilmefni og sápur.

Skrás. 1957, nr. 27. Tilkynt 3. júlí 1956, kl. 10 f. h., af Firma Hans Schwarzkopf, iðjurekstur, Hamburg—Altona, Þýzkalandi, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðin:

## BLACK HEAD

Samkvæmt tilkynningu 23. febrúar 1956, er merkið skrásett í München 3. maí 1956, 34. flokki, fyrir læknislyf, efnafræðilegar afurðir til lækninga og heilsuverndar, lyffræðileg lyfjaefni, plástra, sáraumbúðir, ilmefnavörur, efni til líkams- og fegurðarumhirðu, ilmoliur, sápu, þvotta- og bleikiefni, sterkju og sterkjuafurðir til fegrunar- notkunar og þvottamarkmiða, áhöld til líkams- og fegurðarumhirðu.

Skrás. 1957, nr. 28. Tilkynt 24. ágúst 1956, kl. 11 f. h., af Merck & Co., Inc., iðjurekstur, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

**MEVASINE**

Samkvæmt tilkynningu 17. maí 1956, er merkið skrásett í Washington 15. janúar 1957, 18. flokki, fyrir lyfjaefnasamsetningar til að lækka blóðþrýsting.

Skrás. 1957, nr. 29. Tilkynt 31. júlí 1956, kl. 4 e. h., af Radio Corporation of America, iðjurekstur, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

**Vik**

Samkvæmt tilkynningu 13. febrúar 1956, er merkið skrásett í Washington 6. nóvember 1956, 36. flokki, fyrir grópaðar hljóðritaplötur.

Skrás. 1957, nr. 30. Tilkynt 30. nóvember 1956, kl. 4 e. h., af Vinnufatagerð Íslands h.f., fatnaðarframleiðsla, Reykjavík, og skrásett 22. febrúar 1957.

Merkið:

**VAR**  
*Cold*

Merkið er skrásett fyrir alls konar fatnað úr ull, baðmull, hör, skinnnum og 163 gerviefnum.

Skrás. 1957, nr. 31. Tilkynt 30. nóvember 1956, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

**PERMAFUSED**

Merkið er skrásett fyrir alls konar fatnað úr ull, baðmull, hör, skinnnum og gerviefnum.

Ber að skoða orðið PERMAFUSED sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1957, nr. 32. Tilkynt 30. nóvember 1956, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

**Drillon**

Merkið er skrásett fyrir alls konar fatnað úr ull, baðmull, hör, skinnnum og gerviefnum.

Ber að skoða orðið Drillon sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1957, nr. 33. Tilkynt 30. nóvember 1956, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

**VÍRflex**

Merkið er skrásett fyrir alls konar fatnað úr ull, baðmull, hör, skinnnum og gerviefnum.

Ber að skoða orðið VÍRflex sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1957, nr. 34. Tilkynt 20. desember 1956, kl. 10 f. h., af Knoll A.—G. Chemische Fabriken, iðjurekstur, Ludwigshafen am Rhein, Þýzkalandi, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

**Hepsan**

Samkvæmt tilkynningu 1. desember 1942, er merkið skrásett í Berlín 21. júní 1944, 2. flokki, fyrir lækislyf, efnafræðilegar afurðir til heilbrigðismarkmiða og heilsuverndar, lyffræðileg lyfjaefni, plástra, sáraumbúðir, efni til útrýmingar dýra og jurta, kímeyðandi-, sveppaeyðandi- og rotvarnandi efni (sótttreinsunarefni), efni til að halda næringarefnum ferskum og gera þau haldgóð.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 1. desember 1952.

- 163** Skrás. 1957, nr. 35. Tilkynt 20. desember 1956, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

## Osadrin

Samkvæmt tilkynningu 1. desember 1942, er merkið skrásett í Berlín 31. október 1944, 2. flokki, fyrir læknislyf, efnafræðilegar afurðir til heilbrigðismarkmiða og heilsuverndar, lyffræðileg lyfjaefni, plástra, sáraumbúðir, efni til útrýmingar dýra og jurta, kímeyðandi-, sveppaeyðandi- og rotvarnandi efni (sóttgreinsunarefni), efni til að halda næringarefnum ferskum og gera þau haldgóð, efnafræðilegar afurðir til iðju og visindamarkmiða.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 1. desember 1952.

- Skrás. 1957, nr. 36. Tilkynt 20. desember 1956, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 22. febrúar 1957.

Orðið:

## Granugen

Samkvæmt tilkynningu 20. maí 1915, er merkið skrásett í Berlín 29. desember 1915, 2. flokki, fyrir lyffræðilegar efnablöndur og læknislyf fyrir menn og dýr, sóttgreinsunarefni, fegrunarefnablöndur, oliur og smyrslu til lækningamarkmiða, sápu.

Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 15. maí 1945.

- Skrás. 1957, nr. 37. Tilkynt 14. desember 1956, kl. 3 e. h., af Sterling Polish Company A/S., iðjurekstur og verzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 22. febrúar 1957.

Undir £'s merki og orðinu: PRODUKT á oddveifufleti er orðið: Sterling, skráð með skrifbókstöfum í boglínu upp á við og þar neðan við orðin: SILVER POLISH POWDER í tveim línum.



*Sterling*

**SILVER POLISH  
POWDER**

Samkvæmt tilkynningu 24. október 1946, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 21. desember 1946 fyrir silfur-fægiduft.

Skrás. 1957, nr. 38. Tilkynt 20. desember 1956, kl. 11 f. h., af Dana S.A., verk 163 smiðjurekstur og verzlun, Barcelona, Spáni, og skrásett 14. marz 1957.

Orðið:

## Tabu

Samkvæmt tilkynningu 10. nóvember 1952 er merkið skrásett í Madrid 10. febrúar 1953 fyrir ilmvötn, krem, kölnarvatn, liti, naglalakk, alls konar tannpasta og tannkrem og alls konar snyrtivörur.

Skrás. 1957, nr. 39. Tilkynt 20. desember 1956, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 14. marz 1957.

Orðið:

## Dana, S. A.

Samkvæmt tilkynningu 5. október 1953 er merkið skrásett í Madrid 27. nóvember 1953 fyrir ilmvötn, krem, kölnarvatn, liti, naglalakk, alls konar tannpasta og tannkrem og alls konar snyrtivörur.

Skrás. 1957, nr. 40. Tilkynt 5. janúar 1957, kl. 11 f. h., af British-American Tobacco Company, Limited. iðnaður og verzlun. London, Englandi, og skrásett 14. marz s. á.

Ferstrendur ilangur einkennismiði. Ofarlega á miðanum stendur orðið: FATIMA.

Neðarlega á miðanum standa með örsmáu letri þessi orð: THE DIFFERENCE IS QUALITY. Neðst á einkennismiðanum stendur orðið FATIMA.



Merkið er skrásett í London 15. apríl 1953, 34. flokki, fyrir unnið og óunnið tóbak.

Skrás. 1957, nr. 41. Tilkynt 9. janúar 1957, kl. 10 f. h., af Lucky Strike Perfumeries Corporation, iðjurekstur, Tanger Marocco, og skrásett 14. marz s. á.


Orðið:

## L U C K Y

Samkvæmt tilkynningu 4. júní 1937 er merkið skrásett í París fyrir ilmefnavörur, sápu, andlitsfarða og snyrtivörur.

**163** Skrás. 1957, nr. 42. Tilkynt 10. janúar 1957, kl. 2 e. h., af Imperial Chemical Industries Limited, iðjurekstur og verzlun, London, Englandi, og skrásett 14. marz s. á.

Á svörtum sporbaugslaga fleti með hvítri kantlínu eru sjö ferningslaga hvítir smáfletir, þrír á efri og fjórir á neðri hluta flatarins.



Merkið er skrásett í London 22. nóvember 1955 og 24. marz 1956, 1. og 30. flokki, fyrir salt til notkunar í iðju, við jarðyrkju, garðyrkju, skógrækt og til varðveizlu matvæla, salt til notkunar sem fæðu.

Skrás. 1957, nr. 43. Tilkynt 10. janúar 1957, kl. 11 f. h., af Dana S.A., verk-smiðjurekstur og verzlun, Barcelona, Spáni, og skrásett 14. marz s. á.

Orðið:

**Emir**

Samkvæmt tilkynningu 30. desember 1954 er merkið skrásett í Madrid 3. febrúar 1955 fyrir ilmvötn, krem, kölnarvatn, hárvötn, varaliti, naglalakk, augnabruna-, kinna-, augnahára- og varalit, tannkrem alls konar, ilmvötn og snyrtivörur.

Skrás. 1957, nr. 44. Tilkynt 17. janúar 1957, kl. 2 e. h., af Mercury Record Corporation, iðjurekstur, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 14. marz 1957.

Orðið:

**MERCURY**

Samkvæmt tilkynningu 23. marz 1956 er merkið skrásett í Washington 23. nóv. 1956, 36. flokki, fyrir grópaðar hljóðrita plötur.

Skrás. 1957, nr. 45. Tilkynt 17. janúar 1957, kl. 11 f. h., af Veitingahúsinu, Laugaveg 28 b, veitingasala, Reykjavík, og skrásett 14. marz s. á.

Talan 28 með smáörvum til beggja handa.

» 28 «

Merkið er skrásett fyrir smurt brauð í umbúðum, mjólkuris og nestisþakka.

**Skrás. 1957, nr. 46.** Tilkynt 17. janúar 1957, kl. 2 e. h., af Mercury Record Corporation, iðjurekstur, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 14. marz s. á.

Orðið:

*EmArcy.*

Samkvæmt tilkynningu 7. maí 1954 er merkið skrásett í Washington 10. maí 1955, 36. flokki, fyrir grópaðar hljóðrita plötur.

**Skrás. 1957, nr. 47.** Tilkynt 19. janúar 1957, kl. 10 f. h., af Diamond Black Leaf Company, iðjurekstur, Cleveland, Ohio, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 14. marz s. á.

Á rauðum tígullaga fleti er mynd af svörtu laufblaði með orðunum: Black Leaf.



Samkvæmt tilkynningu 8. júlí 1955 er merkið skrásett í Washington 12. júní 1956, 6. flokki, fyrir efni til útrýmingar á meinlífverum, þ. e. skordýrum, illgresi, nagdýrum, sveppum, þörungum, snikjulífverum, rótarávaxtaormum, jurtum og eggjum, ætlað til notkunar við jarðyrkju, garðyrkju, dýralækningar, alifuglarækt, húshald og til heilbrigðisnotkana.

**Skrás. 1957, nr. 48.** Tilkynt 22. júní 1956, kl. 4 e. h., af R. J. Reynolds Tobacco Company, iðjurekstur, Winston-Salem, North Carolina, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 22. marz 1957.

Orðið:

**SALEM**

Samkvæmt tilkynningu 27. marz 1956, er merkið skrásett í Washington 20. nóvember 1956, 17. flokki, fyrir cigarettur.

**Skrás. 1957, nr. 49.** Tilkynt 25. janúar 1957, kl. 11 f. h., af Verksmiðjunni Mínervu, iðnaður, Reykjavík, og skrásett 22. marz s. á.

Orðið:

**S Í S L É T T**

Merkið er skrásett fyrir fatnað framleiddan úr sísléttum („No-Iron) efnunum.

Ber að skoða orðið SÍSLÉTT sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

**163** Skrás. 1957, nr. 50. Tilkynt 28. janúar 1957, kl. 11 f. h., af John Walker & Sons Limited, áfengisgerð, London og Kilmarnock, Skotlandi, og skrásett 22. marz s. á.

Ferstrendur, ílangur einkennismiði. Vinstra megin á miðanum er mynd af einhvers konar skjaldarmerki. Á miðanum er að finna þessar áletranir: Johnnie Walker. Red Label. Old Scotch Whisky. JOHN WALKER & SONS LTD. KILMARNOCK.



Merkið er skrásett í London 1. júní 1956, 33. flokki, fyrir skozkt whisky.

Skrás. 1957, nr. 51. Tilkynt 31. janúar 1957, kl. 11 f. h., af Koninklijke Verkade Fabrieken N. V., verksmiðjurekstur og verzlun, Zaandam, Hollandi, og skrásett 22. marz s. á.

Orðin:

# PEP-SELS

Samkvæmt tilkynningu 19. desember 1956, er merkið skrásett í Hague 2. janúar 1957 fyrir kex.

Skrás. 1957, nr. 52. Tilkynt 1. febrúar 1957, kl. 4 e. h., af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, verzlun, iðnaður og skipaútgærð, Reykjavík, og skrásett 22. marz s. á.

Orðið:

# Íslendingasagnaútgáfan

Merkið er skrásett fyrir bækur, tímarit, blöð og annað prentað mál, svo og hvers konar pappírsvörur og ritföng.

Ber að skoða orðið Íslendingasagnaútgáfan sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1957, nr. 53. Tilkynt 1. febrúar 1957, kl. 4 e. h., af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, verzlun iðnaður og skipaútgærð, Reykjavík, og skrásett 22. marz s. á.

Orðið:

# Súlfó

Merkið er skrásett fyrir hreinlætisvörur, efnagerðarvörur og aðra kemiska framleiðslu. **163**

Ber að skoða orðið súlfó sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1957, nr. 54. Tilkynt 4. febrúar 1957, kl. 2 e. h., af Deutsche Gold-und Silber-Scheideanstalt vormals Rössler, efnaverksmiðja, Frankfurt a. Main, Þýzka-landi, og skrásett 22. marz s. á.

Orðið: DEGUSSA.



en þar fyrir ofan mynd af dökkum ferhyrningi. Til hægri á myndinni er mynd af vaxandi tungli, en geislar til vinstri.

gagnfræðaskólann á Ísafirði, Einar Valur Kristjánsson íþróttakennari við barna- og unglingskólann á Ólafsfirði, Helga S. Árnadóttir við barnaskólann í Vatnsleysustrandarskólahverfi, Baldur Vilhelmsson við barna- og héraðsskólann í Reykjanesi, Marteinn Steinsson við barnaskóla Sauðárkróks, Jens Tómasson við gagnfræðaskólann í Keflavík, Gunnar Friðfinnsson við barnaskóla Þingeyrar, Ásdís Þorgrímsdóttir við barnaskólann í Ólafsvík, Ari V. Ragnarsson við barna- og unglingskóla Mosfellsskólahverfis, Nanna Úlfadóttir og Ingveldur Pálsdóttir við barnaskóla Keflavíkur, Sigríður Árnadóttir við heimavistarsbarnaskólann að Ljósafossi, Ívar Björnsson, Guðbjartur Gunnarsson, Bjarni Jónsson, Friðrika Gestsdóttir, Bjarni Bjarnason og Lýður Björnsson við skóla gagnfræðastigsins í Reykjavík, Steinunn Jóhannsdóttir við barnaskólann í Seyluhreppi, Skagafirði, Kjartan Hjálmarsson og Ívar Bjarnason við barnaskólann í Kópavogi, Guðrún Kristinsdóttir og Ólöf Vernharðsdóttir húsmæðrakennari við skóla gagnfræðastigsins í Reykjavík, Jón Kr. Jónsdóttir og Bjarni E. Sigurðsson við barna- og unglingskóla Miðnesskólahverfis, Sandgerði, Davíð Áskelsson við barna- og unglingskólann í Kópavogi, Sigurvaldi Ó. Ingvarsson við barnaskólann á Bildudal, Sigrún Thorarensen við barnaskóla Súðavíkur, Árni Ólafsson við héraðsskólann í Reykholti, Björn Guðnason við gagnfræðaskólann í Keflavík, Kristján Einarsson í Ölfusskólahverfi, Árn., Erla Njálisdóttir í Staðarskólahverfi, V.-Húnv., Árni Njálsson íþróttakennari og Rögnvaldur Sveinbjarnarson kennari við barnaskóla Reykjavíkur, Angantýr Hjörvar Hjálmarsson farkennara í Saurbæjarskólahverfi, Eyjafirði, Marteinn Steinsson við barnaskóla Sauðárkróks, Klemenz Guðmundsson í Bólstaðarhlíðarskólahverfi, A.-Hún., Gunnar Kristjánsson farkennari í Glæsibæjarskólahverfi, Eyjafirði, Garðar Ólafsson Schram við barnaskóla Suðureyrar, Haraldur Guðmundsson við heimavistarbarnaskólann í Kjósarskólahverfi, Hörður Ingólfsson við barna- og unglingskólann í Kópavogi, Stefán Kristjánsson að hálfu við Kennaraskóla Íslands og hálfu við skóla gagnfræðastigsins í Reykjavík, Ingólfur G. Þórarinnsson við barnaskóla Patreksfjarðar, Þorgerður Bergmundsdóttir við barnaskóla Ísafjarðar, Aðalgeir Aðalsteinsson í Reykdælas-skólahverfi, Oddgeir Kristjánsson við barnaskóla Vestmannaeyja, Vilhjálmur Einarsson við héraðsskólann að Laugarvatni, Lárus Johnsen við barnaskóla Bessastaðaskólahverfis, Oddný Guðmundsdóttir farkennari í Rauðasandsskólahverfi, Stefán Gestsson farkennari í Fellsskólahverfi, Skag., Alexander Jóhannesson farkennari í Skarðsskólahverfi, Skag., Bjarni Gíslason farkennari í Viðvíkurskólahverfi, Skag., Garðar Pálsson farkennari í Fellaskólahverfi, N.-Múl., Margrét Ívarsdóttir farkennari í Loðmundarfjarðarskólahverfi, N.-Múl., Bjarni Ólafsson farkennari í Helgustaðaskólahverfi, S.-Múl., Svavar Lárusson kennari við barnaskóla Vestmannaeyja, Sigríður Jónsdóttir við barnaskóla Ísafjarðar, Sólrún Skúladóttir við barnaskólann á Bildudal, Jón Kjartansson farkennari í Miðdalaskólahverfi, Dal., Laufey Guðjónsdóttir kennari í Eiðaskólahverfi, S.-Múl., Jón Sigurðsson í Skógarstrandarskólahverfi, Snæf., Sigríður Höskuldsdóttir í Skorradalsskólahverfi, Hálfdan Björnsson í Tjörnnesskólahverfi, S.-Þing., Sigurlaug Bjönsdóttir í Hjaltastaðaskólahverfi, N.-Múl., Snæbjörn Pétursson í Fjallaskólahverfi og Möðrudal á Fjöllum, Kristján H. Breiðdal farkennari í Skarðsskólahverfi, Dal., Kristín Kristjánsdóttir við húsmæðraskólann á Ísafirði, Guðrún Bjartmarsdóttir farkennari í Þingeyrarskólahverfi, Gunnar Guttormsson í Tunguskólahverfi, N.-Múl., Jósef Jóhannesson í Svinavatnsskólahverfi, A.-Hún., Bergþór Úlfarsson farkennari í Skilmanna-, Leirár- og Melaskólahverfi, Jónas Pálsson við unglingskólann í Kópavogi, Lovísa Guðmundsdóttir við héraðsskólann í Reykjanesi, Anna Magnúsdóttir við heimavistarbarnaskólann að Reykholti í Biskupstungum, Árn., Bjarni Gíslason farkennari í Hólaskólahverfi, Skag., Sigrún Bergþórsdóttir í Skilmanna-, Leirár- og Melaskólahverfi, Ólafur Þór Hallgrímsson í Fljótsdalsskólahverfi, Dagný Karlsdóttir í Geithellnaskólahverfi, S.-Múl.,

Tryggvi Karlsson í Þverárskólahverfi, V.-Húnv., Alfreð Jónsson í Grímseyjarskólahverfi, Völundur D. Björnsson í Óspakseyrarskólahverfi, Strand., Þórður Hjartarson í Sauðanesskólahverfi, Bragi Jónsson í Fróðárskólahverfi, Snæf., Þorsteinn Gunnarsson, farkennari í Kirkjubóls- og Fellsskólahverfi, Strand., Runólfur Tómas Gíslason í Leiðvallarskólahverfi, V.-Skaft., Ingibjörg Sigurðardóttir í Ásskólahverfi, A.-Hún., Jóhanna Jónsdóttir í Reyðarfjarðarskólahverfi — sveitinni —, Sigurður Guðbrandsson í Kolbeinsstaðaskólahverfi, Snæf., Halldóra Þórhallsdóttir í Mosfellskólahverfi.

3. september voru eftirtaldir menn skipaðir í dýraverndarnefnd: Steingrímur Steinþórsson, búnaðarmálastjóri, samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Sigurður E. Hlíðar, fyrrv. yfirdýralæknir, samkv. tilnefningu Dýralæknafélags Íslands, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, samkvæmt tilnefningu Dýraverndunarfélags Íslands, Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri, samkvæmt tilnefningu Hins íslenska náttúrufræðifélags, og Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, sem skipaður er án tilnefningar. Páll A. Pálsson hefur verið kjörinn formaður nefndarinnar.

17. september var Grímur Jónsson, læknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Laugaráshéraði frá 15. september að telja.

S. d. var Björgúlfur Ólafsson, læknir, settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Reykhólahéraði frá 15. s. m. og þangað til öðruvísi verður ákveðið.

18. september var Jón Kjartansson, bæjarstjóri, skipaður forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins frá 1. nóvember 1957 að telja.

26. september var Ólafur Jensson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Reykhólahéraði frá 15. september að telja þangað til öðruvísi verður ákveðið.

S. d. var Sigurði Sigurðssyni, sýslumanni í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógeta Sauðárkróks, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1958.

4. október var Hrafnkell Helgason, cand. med. & chir., settur til þess frá 1. s. m. að telja að vera staðgöngumaður héraðslæknisins í Keflavíkurbýráði, fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið.

7. október var Baldri Jónssyni, héraðslækni í Þórshafnarhéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. nóvember 1957 að telja.

S. d. var Arinbjörn Ólafsson, héraðslæknir í Hólmavíkurbýráði, settur til þess að gegna ásamt sínu eigin héraði Djúpavíkurbýráði frá 1. s. m. að telja og þar til öðruvísi verður ákveðið.

8. október var gefið út leyfisbréf handa Brynleifi Steingrímssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðjóni Guðnasyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp.

9. október var Friðrik Sveinsson, cand. med. & chir., settur til þess að vera héraðslæknir í Þórshafnarhéraði frá 1. nóvember 1957 að telja og þangað til öðruvísi verður ákveðið.

11. október var dr. phil. Ívar Daníelsson skipaður dósent í lyfjafræði lyfsala við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. september að telja.

18. október var Jónas Jónsson, búfræðikandidat, skipaður til þess að vera kennari við bændaskólann á Hvanneyri, frá 15. október 1957 að telja.

23. október var gefið út leyfisbréf handa Tómasi A. Jónssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum, sérstaklega meltingarsjúkdómum.

29. október var Bjarni Guðmundsson, blaðafulltrúi, Suðurgötu 16, Rvík, löggiltur til þess að vera dómtúlkur og skjalapýðandi úr og á frönsku.

5. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Eiríki Bjarnasyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

6. nóvember var sýslumaður Jóhann Salberg Guðmundsson skipaður sýslumaður í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Sauðárkrókskaupstað frá 1. janúar 1958 að telja.

9. nóvember var Gils Guðmundsson, rithöfundur, skipaður forstjóri Menningar-sjóðs frá 1. október 1957 að telja.

16. nóvember var Einari Ástráðssyni, héraðslækni í Keflavíkurhéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1958 að telja.

21. nóvember var Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. forsætisráðherra, skipaður formaður orðunefndar í stað Birgis Thorlacius, ráðuneytisstjóra, sem hafði óskað eftir að verða leystur frá starfinu.

23. nóvember var Steingrímur Hermannsson, verkfræðingur, skipaður framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins frá 1. desember 1957 að telja.

25. nóvember var Henrik Linnet héraðslækni í Hvolshéraði, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1958 að telja.

26. nóvember var Þórir Kr. Þórðarson skipaður prófessor í guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. september 1957 að telja.

6. desember voru skipaðir í Barnaverndarráð eftirtaldir menn: Aðalmenn: Arngrímur Kristjánsson, skólastjóri, formaður, síra Jakob Jónsson, sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu Prestafélags Íslands, og Magnús Sigurðsson, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra barnakennara. Varamenn: Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmaður, varaformaður, síra Gunnar Árnason, sóknarprestur, og Jón Kristgeirsson, kennari.

S. d. var dr. Guðni Jónsson, skólastjóri, skipaður prófessor í sögu við heimpekideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1958 að telja.

S. d. var Stefán Pétursson, skjalavörður, skipaður þjóðskjalavörður frá 1. desember 1957 að telja.

12. desember var Eysteini Jónssyni, fjármálaráðherra, falið að gegna forsætisráðherrastörfum og öðrum ráðherrastörfum Hermanns Jónssonar meðan hann dvelst erlendis um stundarsakir í embættiserindum.

18. desember var Styrmir Proppé, Hafnargötu 79 í Keflavík, löggiltur til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

21. desember var Kjartan Ólafsson, læknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Keflavíkurborg frá 1. janúar 1958 að telja.

23. desember var gefið út leyfisbréf handa Ólafi Jenssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

24. desember var gefið út leyfisbréf handa Gunnari Þormar til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sæmundi Kjartanssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Guðsteinn Þengilsson, cand. med. & chir., settur til þess að gegna héraðslæknisembættinu í Suðureyrarhéraði frá 1. janúar 1958 að telja.

27. desember var gefið út leyfisbréf handa Eggert Ó. Jóhannssyni, cand. med. & chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

28. desember var Þorleifur Thorlacius, sendiráðsritari, skipaður sendiráðunatur við sendiráð Íslands í Osló frá 1. janúar 1958 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Ezra Péturssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum.

S. d. var Sæmundur Kjartansson skipaður til þess að vera héraðslæknir í Raufarhafnarhéraði frá 1. janúar 1958 að telja.

S. d. var Jóhannes Sölvason, viðskiptafræðingur, settur fulltrúi í varnarmála-deild utanríkisráðuneytisins frá 1. janúar 1958 að telja.

31. desember hefur Ásgeir Ólafsson, forstjóri, verið skipaður forstjóri Bruna-bótafélags Íslands frá 1. janúar 1958 að telja.

S. d. var Sæmundur Kjartansson, héraðslæknir í Raufarhafnarhéraði, settur til þess fyrst um sinn, unz öðruvísi verður ákveðið, að gegna Kópaskershéraði ásamt sínu eigin héraði frá 1. janúar 1958 að telja.

S. d. var Guðsteinn Þengilsson, héraðslæknir í Suðureyrarhéraði, settur til þess fyrst um sinn, unz öðruvísi verður ákveðið, að gegna Flateyrarhéraði ásamt sínu eigin héraði frá 1. janúar 1958 að telja.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum götum:

1. Rauðarárstíg austan megin götunnar frá Laugavegi að Miklubraut.
2. Barónsstíg vestan megin, milli Skúlagötu og Hverfisgötu.
3. Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Hallveigarstíg, báðum megin götunnar, og frá Hallveigarstíg að Spítalastíg vestan megin götunnar.
4. Frikirkjuvegi vestan megin götunnar.
5. Klapparstíg austan megin götunnar.
6. Snorrabraut við eyjarnar á miðri götunni, milli Hverfisgötu og Flókaötu.
7. Vatnsstíg vestan megin götunnar.
8. Vonarstræti milli Lækjargötu og Templarasunds.
9. Ægisgötu við Slippinn.
10. Garðastræti vestan megin götunnar frá Vesturgötu að Túngötu.
11. Ingólfsstræti milli Lindargötu og Skúlagötu austan megin götunnar.
12. Á Hringbraut austan Bræðraborgarstígs og Rauðarárstígs austan megin götunnar milli Hverfisgötu og Skúlagötu eru bannaðar stöður vörubifreiða, sem eru yfir 1 smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. desember 1957.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu, dags. 2. janúar, hefur Michael Fowler Cullis, C.V.O., verið útnefndur upplýsingafulltrúi við sendiráðið með búsetu í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 3. janúar, hefur Kenneth W. Linde verið útnefndur sem 2. sendiráðsritari og vararæðismaður Bandaríkjanna hér á landi.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna hefur Charles M. Gage verið skipaður þriðji sendiráðsritari við sendiráðið.

9. janúar var Kenneth W. Linde, sendiráðsritara, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem vararæðismaður við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Ráðstjórnarríkjanna hefur Nikolai Bondarev tekið við störfum sem 1. sendiráðsritari við sendiráð Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 18. janúar, hefur Peter J. Heller verið skipaður attaché við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sovétríkjanna, dags. 21. janúar, hefur Nikolai Pronin verið útnefndur sem 2. sendiráðsritari við sendiráð Sovétríkjanna hér.

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu, dags. 6. febrúar, hefur H. Atkin verið útnefndur vinnumálafulltrúi við sendiráðið með búsetu í Helsingfors.

13. febrúar afhenti Hans-Richard Hirschfeld forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador sambandslýðveldisins Þýskalands á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu frá franska sendiráðinu, dags. 26. febrúar, mun ungfrú Paulette Enjalran veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru ambassadors.

27. febrúar veitti utanríkisráðuneytið Jóhanni Þorkelssyni viðurkenningu sem vararæðismanni Danmerkur á Akureyri.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sovétríkjanna, dags. 1. marz, er P. K. Ermoshin, ambassador, kominn aftur til Íslands og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

4. marz var Kenneth W. Linde, sendiráðsritari, veitt bráðabirgðaviðurkenningu sem ræðismaður við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá aðalræðismannskrifstofu Hollands, dags. 5. marz, er Arent Claessen, aðalræðismaður, kominn aftur til landsins og hefur tekið við aðalræðismannsstörfum.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Ráðstjórnarríkjanna, dags. 9. marz, hefur V. Ivanov, annar sendiráðsritari, látið af störfum við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Noregs fór Torgeir Anderssen-Rysst, ambassador, utan hinn 23. marz og mun Sven Knudsen, attaché, veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru ambassadorsins sem chargé d'affaires a.i.

Samkvæmt tilkynningu frá franska sendiráðinu, dags. 27. marz, er Henri Voillery, ambassador, kominn aftur til landsins og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu sænska sendiráðsins 1. apríl verður ambassador S. von Euler-Chelpin fjarverandi um fjögurra vikna skeið, og mun Gunnar Rocksén veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru hans sem Chargé d'affaires.

5. apríl var Árni Siemsen, ræðismaður, skipaður aðalræðismaður Íslands í Hamborg, Nieder-Sachsen og Schleswig-Holstein.

Samkvæmt tilkynningu frá danska sendiráðinu, dags. 16. apríl, verður greifi E. A. Knuth, ambassador, fjarverandi um skeið og mun Gunnar Blæhr, sendiráðsritari, veita sendiráðinu forstöðu á meðan.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 20. apríl, verður Hans-Richard Hirschfeld, ambassador, fjarverandi um nokkurra vikna skeið. Mun dr. Herbert Kuhle, sendiráðunautur, veita sendiráðinu forstöðu á meðan.

Samkvæmt tilkynningu frá ræðismanni pólska alþýðulýðveldisins í Reykjavík, dags. 23. apríl, er M. Gumkowski, ræðismaður, kominn aftur til Íslands og hefur tekið við störfum í ræðismannskrifstofunni.

Samkvæmt tilkynningu brezka sendiráðsins 13. maí verður A. G. Gilchrist, sendiherra, fjarverandi um þriggja vikna skeið og veitir E. G. Harman sendiráðinu forstöðu á meðan.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 21. maí, verður ambassador Bandaríkjanna, John J. Muccio, fjarverandi um skeið. Í fjarveru hans veitir William M. Gibson sendiráðinu forstöðu.

28. maí afhenti Albert Morski forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Póllands á Íslandi með aðsetri í Osló.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 30. maí, er Hans-Richard Hirschfeld, ambassador, kominn aftur til landsins og hefur tekið aftur við forstöðu sendiráðsins.

3. júní var Joseph Carwell, fyrsta sendiráðsritara, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem ræðismaður við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá brezka sendiráðinu hefur A. G. Gilchrist, sendiherra, hinn 3. júní á ný tekið við forstöðu sendiráðsins.

8. júní afhenti A. G. Gilchrist forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem ambassador Stóra-Bretlands á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Noregs hinn 25. júní er Torgeir Anderssen-ambassador, farinn utan um skeið og mun Sven Knudsen, attaché, veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru hans sem Chargé d'Affaires a. i.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 13. júní, er John J. Muccio, ambassador, kominn aftur til landsins og hefur á ný tekið við forstöðu sendiráðsins.

18. júní var Sigurgeir Sigurjónssyni, hæstaréttarlögmanni, veitt viðurkenning sem ræðismaður Israels á Íslandi með aðsetri í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu danska sendiráðsins hinn 21. júní er ambassador E. A. Knuth, greifi, kominn aftur til landsins og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Noregs hinn 25. júní er Torgeir Anderssen-Rysst, ambassador, kominn aftur til Reykjavíkur og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 2. júlí, hefur Hermann Huber verið skipaður attaché við sendiráðið um fjögurra mánaða skeið.

5. júlí var Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, forstjóri, viðurkenndur aðalræðismaður Kanada á Íslandi með aðsetri í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu frá franska sendiráðinu hefur ungfrú Paulette Enjalaran látið af störfum sem vararæðismaður við sendiráðið.

27. júlí afhenti Lajos Bebrits forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ungverjalands á Íslandi með aðsetri í Stokkshólmi. Jafnframt afhenti sendiherrann afturköllunarbréf fyrirrennara síns, Józef Hajdu.

29. júlí var Georg Pálssyni veitt viðurkenning sem vararæðismanni Noregs á Siglufirði.

2. ágúst var Armistead L. Lee, 2. sendiráðsritara, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem ræðismanni við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík.

Sendiráð Tékkóslóvakíu hefur tilkynnt, að Vlastislav Kraus hafi verið skipaður annar sendiráðsritari við sendiráðið.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Tékkóslóvakíu í Reykjavík, dags. 17. ágúst, er Jason Urban, sendiherra, kominn til Reykjavíkur og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sovétríkjanna, dags. 20. ágúst, er P. K. Ermoshin, ambassador, farinn í frí til Sovétríkjanna og mun N. Bondarev veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru hans sem settur sendifulltrúi.

Samkvæmt tilkynningu frá pólska sendiráðinu, dags. 27. ágúst, hefur pólsku ræðismannskrifstofunni verið breytt í sendiráð frá og með 15. ágúst og mun Mieczyslaw Gumkowski, 1. sendiráðsritari, veita sendiráðinu forstöðu sem Chargé d'Affaires a. i.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Tékkóslóvakíu, dags. 6. september, er Jason Urban, sendiherra, farinn til Osló. Í fjarveru sendiherrans mun Vlastislav Kraus, sendiráðsritari, veita sendiráðinu forstöðu sem Chargé d'Affaires a. i.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 7. sept., verður Hans-Richard Hirschfeld, ambassador, fjarverandi um sex vikna skeið. Mun dr. Herbert Kuhle, sendiráðunautur, veita sendiráðinu forstöðu á meðan sem Chargé d'Affaires a. i.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 17. september, hefur sendiherra Bandaríkjanna farið í stutta ferð til London, og Mr. Theodore B. Olson mun veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru sendiherra.

Samkvæmt tilkynningu frá pólska sendiráðinu mun Mieczyslaw Gumkowski, Chargé d'Affaires a. i., verða fjarverandi um mánaðarskeið og að í fjarveru hans mun sendiráðið verða opið frá kl. 10—12 og 13.30—15.30 daglega og á laugardögum kl. 10—12.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 25. september, hefur sendiherrann nú komið aftur úr ferðalagi sínu og tekið á ný við forstöðu sendiráðsins.

S. d. var Miss F. M. Young, fyrsta sendiráðsritara við brezka sendiráðið, veitt bráðabirgðaviðurkenning sem ræðismanni Stóra-Bretlands í Reykjavík.



Samkvæmt tilkynningu frá pólska sendiráðinu, dags. 30. september, er herra Mieczyslaw Gumkowski, sendifulltrúi, kominn aftur til landsins og hefur á ný tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sovétríkjanna, dags. 19. október, er P. K. Ermoshin kominn aftur til Íslands og hefur hann tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Sovétríkjanna, dags. 20. október, hefur Vassili M. Moshkov tekið við störfum sem 1. sendiráðsritari í sendiráði Sovétríkjanna í Reykjavík.

21. október var Joseph Carwell og Kenneth W. Linde, sendiráðsriturum við sendiráð Bandaríkjanna, veitt viðurkenning sem ræðismönnum Bandaríkjanna með aðsetri í Reykjavík.

Samkvæmt tilkynningu sendiráðs Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 26. október, er ambassador Hans-Richard Hirschfeld kominn aftur til landsins og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

Samkvæmt tilkynningu norska sendiráðsins 28. október, er ambassador Torgeir Anderssen-Rysst kominn aftur til landsins og hefur tekið við forstöðu sendiráðsins.

30. október, skipaði forseti Íslands J. Guy Gauvreau ræðismann Íslands í Montreal í Kanada. Heimilisfang ræðismannsins er: 525 Stuart Avenue, Outremont, Montreal.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 4. nóvember, hefur sendiherra Bandaríkjanna farið í stutta ferð til Evrópu og mun Theodore B. Olson veita sendiráðinu forstöðu í fjarveru sendiherra.

5. nóvember afhenti José S. Sacramento Xara Brasil forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Portúgals á Íslandi með aðsetri í Osló.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Bandaríkjanna, dags. 25. nóvember, hefur John J. Muccio, ambassador, komið aftur úr ferð sinni til meginlands Evrópu og tekið við forstöðu sendiráðsins.

27. nóvember afhenti dr. Rafael Montoro forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kúba á Íslandi með aðsetri í Haag.

Samkvæmt tilkynningu frá sendiráði Svíþjóðar, dags. 30. nóvember, hefur sænski ambassadorinn farið til Svíþjóðar til tveggja mánaða dvalar og mun Gunnar Rocksén, vararæðismaður, veita sendiráðinu forstöðu á meðan.

## HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Herra forsetinn hefur á árinu 1957 sæmt þessa menn heiðursmerkjum hinnar íslenzku fálkaorðu:

### I. Íslendingar.

1. janúar Ólaf Friðriksson, rithöfund, Reykjavík, riddarakross.  
S. d. prófessor dr. med. Snorra Hallgrímsson, yfirlækni, Reykjavík, riddarakross.
- S. d. Guðmund Jörundsson, úgerðarmann, Akureyri, riddarakross.
- S. d. Ólafíu Jónsdóttur, forstöðukonu, Kleppjárnsreykjum, riddarakross.
- S. d. Guðmund Theódórs, bónda og hreppstjóra, Stórholti, riddarakross.
- S. d. Benedikt Guttormsson, bankaútibússtjóra, Eskifirði, riddarakross.
- S. d. Helga Eyjólfsson, húsamíðameistara, Reykjavík, riddarakross.
5. febrúar Guðmund Helga Guðmundsson, húsgagnasmíðameistara, riddarakross.
12. febrúar Gísla J Johnsen, stórkaupmann, Reykjavík, stórriddarakross.  
S. d. Þorstein Jónsson, rithöfund, Reykjavík, riddarakross.
4. marz Pál Zóphóníasson, alþingismann, Reykjavík, stórriddarakross.
8. júní Halldór Kiljan Laxness, nóbelsverðlaunaskáld, stórkross.
11. júní Sigurstein Magnússon, aðalræðismann Íslands í Leith, stórriddarakross.
17. júní Árna Thorsteinsson, tónskáld, stórriddarakross.  
S. d. Brynjólf Jóhannesson, leikara, stórriddarakross.
- S. d. Frú Aðalbjörgu Sigurðardóttur, Reykjavík, riddarakross.
- S. d. Björn Pálsson, flugmann, Reykjavík, riddarakross.
- S. d. Friðrik Jónsson, oddvita, bónda að Þorvaldsstöðum, Skriðdal, riddarakross.
- S. d. Gunnlaug Blöndal, listmálara, Reykjavík, riddarakross.
- S. d. Jón Steffensen, prófessor, Reykjavík, riddarakross.
29. júní Jóhannes Jósefsson, hóteleiganda, stórriddarakross.
3. desember Jónatan Hallvarðsson, forseta hæstaréttar, stjarna stórriddara.  
S. d. Agnar Kl. Jónsson, ambassador, stjarna stórriddara.
- S. d. Hans G. Andersen, ambassador, stórriddarakross.
- S. d. Pétur Eggerz, sendiherra, stórriddarakross.
- S. d. Jónas Tómasson, söngstjóra og tónskáld, Ísafirði, stórriddarakross.
- S. d. Jón H. Þorbergsson, bónda, Laxamýri, riddarakross.
- S. d. Tryggva Ófeigsson, útgerðarmann, riddarakross.
- S. d. Kristján Einarsson, forstjóra, riddarakross.
- S. d. Jón S. Ólafsson, bónda og frv. hreppstjóra, Króksfjarðarnesi, riddarakross.

### II. Erlendir ríkisborgarar.

20. febrúar Chester A. Rønning, sendiherra Kanada, stórkross.
1. marz prófessor N. E. Nörlund, Kaupmannahöfn, stórkross.
- S. d. forstjóra Bent Suenson, stórriddarakross.
- S. d. aðalræðismann Johannes Obermann, Amsterdam, stórriddarakross.
- S. d. höfuðsmann Hans Holter, Noregi, riddarakross
- S. d. höfuðsmann Hans Hansson, Gautaborg, riddarakross.

1. marz húsameistara Hans J. Klein, Bonn, riddarakross.  
 S. d. fyrrv. bæjarstjóra Nicolai Midthun, Noregi, riddarakross.  
 S. d. fyrrv. ræðismann L. Hálfðan Thorláksson, Vancouver, riddarakross.

15. apríl Ove Baastrup, skólastjóra, Det. Kgl. Dövstumme Institut, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

1. maí Thorkild C. A. Hansen, Maare, bankastjóra, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

S. d. Frederik M. Aarup Hansen, bankastjóra, stórriddarakross.

11. júní forstjóra I. C. Möller, Kaupmannahöfn, stjarna stórriddara.

S. d. vararæðismann Olaf Lyngbye, Árósum, riddarakross,

S. d. vararæðismann V. Thorning Petersen, Kolding, riddarakross.

S. d. vararæðismann Arne Oswald Nielsen, Odense, riddarakross.

S. d. aðalræðismann Seth Brinck, Stokkhólmi, stórriddarakross.

S. d. aðalræðismann Fritz Naschitz, Tel-Aviv, riddarakross.

S. d. prófessor dr. med. H. C. A. Lassen, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

S. d. flugmálaráðunaut G. E. Goudie, alþjóðaflugmálastofnuninni, riddarakross.

26. júní Sven Ture Åberg, forstjóra, Stokkhólmi, stórriddarakross.

18. júlí John J. White, hershöfðingi, yfirmaður varnarliðsins á Íslandi, stórriddarakross.

20. október dr. H. P. Morrison, Edinborg, stórriddarakross.

11. nóvember Gunnar Hoff, skrifstofustjóri Stórþingsins, Osló, stórriddarakross.

S. d. Ove Hassler, dr. theol., Svíþjóð, riddarakross.

Í sambandi við hinar opinberu heimsóknir þjóðhöfðingja Svíþjóðar og Finnlands á árinu voru þessir menn sæmdir heiðursmerkjum Fálkaorðunnar sem hér segir:

*Svíar:*

Sten H:son von Euler-Chelpin, ambassador, stórkross.

Brita Steuch, hirðmey, stjarna stórriddara.

Gustaf Bonde, greifi, siðameistari, stjarna stórriddara.

Magnus Oscar Starck, skipherra, stórriddarakross.

Richard Hichens Bergström, skrifstofustjóri, stórriddarakross.

Per Otto Gustav Rathsmann, deildarstjóri, stórriddarakross.

Sven Einar Backlund, deildarstjóri, stórriddarakross.

Knut Hammarskjöld, fyrsti sendiráðsritari, riddarakross.

Sven Tage Pousette, fyrsti sendiráðsritari, riddarakross.

Karl Rune Nyström, sendiráðsritari, riddarakross.

Sture K. E. Bergérus, hirðmaður, riddarakross.

Johan Ejnar Johansson, hirðmaður, riddarakross.

*Finnar:*

Forseti Finnlands, herra Urho Kekkonen, keðja stórkross Fálkaorðunnar.

Forsetafrú Sylvi Kekkonen, stórkross.

Ragnar Grönwall, hershöfðingi, stórkross.

Johannes Virolainen, utanríkisráðherra, stórkross.  
 Leo Tuominen, ráðuneytisstjóri, stórkross.  
 Helge von Knorring, siðameistari, stórkross.  
 Jorma Jaako Vanamo, deildarstjóri, stjarna stórriddara.  
 Carl Fredrik Ralph Alexander Enckell, deildarstjóri, stjarna stórriddara.  
 Erik Juuranto, aðalræðismaður, stjarna stórriddara  
 Frú Aline Juuranto, stórriddarakross.  
 Pauli Soisalo, prófessor, dr. med., stórriddarakross.  
 Olavi Wanne, sendiráðunautur, stórriddarakross.  
 Olli Pouhakka, flugstjóri, stórriddarakross.  
 Jaako Lyytinen, fulltrúi, riddarakross.  
 F. Jaari, forstjóri, riddarakross.  
 Johan Albert Pahlsten, ráðsmaður, riddarakross.

#### *Íslendingar:*

Guðmundur Í. Guðmundsson, utanríkisráðherra, stórriddarakross með stjörnu.

## ERLEND HEIÐURSMERKI

Á árinu 1957 hafa þessir menn fengið leyfi forseta Íslands, sbr. forsetabréf nr. 13 12. marz 1947, til þess að bera erlend heiðursmerki sem hér segir:

Agnar Kl. Jónsson, ambassador, stórkross Orange Nassau orðunnar hollenzku.

Agnar Kofoed-Hansen, flugmálastjóri, kommandörkross 1. stig Ljónsorðunnar finnsku, kommandörkross Vasaorðunnar sænsku.

Ágúst Bjarnason, skrifstofustjóri, formaður Sambands ísl. karlakóra, riddarakross Hvítrósarorðunnar finnsku, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Arndís Björnsdóttir, leikkona, riddarakross Vasaorðunnar sænsku.

Arnþór Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, Akureyri, riddarakross Ljónsorðunnar finnsku.

Auður Auðuns, forseti bæjarstjórnar Reykjavíkur, riddarakross 1. stigs Hvítrósarorðunnar finnsku, riddarakross Vasaorðunnar sænsku.

Birgir Möller, sendiráðsritari, riddarakross 1. stigs Hvítrósarorðunnar finnsku, riddarakross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, stórkross Ljónsorðunnar finnsku, kommandörkross 1. stigs Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Brynjólfur Jóhannesson, leikari, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Davíð Stefánsson, skáld, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Dóra Þórhallsdóttir, forsetafrú, stórkross Hvítrósarorðunnar finnsku.

Einar Ólafur Sveinsson, prófessor, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Emil Jónsson, forseti Sameinaðs Alþingis, stórkross Ljónsorðunnar finnsku.

Erlingur Pálsson, yfirlöggregluþjónn, riddarakross 1. stigs Ljónsorðunnar finnsku, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti, Akureyri, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku.

Geir Zoëga, forstjóri, heiðursmerkið Member of the Order of the British Empire.

Guðmundur Guðlaugsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, riddarakross 1. stigs Ljónsorðunnar finnsku.

Guðlaugur Rósinkranz, þjóðleikhússtjóri, kommandörkross Hvítrósarorðunnar finnsku, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Guðmundur Einarsson, myndhöggvari, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku.

Guðmundur Í. Guðmundsson, utanríkisráðherra, stórkross Hvítrósarorðunnar finnsku, stórkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri, kommandörkross 1. stigs Hvítrósarorðunnar finnsku, kommandörkross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Hafsteinn Bergþórsson, framkvæmdastjóri, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Halldór Kiljan Laxness, Nóbelsverðlaunaskáld, stórkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Haraldur Kröyer, forsetaritari, kommandörkross Hvítrósarorðunnar finnsku, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Helgi Sæmundsson, formaður Menntamálaráðs, riddarakross 1. stigs Hvítrósarorðunnar finnsku.

Haukur Claessen, fulltrúi, riddarakross Ljónsorðunnar finnsku.

Henrik Sv. Björnsson, ráðuneytisstjóri, stórkross Ljónsorðunnar finnsku.

Hjálmar Blöndal, framkvæmdastjóri, riddarakross Hvítrósarorðunnar finnsku.

Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, kommandörkross 1. stigs Ljónsorðunnar finnsku, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Jakob Frimannsson, framkvæmdastjóri, Akureyri, riddarakross 1. stigs Ljónsorðunnar finnsku.

Jakob Sigurðsson, forstjóri, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Jón Ásbjörnsson, forseti hæstaréttar, stórkross Ljónsorðunnar finnsku.

Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Karl Ísfeld, riddarakross 1. stigs Ljónsorðunnar finnsku.

Katla Pálsdóttir, frú, kommandörkross Hvítrósarorðunnar finnsku.

Kjartan Ragnars, stjórnarráðsfulltrúi, riddarakross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Kjartans Thors, aðalræðismaður, kommandörkross Vasaorðunnar sænsku.

Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður, riddarakross 1. stigs Hvítrósarorðunnar finnsku, riddarakross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Lárus Pálsson, leikstjóri, riddarakross 1. stigs Hvítrósarorðunnar finnsku, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Magnús Jochumsson, póstmestari, riddarakross frönsku heiðursfylkingarinnar.

Magnús Kjaran, fv. ræðismaður, kommandörkross Vasaorðunnar sænsku.

Magnús V. Magnússon, ambassador, stórkross Ljónsorðunnar finnsku, stórkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Ólafur Jónsson, fulltrúi, riddarakross Ljónsorðunnar finnsku.

Ólafur Thors, fv. forsætisráðherra, stórkross Hvítrósarorðunnar finnsku, stórkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Páll Ísólffson, organleikari, kommandörkross Hvítrósarorðunnar finnsku, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Páll Ásgeir Tryggvason, deildarstjóri, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku.

Pétur Daniélfsson, veitingamaður, riddarakross Ljónsorðunnar finnsku.

Pétur Sigurðsson, forstjóri landhelgisgæzlunnar, kommandörkross Vasaorðunnar sænsku.

Ragnar Jónsson, forstjóri, riddarakross 1. stigs Vasaorðunnar sænsku.

Selma Jónsdóttir, forstöðumaður Listasafns ríkisins, riddarakross Ljónsorðunnar finnsku.

Sigurður Hafstað, deildarstjóri, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður, Chevalier des Palmes Académiques.

Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Snorri Hallgrímsson, prófessor, dr. med., riddarakross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Steingrímur Steinþórsson, fv. forsætisráðherra, formaður utanríkismálanefndar, stórkross Hvítrósarorðunnar finnsku.

Steingrímur J. Þorsteinsson, prófessor, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku, riddarakross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Steinn Steinsen, bæjarstjóri, Akureyri, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku.

Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri, kommandörkross Ljónsorðunnar finnsku.

Vilhjálmur Þór, aðalbankastjóri, stórkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Þorkell Jóhannesson, háskólarektor, kommandörkross Hvítrósarorðunnar finnsku, kommandörkross Norðstjörnuorðunnar sænsku.

Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri, riddarakross Hvítrósarorðunnar finnsku.

**Haraldur Kröyer.**

orðuritari.

## REIKNINGUR BRUNABÓTAFÉLAGS ÍSLANDS 165

Aðalreikningur yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands  
frá 15. október 1956 til 14. október 1957.

### Gjöld:

#### I. Brunatryggingar:

Hluti endurtryggjanda í iðgjöldum:

Fasteignaiðgjöld ..... kr. 3279557.58

Lausafjáridegjöld ..... — 600059.66

kr. 3879617.24

Brunatjón:

Fasteignatjón ..... kr. 5735084.00

Lausafjártjón ..... — 839123.90

— 6574207.90

Yfirfært til næsta árs fyrir tjónum og iðgjöldum ..... — 522609.50

#### II. Aðrar tryggingar:

Hluti endurtryggjanda í iðgjöldum ..... kr. 430293.36

Tjón ..... — 71075.00

Yfirfært til næsta árs fyrir tjónum og iðgjöldum ..... — 28083.16

— 529451.52

#### III. Endurtryggingar:

Tjón ..... kr. 337539.22

Umboðslaun ..... — 348144.89

Yfirfært til næsta árs fyrir tjónum og iðgjöldum ..... — 749599.10

— 1435283.21

165	IV. Umboðslaun .....	kr.	556735.13
	V. Reksturskostnaður .....	—	1552762.75
	VI. Brunavarnakostnaður .....	—	231617.32
	VII. Afskriftir:		
	Af Laugaveg 105 .....	kr.	63509.41
	Af áhöldum .....	—	9835.45
	Af bílum .....	—	4711.50
			<hr/>
			78056.36
	VIII. Tekjuafgangur .....	kr.	1869682.52
	Sem varið er þannig:		
	Greiddur arður og ágóðahluti .....	kr.	611348.33
	Lagt í varasjóð .....	—	1200000.00
	Flutt til næsta árs .....	—	58334.19
			<hr/>
			1869682.52
			<hr/>
			Kr. 17230023.45
	Tekjur:		
	I. Flutt frá fyrra ári .....	kr.	80985.14
	II. Brunatryggingar:		
	Yfirfært frá fyrra ári af tjónum og iðgjöldum .....	—	509411.50
	Iðgjöld:		
	Fasteignaiðgjöld .....	kr.	7239760.76
	Lausafjáriðgjöld .....	—	1059434.40
			<hr/>
			8299195.16
	Hluti endurtryggjanda í tjónum:		
	Fasteignatjón .....	kr.	2933519.18
	Lausafjártjón .....	—	634939.40
			<hr/>
			3568458.58
	III. Aðrar tryggingar:		
	Yfirfært frá fyrra ári fyrir tjónum og ið-		
	gjöldum .....	kr.	27134.26
	Iðgjöld .....	—	458726.52
	Hluti endurtryggjanda í tjónum (þar af kr.		
	7293.75 tilheyrandi f. ári) .....	—	78078.75
			<hr/>
			563939.53
	IV. Endurtryggingar:		
	Iðgjöld .....	—	1379957.27
	V. Umboðslaun .....	—	1186773.16
	VI. Vextir .....	—	1629040.11
	VII. Hagnaður á útdregnum verðbréfum .....	—	12263.00
			<hr/>
			Kr. 17230023.45

### Efnahagsreikningur Brunabótafélags Íslands 14. október 1957.

	Eignir:		
	I. Sjóður .....	kr.	603843.51
	II. Verðbréf .....	—	4412724.99
	III. Fasteignalán .....	—	3528858.38
	IV. Ábyrgðarlán .....	—	22870666.15
	V. Slökkvitækjalán .....	—	2378237.17

VI. Skuldir umboða .....	kr.	507808.19	<b>165</b>
VII. Skuldunautar .....	—	819578.47	
VIII. Iðgjaldasjóður í vörzlu frumtr. ....	—	434325.93	
IX. Slökkvitækjabirgðir .....	—	337216.14	
X. Áhaldahús í Hafnarfirði .....	—	100.00	
XI. Eignarhluti í Laugavegi 105 .....	—	1206685.00	
XII. Áhöld og húsgögn .....	—	60000.00	
XIII. Bifreiðar .....	—	30000.00	
XIV. Áfallnir en ógreiddir vextir .....	—	1177053.10	
XV. Hlutur í fél. Íslenzk endurtrygging .....	kr.	136000.00	
Til jafnaðar á móti ábyrgð vegna sama ....	—	60000.00	
		<hr/>	
			196000.00

Kr. 38563097.03

**Skuldir :**

I. Inneignir umboða .....	kr.	63320.80	
II. Ógreidd brunatjón .....	—	3350021.79	
III. Ógreidd önnur tjón .....	—	68175.00	
IV. Til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....	—	550692.66	
V. Til vara fyrir tjón og iðgjöld vegna endurtrygginga .....	—	749599.10	
VI. Iðgjaldasjóður endurtryggjanda .....	—	819566.49	
VII. Inneignir sveitarfélaga vegna slökkvitækjakaupa .....	—	102387.50	
IX. Ógreiddur iðgjaldaskattur .....	—	24483.14	
X. Skuldheimtumenn .....	—	3018084.56	
XI. Erlend lán .....	—	1708125.00	
XII. Ábyrgð vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging ..	—	60000.00	
XIII. Varasjóður vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging	—	133208.05	
XIV. Arðjöfnunarsjóður .....	—	1007728.89	
XV. Varasjóður:			
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr.	2500000.00	
2. Lagt við á þessu ári .....	—	1200000.00	
		<hr/>	
			2620000.00
XVI. Flutt til næsta árs .....	—		58334.19

Kr. 38563097.03

Reykjavík, 8. febrúar 1958.

**Ásgeir Ólafsson.**

Framanritaðan efnahags- og rekstursreikning höfum vér yfirfarið og endurskoðað og borið saman við fylgiskjöl, og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 13. febr. 1958.

*Jakob Jónsson. Ásgeir Bjarnason.*

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda.

Reykjavík, 19. marz 1958.

*Jón G. Sólnes. Emil Jónsson. Jón Steingrímsson.*

*Eyþór Árnason.*



166

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1956.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1956, B. bls. 387):		
a. Innritunarskirteini .....	kr. 20000.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði nr. 712 .....	— 37000.07	
c. Innstæða í Búnaðarbanka nr. 123 .....	— 12327.38	
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	— 4000.00	
		kr. 73327.45
2. Vextir:		
a. Af innritunarskirteini .....	kr. 1654.10	
b. — Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1961.00	
c. — bankainnstæðu .....	— 578.85	
d. — skuldabréf með ríkisábyrgð .....	— 160.00	
		— 4353.95

Kr. 77681.40

**Gjöld:**

1. Styrkur veittur .....	kr. 2800.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innritunarskirteini .....	kr. 20000.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði nr. 712 .....	— 37196.17
c. Innstæða í Búnaðarbanka nr. 123 .....	— 13685.23
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	— 4000.00
	kr. 74881.40

Kr. 77681.40

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. maí 1957.***Hjálmar Vilhjálmsson.****STYRKVEITINGAR**

Af vöxtum úr styrktarsjóði Frederiks konungs áttunda hefur atvinnumálaráðuneytið veitt Sveinbirni Jónssyni, hæstaréttarlögmanni, 900 kr. styrk til trjá-ræktar.

## EINKALEYFI

Hinn 13. febrúar 1957 var Hannesi Ágústssyni, Drápuhlíð 32, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 341, á vél til að hnýta spyrðubönd.

Hinn 28. febrúar 1957 var Kai Larsen, fiskiskipstjóra, Frederikshavn, Danmörku, veitt einkaleyfi nr. 342, á pokalás.

Hinn 1. marz 1957 var William Hoyt Kuntz, Grand Rapid, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 343, á þvottavél.

Hinn 8. marz 1957 var Mario J. Puretic, Torrance, Californíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 344, á tæki til að stjórna netum.

Hinn 13. marz 1957 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Lübeck, Þýzka-landi, veitt einkaleyfi nr. 345, á aðferð til þess að stýra í einu lagi mörgum vinnslutækjum í fiskvinnsluvél á ýmsum vinnslustigum svo og stýriútbúnaði til þess að nota aðferðina.

Hinn 14. marz 1957 var W. R. Grace & Co., New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 346, á þökkunarvél.

Hinn 14. marz 1957 var W. R. Grace & Co., New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 347, á þökkunarvél.

Hinn 5. apríl 1957 var British Glues and Chemicals Limited, Welwyn Garden City, Hertfordshire, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 348, á endurbótum á og í sambandi við olíu- og feitivinnslu úr efnum, sem innihalda olíur og fitu.

Hinn 5. apríl 1957 var British Glues and Chemicals Limited, Welwyn Garden City, Hertfordshire, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 349, á endurbótum á og í sambandi við að skilja og vinna feiti eða fituefni úr lífrænum efnum, sem innihalda þau í vefjum eða ámóta ásigkomulagi.

Hinn 12. apríl 1957 var Jens Christian Christensen Dyekjær, forstjóra, Esbjerg, Danmörku, veitt einkaleyfi nr. 350, á aðferð til meðferðar á fyrstum vörum.

Hinn 15. apríl 1957, var Edward Martin, Peter S. Pedersen og Peter Sigurd Pedersen jr., Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 351, á endurbótum á eða varðandi gerð á tilbúnum hlutum til bygginga.

Hinn 17. apríl 1957 var Jens Christian Christensen Dyekjær, forstjóra, Esbjerg, Danmörku, veitt einkaleyfi nr. 352, á stýrisútbúnaði á vélum er skera flök af flatfiski.

Hinn 24. apríl 1957 var Parke, Davis & Company, Detroit, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 353, á aðferð til að framleiða efni leidd af amino díol.

Hinn 14. september 1957 var Trubenised Company (Registered Trust), Vaduz, Liechtenstein, veitt einkaleyfi nr. 354, á aðferð til að framleiða fatnað sterkjaðan á kemiskan hátt.

Hinn 28. september 1957 var The Linen Thread Company Limited, Glasgow, Skotlandi, veitt einkaleyfi nr. 355, á endurbótum á eða varðandi net, sérstaklega fiskinet, og aðferðum og vélum til framleiðslu og meðferðar á þeim.

Hinn 4. október 1957 var John William Phillips, Osgodby, við Lincoln, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 356, á endurbótum varðandi toghlera.

Hinn 10. október 1957 var F. L. Smidth & Co. A/S., Kaupmannahöfn, Danmörku, veitt einkaleyfi nr. 357, á endurbótum á hrásementsblöndu til sementsgerðar.

Hinn 25. október 1957 var Libbey-Owens-Ford Glass Company, Toledo, Ohio, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 358, á tæki til að tengja saman glerþynnur sem bil er á milli.

Hinn 25. október 1957 var Libbey-Owens-Ford Glass Company, Toledo, Ohio, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 359, á aðferð til að búa til margfaldar samtengdar glerþynnur.

Hinn 13. nóvember 1957 var Kelvin & Hughes Limited, Hillington, Glasgow, Skotlandi, veitt einkaleyfi nr. 360, á endurbótum á eða varðandi straummæla.

Hinn 14. nóvember 1957 var Aktiebolaget Fabriksskorsten, Malmö, Svíþjóð, veitt einkaleyfi nr. 361, á aðferð til að framleiða hitaeinangraða pípu.

Hinn 14. nóvember 1957 var Fresh Frozen Foods Limited, Leith, Skotlandi, veitt einkaleyfi nr. 362, á endurbótum á eða í sambandi við hitaskiptitæki.







